

Reykjavík, 20. desember 2016

Alþingi - Fjárlaganefnd  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

### Efni: Fjárlagafrumvarp ársins 2017 – Umsögn ADHD samtakanna

ADHD samtökin hafa verulegar áhyggjur af fjármunum sem ætlaðir eru til velferðarmála, samkvæmt framlögðu frumvarpi til fjárlaga ársins 2017. Framlögin tóna langt í frá við þær áherslur sem allir stjórn málaflókar settu fyrir nýafstaðnar alþingiskosningar. Þar voru heilbrigðis- og velferðarmál í öndvegi og málflutningur allra flokka miðaði að því að styrkja heilbrigðiskerfið verulega eftir langvarandi fjársvelli. Sjaldan ef nokkurn tímann hefur verið jafn mikill samhljómur í þjóðfélaginu þess efnis að auka skuli verulega fjárframlög til málaflöksins. Rúmlega fjórðungur allra landsmanna, 87.000 manns skrifuðu undir áskorun um að endurreisa heilbrigðiskerfið, veitt yrði verulega auknum fjármunum til þess.

Hér verður tæpt á nokkrum atriðum sem brýnt er að mati ADHD samtakanna að taka á.

- a) **Stytta þarf biðtíma eftir heilbrigðisþjónustu** og skal þar minnt á viðmiðunarmörk sem embætti landlæknis birti í júlí 2016. Þar segir m.a. að eftirfarandi viðmið gildi:
  - Samband við heilsugæslustöð samdægurs
  - Viðtal við heilsugæslulækni innan 5 daga
  - Skoðun hjá sérfræðingi innan 30 daga
  - Aðgerð/meðferð hjá sérfræðingi innan 90 daga frá greiningu.Í öllum tilvikum er átt við þann tíma sem líður frá því að sjúklingur hefur samband við veitendur heilbrigðisþjónustu út af einkennum eða frá því að þörf fyrir viðkomandi þjónustu er greind. Verulega skortir á að þessum viðmiðum sé náð en algengt er að einstaklingar með ADHD þurfi að bíða upp í 2 ár – 24 mánuði eftir geðlæknaþjónustu. Þá getur biðtími hjá börnum eftir sérfræðiþjónustu farið upp í 3 ár – 36 mánuði. **Stytting biðtíma snýr fyrst og síðast að fjárframlögum. Hér er vilji allt sem þarf.**
- b) **Standa þarf við áætlanir um uppbyggingu heilsugæslunnar** sem fyrsta viðkomustað sjúklinga, ekki síst þegar fyrir liggur að taka á upp tilvísanakerfi um komandi ármót vegna sérfræðiþjónustu fyrir börn. Tómt mál er að tala um tilvísanakerfi, þar sem heilsugæslulæknir vísar barni á sérfræðilækni ef heilsugæslan verður ekki styrkt enn frekar og henni gert kleift að taka við þessu verkefni.
- c) **Forgangsmál er að bæta verulega í fjárframlög til sjúkrahúsa** sem hafa búið við langvarandi fjársvelli. ADHD samtökin taka heilshugar undir tillögur og röksemdafærslu forsvarsmanna Landspítala og annarra sjúkrahúsa í landinu.
- d) **Minna þarf greiðslubyrði sjúkratryggðra einstaklinga, einfalda greiðslupátttökukerfið og fella alla heilbrigðisþjónustu undir eitt og sama kerfið.** Þá verður að stefna að því að litið sé á fjölskylduna sem eina heild þegar kemur að greiðslu vegna heilbrigðisþjónustu. Ótækt er að einstaklingum sé mismunað á grundvelli efnahags þegar kemur að heilbrigðisþjónustu. Þess vegna ber að stefna að því, í áföngum, að heilbrigðisþjónustan verði gjaldfrjáls. Þá veldur vonbrigðum að sjá að loforð um minni greiðslupátttöku sjúkratryggðra virðast innantóm orð. Lög sem taka eiga gildi í febrúar 2017 um greiðslupátttöku í heilbrigðisþjónustu virðast ófjármögnuð og verður ekki betur séð en að ætlunin sé að flytja kostnað frá einum sjúklingahópi til annars.

- e) **Sálfræðiþjónusta** þarf að fella nú þegar undir greiðsluþáttökukerfi sjúkratryggðra. Um er að ræða nauðsynlegan heilbrigðiskostnað sem einstaklingum er ætlað að greiða að fullu sjálfir. Það vekur furðu að ekki skuli enn búið að fella sálfræðiþjónustu, bæði fyrir börn og fullorðna að fullu undir greiðsluþáttökukerfið. Afleiðingar þessa fyrirkomulags eru m.a. þær að einstaklingar neita sér um þessa þjónustu og á það sérstaklega við um tekjulága einstaklinga. Bein afleiðing af því er alvarlegri sjúkdómar, aukið álag á heilbrigðiskerfið, oftast en ekki í dýrari úrræðum innan kerfisins og þar af leiðandi stóraukin útgjöld fyrir sameiginlegan sjóð landsmanna.
- ADHD samtökin hafa í samvinnu við sjö önnur hagsmunasamtök, staðið fyrir undirskriftasöfnun, þar sem skorað er á stjórnvöld að fella sálfræðiþjónustu nú þegar undir greiðsluþáttökukerfið. Tæplega 10.000 manns hafa tekið undir áskorunina. Ekkert réttlætir að svo mikilvægur þáttur í heilbrigðisþjónustu gríðarstórs hóps sé undanskilinn greiðsluþáttöku, allra síst ef litið er til þess að um hreinan sparnað væri að ræða ef þjónustan yrði veitt á sömu forsendum og önnur heilbrigðisþjónusta.
- f) **Fella þarf virðisaukaskatt af lyfseðilsskyldum lyfjum niður.** Í dag er lagður 24% virðisaukaskattur á lyf. Sífelld fleiri, sérstaklega tekjulágir geta hreinlega ekki leyst út lyf sín og mundi afnám Vsk. af lyfjum gera gæfumuninn í mörgum tilvikum.
- g) **Stórefla þarf sálfræðiþjónustu og forvarnir í grunn- og framhaldsskólum landsins** og leggja fjármuni í það forvarnarstarf sem í slíku felst. Með snemmtækri íhlutun má undantekningalítið koma í veg fyrir alvarlegri vanda og þar af leiðandi minnka líkur á að einstaklingar þurfi að leita í kostnaðarsamari úrræði í heilbrigðiskerfinu.

Hér er aðeins tæpt á örfáum atriðum þar sem naumur tími gafst til að fara yfir málið.

Fræðsla, upplýsingagjöf, ráðgjöf til einstaklinga með ADHD og skyldar raskanir og fjölskyldna þeirra, námskeiðahald, sjálfshjálparhópar og fleira, geta skipt sköpum þegar kemur að því að bæta lífsgæði þeirra einstaklinga sem í hlut eiga og þeirra sem næst þeim standa.

ADHD samtökin hafa í hartnær 30 ár staðið vörð um hagsmuni þessa hóps, með afar takmarkaðri aðkomu hins opinbera. Þá er handahófskennt hver rekstrargrundvöllur samtakanna er frá ári til árs þar sem stjórnvöld hafa ekki léð máls á þjónustusamningi við ADHD samtökin, líkt og tíðkast um fjölmörg sambærileg hagsmunasamtök.

Starfsemin flokkast undir 1. þjónustustig skv. skilgreiningum í skýrslu félags- og tryggingamálaráðuneytisins 2008 um hvernig bæta megi þjónustu við börn og unglinga með ADHD. Stofnanir sveitarfélaga og ríkis, lækna og annað fagfólk, vísa skjólstæðingum sínum til að sækja fræðslu og leiðsögn hjá samtökunum.

Samtökin hafa sinnt fræðsluhlutverki bæði til handa uppeldismenntuðu fólki og foreldrum og hafa því sinnt miklu forvarnarstarfi sem á örugglega þátt í að draga úr þörf fyrir tilvísanir á stofnanir á 2. og 3. þjónustustigi. Þá hafa samtökin átt þátt í þróun nýrra úrræða, fræðsluefnis og námskeiða.

**Því er eindregið óskað eftir því að litið verði til lengri tíma og hugað að þjónustusamningi við ADHD samtökin.**

Að lokum er þess óskað að ADHD samtökin fái að senda fulltrúa á fund fjárlaganefndar til að gera nánari grein fyrir erindi sínu og svara spurningum sem nefndarmenn kunna að hafa um málefni þau sem hér eru til umfjöllunar.

Með vinsemd,



Elín H. Hinriksdóttir  
formaður ADHD



Þröstur Emilsson  
framkvæmdastjóri ADHD

## Greinargerð um starfsemi ADHD samtakanna 2016

Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, möguleikum í námi og starfi og almennt bættum lífsgæðum. Eitt af meginhlutverkum ADHD samtakanna er hagsmunagæsla og þannig reyna þau að hafa áhrif á ákvarðanir stjórnvalda. Ákvarðanir er varða hagsmuni, skóla- og heilbrigðisþjónustu við börn, unglunga og fullorðna með ADHD. Mikil gróska hefur verið í félaginu síðastliðin ár og leita fjölmargir til samtakanna daglega, má þar helst nefna foreldra barna og unglunga með ADHD, fullorðna með ADHD og fagfólk sem gjarnan starfar í félags- og skólaþjónustu eða heilbrigðisþjónustu.

Starfsemin flokkast undir 1. þjónustustig skv. skilgreiningum í skýrslu félags- og tryggingamálaráðuneytisins 2008 um hvernig bæta megi þjónustu við börn og unglunga með ADHD. Stofnanir sveitarfélaga og ríkis, lækna- og annað fagfólk, vísa skjólstæðingum sínum til að sækja fræðslu og leiðsögn hjá samtökunum.

Samtökin hafa sinnt fræðsluhlutverki bæði til handa uppeldismenntuðu fólki og foreldrum og hafa því sinnt miklu forvarnarstarfi sem á örugglega þátt í að draga úr þörf fyrir tilvísanir á stofnanir á 2. og 3. þjónustustigi. Þá hafa samtökin átt þátt í þróun nýrra úrræða, fræðsluefnis og námskeiða.

Félagatal ADHD samtakanna hefur vaxið mikið á undanförunum árum eða úr tæplega 1.400 félögum árið 2011 í rúmlega 2.600 félaga í lok nóvember 2016.

Eins og áður segir er rekstrargrundvöllur samtakanna nokkuð óljós frá ári til árs en þjónustusamningur, sem gerður var við ríkið árið 2013 gerði samtökunum kleift að halda úti öflugum starfi. Samningurinn gerði m.a. kleift að hafa starfsmann á skrifstofu sem varð til þess að samtökin náðu að sinna félagsmönnum betur og verkefni sem legið höfðu í þáttunum, ekki síst utan Reykjavíkur, fengu að blómstra.

Tveir starfsmenn eru nú í starfi hjá ADHD samtökunum, framkvæmdastjóri í fullu starfi og verkefnastjóri fræðslu og ráðgjafar í hlutastarfi. Þjónustusamningur sem gerður var við ríkið 2013 en sagt upp í lok árs 2014, styrkti rekstrargrundvöll ADHD samtakanna til muna. Heildarfjárhæð rekstrarstyrks, 10,0 Mkr. á ári var þó langt í frá nægileg að mati undirritaðra. Miðað við verkefni sem ADHD samtökin sinna, ekki síst í auknum mæli úti á landi, þyrfti samningur við ríkið að nema a.m.k. 25 Mkr. á ársgrundvelli.

ADHD samtökin hafa um árabil tekið þátt í Norrænu samstarfi og sótt fundi með fulltrúum annarra norræna ADHD samtaka a.m.k. einu sinni á ári. Samstarfið skilar sér m.a. í gagnkvæmum skiptum á fræðsluefni, útgáfu og fleiru.

ADHD samtökin hafa haldið úti útibúi á Akureyri „ADHD Norðurland“ og veita þjónustu fyrir félagsmenn og aðra sem eftir henni leita á því svæði. Reglulega eru haldnir fræðslufundir, spjallfundir og þá er ADHD Norðurland umsjónaraðili samstarfsverkefnis um rekstur sumarþátta fyrir ADHD börn að Hólavatni í Eyjafjarðarsveit, í samstarfi við KFUM og Akureyrarbæ.

Þá eru að spretta upp vísar að samskonar starfsemi í kjölfar heimsóknna á fleiri stöðum á landinu, m.a. í Snæfellsbæ, Borgarnesi, á Sauðárkróki og Vestfjörðum. ADHD samtökin styðja eftir megni við þá starfsemi en ljóst er að verulega mun draga úr þeim stuðningi að óbreyttu.



## Yfirlit yfir veitta þjónustu ADHD samtakanna:

1) **ADHD samtökin hafa opna skrifstofu** alla virka daga ársins og veita foreldrum, fullorðnum og fagfólki ráðgjöf í síma, með tölvupósti og þeim sem heimsækja skrifstofuna. Þá er mikið og ört vaxandi samstarf við önnur félagasamtök í húsinu að Háaleitisbraut 13, m.a. Sjónarhól rágjafarmiðstöð ses., Landssamtökin Þroskahjálp, Barnaheill og Einhverfusamtökin. Í rúmlega ár hafa félagasamtökin að Háaleitisbraut leitað leiða til að vinna enn frekar saman, draga úr kostnaði en um leið reynt að auka þjónustu við skjólstæðinga. Nú sér fyrir endann á þeirri vinnu og líkur á að umfangsmiklar breytingar á þjónustu verði kynntar áður en langt um líður.

Það er þó verulega háð aðkomu opinberra aðila.

## 2) Erindi sem ADHD samtökin sinntu eru sem fyrr flokkuð í 8 mismunandi flokka eftir viðfangi.

- Símtöl voru tæplega 3.900 á liðnu ári eða að jafnaði rúmlega 10 á degi hverjum
- Langstærstur hluti er frá fullorðnum, 1.200 eða 31%
- Þar á eftir koma símtöl foreldra vegna barna eldri en 18 ára, 935 eða 24%, frá foreldrum barna undir lögdri voru símtölin 800 eða 21%
- Önur símtöl, s.s. frá stofnunum, sérfræðingum og öðrum voru rúmlega 900 eða 23%
- Tölvupóstar voru rúmlega 10.000 eða að jafnaði 27 á dag
- Heimsóknir, m.a. vegna viðtalsbeiðna, upplýsingajafar og ráðgjafar voru 730
- Afgreiðslur vegna fræðsluefnis, bókasafns og bóksölu voru rúmlega 900.

3) ADHD Samtökin héldu **fræðslunámskeið fyrir foreldra 6-12 ára barna með ADHD**, að vori og að hausti. Í boði er að halda námskeiðin utan höfuðborgarsvæðisins, m.a. á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Fyrirlesarar á námskeiðunum voru sálfræðingar, geðlæknar og sérkennarar.

4) ADHD Samtökin héldu **fræðslunámskeið fyrir foreldra 13-18 ára unglunga með ADHD**, að vori og að hausti. Í boði er að halda námskeiðin utan höfuðborgarsvæðisins, m.a. á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Fyrirlesarar á námskeiðunum voru sálfræðingar, geðlæknar og sérkennarar.

5) Boðið var upp á **námskeið fyrir kennara og kennaranema** í Reykjavík, auk þess sem nokkrir tóku þátt í fjarfundi frá tveimur stöðum utan höfuðborgarsvæðisins. Fyrirlesarar á námskeiðunum voru sálfræðingar, geðlæknar og sérkennarar.

6) Haldnir voru **10 spjallfundir fyrir foreldra barna með ADHD og 10 spjallfundir fyrir fullorðna með ADHD**. Spjallfundir eru að jafnaði einu sinni í mánuði fyrir hvorn hóp mánuðina janúar til maí og september til desember. Boðið er upp á tiltekið umfjöllunarefni á hverjum fundi fyrir sig en meðal umfjöllunarefna voru: Dagleg rúttína - ADHD og fjármál - Samskipti við skóla - ADHD og nám - ADHD og frístundir - ADHD og systkini - ADHD og makar - Tækni - Tækni - Öpp - ADHD og unglingar - Að eiga maka með ADHD - ADHD og lyf - ADHD, aðventan og jólin. Umsjónarmenn spjallfundanna voru geðlæknir, prestur, sálfræðingur, sérkennari, og starfsmenn og stjórnarmenn ADHD samtakanna.

7) Á árinu var efnt til nokkurra **fræðslufunda utan höfuðborgarsvæðisins** um ADHD samtökin og starfsemi þeirra. Fundi voru haldnir á Akureyri, Vopnafirði og í Borgarnesi. Annars vegar var efnt til funda með fagfólki, starfsfólki skóla, heilsugæslu og starfsmönnum sveitarfélaga og hins vegar var efnt til spjallfunda með foreldrum og forráðamönnum barna. Þá hafa rannsóknarniðurstöður sem snerta ADHD að einhverju leyti verið kynntar hjá samtökunum og fólki staðið til boða að koma á ókeypis kynningarfyrirlestra.

8) **Málefni fanga með ADHD og refsivörslukerfið** voru í brennidepli á málþingi ADHD sem haldið var á Fosshótelu í lok október. Þar fluttu 8 einstaklingar fyrirlestra, auk þess sem formaður ADHD flutti ávarp. Um hundrað manns sátu málþingið.

9) Vitundarmánuður var haldinn í október og var fjöldi viðburða á dagskrá ADHD samtakanna. Vitundarmánuður hófst með árlegri sölu endurskinsmerkja, sem um leið er ætlað að vekja athygli á málefnum ADHD einstaklinga. Forstjóri Fangelsismálastofnunar og starfsmenn stofnunarinnar veittu fyrstu merkjunum viðtöku í fangelsinu að Hólmsheiði. Við sama tækifæri var nýr fræðslubæklingur „**Fangar og ADHD**“ kynntur. Bæklingurinn var sendur öllum starfsmönnum fangelsa, lögregluembættum og fleirum. Málþing sem áður var nefnt, var lokaviðburður vitundarmánaðar. Vakin var athygli á málefnum fanga með ADHD og reynt að auka skilning á málefnum.

10) ADHD samtökin gáfu á árinu út tvo aðra fræðslubæklinga, „**What is ADHD?**“ grunnbæklingur á ensku um röskunina og „**Náin sambönd og ADHD**“.

Þá var ráðist í **endurprentun** á áður útgefnum bæklingum;

- Unglingar og ADHD
- Grunnbæklingur um ADHD á íslensku og pólsku
- Börn og ADHD
- Stúlkur og ADHD
- Fullorðnir og ADHD
- ADHD utan skólastofnunar
- Teiknimyndabæklingur: Ha! Ertu að tala við mig

**Bæklingarnir eru gefnir út á kostnað ADHD samtakanna og dreift til stofnana, fagfólks og einstaklinga um allt land, þeim að kostnaðarlausu.**

11) ADHD samtökin hafa átt gott samstarf með fagfólki um málefni ADHD einstaklinga.

Til dæmis er mjög náið samstarf við ADHD teymi Landspítala og sömuleiðis við greiningarteymi og meðferðaraðila Proska- og hegðunarstöðvar. Nokkuð er um að fagaðilar heilbrigðisstofnana utan höfuðborgarsvæðisins leiti til ADHD samtakanna en æskilegt væri að frekara samstarf væri við ríki og sveitarfélög og stofnanir á þeirra vegum vegna margvíslegra mála tengd ADHD.

Þar má nefna lyfjamál, tryggingamál sem snerta ADHD einstaklinga og foreldra, hagsmunamál tengd vinnumarkaði, skólamál og fleira.

Sama á við um geðheilbrigðisþjónustu almennt en ekki var óskað eftir aðkomu ADHD samtakanna að vinnu vegna mótunar geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar. Reglulegt samráð / samtöl er við Landlæknisembættið og Sjúkratryggingar og sömuleiðis taka samtökin virkan þátt í starfsemi Öryrkjabandalags Íslands.

12) ADHD samtökin buðu á árinu upp á **GPS-námskeið** [Gagnleg Persónuleg Stjórnæki], sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir unglina í 8. til 10. bekk.

Námskeiðin eru kynjaskipt og taka 10 einstaklingar þátt hverju sinni.

Í boði er að halda námskeiðin utan höfuðborgarsvæðisins, m.a. á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði.

13) Þá var boðið upp á **fræðslunámskeið og ráðgjöf fyrir fullorðna, „Taktu stjórnina“**. Námskeiðið er 10 klst. og er fyrirmynd að þessu námskeiði sótt til dönsku ADHD samtakanna. Námskeiðið hefur verið haldið utan höfuðborgarsvæðisins, bæði á vegum ADHD samtakanna og eins eftir óskum símenntunarmiðstöðva og annarra.

## Verkefni framundan

Mörg brýn verkefni eru framundan. Á sama tíma og biðlistar hafa lengst vegna greiningar og þjónustu, hefur ásókn í þjónustu ADHD samtakanna aukist. Nú verður ekki undan því vikist að veita sálfræðiþjónustu í einhverri mynd, bæði fyrir börn og fullorðna með ADHD og ekki síður aðstandendur þeirra sem glíma við röskunina. Þá er sama þörf fyrir fjölskylduráðgjöf til foreldra barna með ADHD og aðstandenda fullorðinna með ADHD. Sú þjónusta er lífsnauðsyn fyrir margar fjölskyldur en sökum kostnaðar eiga sífellt færri kost á þeirri þjónustu hjá sjálfstætt starfandi fagaðilum. Fáist til þess fjármunir, munu ADHD samtökin, í samstarfi við aðra koma á slíkri þjónustu. Þar er ekki síður horft til þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins.

Þá er mikilvægt að auka enn þjónustu á landsbyggðinni, þar sem geðheilbrigðisþjónusta er langtum lakari þar en á höfuðborgarsvæðinu. ADHD samtökin hafa það sem eitt af áherslumálum sínum að auka enn frekar þjónustu utan Reykjavíkur, bæði hvað varðar ráðgjöf og ekki síður fræðslu og upplýsingastarf. Í samstarfi við Sjónarhól – ráðgjafarmiðstöð ses. hefur verið efnt til fræðslufunda víða utan höfuðborgarsvæðisins og í framhaldi af því boðið upp á einstaklingsviðtöl / ráðgjöf.

Brýn þörf er fyrir sérstakt átak meðal löggæslustofnana og refsivörslukerfisins og er í bígerð að efna til fræðslufunda í fangelsum landsins. Þá er í undirbúningi að koma á fót sjálfshjálparhópum í stærri fangelsunum fyrir fanga með ADHD.

Fjölmörg önnur verkefni liggja fyrir, m.a. fjölbreyttara framboð úrræða fyrir einstaklinga sem greindir hafa verið með ADHD og skyldar raskanir. Þar er mest spurn eftir aukinni þjónustu, sérstaklega ætlaða unglingum og ungu fólki og mökum einstaklinga með ADHD og skyldar raskanir.

Stórauka þarf sálfélagslega þjónustu og umfram allt fella hana undir greiðsluþátttökukerfi SÍ, líkt og aðra heilbrigðisþjónustu. Enginn vafi er á að fjölgun slíkra úrræða mun til lengri tíma spara hinu opinbera gríðarlega fjármuni á öðrum sviðum, m.a. í lyfjakostnaði.

Ávinningur af slíkri vinnu mun þó ekki skila sér fyrr en ríkisvaldið veitir ofangreindum úrræðum meiri athygli, styður við fjölgun slíkra úrræða og umfram allt nýtir þá gríðarmiklu þekkingu og reynslu sem býr í félagasamtökum, líkt og ADHD samtökunum. Vegna fyrirkomulags og eðlis rekstrar hagsmunasamtaka á borð við ADHD samtökin, má gera margfalt meira úr hverri krónu sem hið opinbera fjárfestir í slíku starfi en ef ríkið framkvæmdi það á eigin vegum.

Loks má nefna að skráningu og utanumhaldi upplýsinga um greiningar, meðferðarúrræði, lyfjaávisanir og ekki síst eftirliti og eftirfylgni þarf að koma í miklu fastari skorður. Slíkt utanumhald auðveldar til muna alla stefnumörkun en afar takmarkaðar upplýsingar eru í dag til um þessa hluti. ADHD samtökin lýsa sig reiðubúin að koma að þeirri vinnu og jafnvel taka að sér einhvern hluta þeirrar vinnu.

20. desember 2016 EHH / ÞE



Reykjavík, 20. desember 2016

Alþingi - Fjárlaganefnd  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## Efni: Fjárlagafrumvarp ársins 2017 – Umsögn ADHD samtakanna

ADHD samtökin hafa verulegar áhyggjur af fjármunum sem ætlaðir eru til velferðarmála, samkvæmt framlögðu frumvarpi til fjárlaga ársins 2017. Framlöggin tóna langt í frá við þær áherslur sem allir stjórn málaflókar settu fyrir nýafstaðnar alþingiskosningar. Þar voru heilbrigðis- og velferðarmál í öndvegi og málf lutningur allra flokka miðaði að því að styrkja heilbrigðiskerfið verulega eftir langvarandi fjársveldi. Sjaldan ef nokkurn tímann hefur verið jafn mikill samhljómur í þjóðfélaginu þess efnis að auka skuli verulega fjárframlög til málaflóksins. Rúmlega fjórðungur allra landsmanna, 87.000 manns skrifuðu undir áskorun um að endurreisa heilbrigðiskerfið, veitt yrði verulega auknum fjármunum til þess.

Hér verður tæpt á nokkrum atriðum sem brýnt er að mati ADHD samtakanna að taka á.

- a) **Stytta þarf biðtíma eftir heilbrigðisþjónustu** og skal þar minnt á viðmiðunarmörk sem embætti landlæknis birti í júlí 2016. Þar segir m.a. að eftirfarandi viðmið gildi:
  - Samband við heilsugæslustöð samdægurs
  - Viðtal við heilsugæslulækni innan 5 daga
  - Skoðun hjá sérfræðingi innan 30 daga
  - Aðgerð/meðferð hjá sérfræðingi innan 90 daga frá greiningu.Í öllum tilvikum er átt við þann tíma sem líður frá því að sjúklingur hefur samband við veitendur heilbrigðisþjónustu út af einkennum eða frá því að þörf fyrir viðkomandi þjónustu er greind. Verulega skortir á að þessum viðmiðum sé náð en algengt er að einstaklingar með ADHD þurfi að bíða upp í 2 ár – 24 mánuði eftir geðlæknaþjónustu. Þá getur biðtími hjá börnum eftir sérfræðiþjónustu farið upp í 3 ár – 36 mánuði. **Stytting biðtíma snýr fyrst og síðast að fjárframlögum. Hér er vilji allt sem þarf.**
- b) **Standa þarf við áætlanir um uppbyggingu heilsugæslunnar** sem fyrsta viðkomustað sjúklinga, ekki síst þegar fyrir liggur að taka á upp tilvísanakerfi um komandi ármót vegna sérfræðiþjónustu fyrir börn. Tómt mál er að tala um tilvísanakerfi, þar sem heilsugæslulæknir vísar barni á sérfræðilækni ef heilsugæslan verður ekki styrkt enn frekar og henni gert kleift að taka við þessu verkefni.
- c) **Forgangsmál er að bæta verulega í fjárframlög til sjúkrahúsa** sem hafa búið við langvarandi fjársveldi. ADHD samtökin taka heilshugar undir tillögur og röksemdafærslu forsvarsmanna Landspítala og annarra sjúkrahúsa í landinu.
- d) **Minna þarf greiðslubyrði sjúkratryggðra einstaklinga, einfalda greiðsluþátttökukerfið og fella alla heilbrigðisþjónustu undir eitt og sama kerfið.** Þá verður að stefna að því að litið sé á fjölskylduna sem eina heild þegar kemur að greiðslu vegna heilbrigðisþjónustu. Ótækt er að einstaklingum sé mismunað á grundvelli efnahags þegar kemur að heilbrigðisþjónustu. Þess vegna ber að stefna að því, í áföngum, að heilbrigðisþjónustan verði gjaldfrjáls. Þá veldur vonbrigðum að sjá að loforð um minni greiðsluþátttöku sjúkratryggðra virðast innantóm orð. Lög sem taka eiga gildi í febrúar 2017 um greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu virðast ófjármögnuð og verður ekki betur séð en að ætlunin sé að flytja kostnað frá einum sjúklingahópi til annars.

- e) **Sálfræðiþjónusta** þarf að fella nú þegar undir greiðsluþáttökukerfi sjúkratryggðra. Um er að ræða nauðsynlegan heilbrigðiskostnað sem einstaklingum er ætlað að greiða að fullu sjálfir. Það veur furðu að ekki skuli enn búið að fella sálfræðiþjónustu, bæði fyrir börn og fullorðna að fullu undir greiðsluþáttökukerfið. Afleiðingar þessa fyrirkomulags eru m.a. þær að einstaklingar neita sér um þessa þjónustu og á það sérstaklega við um tekjulága einstaklinga. Bein afleiðing af því er alvarlegri sjúkdómar, aukið álag á heilbrigðiskerfið, oftast en ekki í dýrari úrræðum innan kerfisins og þar af leiðandi stóraukin útgjöld fyrir sameiginlegan sjóð landsmanna.
- ADHD samtökin hafa í samvinnu við sjö önnur hagsmunasamtök, staðið fyrir undirskriftasöfnun, þar sem skorað er á stjórnvöld að fella sálfræðiþjónustu nú þegar undir greiðsluþáttökukerfið. Tæplega 10.000 manns hafa tekið undir áskorunina. Ekkert réttlætir að svo mikilvægur þáttur í heilbrigðisþjónustu gríðarstórs hóps sé undanskilinn greiðsluþáttöku, allra síst ef litið er til þess að um hreinan sparnað væri að ræða ef þjónustan yrði veitt á sömu forsendum og önnur heilbrigðisþjónusta.
- f) **Fella þarf virðisaukaskatt af lyfseðilsskyldum lyfjum niður.** Í dag er lagður 24% virðisaukaskattur á lyf. Sífelld fleiri, sérstaklega tekjulágir geta hreinlega ekki leyst út lyf sín og mundi afnám Vsk. af lyfjum gera gæfumuninn í mörgum tilvikum.
- g) **Stórefla þarf sálfræðiþjónustu og forvarnir í grunn- og framhaldsskólum landsins** og leggja fjármuni í það forvarnarstarf sem í slíku felst. Með snemmtækri íhlutun má undantekningalítið koma í veg fyrir alvarlegri vanda og þar af leiðandi minnka líkur á að einstaklingar þurfi að leita í kostnaðarsamari úrræði í heilbrigðiskerfinu.

Hér er aðeins tæpt á örfáum atriðum þar sem naumur tími gafst til að fara yfir málið.

Fræðsla, upplýsingagjöf, ráðgjöf til einstaklinga með ADHD og skyldar raskanir og fjölskyldna þeirra, námskeiðahald, sjálfshjálparhópar og fleira, geta skipt sköpum þegar kemur að því að bæta lífsgæði þeirra einstaklinga sem í hlut eiga og þeirra sem næst þeim standa.

ADHD samtökin hafa í hartnær 30 ár staðið vörð um hagsmuni þessa hóps, með afar takmarkaðri aðkomu hins opinbera. Þá er handahófskennt hver rekstrargrundvöllur samtakanna er frá ári til árs þar sem stjórnvöld hafa ekki léð máls á þjónustusamningi við ADHD samtökin, líkt og tíðkast um fjölmörg sambærileg hagsmunasamtök.

Starfsemin flokkast undir 1. þjónustustig skv. skilgreiningum í skýrslu félags- og tryggingamálaráðuneytisins 2008 um hvernig bæta megi þjónustu við börn og unglunga með ADHD. Stofnanir sveitarfélaga og ríkis, lækna og annað fagfólk, vísa skjólstæðingum sínum til að sækja fræðslu og leiðsögn hjá samtökunum.

Samtökin hafa sinnt fræðsluhlutverki bæði til handa uppeldismenntuðu fólki og foreldrum og hafa því sinnt miklu forvarnarstarfi sem á örugglega þátt í að draga úr þörf fyrir tilvísanir á stofnanir á 2. og 3. þjónustustigi. Þá hafa samtökin átt þátt í þróun nýrra úrræða, fræðsluefnis og námskeiða.

**Því er eindregið óskað eftir því að litið verði til lengri tíma og hugað að þjónustusamningi við ADHD samtökin.**

Að lokum er þess óskað að ADHD samtökin fái að senda fulltrúa á fund fjárlaganefndar til að gera nánari grein fyrir erindi sínu og svara spurningum sem nefndarmenn kunna að hafa um málefni þau sem hér eru til umfjöllunar.

Með vinsemd,



Elín H. Hinriksdóttir  
formaður ADHD



Þröstur Emilsson  
framkvæmdastjóri ADHD



## Greinargerð um starfsemi ADHD samtakanna 2016

Markmið ADHD samtakanna er að börn og fullorðnir með athyglisbrest, ofvirkni og skyldar raskanir mæti skilningi alls staðar í samfélaginu og fái þjónustu sem stuðlar að félagslegri aðlögun þeirra, möguleikum í námi og starfi og almennt bættum lífsgæðum. Eitt af meginhlutverkum ADHD samtakanna er hagsmunagæsla og þannig reyna þau að hafa áhrif á ákvarðanir stjórnvalda. Ákvarðanir er varða hagsmuni, skóla- og heilbrigðisþjónustu við börn, unglínga og fullorðna með ADHD. Mikil gróska hefur verið í félaginu síðastliðin ár og leita fjölmargir til samtakanna daglega, má þar helst nefna foreldra barna og unglínga með ADHD, fullorðna með ADHD og fagfólk sem gjarnan starfar í félags- og skólaþjónustu eða heilbrigðisþjónustu.

Starfsemin flokkast undir 1. þjónustustig skv. skilgreiningum í skýrslu félags- og tryggingamálaráðuneytisins 2008 um hvernig bæta megi þjónustu við börn og unglínga með ADHD. Stofnanir sveitarfélaga og ríkis, lækna og annað fagfólk, vísa skjólstæðingum sínum til að sækja fræðslu og leiðsögn hjá samtökunum.

Samtökin hafa sinnt fræðsluhlutverki bæði til handa uppeldismenntuðu fólki og foreldrum og hafa því sinnt miklu forvarnarstarfi sem á örugglega þátt í að draga úr þörf fyrir tilvísanir á stofnanir á 2. og 3. þjónustustigi. Þá hafa samtökin átt þátt í þróun nýrra úrræða, fræðsluefnis og námskeiða.

Félagatal ADHD samtakanna hefur vaxið mikið á undanförunum árum eða úr tæplega 1.400 félögum árið 2011 í rúmlega 2.600 félaga í lok nóvember 2016.

Eins og áður segir er rekstrargrundvöllur samtakanna nokkuð óljós frá ári til árs en þjónustusamningur, sem gerður var við ríkið árið 2013 gerði samtökunum kleift að halda úti öflugum starfi. Samningurinn gerði m.a. kleift að hafa starfsmann á skrifstofu sem varð til þess að samtökin náðu að sinna félagsmönnum betur og verkefni sem legið höfðu í þáttunum, ekki síst utan Reykjavíkur, fengu að blómstra.

Tveir starfsmenn eru nú í starfi hjá ADHD samtökunum, framkvæmdastjóri í fullu starfi og verkefnastjóri fræðslu og ráðgjafar í hlutastarfi. Þjónustusamningur sem gerður var við ríkið 2013 en sagt upp í lok árs 2014, styrkti rekstrargrundvöll ADHD samtakanna til muna. Heildarfjárhæð rekstrarstyrks, 10,0 Mkr. á ári var þó langt í frá nægileg að mati undirritaðra. Miðað við verkefni sem ADHD samtökin sinna, ekki síst í auknum mæli úti á landi, þyrfti samningur við ríkið að nema a.m.k. 25 Mkr. á ársgrundvelli.

ADHD samtökin hafa um árabil tekið þátt í Norrænu samstarfi og sótt fundi með fulltrúum annarra norræna ADHD samtaka a.m.k. einu sinni á ári. Samstarfið skilar sér m.a. í gagnkvæmum skiptum á fræðsluefni, útgáfu og fleiru.

ADHD samtökin hafa haldið úti útibúi á Akureyri „ADHD Norðurland“ og veita þjónustu fyrir félagsmenn og aðra sem eftir henni leita á því svæði. Reglulega eru haldnir fræðslufundir, spjallfundir og þá er ADHD Norðurland umsjónaraðili samstarfsverkefnis um rekstur sumarþúða fyrir ADHD börn að Hólavatni í Eyjafjarðarsveit, í samstarfi við KFUM og Akureyrarbæ.

Þá eru að spretta upp vísar að samskonar starfsemi í kjölfar heimsóknna á fleiri stöðum á landinu, m.a. í Snæfellsbæ, Borgarnesi, á Sauðárkróki og Vestfjörðum. ADHD samtökin styðja eftir megni við þá starfsemi en ljóst er að verulega mun draga úr þeim stuðningi að óbreyttu.

## Yfirlit yfir veitta þjónustu ADHD samtakanna:

1) **ADHD samtökin hafa opna skrifstofu** alla virka daga ársins og veita foreldrum, fullorðnum og fagfólki ráðgjöf í síma, með tölvupósti og þeim sem heimsækja skrifstofuna. Þá er mikið og ört vaxandi samstarf við önnur félagasamtök í húsinu að Háaleitisbraut 13, m.a. Sjónarhól rágjafarmiðstöð ses., Landssamtökin Þroskahjálp, Barnaheill og Einhverfusamtökin. Í rúmlega ár hafa félagasamtökin að Háaleitisbraut leitað leiða til að vinna enn frekar saman, draga úr kostnaði en um leið reynt að auka þjónustu við skjólstæðinga. Nú sér fyrir endann á þeirri vinnu og líkur á að umfangsmiklar breytingar á þjónustu verði kynntar áður en langt um líður.

Það er þó verulega háð aðkomu opinberra aðila.

## 2) Erindi sem ADHD samtökin sinntu eru sem fyrr flokkuð í 8 mismunandi flokka eftir viðfangi.

- Símtöl voru tæplega 3.900 á liðnu ári eða að jafnaði rúmlega 10 á degi hverjum
- Langstærstur hluti er frá fullorðnum, 1.200 eða 31%
- Þar á eftir koma símtöl foreldra vegna barna eldri en 18 ára, 935 eða 24%, frá foreldrum barna undir lögdri voru símtölin 800 eða 21%
- Önur símtöl, s.s. frá stofnunum, sérfræðingum og öðrum voru rúmlega 900 eða 23%
- Tölvupóstar voru rúmlega 10.000 eða að jafnaði 27 á dag
- Heimsóknir, m.a. vegna viðtalsbeiðna, upplýsingajafar og ráðgjafar voru 730
- Afgreiðslur vegna fræðsluefnis, bókasafns og bóksölu voru rúmlega 900.

3) ADHD Samtökin héldu **fræðslunámskeið fyrir foreldra 6-12 ára barna með ADHD**, að vori og að hausti. Í boði er að halda námskeiðin utan höfuðborgarsvæðisins, m.a. á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Fyrirlesarar á námskeiðunum voru sálfræðingar, geðlæknar og sérkennarar.

4) ADHD Samtökin héldu **fræðslunámskeið fyrir foreldra 13-18 ára unglunga með ADHD**, að vori og að hausti. Í boði er að halda námskeiðin utan höfuðborgarsvæðisins, m.a. á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði. Fyrirlesarar á námskeiðunum voru sálfræðingar, geðlæknar og sérkennarar.

5) Boðið var upp á **námskeið fyrir kennara og kennaranema** í Reykjavík, auk þess sem nokkrir tóku þátt í fjarfundi frá tveimur stöðum utan höfuðborgarsvæðisins. Fyrirlesarar á námskeiðunum voru sálfræðingar, geðlæknar og sérkennarar.

6) Haldnir voru **10 spjallfundir fyrir foreldra barna með ADHD og 10 spjallfundir fyrir fullorðna með ADHD**. Spjallfundir eru að jafnaði einu sinni í mánuði fyrir hvorn hóp mánuðina janúar til maí og september til desember. Boðið er upp á tiltekið umfjöllunarefni á hverjum fundi fyrir sig en meðal umföllunarefna voru: Dagleg rúttína - ADHD og fjármál - Samskipti við skóla - ADHD og nám - ADHD og frístundir - ADHD og systkini - ADHD og makar - Tæki - Tækni - Öpp - ADHD og unglingar - Að eiga maka með ADHD - ADHD og lyf - ADHD, aðventan og jólin. Umsjónarmenn spjallfundanna voru geðlæknir, prestur, sálfræðingur, sérkennari, og starfsmenn og stjórnarmenn ADHD samtakanna.

7) Á árinu var efnt til nokkurra **fræðslufunda utan höfuðborgarsvæðisins** um ADHD samtökin og starfsemi þeirra. Fundi voru haldnir á Akureyri, Vopnafirði og í Borgarnesi. Annars vegar var efnt til funda með fagfólki, starfsfólki skóla, heilsugæslu og starfsmönnum sveitarfélaga og hins vegar var efnt til spjallfunda með foreldrum og forráðamönnum barna. Þá hafa rannsóknarniðurstöður sem snerta ADHD að einhverju leyti verið kynntar hjá samtökunum og fólki staðið til boða að koma á ókeypis kynningarfyrirlestra.

8) **Málefni fanga með ADHD og refsivörslukerfið** voru í brennidepli á málþingi ADHD sem haldið var á Fosshótelu í lok október. Þar fluttu 8 einstaklingar fyrirlestra, auk þess sem formaður ADHD flutti ávarp. Um hundrað manns sátu málþingið.

9) **Vitundarmánuður** var haldinn í október og var fjöldi viðburða á dagskrá ADHD samtakanna. Vitundarmánuður hófst með árlegri sölu endurskinsmerkja, sem um leið er ætlað að vekja athygli á málefnum ADHD einstaklinga. Forstjóri Fangelsismálastofnunar og starfsmenn stofnunarinnar veittu fyrstu merkjunum viðtöku í fangelsinu að Hólmsheiði. Við sama tækifæri var nýr fræðslubæklingur „**Fangar og ADHD**“ kynntur. Bæklingurinn var sendur öllum starfsmönnum fangelsa, lögregluembættum og fleirum. Málþing sem áður var nefnt, var lokaviðburður vitundarmánaðar. Vakin var athygli á málefnum fanga með ADHD og reynt að auka skilning á málefnum.

10) ADHD samtökin gáfu á árinu út tvo aðra fræðslubæklinga, „**What is ADHD?**“ grunnbæklingur á ensku um röskunina og „**Náin sambönd og ADHD**“.

Þá var ráðist í **endurprentun** á áður útgefnum bæklingum;

- Unglingar og ADHD
- Grunnbæklingur um ADHD á íslensku og pólsku
- Börn og ADHD
- Stúlkur og ADHD
- Fullorðnir og ADHD
- ADHD utan skólastofnunar
- Teiknimyndabæklingur: Ha! Ertu að tala við mig

**Bæklingarnir eru gefnir út á kostnað ADHD samtakanna og dreift til stofnana, fagfólks og einstaklinga um allt land, þeim að kostnaðarlausu.**

11) ADHD samtökin hafa átt gott samstarf með fagfólki um málefni ADHD einstaklinga.

Til dæmis er mjög náið samstarf við ADHD teymi Landspítala og sömuleiðis við greiningarteymi og meðferðaraðila Proska- og hegðunarstöðvar. Nokkuð er um að fagaðilar heilbrigðisstofnana utan höfuðborgarsvæðisins leiti til ADHD samtakanna en æskilegt væri að frekara samstarf væri við ríki og sveitarfélög og stofnanir á þeirra vegum vegna margvíslegra mála tengd ADHD.

Þar má nefna lyfjamál, tryggingamál sem snerta ADHD einstaklinga og foreldra, hagsmunamál tengd vinnumarkaði, skólamál og fleira.

Sama á við um geðheilbrigðisþjónustu almennt en ekki var óskað eftir aðkomu ADHD samtakanna að vinnu vegna mótunar geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaráætlunar. Reglulegt samráð / samtöl er við Landlæknisembættið og Sjúkratryggingar og sömuleiðis taka samtökin virkan þátt í starfsemi Öryrkjabandalags Íslands.

12) ADHD samtökin buðu á árinu upp á **GPS-námskeið** [Gagnleg Persónuleg Stjórnæki],

sjálfsstyrkingarnámskeið fyrir unglina í 8. til 10. bekk.

Námskeiðin eru kynjaskipt og taka 10 einstaklingar þátt hverju sinni.

Í boði er að halda námskeiðin utan höfuðborgarsvæðisins, m.a. á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði.

13) Þá var boðið upp á **fræðslunámskeið og ráðgjöf fyrir fullorðna, „Taktu stjórnina“**. Námskeiðið er 10 klst. og er fyrirmynd að þessu námskeiði sótt til dönsku ADHD samtakanna. Námskeiðið hefur verið haldið utan höfuðborgarsvæðisins, bæði á vegum ADHD samtakanna og eins eftir óskum símenntunarmiðstöðva og annarra.



## Verkefni framundan

Mörg brýn verkefni eru framundan. Á sama tíma og biðlistar hafa lengst vegna greiningar og þjónustu, hefur ásókn í þjónustu ADHD samtakanna aukist. Nú verður ekki undan því vikist að veita sálfræðiþjónustu í einhverri mynd, bæði fyrir börn og fullorðna með ADHD og ekki síður aðstandendur þeirra sem glíma við röskunina. Þá er sama þörf fyrir fjölskylduráðgjöf til foreldra barna með ADHD og aðstandenda fullorðinna með ADHD. Sú þjónusta er lífsnauðsyn fyrir margar fjölskyldur en sökum kostnaðar eiga sífellt færri kost á þeirri þjónustu hjá sjálfstætt starfandi fagaðilum. Fáist til þess fjármunir, munu ADHD samtökin, í samstarfi við aðra koma á slíkri þjónustu. Þar er ekki síður horft til þjónustu utan höfuðborgarsvæðisins.

Þá er mikilvægt að auka enn þjónustu á landsbyggðinni, þar sem geðheilbrigðisþjónusta er langtum lakari þar en á höfuðborgarsvæðinu. ADHD samtökin hafa það sem eitt af áherslumálum sínum að auka enn frekar þjónustu utan Reykjavíkur, bæði hvað varðar ráðgjöf og ekki síður fræðslu og upplýsingastarf. Í samstarfi við Sjónarhól – ráðgjafarmiðstöð ses. hefur verið efnt til fræðslufunda víða utan höfuðborgarsvæðisins og í framhaldi af því boðið upp á einstaklingsviðtöl / ráðgjöf.

Brýn þörf er fyrir sérstakt átak meðal löggæslustofnana og refsivörslukerfisins og er í bígerð að efna til fræðslufunda í fangelsum landsins. Þá er í undirbúningi að koma á fót sjálfshjálparhópum í stærri fangelsunum fyrir fanga með ADHD.

Fjölmörg önnur verkefni liggja fyrir, m.a. fjölbreyttara framboð úrræða fyrir einstaklinga sem greindir hafa verið með ADHD og skyldar raskanir. Þar er mest spurn eftir aukinni þjónustu, sérstaklega ætlaða unglingum og ungu fólki og mökum einstaklinga með ADHD og skyldar raskanir.

Stórauka þarf sálfélagslega þjónustu og umfram allt fella hana undir greiðsluþátttökukerfi SÍ, líkt og aðra heilbrigðisþjónustu. Enginn vafi er á að fjölgun slíkra úrræða mun til lengri tíma spara hinu opinbera gríðarlega fjármuni á öðrum sviðum, m.a. í lyfjakostnaði.

Ávinningur af slíkri vinnu mun þó ekki skila sér fyrr en ríkisvaldið veitir ofangreindum úrræðum meiri athygli, styður við fjölgun slíkra úrræða og umfram allt nýtir þá gríðarmiklu þekkingu og reynslu sem býr í félagasamtökum, líkt og ADHD samtökunum. Vegna fyrirkomulags og eðlis rekstrar hagsmunasamtaka á borð við ADHD samtökin, má gera margfalt meira úr hverri krónu sem hið opinbera fjárfestir í slíku starfi en ef ríkið framkvæmdi það á eigin vegum.

Loks má nefna að skráningu og ut anumhaldi upplýsinga um greiningar, meðferðarúrræði, lyfjaávisanir og ekki síst eftirliti og eftirfylgni þarf að koma í miklu fastari skorður. Slíkt ut anumhald auðveldar til muna alla stefnumörkun en afar takmarkaðar upplýsingar eru í dag til um þessa hluti. ADHD samtökin lýsa sig reiðubúin að koma að þeirri vinnu og jafnvel taka að sér einhvern hluta þeirrar vinnu.

20. desember 2016 EHH / ÞE

Starfsemi Afslins hefur tekið stakkaskiptum í kjölfar aukins framlags úr ríkissjóði. Mikil áhersla hefur verið lögð á faglega þróun, endurmenntun og samvinnu við aðila í málaflokknum. Ráðinn hefur verið inn starfsmaður í 50% stöðu, Ellen Óskarsdóttir, M.A. í hjúkrunarfræði. Auk þess hefur verið fenginn til liðs við samtökin faglegur handleiðari, Bryndís Símonardóttir, fjölskylduráðgjafi, til að styðja við faglega þróun og ber hún ábyrgð á faglegu starfi samtakanna. Meðfylgjandi er greinargerð Bryndísar um hennar hlutverk og álit á starfsemi Afslins.

Á fyrri hluta ársins flutti starfsemin í nýtt húsnæði sem hentar starfinu margfalt betur en fyrra húsnæði.

Grunnurinn í allri starfsemi Afslins er þjónusta við brotaþola og aðstandendur. Boðið er upp á ráðgjöf í einstaklingsviðtölum og í kjölfarið er boðið upp á sjálfshjálparhópa.

Ráðgjafar Afslins sækja ráðstefnur, málþing og námskeið sér til endurmenntunar en auk þess sækja þeir handleiðslu til fagaðila. Ráðgjafar funda vikulega þar sem farið er yfir yfirstandandi verkefni.

Stjórn Afslins sér um utanumhald, umsýslu og skipulag samtakanna. Stjórn fundar vikulega þar sem farið er yfir málin og ákvarðanir teknar í samræmi við markmið og lög félagsins.

Á tímabilinu janúar-október á yfirstandandi ári hafa ráðgjafar Afslins tekið 1217 viðtöl við 122 skjólstæðinga. Haldnir hafa verið tveir sjálfshjálparhópar. Ráðgjafar hafa sótt fjölbreytta endurmenntun, fundi og ráðstefnur. Ekki hefur þó verið unnt að sinna endurmenntun í jafn miklum mæli og væntingar stóðu til vegna þess hversu mikið álag hefur verið sökum manneklu og veikinda sem rekja má til langvarandi álags og streitu. Þetta ástand má rekja fjárskorts enda hefur fjármagn undanfarin ár ekki nægt til að veita ráðgjöfum fullnægjandi stuðning og handleiðslu í starfi.



Alþýðusamband Íslands

Alþingi  
Nefndasvið Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 8. desember 2016  
Tilvísun: 201611-0019

**Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2017 og frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017 1. og 2. mál.**

Alþýðusamband Ísland hefur fengið til umsagnar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2017 og frumvarp til laga um ýmsar forsendur frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017, 1. og 2. mál.

Frumvarp til fjárlaga er sett fram á grundvelli fjármálaáætlunar fyrir árin 2017-2021 sem samþykkt var á Alþingi sl. vor og byggir í meginatriðum á þeirri forgangsröðun sem þar er lögð fram.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands fjallaði um þingsályktun um ríkisfjármálaáætlun á fundi sínum þann 18. maí sl. og sendi frá sér eftirfarandi áætlun:

*Miðstjórn Alþýðusambandsins gagnrýnir harðlega forgangsröðun í ríkisfjármálum sem fram kemur í þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2017-2021. Í áætluninni er hvorki að finna merki þess að efnahagsstefna stjórnvalda til næstu ára muni treysta efnahagslegan stöðugleika né undirbyggja félagslega velferð og aukinn jöfnuð í samfélaginu.*

*Slaki í ríkisfjármálum samhliða vaxandi spennu í hagkerfinu og uppgangi á vinnumarkaði mun ýta undir ofpenslu og óstöðugleika og vinna gegn peningamálastefnunni. Það mun auka verðbólguþrýsting og hækka vexti.*

*Samhliða þessu er misskipting aukin og dregið úr félagslegum stöðugleika með því að veikja mikilvæg stuðningskerfi á borð við barna- og húsnæðisbótakerfin. Brýnar velferðarumbætur eins og uppbygging félagslegs húsnæðiskerfis, innleiðing nýs húsnæðisbótakerfis og endurskoðun almannatrygginga eru án fullnægjandi fjármögnunar í áætluninni.*

*Ekki er tryggð nauðsynleg fjármögnun á þjónustu heilbrigðiskerfisins og lækkun á sjúklinga. Í allt of ríkum mæli byggir framtíðarsýn stjórnvalda í velferðarmálum á þeirri forsendu, að jöfnun byrða eigi að afmarkast við viðkomandi hópa. Þannig á að fjármagna þak á útgjöld til heilbrigðismála með hækkun á almenna þjónustu,*





*fjármagna á félagslegt húsnæðiskerfi og húsnæðisbótakerfi með skerðingum á öðrum þáttum velferðarkerfisins og breytingar á almannatryggingakerfinu eiga í of ríkum mæli að fjármagnast með auknum tekjutengingum.*

*Þessi stefnumörkun stjórnvalda styður á engan hátt við þau markmið sem sett voru fram í rammasamkomulagi aðila vinnumarkaðarins, um bætt og breytt vinnubrögð við gerð kjarasamninga. Rammasamkomulag þessara aðila byggir á sameiginlegri ábyrgð á eflingu kaupmáttar byggðum á efnahagslegum og félagslegum stöðugleika. Verkalýðshreyfingin mun ekki setta sig við að stjórnvöld skili auðu og leggi enn og aftur byrðarnar á herðar launafólks.*

Þær athugasemdir sem settar eru fram í ályktunninni eiga í öllum meginatriðum við um það frumvarp sem nú liggur fyrir um fjárlög fyrir árið 2017.

Alþýðusambandið áréttar því þá afstöðu sína að sú forgangsroðun sem birtist bæði í áætluninni og í frumvarpi til fjárlaga er að mati sambandsins hvorki til þess fallin að styðja nægilega vel við hinn efnahagslega- né hinn félagslega stöðugleika og verður að óbreyttu ekki grundvöllur sáttar á vinnumarkaði.

Mat greiningaraðila er samdóma um að spenna fari hratt vaxandi í hagkerfinu og er í athugasemdum við frumvarp til fjárlaga tekið undir það mat. Samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofu Íslands mældist hagvöxtur ríflega 10% á þriðja ársfjórðungi 2016 og spá Hagstofunnar, sem forsendur fjárlaga byggja á, gerir ráð fyrir 4,4% hagvexti á næsta ári, 2,4% verðbólgu, 6,6% hækkun launavísitölu og 3% atvinnuleysi. Áfram er því gert ráð fyrir miklum umsvifum og uppgangi á vinnumarkaði sem mun enn auka á spennu í hagkerfinu. Við slíkar aðstæður er brýnt að hagstjórnin ýti ekki undir ofþenslu og óstöðugleika og vinni á móti peningamálastefnunni. Að öðrum kosti verða afleiðingarnar og viðbrögð Seðlabankans fyrirsjáanleg. Verðbólguþrýstingur eykst, vextir hækka og þrýstingur á krónuna eykst. Nú þegar er til staðar slaki í ríkisfjármálunum og sú hagstjórnarstefna sem birtist í fjármálaáætlun og frumvarpi til fjárlaga mun enn auka á hann.

Í mati á áhrifum frumvarpsins er ekki lagt sérstakt mat á áhrif hagsveiflunnar á ríkisreksturinn. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur í nýlegri skýrslu sinni<sup>1</sup> bent á að sé leiðrétt fyrir hagsveiflunni megi áætla að ríkissjóður verði á næsta ári rekin með 1% halla og einungis um 0,2% afgangi á árinu 2018.

Seðlabankinn hefur í Peningamálum<sup>2</sup> jafnframt bent á að sé tekið tilliti til stöðu hagsveiflunnar sé slaki á aðhaldi í ríkisfjármálum og hætta sé á að aðhaldið minnki enn frekar á næstunni. Þá segir jafnframt; „Líkt og reynslan kennir og fjallað hefur verið um í fyrri heftum Peningamála væri það afar óheppilegt á sama tíma og nauðsynlegt er að opinber fjármál leggist á sömu sveif og peningastefnan til að hægja á vexti innlendrar eftirspurnar

<sup>1</sup> IMF Fiscal Monitor

<sup>2</sup> Peningamál 2016/4



*við þær aðstæður sem nú eru uppi í þjóðarbúskapnum. Þannig yrði áraunin á peningastefnuna meiri en það eykur hættuna á neikvæðum hliðaráhrifum óheppilegrar hagstjórnarblöndu peninga og ríkisfjármála. Eins og sjá má í fráviksdæmi í Peningamálum 2016/2 leiðir minna aðhald í ríkisfjármálum til þess að innlend eftirspurn vex hraðar sem kallar á hærri vexti Seðlabankans til að vega á móti auknum verðbólguþrýstingi. Þá verður viðskiptaafgangurinn minni og gengi krónunnar hærra sem veikir samkeppnisstöðu útflutningsgreinanna enn frekar „*

Sú ríkisfjármálastefna sem fylgt hefur verið á liðunum árum hefur byggt á þensluhvetjandi aðgerðum á tekjuhliðinni með skuldalækkunaraðgerðum og skattkerfisbreytingum á borð við afnám auðlegðarskatts, lækkun veiðigjalda og lækkana á neyslusköttum og tollum og frekari skattalækkanir eru fyrirhugaðar um ármót. Afleiðingarnar eru að tekjustofnar ríkisins nægja ekki til að fjármagna nauðsynleg útgjöld til velferðar og innviða. Á sama tíma er aðhaldi beitt á útgjaldahliðinni með ófjármögnum brýnum velferðarútbótum og innviðaframkvæmdum ásamt veikingu á barna- og vaxtabótakerfinu. Slík stefna, sem byggir á því að sem notar velferðarkerfið sem helsta hagstjórnartækið, er illa til þess fallin að treysta hinn félagslega stöðugleika og stuðla að réttlátri tekjuskiptungu.

Til að treysta efnahagslegan stöðugleika og félagslega velferð leggur ASÍ mikla áherslu á að stjórnvöld beiti sér með tvíþættum hætti. Annars vegar er mikilvægt að heildaryfirbragð ríkisfjármála spennni á móti mikill uppsveiflu í atvinnulífinu á tekjuhliðinni og hins vegar verði farið í að efla velferðar- og heilbrigðiskerfið með markvissum en fjármögnum aðgerðum. Slík tvíþætt aðgerð gæti skipt sköpum í viðleitni aðila vinnumarkaðar við að skapa sátt um nýja nálgun við gerð kjarasamninga, en óvissa og niðurskurður í velferðarmálum hefur hamlað slíkri vinnu. ASÍ leggur því áherslu á að eftirfarandi verði haft að leiðarljósi í ríkisfjármálum:

- **Skattkerfisbreytinga** verði endurskoðaðar til fjármögnunar á nauðsynlegum velferðarumbótum og þar m.a. horft til þess að.
  - Tekin verði upp auðlegðarskattur að nýju
  - Veiðigjöld verði hækkuð
  - Lagður verði alvöru hátekjuskattur á ofurlaun
- **Barna- og vaxtabótakerfið** verði eflað sem mikilvæg tekjujöfnunartæki ekki síst fyrir ungt fólk.
  - Þrátt fyrir að í frumvarpinu sé gert ráð fyrir að að hækka viðmiðunarfjárhæðir barnabóta um 3% og tekjuskerðingarmörk um 12,5% er áætlað að útgjöld til barnabóta lækki um ríflega 100 milljónir frá yfirstandandi ári. Í því samhengi má benda á að tekjuskerðingarmörk barnabóta hafa lækkað verulega að raungildi en þau hafa verið óbreytt frá árinu 2013 á sama tíma og launavísitala hefur hækkað um tæplega 30%. Útgjöld til barnabóta halda því áfram að dragast saman að raungildi líkt og undanfarin ár en frá árinu 2013 hefur raungildi barnabóta lækkað um ríflega 12% og fjölskyldum sem fá greiddar barnabætur fækkað um nærri 12.000. Nú er svo komið að hjón með tvö börn, sem bæði hafa tekjur við neðri fjórðungsmörk fá saman um 2.000 krónur í



barnabætur á mánuði. Í þessu samhengi má einnig benda á að barneignatíðni hér á landi hefur farið hratt lækkandi á undanförunum árum sem mun hafa afdrifaríkar afleiðingar til framtíðar ef ekki verður breyting á.

- Framlög til **vaxtabóta** lækka jafnframt frá fyrra ári og halda áfram að dragast saman að raungildi líkt og undanfarin ár, en þau eru nú um helmingi lægri að raungildi en á árinu 2013 og heimilum sem fengu fá greiddar vaxtabætur hefur fækkað á sama tíma fækkað um 15.000. Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að hækka eignarviðmið í kerfinu um 12,5% þau hafa ásamt viðmiðunar fjárhæðum vaxtabóta rýrnað verulega að raungildi en þau hafa verið óbreytt frá árinu 2010 á sama tíma og íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hefur t.a.m. hækkað um 65%, almennt verðlag hefur hækkað um fimmtung og launavísitala um ríflega 50%.
- **Almennar íbúðir:** Staðið verði við loforð um fjármagn til uppbyggingar á nýju leiguíbúðakerfi til að leysa húsnæðisvanda tekjulágra heimila.
  - Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 2015 var veitt loforð um að veitt yrði fjármagn til stofnframlaga frá ríkinu til uppbyggingar á 2.300 íbúðum í almenna íbúðakerfinu á árunum 2016-2019, eða allt að 600 íbúðir á ári. Í fjármálaáætlun og fjárlögum er hins vegar aðeins gert ráð fyrir 1,5 milljarði króna á ári til þessa verkefnis sem dugar einungis stofnframlaga fyrir um 300 íbúðum. Til þess að fjármagna stofnframlög til 600 íbúða á ári þyrfti því að auka framlögin um 1,5 milljarða til viðbóta en skv. mati ASÍ er brýn þörf á að fjölga íbúðum í almenna íbúðakerfinu um a.m.k. 1000 á ári næstu árin til að mæta uppsafnaðir þörf. Til þess að mæta því þyrfti að auka framlög um ríflega 3,5 milljarða til viðbótar. Alþýðusambandið leggur þunga áherslu á að Alþingi tryggji að staðið verði við gefin fyrirheit um framlög til lausnar á húsnæðisvanda tekjulágra heimila.
- **Heilbrigðismál:** Heilbrigðis- og öldrunarþjónustunni verði tryggt nægilegt rekstarfé og dregið verði úr greiðsluþátttöku sjúklinga.
  - Fyrir liggur að það fjármagn sem veitt er til heilbrigðismála í frumvarpinu mun leiða til áframhaldandi rekstarvanda og ekki tryggja nauðsynlegt fé til uppbyggingar, viðhald og tækjakaupa. Stjórnendur **Landspítalans** hafa gert grein fyrir því að spítalanum vanti 11-12 milljarða í aukið rekstrarfé og núverandi áform frumvarpsins munu leiða til þess að skera þarf verulega niður í þjónustu á spítalanum.
  - Sú aukning á útgjöldum til **heilsugæslunnar** sem fram kemur í frumvarpinu fer einkum til sjálfstætt starfandi heilsugæslustöðva á sama tíma og framlög til heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu lækka. Þetta er með öllu óásættanlegt. Alþýðusambandið leggur áherslu á mikilvægi þess að styrkja heilsugæsluna sem grundvallar einingu og fyrst viðkomustað, sem er bæði skilvirt og hagkvæmt fyrir einstaklinginn og ríkissjóð.
  - Ekki er í frumvarpinu gert ráð fyrir framlagi til að draga úr greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu líkt og heilbrigðisráðherra gaf fyrirheit um við





afgreiðslu frumvarps um nýtt greiðsluþáttökukerfi í vor. Nýtt greiðsluþáttökukerfi tekur gildi þann 1. febrúar en samkvæmt reglugerðardrögum sem kynnt voru með lagafrumvarpinu í maí var gert ráð fyrir því að almennir notendur greiði að hámarki 95.200 krónur á ári fyrir heilbrigðisþjónustu. ASÍ tók undir þá fyrirætlan að setja hámark á þann kostnað sem sjúklingar þurfa að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu en taldi kostnaðarþakið allt of hátt ekki síst í ljósi þess að lyf eru áfram í sérstöku greiðsluþáttökukerfi og sálfræðiþjónusta, sem er mjög dýr fyrir einstaklinga, er áfram undanskilin greiðsluþáttöku sjúkratrygginga. Þar að auki eru þættir eins og tannlækningar, hjálpartæki, ferðakostnaður, o.fl. sem ekki eru hluti af almenna greiðsluþáttökukerfinu. Kostnaður vegna þessara þátta bætist þannig við hámarkskostnað sjúklinga samkvæmt nýju greiðsluþáttökukerfi. Alþýðusambandið telur því brýnt framlög til sjúkratrygginga tryggi að vænt greiðsluþak sjúklinga lækki úr 95.000 á ári í 50.000 krónur líkt og lofað var.

- **Innviðafjárfestingar:** Þrátt fyrir uppsafnaða þörf á fjárfestingum í innviðum eru aðstæður í efnahagslífinu með þeim hætti að óvarlegt væri að efna til mikilla fjárfestinga á vegum hins opinbera á næstu misserum. Þvert á móti er áfram mikilvægt að auka ekki þá spennu sem þegar gætur á bygginga- og verktakamarkaði. Þess í stað er mikiðvægt að tryggja fjármagn til að undirbúa innviða verkefni með því að hanna og framkvæma umhverfismat á nauðsynlegum framkvæmdum þannig að þegar um hægist í efnahagslífinu, sem getur gerst óvænt, eru slík verkefni tilbúin til framkvæmda. Þegar nýafstaðin kreppa skall á hér á landi 2008 og 2009 reyndist það dýrkeypt að afar fá stór innviðaverkefni voru tilbúin til framkvæmda og urðu það ekki fyrr en hagvöxtur var kominn vel á veg. Ábyrg hagstjórn felst ekki síður í því að opinberir aðila séu tilbúnir að axla ábyrgð og hafi getu til að setja innviðaframkvæmdir af stað þegar aðstæður í efnahagslífinu gera kröfu til þess.
- **Almannatryggingar:** Tryggja þarf fjármögnun til að ljúka endurskoðun almannatryggingakerfisins gagnvart einstaklingum með skerta starfsgetu (örorkulífeyrisþegum) í samræmi við tillögur nefndar um endurskoðun almannatrygginga. Þetta er brýnt til að einfalda almannatryggingakerfið gagnvart þessum hóp með sambærilegum hætti og gert hefur verið gagnvart ellilífeyrisþegum, bæta samspilið við lífeyrissjóðina og auka áherslu á starfsgetu og endurhæfingu.
- **Fæðingarorlof:** Fæðingarorlofsgreiðslur verði hækkaðar og fæðingarorlof lengt til samræmis við niðurstöður starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum.
  - Starfshópurinn lagði til að hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði yrðu hækkaðar í 600.000 krónur á mánuði og tekjur upp að 300.000 skerðist ekki. Þá yrði fæðingarorlof lent úr 9 mánuðum í 12 í áföngum á árunum 2019-2021.
  - Kaupmáttur hámarksgreiðslu úr fæðingarorlofssjóði er í dag um 40% lægri en á árinu 2007 og yrði hámarksgreiðslan hækkuð í 600.000 krónur yrði kaupmátturinn enn um 30% lægri en á árinu 2007.
  - Staða atvinnuleysistryggingasjóðs er góð og útlit fyrir að hann skili um 8 milljarða hagnaði á árinu 2017 sem fer til að bæta afkomu ríkissjóðs. Þetta skapar svigrúm til þess að lækka hlutdeild atvinnuleysistryggingasjóðs í



tryggingagjaldinu og færa yfir til fæðingarorlofssjóðs til fjármögnunar á umbótum í fæðingarorlofskerfinu.

Önnur atriði:

- **Sjóðir vinnumarkaðarins verði markaðir tekjustofnar:** Líkt og aðilar vinnumarkaðarins bentu á við breytingu á lögum um opinber fjármál á árinu 2015 er nauðsynlegt að gera breytingu í þá veru að færa sjóði vinnumarkaðarins sem standa undir fjármögnun tiltekinna réttinda úr A-hluta ríkissjóðs yfir í C-hluta. Þessir sjóðir eru hluti af þríhliða samkomulagi milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisins fjármanaðir með framlögum sem eru ígildi iðgjalda t.d. atvinnuþryggingagjald, gjald til jöfnunar og lækkunar örorkubyrði lífeyrissjóða, fæðingarorlofsgjald, ábyrgðargjald vegna tryggingar krafna vegna gjaldþrota vinnuveitenda, gjald til starfsendurhæfingarsjóða, markaðsgjald og iðgjald vegna slysatryggingar sjómanna. Með slíkri breytingu er tryggt að framlög til þessara sjóða renni ekki beint í ríkissjóð heldur séu markaðir tekjustofnar sem fjármagni tiltekin réttindi. Góð staða sjóða vinnumarkaðarins á næsta ári leiðir til þess að um 7 milljarðar munu renna úr þeim til að bæta stöðu ríkissjóðs í stað þess að verða eftir í sjóðunum og búa í haginn fyrir því þegar verr árar.
- **Hækkanir á krónutölugjöldum setur slæmt fordæmi:**
  - Krónutölugjöld þ.m.t. vörugjöld á áfengi, tóbak og eldsneyti bifreiðagjald og kílómetragjald hækka um 4,7% skv. frumvarp eða um 2,5% umfram verðlag. Hækkanir á þessum gjöldum hafa áhrif til hækkunar á vísitölu neysluverðs og munu þarf leiðandi auka verðbólgu. Heppilegra væri að nýta aðra þætti skattkerfisins til þess að sporna gegn þenslu en þá sem hafa bein áhrif á verðlag. Slíkt setur auk þess slæmt fordæmi fyrir gjaldskrárhækkunum hjá öðrum aðilum.

Virðingarfyllst,

Henný Hinz  
hagfræðingur ASÍ

## Greinargerð faglegs ábyrgðarmanns Aflsins

Undirrituð hefur nú í rúma fjóra mánuði starfað hjá Aflinu sem handleiðari ráðgjafa og stjórnar. Um er að ræða samtals tæplega 60 klukkustundir við handleiðslu til þessara aðila en hluti af starfinu er einnig að taka faglega ábyrgð á starfsemi Aflsins og styðja við faglega þróun.

Ég er menntaður fjölskyldufræðingur, með 26 ára reynslu af einstaklings- para- og fjölskyldumeðferð og viðbótarsvið í handleiðslu. Á þessum árum hef ég haft marga skjólstæðinga í meðferð vegna reynslu þeirra af ofbeldi af öllu tagi en auk þess hef ég handleitt margar starfsstéttir í erfiðum störfum, s.s. félagsráðgjafa í barnaverndarmálum, kynferðisbrotamálum og öðrum ofbeldismálum, lögreglumenn, presta og sjúkraflutningsmenn, svo einhverjir séu nefndir.

Ráðgjafar Aflsins veita fyrstu hjálp og ráðgjöf, en þegar kemur að meðferðinni þá vísa þau skjólstæðingum á sálfræðinga, fjölskyldufræðinga, geðlækna eða aðra þá sem um framhaldsmeðferð eru færir, ef þurfa þykir. Stjórn Aflsins sér fyrst og fremst um öflun fjármagns fyrir starfsemina, reikningshald samtakanna, ásamt almennri stjórnun þeirra. Stjórn og ráðgjafar hafa notið minnar handleiðslu við ýmsar skilgreiningar á verkefnaskiptum og við tilfærslu verkefna.

Mitt hlutverk gagnvart ráðgjöfum felst í því að vera þeim innan handar í erfiðum málum, leita með þeim lausna fyrir þau sjálf og skjólstæðingana eftir því sem við á. Halda utan um þau faglegu vinnubrögð sem ber að viðhafa og auka við þekkingu á viðbrögðum við líkamlegu sem andlegu áfalli. Ráðgjafar Aflsins eru sannarlega einn af mikilvægustu hlekkjunum í málefnum þeirra sem verða fyrir áfalli vegna ofbeldis. Ég tek faglega ábyrgð á störfum ráðgjafanna, sé um að þeir geti aflað sér meiri þekkingar, fer yfir málin með þeim (með leyfi skjólstæðinganna) og fer yfir kvartanir með þeim ef einhverjar berast.

Slysadeildin á SAK, lögreglan á Akureyri og nágrenni, læknar, prestar, ásamt almenningi, gera sér ljósa grein fyrir mikilvægi Aflsins þegar kemur að viðbrögðum og úrvinnslu á ofbeldi og því kemur Aflið að flestum slíkum málum sem upp koma á Norðurlandi. Traust þessara fagstétta er mikið til Aflsins, sem sýnir sig best í mikilli aðsókn skjólstæðinga sem sendir eru frá þeim.

Með aðkomu minni að Aflinu hef ég fengið tækifæri til að afla mér reynslu og þekkingar á því hvernig fyrsta hjálp er veitt þeim sem hafa orðið fyrir ofbeldi. Ég er full aðdáunar við að sjá og heyra hvernig ráðgjafar samtakanna mæta skjólstæðingum af mikilli hlýju og festu og hvernig þau stöðugt bera saman bækur sínar, aðstoða hvert annað við úrlausnir og til frekari þekkingar. Þau vinna vel saman sem hópur, hvetja hvert annað og deila reynslu sinni.

Virðingarfyllst,

Bryndís Símonardóttir

fjölskyldufræðingur/handleiðari





**Bandalag íslenskra listamanna**  
*Federation of Icelandic artists*

Fjárlaganefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti  
101 Reykjavík

Reykjavík 13. desember 2016

## **Erindi Bandalags íslenskra listamanna til fjárlaganefndar Alþingis**

### **Umsögn um liði á sviði lista og skapandi greina í fjárlagafrumvarpi 2017**

Bandalag íslenskra listamanna býður nýja fjárlaganefnd velkomna til starfa og væntir góðs samstarfs við nefndina um fjárframlög til málaflokksins **menning og listir**. Með nýjum lögum um opinber fjármál og breyttri framsetningu fjárlagafrumvarpsins breytist samtalið þó óhjákvæmilega, enda gera nýju lögin ráð fyrir að ábyrgðin á skiptingu fjárframlaga á einstök viðföng hvíli í ríkari mæli á ráðherra málaflokksins en verið hefur. BÍL treystir þó á að áfram muni þessi heildarsamtök fagfélaga listamanna eiga opið og hreinskiptið samtal við þjóðkjörna fulltrúa í fjárlaganefnd um afkomu og starfsumhverfi listamanna. Í því ljósi hefur BÍL tekið saman þá umsögn sem hér fylgir.

#### **Heildarmyndin**

Umsögnin er yfirgripsmikil og nær til málaflokksins í heild. Slíkt er nýlunda en eðlilegt í ljósi aukinnar áherslu stjórnvalda á að efla skapandi atvinnugreinar, en opinberar menningarstofnanir eru einmitt burðarstoðir starfsvettvangs listamanna. Þær, ásamt launasjóðum og verkefnatengdum sjóðum á listasviðinu, mynda þann starfsgrundvöll sem við blasir að loknu háskólanámi í listum. Með því að vekja athygli fjárlaganefndar á þessum tengslum leggur BÍL áherslu á mikilvægi þess að menningarstofnunum í eigu þjóðarinnar sé gert kleift að standa undir hlutverki sínu með reisu og skapa umhverfi fyrir framsækna listsköpun um leið og sígildri list og menningu er sinnt af alúð.

## **Opinber menningarstefna**

Menningarstefna sem Alþingi samþykkti 2013 kveður á um ábyrgð ríkisins gagnvart menningarstofnunum. Þar segir að Alþingi beri að skapa nauðsynleg skilyrði til að stofnanirnar fái risið undir lagalegu hlutverki sínu og framkvæmt stefnu Alþingis í menningarmálum. Þetta þýðir í raun tvennt; að stjórnvöldum beri að styðja við hlutverk og starfsemi stofnananna með öflugri stjórnsýslu á vettvangi ráðuneyta en einnig að tryggja nægilegt fjármagn til að þær geti uppfyllt skyldur sínar. Þá kveður stefnan á um skyldu stjórnvalda til að setja langtímastefnu í húsnæðismálum menningarstofnana, sem er sannarlega eitt af því sem stendur starfsumhverfi listamanna fyrir þrífum, nægir í því sambandi að benda á alvarlegan húsnæðisvanda Listaháskóla Íslands, sem vill svo til að er undir kastljósi fjölmiðlanna þessa dagana.

## **Ráðuneyti menningar og lista**

Þessu til viðbótar hefur BÍL ákveðið að beita sér fyrir því að stjórnsýsluleg staða lista og menningar verði endurskoðuð, þar sem málaflöknum hefur verið tvístrað ótæpilega á síðustu árum og heyrir nú orðið undir fimm ráðuneyti. Það er mat BÍL að listir og menning verðskuldi að stofnað verði sjálfstætt menningarmálaráðuneyti, með talsmann við ríkisstjórnarborð sem er óbundinn af öðrum jafn viðamiklum og vandmeðförnum málaflökki og skólamálin eru. Erindi um þetta tiltekna atriði var kynnt öllum stjórnarmálaflökum í aðdraganda kosninga og hefur nú verið sent öllum þingflokkum til kynningar og umfjöllunar. Þá telur BÍL mikilvægt að fá stuðning innan úr stjórnsýslunni við þá sjálfsögðu kröfu að listafólki verði opnaður greiður aðgangur að stoðkerfi því sem boðið eru upp á hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands auk þess sem aukið afl þarf til að tryggja sess listgreina undir hatti Vísinda- og tækniráðs. Loks má nefna nauðsyn þess að haldið sé utan um töluleg gögn tengd listum og menningu með markvissari hætti en gert hefur verið, til dæmis er hvergi í stjórnsýslunni hægt að nálgast aðgengilegt yfirlit yfir þróun framlaga ríkisins til lista og menningar eða aðra mikilvæga þætti, líkt og hægt er í flestum öðrum atvinnugreinum.

## **Launasjóðir listamanna**

Mikilvægasti stuðningur hins opinbera við listsköpun er án efa öflugt kerfi launasjóða, sem (í samspili við verkefnatengdu sjóðina) er grundvöllur nýsköpunar í listum. Kerfið er sambærilegt við það sem þekkist á hinum Norðurlöndunum og hefur skipt sköpum í lífsafkomu listamanna. Í raun má rekja upphaf kerfisins aftur til ársins 1891 þegar Alþingi veitti „skáldalaun“ í fyrsta sinn, þó það hafi ekki fengið lagastoð fyrr en á sjöunda áratug síðustu aldar. Kerfið í núverandi mynd rekur sig aftur til ársins 1991 og þó það hafi þróast nokkuð síðustu 25 árin hefur gengið treglega að ná fram hækkunum á mánaðargreiðslunum og enn erfiðara hefur reynst að fá stjórnvöld til að tryggja eðlilega fjölgun mánaða milli ára. BÍL hefur árum saman barist fyrir því að í gildi sé, á hverjum tíma, áætlun um fjölgun mánaða í sjóðunum, en ekki fengið hljómgrunn utan þess sem Alþingi samþykkti 2009 þegar launamánudum var fjölgað úr 1200 í 1600 á árabílinu 2010 - 2012. Sá mánaðarfjöldi hefur haldist síðan og engin ný áætlun í bígerð. Það er ósk BÍL að lög um launasjóði listamanna nr. 57/2009 verði endurskoðuð, launamánudum fjölgað í 2000 og mánaðargreiðslan hækkuð í kr. 450.000.-

## Verkefnatengdir sjóðir

Framlag til verkefnatengdra sjóða á listasviðinu er tilgreint í einni tölu í fjárlagafrumvarpinu, en á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis hefur verið birt samantekt um safnliði þar sem í ljós kemur sundurliðun ráðuneytisins til einstakra sjóða. Það er nokkur munur milli tillagna ráðuneytisins og óska BÍL hvað upphæðir varðar. Hugmyndir BÍL um þróun opinberra framlaga til verkefnatengdra sjóða eru eftirfarandi:

- ❖ Hér að framan er lýst hugmyndum BÍL um breytingu á lögum um launasjóði listamanna. Við þær breytingar telur BÍL eðlilegt að farið verði að kröfu sviðslistafólks um að launasjóður sviðslistafólks verði sameinaður verkefnatengdum sjóði sviðslista og fái í heildina tvöfalt framlag á við það sem nú er, enda hafa sviðslistirnar setið eftir í þeim úrbótum sem annars hafa verið gerðar á starfsumhverfi listafólks upp á síðkastið. Samkvæmt því þyrfti sameinaður sjóður sviðslista að hafa úr að spila 320 milljónum króna árlega.
- ❖ Framlag til Kvikmyndasjóðs er bundið í samningi, sem gerður var 26. október sl. Skv. honum verður framlagið í sjóðinn kr. 914,7 milljónir á næsta ári, en það er mat BÍL að nauðsynlegt sé að gera nýja áætlun um eflingu Kvikmyndasjóðs þannig að framlagið til hans nái 2 milljörðum króna 2020.
- ❖ Í samræmi við átakið „*Borgum myndlistarmönnum*“, sem gengur út á að söfn og sýningarými, sem rekin eru alfarið eða að stórum hluta fyrir opinbert fé, greiði myndlistarmönnum sanngjarna þóknun fyrir að sýna, verði framlagið til þeirra safna og sýningarýma sem í hlut eiga, aukið um kr. 100 milljónir. Önnur leið væri að stofna sérstakan þóknunarsjóð myndlistarmanna með sjálfstæðri úthlutunarnefnd. Til viðbótar við þetta er nauðsynlegt að framlagið til Myndlistarsjóðs verði hækkað í 100 milljónir króna.
- ❖ Á síðustu tveimur árum hafa orðið nokkrar úrbætur á starfsumhverfi tónlistarmanna, þar sem stofnaðir hafa verið tveir nýjir sjóðir; Útflutningssjóður og Hljóðritunarsjóður, auk þess sem samþykkt hefur verið endurgreiðsluáætlun vegna upptöku tónlistar í hljóðverum hér á landi. En sá verkefnasjóður sem settur var á með lögum nr. 76/2004, Tónlistarsjóður, hefur ekki þróast með þeim hætti sem æskilegt væri, því hefur BÍL lagt til að framlag til hans verði hækkað í 80 milljónir króna.
- ❖ Mikilvægt er að stjórnvöld taki þátt í að auka veg nýsköpunar á vettvangi tónlistarleikhúss og óperu, sem skortir fjárhagslegan grundvöll. Hvorki tónlistarsjóður né sviðslistasjóður hafa getað sinnt þessu listformi, þar sem hér er um kostnaðarsöm verkefni að ræða og fjárhagur sjóðanna afar takmarkaður. Mögulega þarf að endurskilgreina hlutverk þessara sjóða og auka fjármagn til þeirra til muna eða stofna nýjan sjóð og byggja hann vel upp svo sterkur grundvöllur skapist fyrir þetta listform sem er vanrækt í því líkum mæli að flestir íslenskir listamenn sem starfa að því þurfa að sækja störf utan landssteinanna.
- ❖ Hönnunarsjóður var stofnaður 2013 og vistaður í mennta- og menningarmálaráðuneyti en þá höfðu hönnuðir og arkitektar barist lengi fyrir auknu fjármagni til þróunar, verkefna og útflutnings. Í tíð síðustu ríkisstjórnar var sjóðurinn fluttur yfir til atvinnuvega - og nýsköpunarráðuneytis og hækkaður í 50 milljónir. Hópurinn, sem sækir fé í sjóðinn vinnur á breiðu sviði hönnunar og arkitektúrs og eru gild rök fyrir því að með auknum fjölda verkefna þurfi framlag til sjóðsins að hækka í 100 milljónir.

- ❖ Áhersla menningarstefnu Alþingis er á barnamenningu. BÍL mótmælti því þegar Barnamenningarsjóður var lagður niður 2015 og telur eðlilegt að horfið verði frá þeirri ákvörðun og lagðar 18 milljóna til sjóðsins, sem starfi með svipuðum hætti og áður, þ.e. með sjálfstæðri sjóðsstjórn.
- ❖ Listskreytingarsjóður hefur aldrei haft nægilegt bolmagn til að sinna hlutverki sínu með reisu, en eftir hrun lækkaði framlag til sjóðsins úr 7,1 millj í 1,5 millj og hefur ekki hækkað síðan. BÍL hefur um árabíl hvatt til þess að þörfin fyrir listskreytingar í því húsnæði sem fellur undir lögin um listskreytingasjóð verði metin og framlagið til sjóðsins verði hækkað til að mæta þeirri þörf.

### **Bandalag íslenskra listamanna**

BÍL hefur síðan 1998 gert samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið, til þriggja ára í senn, um ráðgjöf á vettvangi lista og menningar. Um þessar mundir eru BÍL greiddar 3,5 milljónir króna skv. samningnum, sem rennur út 31. desember nk. og telur ráðuneytið ekki vera raunhæft að endurnýja samninginn fyrr en niðurstaða fjárlaga 2017 liggur fyrir. Til að efla starfsemi BÍL og gera samtökunum kleift að sinna verkefnum sínum af meiri krafti hefur verið farið fram á að árlegt framlag næstu þrjú árin verði 5 milljónir króna, 15 milljónir í heildina til 2019. Með því myndu stjórnvöld sýna BÍL fram á að starf bandalagsins sé metið að verðleikum og gera BÍL kleift að halda upp á 90 ára afmæli sitt 2018, en það hyggst BÍL gera með veglegum hætti, m.a. með því að hefja útgáfu á sögu BÍL í áföngum.

### **Menningarstofnanir**

Svo sem að framan greinir beinir BÍL nú sjónum að list- og menningartengdum stofnunum í umsögn sinni, enda um að ræða burðarstoðir lista og menningar í atvinnulegu tilliti. Yfirlit yfir helstu stofnanir fylgir hér á eftir, þó er sneytt hjá söfnum, setrum og sýningum, sem engu að síður eru hluti þess vettvangs sem listafólk og hönnuðir starfar við.

### **Harpa**

Starfsemi Hörpu hefur gerbreytt starfsumhverfi listafólks frá því hún var opnuð og ná áhrifin langt út fyrir raðir tónlistarmanna, því Harpa hefur ekki síður verið lyftistöng fyrir starfsemi Íslensku óperunnar og sjálfstæðra sviðslistahópa. Starfsemi Hörpu hefur sótt jafnt og þétt í sig veðrið frá opnun. Árið 2015, voru haldnir 1148 viðburðir í húsinu, þar af 672 listviðburðir, þ.e. tónleikar, leik- og danssýningar eða listsýningar og 1.7 milljónir gesta komu í húsið. Fjöldi tónleika nálgast núna vera tvennt á dag að meðaltali yfir allt árið. Heildarframlög hins opinbera til Hörpu skiptast í tvennt. Annars vegar er þeim ætlað að greiða lán sem tekið var fyrir byggingakostnaði, hlutur ríkisins 2016 er kr. 607 millj. Hins vegar hefur húsið fengið sérstakt rekstrarframlag frá eigendum sínum, samanlagt 170 milljónir, þar af 90 milljónir frá ríki, og er árið 2016 síðasta árið sem húsið nýtur þessa framlags nema um annað verði samið. Þá hefur húsinu verið gert að borga mjög há fasteignagjöld frá upphafi, sem á þessu ári nema kr. 388 millj. Harpa höfðaði mál gegn þessari álagningu og vann það fyrir Hæstarétti. Nú hefur Fasteignamat ríkisins / Þjóðskrá úrskurðað um hvernig farið skuli með fasteignagjöld Hörpu í framtíðinni. Búinn hefur verið til nýr gjaldaflokkur fyrir tónlistar- og ráðstefnuhús, sem gerir Hörpu að standa skila á fasteignagjöldum sem munu nema upphæð á bilinu kr. 290 – 300 milljónir króna árlega. Það er algjörlega óásættanlegt að mati stjórnenda Hörpu og tekur stjórn BÍL undir það sjónarmið. Vegna þess lykilhlutverks sem Harpa



gegnir í íslensku tónlistar- og menningarlífi er það krafa heildarsamtaka listamanna að eigendur hússins (ríki og borg) taki að sér að létta fasteignagjöldunum af Hörpu með það að markmiði að þetta glæsilega tónlistarhús verði rekstrarhæft og stjórnendur þessi geti boðið það tónlistarmönnum til tónleikahalds á viðráðanlegu verði. Slík aðgerð væri til þess fallin að mynda löngu tímabæra samstöðu um húsið og hlutverk þess í íslenskri menningu.

### **Íslenski dansflokkurinn**

Íslenski dansflokkurinn er eini ríkisrekni dansflokkurinn á Íslandi og skv. árangurstjórnunar-samningi frá 2012 ber honum að þjóna svipuðu hlutverki og Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands; vera faglega leiðandi, stuðla að nýsköpun í innlendri listdanssköpun og efla þekkingu á danslistinni. Til að geta sinnt þessu hlutverki sínu þarf flokkurinn fjárhagslega burði, sem hann hefur ekki í dag. Á skrifstofu dansflokksins eru þrír starfsmenn, listrænn stjórnandi, framkvæmdastjóri og markaðsstjóri. Fastráðnir dansarar eru sjö talsins ásamt æfingastjóra, það er þremur færri en þegar flokkurinn var stofnaður 1973. Hjá erlendum sambærilegum dansflokkum (t.d. í Bergen) eru 15 dansarar á föstum samningum og 14 starfsmenn á skrifstofu. Til að geta fjölgað uppsetningum, tekið þátt í fleiri samstarfsverkefnum og sinnt fræðslustarfi þyrfti flokkurinn að lámarki 10 fastráðna dansara, tæknistjóra í fullu starfi auk verkefnastjóra á skrifstofu en til þess þyrfti að auka fjárveitingu íd að lágmarki 35 m.kr. á ári. Dansflokkurinn hefur alla tíð haft lítið svigrúm til að greiða listamönnum, t.d. danshöfundum, tónskáldum, búninga- og leikmynda-hönnuðum, markaðslaun fyrir vinnu við uppfærslur flokksins og hefur greitt talsvert lægri laun en aðrar stofnanir greiða fyrir sambærilega þjónustu. Til að bæta úr þyrfti að auka fjárveitingu íd um 15 m.kr. Starfsaðstaða flokksins í Borgarleikhúsinu er ekki ákjósanleg; skrifstofa og búningsherbergi eru í dimmu og óloftræstu rými í kjallara hússins, æfingasalur er á fjórðu hæð og þarf að ganga gegnum hann til að komast í búningageymslu Borgarleikhússins. Þá er skipulag sýninga algjörlega háð skipulagi leiksýninga í húsinu og mæta oft afgangi. Flokkurinn á fulltrúa í vinnuhópi sem kannar nú möguleika á stofnun danshúss og er það von flokksins að hagsmunaaðilar samtímadans á höfuðborgarsvæðinu nái að fjármagna sérútbúið húsnæði fyrir flutning dansverka með æfingaaðstöðu, þannig myndi skapast grundvöllur til að efla danslistina og framþróun hennar hér á landi.

### **Íslenska óperan**

Framlag til Íslensku óperunnar var skorið talsvert niður á árunum eftir hrun, sem er ekki að fullu komið til baka, þótt að á sama tíma hafi orðið sú breyting að ÍÓ fór úr eigin húsnæði í leiguhúsnæði í Hörpu að frumkvæði mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Útreikningar ÍÓ sýna að raunlækkun framlagsins frá hrúni nemi um 45%, sem er langt umfram það sem stofnunin þolir ef hún á að geta náð markmiðum sínum og gert langtímaáætlanir sem eru forsenda fyrir velgengni starfseminnar. Þetta hefur augljóslega í för með sér skerta möguleika á að Óperan geti starfað í samræmi við samning sinn við húsið, sem hefur verið endurnýjaður til næstu 5 ára. Íslenska óperan féllst á að flytja starfsemi sína í Hörpu í trausti þess að henni yrði skapaður rekstrargrundvöllur í húsinu en stór hluti framlagsins sem áður fór í óperuuppfærslur fer nú í að greiða húsaleigu. Samkvæmt nýundirrituðum samningi Íslensku óperunnar við mennta- og menningarmálaráðuneytið verður árlegt framlag um 200 mkr. næstu þrjú ár. Mikilvægt er að vísitölutengja framlagið þar sem bæði leigan í Hörpu og öll laun eru vísitölutengd. Til að tryggja rekstrargrundvöll Íslensku óperunnar er brýnt að stjórnvöld hlutist til um að framlagið taki

verðlagsbreytingum því ella mun stofnunin lenda aftur í sömu erfiðu stöðu innan fárra ára og eiga erfitt með að uppfylla skuldbindingar samningsins við ráðuneytið og nýtingarmöguleika í Hörpu.

### **Listasafn Íslands**

Sem Þjóðarlistasafni Íslendinga og höfuðsafni á sviði myndlistar ber Listasafni Íslands að safna íslenskri myndlist, frá öllum tímum, af eins mikilli kostgæfni og því er unnt hverju sinni, varðveita hana, rannsaka og miðla upplýsingum og fræðslu um hana innanlands sem utan. Þessu lögbundna hlutverki hafa löngum verið settar skorður af þrenns konar völdum, skorti á raunhæfum fjárframlögum, naumum húsakosti og takmörkuðum mannafla. Á undanförunum áratugum hefur íslensk list, listmenning og listsköpun verið í stöðugt nánari tengslum við listir og listmenningu annarra þjóða, nær og fjær. Safnið og starfsemi þess er í harðri samkeppni um sýningar við systursöfn sín erlendis, önnur þjóðarlistasöfn grannþjóða okkar og stór héraðslistasöfn, svo sem Aros í Árósum, en Listasafn Íslands telur það safn mjög raunhæft viðmið til eftirbreytni þar sem það þjónar áþekktum fólksfjölda, eða nokkuð á fjórða hundrað þúsund íbúum Árósa og nágrennis. Það safn nýtur þó snöggtum hærrí fjárframlaga en Listasafn Íslands þó svo að skyldur þess og ábyrgð séu ekki eins augljósar og umfangsmiklar. Ef vel á að vera þyrfti fjárframlag hins opinbera til Listasafns Íslands að vera að minnsta kosti tvöfalt hærra en tíðkast hefur undanfarin ár. En ef mæta á óskum safnsins um mikilvægar úrbætur á húsakosti safnsins þyrfti framlagið í raun að þrefaldast og nema þá 710 milljónum. Núverandi framlag, 236,7 milljónir, hrekkur ekki fyrir föstum kostnaðarliðum á borð við öryggiskerfi, gagnavarðveislur, né heldur sýningum, útgáfum, fræðsluefni eða kynningu.

### **Ríkisútvarpið**

BÍL hefur ævinlega litið svo á að Ríkisútvarpið sé ein af mikilvægustu menningarstofnunum þjóðarinnar. Það er þjóðareign, órjúfanlegur hluti íslenskrar menningar og á því hvíla skyldur umfram aðra fjölmiðla. Því er ætlað með lögum að halda utan um menningararfinn, tunguna, söguna, listina og lífið í landinu. Samkvæmt þeim lögum eru stjórnvöld skuldbundin til gera stofnuninni kleift að sinna hlutverki sínu af metnaði. Á undanförunum árum hefur útvarpsgjald ítrekað verið skorið niður og nú er svo komið að framlag til dagskrárgerðar hefur verið skert svo rækilega að dagskráin ber þess merki. Forsvarsmenn RÚV hafa eftir getu forgangsraðað í þágu innlendra dagskrár, menningarefnis, dagskrárgerðar fyrir börn og vinna nú að því að stórauka þátttöku í íslenskri kvikmyndagerð. Ljóst er að öflugri þátttaka RÚV í kvikmyndagerð getur haft margþætt margfeldisáhrif. Til að áform RÚV nái fram að ganga telur BÍL nauðsynlegt að útvarpsgjaldið verði hækkað þannig að það verði samanburðarhæft við það sem gengur og gerist hjá frændþjóðum okkar, Norðurlöndunum og Bretlandi. Einnig telur BÍL tímabært að skoðað verði hvort léttu mætti af stofnuninni lífeyrisskuldbindingum, sem ólíklegt er að hún muni nokkurn tíma geta staðið undir. Í samræmi við það sem að framan greinir leggur BÍL til að fjárlaganefnd leiti leiða til að hluti þeirrar skerðingar sem RÚV hefur þurft að sæta á undanförunum árum gangi til baka í fjárlagafrumvarpi ársins 2017 og fjárveiting til RÚV verði hækkuð um 250 millj. króna.

### **Sinfóníuhljómsveit Íslands**

Sinfóníuhljómsveit Íslands starfar við kjöraðstæður og stórbylting hefur orðið á upplifun tónleikagesta eftir að hljómsveitin fluttist í Hörpu fyrir fimm árum. Flutningurinn hefur hins vegar haft töluverð áhrif á rekstur hljómsveitinnar. Þótt að aðsókn og áskriftarsala hafi aukist mikið



auknu álagi sem hlýst af þeirri athygli sem íslenskar myndir hafa notið að undanfögnu samhliða niðurskurði í rekstri í kjölfar hrunsins. Verksvið KMÍ er víðtækt svo sem sjá má í 1. gr. laganna, auk þess að vera umsýslustofnun Kvikmyndasjóðs, sem er þungamiðja starfseminnar, þá gegnir hún lykilhlutverki við að koma kvikmyndum íslenskra höfunda á framfæri á erlendum hátíðum og mörkuðum. Hún sinnir skráningarhlutverki varðandi innlendar kvikmyndir, hönnun kynningar-efnis og heldur úti öflugri heimasíðu um íslenskar myndir (þó hún sé úr sér gengin tæknilega). Þá veitir hún ráðgjöf á vettvangi kvikmynda, bæði til innlendra kvikmyndagerðarmanna og erlendra dreifingaraðila íslenskra mynda. Loks annast KMÍ umsýslu umsókna um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar samkv. samningi við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið. Hjá KMÍ starfa 5 starfsmenn í u.þ.b. 4,5 stöðugildum og hefur það umfang verið óbreytt frá 2003 (kvikmynda-ráðgjafar eru verktakar í hlutastörfum sem leggja listrænt mat á styrkumsóknir, sbr. reglugerð og ekki taldir með hér). Á síðasta ári fjallaði KMÍ um rúmlega 200 umsóknir um styrki úr Kvikmyndasjóði. Umsóknirnar eru víðamiklar, oft um og yfir 200 bls. hver og í samræmi við 11. gr. reglugerðar um Kvikmyndasjóð þarf að yfirfara og leggja nákvæmt mat á um 25 efnisþætti í hverri umsókn. Á síðasta ári voru íslenskar myndir sendar á 425 hátíðir auk þess sem íslenskar myndir voru í sérstökum brennidepli á átta hátíðum. Til marks um álagið á starfsmenn KMÍ má geta þess að í sambærilegum stofnunum í Eistlandi og Lettlandi eru 11 starfsmenn og 15 í Litháen, þó eru umsvif þessara miðstöðva ekki eins mikil og hjá KMÍ sem skýrist aðallega af minni velgengni, enn sem komið er. Norðurlöndin standa svo enn betur að vígi og óraunhæft að nota þau til samanburðar, enda hver stofnun þar með um og yfir 150 starfsmenn sem sinna mun burðugra styrkjakerfi en okkar. Finnar eru þó nálægt okkur hvað uppbyggingu varðar en þar eru 26 starfsmenn sem sjá um styrkveitingar og kynningar. Málefni KMÍ þarfnast sérstakrar skoðunar af hálfu stjórnvalda og nægir viðleitni fjárlagafrumvarpsins 2017 engan veginn í því efni.

### **Miðstöðvar lista og skapandi greina**

Á undanfögnu árum hafa verið stofnaðar miðstöðvar lista og hönnunar, sem annast kynningu á íslenskri list og menningu utan landssteina, en sinna jafnframt mikilvægu ráðgjafarhlutverki, bæði innanvert hver á sínu sviði en einnig út á við til stjórnvalda og erlendra systurstofnana. Miðstöðvarnar sinna mikilvægu hlutverk í hnattvæddu samfélagi, bæði til að auðvelda listamönnum og hönnuðum að koma sköpun sinni á framfæri sem víðast, en ekki síður virkar starfsemi þeirra sem segull á ferðamenn sem verða forvitnir um land og þjóð gegnum listir og hönnun sem miðstöðvarnar koma á framfæri. Á yfirstandandi fjárlagaári fengu miðstöðvarnar samanlagt framlag frá mennta- og menningarmálaráðuneyti að upphæð kr. 102,4 milljónir, en að auki voru flestar þeirra með einhvers konar samninga við önnur ráðuneyti um tiltekin verkefni. Þar er um að ræða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og utanríkisráðuneyti.

**Hönnunarmiðstöð Íslands** er rekin samkvæmt samningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og mennta- og menningarmálaráðuneyti. Framlag til Hönnunarmiðstöðvar á fjárlögum 2016 er að finna undir hatti þessara tveggja ráðuneyta; kr. 20 milljónir í rekstrarframlag auk 15 milljóna í innleiðingu hönnunarstefnu frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og 10 milljóna króna rekstrarframlag frá mennta- og menningarmálaráðuneyti. Hönnunarsjóður að upphæð kr. 50 milljónir er vistaður undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Til að treysta mikilvægar stöðir Hönnunarmiðstöðvar þyrfti árlegt rekstrarframlag að vera 60 milljónir króna og Hönnunarsjóður að hækka í 100 milljónir.

**Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar** sinnir kynningu á íslenskri myndlist erlendis þ.m.t. þátttöku íslenskra myndlistarmanna á fjölbreytilegum sýningum stórum sem smáum, auk þess er hún í samstarfi við sendiráð Íslands erlendis um kynningu á samtímalist í sendiráðum og sendiherrabústöðum og skipuleggur sýningar þar með verkum eftir íslenska myndlistarmenn. Stærsta einstaka verkefni KÍM er að annast þátttöku Íslands í Feneyjatvíæringnum, sem hefur vakið verðskuldaða athygli á íslenskum listamönnum og menningu Þjóðarinnar á undanförunum árum. Kostnaður við þátttöku í Feneyjatvíæringnum er um 50 milljónir og þyrfti KÍM því árlegt framlag að upphæð 25 milljónir króna til að standa undir þeim kostnaði, en fær einungis 12 milljónir árlega. Rekstrarframlagið sem KÍM fær með samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið er 25 milljónir, en þyrfti að hækka í 35 milljónir til að geta staðið undir þremur stöðugildum þar sem 15% af rekstrarframlagi menntamálaráðuneytisins fer skv. stofnskrá KÍM í styrki til myndlistarmanna.

**Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar, ÚTÓN**, er í raun viðskipta- og markaðsskrifstofa Íslenskrar tónlistar í víðum skilningi. Tilgangur hennar er að leita tækifæra til að efla og skapa sóknarfæri til handa réttihöfum íslenskrar tónlistar innanlands sem utan og auka möguleika íslenskra fyrirtækja og einstaklinga í tónlistarútrás til að ná árangri í alþjóðlegum viðskiptum með tónlist. Þá sinnir ÚTÓN fjölbreyttu ráðgjafarhlutverki og tengslamyndun innan tónlistargeirans en einnig gagnvart stjórnvöldum, heldur úti tveimur heimasíðum, heldur fræðslukvöld og gefur út fréttabréf. ÚTÓN er rekin fyrir samning við mennta- og menningarmálaráðuneyti, ásamt því að sinna afmörkuðum verkefnum í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og utanríkisráðuneyti. Framlag mennta- og menningarráðuneytis er 23 milljónir á yfirstandandi fjárlagaári. Í ljósi þess hversu mikill árangur hefur náðst í starfi skrifstofunnar er orðin veruleg þörf fyrir fleiri hendur á dekk, en til að geta bætt við stöðugildi þyrfti árlegt rekstrarframlag til ÚTÓN að vera 30 milljónir króna.

**Tónverkamiðstöð** sinnir kynningarmálum íslenskra tónverka og skráningu tónverka í Landsbókasafni. Ef miðstöðin ætti að geta annað eftirspurn eftir þessari þjónustu þyrfti hún að geta bætt við sig tveimur stöðugildum. Í því augnamiði þyrfti að hækka framlagið til miðstöðvarinnar um helming að lágmarki. Samningur Tónverkamiðstöðvar við mennta- og menningarmálaráðuneyti gildir til 2018 og gerir ráð fyrir 15 milljóna króna árlegu framlagi, en ef vel ætti að vera þyrfti framlagið að vera helmingi hærra eða kr. 30 milljónir.

**Kynningarmiðstöð íslenskra sviðslista - KÍS** er óstofnuð enn, en Sviðslistasamband Íslands hefur stefnt að stofnun slíkrar miðstöðvar um árabíl. Nýverið skilaði starfshópur af sér skýrslu með stefnumótun fyrir slíka miðstöð, ásamt tillögum að rekstrarumhverfi og starfsreglum. Fjárhagsáætlun hópsins gerir ráð fyrir stofnframlagi frá ríkinu 2017 að upphæð kr. 20 milljónir og 25 milljóna króna árlegu framlagi á fjárlögum til 2020. Stofnun Kynningarmiðstöðvar íslenskra sviðslista helst í hendur við nýja löggjöf um sviðslistir, sem hefur verið kynnt á Alþingi nokkrum sinnum á undanförunum árum. Innan sviðslistageirans hefur nú myndast sterk samstaða um að koma slíkri löggjöf í gegnum þingið hið allra fyrsta, m.a. til að tryggja Kynningarmiðstöð íslenskra sviðslista lagastoð.



## Listaháskóli Íslands

Sú menntastofnun á háskólastigi, sem ber uppi menntun listamanna og hönnuða, er Listaháskóli Íslands, sem hefur þá sérstöðu í flóru listaháskóla að ein og sama stofnunin sinnir menntun á fræðasviði lista ólíkt því sem tíðkast í löndunum sem við berum okkur saman við. Hugmyndin með stofnun skólans á grunni gömlu sérskólanna (Leiklistarskóla Íslands og Myndlista- og handíðaskóla Íslands) var sú framsækna hugsun að framfara væri að vænta í háskólastofnun þar sem ólíkar list- og hönnunargreinar nytu nálægðar hver við aðra. Því miður hefur orðið bið á að sú hugmynd samlegðar næði fram að ganga þar sem skólinn er enn, tæpum tuttugu árum síðar, rekinn á fjórum stöðum í borginni. Húsnæði skólans er í slæmu ástandi, sumar byggingarnar eru heilsuspillandi en aðrar óhentugar, engin þeirra er byggð sem skólahúsnæði. Þrátt fyrir þær aðstæður sem listnámi á háskólastigi eru búnar fékk LHÍ hæstu mögulegu einkunn í síðustu úttekt gæðaráðs íslenskra háskóla, sem fór fram 2015. Skólinn hefur glímt við rekstrarerfiðleika, eins og allir háskólar í landinu. Á yfirstandandi ári kennir skólinn 446 nemendum, sem eru tæplega 70 fleiri en kennt var 2007, en upphæðin sem skólinn fær á fjárlögum 2016, níu árum síðar, er hin sama á núvirði. Á tímabilinu var engu að síður bætt við meistaranámsbrautum í hönnun, myndlist, sviðslistum, listkennslu og tónlist. Stöðugildi fastráðinna starfsmanna eru 88 í ár og hafa ekki aukist nema um 2 síðan 2007. Launakostnaður er tæplega 70% af rekstrarkostnaði og húsnæðiskostnaður losar 20%. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að auka skilning stjórnvalda á stöðu skólans hefur orðið bið á úrbótum.

BÍL telur það umhugsunarefni fyrir stjórnámamenn að listnám á háskólastigi skuli ekki standa til boða nema gegn skólagjöldum ólíkt öðru háskólanámi í landinu. Þá hefur BÍL gagnrýnt hversu framlög til rannsókna eru lítils metin af yfirvöldum menntamála. Hlutfall rannsókna af heildarframlagi hins opinbera til LHÍ er einungis 8,6% 2016, var 5,7% 2015, en skólanum ber lagaleg skylda til að sinna rannsóknum á fræðasviði lista, án þess að stjórnvöld hafi viðurkennt þá lagaskyldu í fjárveitingum til skólans. Annað virðist gilda um aðra háskóla þar sem hlutfall rannsókna af heildarframlagi til annarra háskóla er eftirfarandi: HÍ 39,6%, HA 35,5%, Háskólinn að Hólum 36,6%, Hvanneyri 40%, HR 19,3% og Bifröst 20,5%. Vegna þessara lágu framlaga til rannsókna, þarf LHÍ að taka af knöppu rekstrarfé sínu til að greiða fyrir rannsóknarþáttinn í starfinu í stað þess að þær séu fjarmagnaðar af ríkinu líkt og hjá öðrum. Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið telur BÍL mikilvægt að stjórnvöld viðurkenni ábyrgð sína gagnvart skólanum og geri tafarlaust áætlun um uppbyggingu hans á einum stað, auk þess sem rekstrarstaða hans verði löguð, rannsóknarskylda hans fjármögnuð og kennsla við skólann fullfjármögnuð.

## Listdansnám á bláþræði

Mikil óvissa ríkir innan listdansskólanna varðandi listdansnám á framhaldsskólastigi. Fyrirhugaðar breytingar menntamálaráðuneytis á starfsumhverfi skólanna hafa ekki verið kynntar skólastjórnendum og þeir horfa nú fram á gífurlegan hallarekstur, m.a. vegna fyrirsjáanlegra og eðlilegra hækkana á kjarasamningum starfsfólks. Lág framlög frá ríki eru í fullkomnu ósamræmi við þann kostnað sem liggur að baki hverjum nemanda og taka ekkert mið af þeim skyldum sem listdansskólunum er gert að uppfylla samkvæmt námsskrá. Nú er svo komið að margir tugir nemenda eru í algjörrri óvissu um hvort þeir geti lokið listnámi sínu til stúdentsprófs. Það er mat BÍL að staða skólanna sé orðin það alvarleg að ekki megi bíða degi lengur að grípa í taumana, en það verður ekki gert án atbeina stjórnvalda. Aðgerðir fjárlaganefndar nú í aðdraganda fjárlaga 2017 munu því skipta sköpum fyrir þennan þátt listmenntunar barna og ungmennta í landinu. Þá hefur BÍL af því áhyggjur að enn skuli ekki hafa

verið sett reglugerð fyrir nám í listdansi á grunn- og framhaldsstigi, en sú staðreynd veikir grundvöll náms í listdansi á þessum skólastigum. Þá er enn ósamið um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna grunn- og framhaldsnáms í listgreininni. Sú vinna var sett á ís fljótlega eftir að ný námsskrá í listdansi kom út árið 2006 og þar sem fyrst þyrfti að ljúka vinnu við kostnaðarskiptingu tónlistarskólanna. Nú er þeirri vinnu lokið en ekkert bólar á samningum um listdansnámið. Stjórnvöld þurfa að átta sig á mikilvægi framhaldsnáms í listgreinunum ef þau meina eitthvað með yfirlýsingum um átak í atvinnusköpun í skapandi greinum. Slíkt átak verður ekki gert öðruvísi en með öflugum menntakerfi í listum og hönnun.

Að lokum er þess óskað að stjórn BÍL fái að senda fulltrúa á fund fjárlaganefndar til að svara spurningum þeim sem nefndarmenn kunna að hafa um málefni þau sem hér eru til umfjöllunar.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar BÍL – Bandalags íslenskra listamanna

Kolbrún Halldórsdóttir, forseti

## Nefndasvið Alþingis B.t. Fjárlaganefnd

Mál nr. 1, Fjárlög 2017

Reykjavík 21.12.2016

### Fagleg staðarvalsgreining fyrir Nýja Landspítalann

Hagkvæmni þess að byggja nýjan spítala á besta stað á Höfuðborgarsvæðinu hefur verið metin á um 100 milljarðar kr. á núvirði, umfram þær viðbyggingar og endurbyggingar við Hringbraut sem nú eru í farvatninu.

Óumdeilt er að nýr spítali á góðum stað verður betri spítali en bútasumaður Hringbrautarspítali vegna betri högunar og staðsetningar sem skiptir miklu vegna 9000 ferða á spítalann á sólarhring í fyrstu, þar af 100-200 ferðir sjúkrabíla, sumar akút.

Um 70% landsmanna þar á meðal heilbrigðisstarfsmanna, vilja samkvæmt könnunum, að nýi þjóðarspítalinn verði byggður á betri stað en við Hringbraut.

Þau 30% þjóðarinnar sem halda sig enn við Hringbraut gera það flest af því að þau trúu að breytt staðsetning tefji tilkomu nýs spítala um allmörg ár, sem ekki þarf að vera. Gamla staðarvalið við Hringbraut hefur líka verið stutt þeim rökum að nýta megi eldri spítalabyggingar, það efli miðbæ Reykjavíkur og að nálægð við Háskóla Íslands og Reykjavíkurflugvöll skipti miklu. Þessi rök halda ekki vatni.

Nýr Landspítali er fyrir allan almenning á Íslandi og kostaður af honum. Hann á því að miðast við þarfir landsmanna og þeir þurfa góðan hagkvæman spítala á besta mögulega stað.

#### Stórkostleg hagkvæmni nýs spítal á besta stað

Með auknum ferðamannastraumi hefur þörf fyrir hótél og gistirými á miðbæjarsvæðinu vaxið jafnt og þétt og eignaverð hækkað gífurlega. Sala eignanna við Hringbraut, þegar nýr spítali tæki við, skilar lauslega áætlað um 20 milljörðum króna.

Hver einn kílómetri sem ofangreindar 9000 ferðir á sólarhring, að og frá spítalanum, styttest að jafnaði, sparar þjóðinni um 1 milljarð kr. á ári. Stytting um 2 km sparar því 2 milljarða kr. og svo framvegis.

Það næst meira hagræði í starfseminni í vel byggður nýju húsi.

Það þarf minni pening í samgöngumannvirki á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum.

#### Ekki hægt að loka Fossvogsspítala

Með því að sameina á Hringbraut starfsemi sem nú er í Fossvogsspítala og á samtals 17 stöðum á höfuðborgarsvæðinu er ætlunin að ná fram 500 milljóna kr. árlegu rekstrarhagræði og söluverðmæti eigna sem losna, var áætlað um 8,5 milljarða kr. Gert er ráð fyrir að fjöldi sjúkrarúma verði sambærilegur fyrir og eftir breytingar.

En eftirspurn eftir þjónustu Landspítalans eykst um 1,7% á ári. Eftir um 15 ár, þegar nýr spítali við Hringbraut væri að koma í gagnnið þyrfti hann að vera um 200 sjúkrarúmum stærri en núverandi áætlanir gera ráð fyrir. Svo þyrfti hann að stækka um 20 rúm + á ári næstu ár þar á eftir og meira síðar. Það verður því ekki hægt að leggja af Fossvogsspítala og hann dugar ekki einu sinni til. Það þarf nýjan spítala á nýjum stað hvort sem er.

100 milljarða kr. hagurinn af því að byrja strax á nýjum spítala á nýjum stað er því síst ofmetinn. Ef byggt verður við Hringbraut þarf annað hvort stækkun í Fossvogi eða nýjan spítala á nýjum stað hvort sem er. Stórkostleg uppbygging og þreföldun byggingarmagns á lóðunum við Hringbraut mun tefja þróun nýs sameinaðs spítala um áratugi og valda óafturkræfum skaða á lóðunum þar um alla framtíð.

### **Borgarlína og öflug samgöngumannvirki**

LSH við Hringbraut er um 4 km vestan við þungamiðju búsetu á höfuðborgarsvæðinu. Áætlað hefur verið að sameiningin á Hringbraut kalli á samtals 9000 ferðir að og frá spítalanum á sólarhring sem eykur umferð í nágrenninu um 10%. Með því að þessi stærsti vinnustaður landsins færðist nær þungamiðju byggðar myndi umferð í nágrenni Hringbrautar minnka um 15% í stað þess að aukast um 10%. Það munar sem sagt um 25% hvað umferðin verður léttari í nágrenni Hringbrautar ef nýi spítalinn verður byggður austar á Höfuðborgarsvæðinu og starfsemin við Hringbraut færist þangað.

Hugmyndir um núverandi staðsetningu eru frá 2001 og gerðu ráð fyrir miklum samgöngumannvirkjum vegna spítalans. Gert var ráð fyrir vegi um Hlíðarfót (nú Öskjuhlíðargöng), að Miklubraut verði sett í stokk á tveimur hæðum og mislægum gatnamótum við Snorrabraut/Bústaðaveg.

Svokölluð Borgarlína, það er sporvagna, eða léttvagnakerfi, er talin taka hluta af umferðaraukningu næstu áratuga, en dugar ekki til. Aðal akstursleiðir hennar eru auk þess samhliða Miklubraut/Vesturlandsvegi og Reykjanesbraut/Sæbraut með vegamótum við Elliðaár. Staðsetning spítalans nærri þungamiðju byggðar er því jafn mikilvæg hvort sem ferðamátinn er almenningssamgöngur, bíll eða hjól.

Ætla má að stofnkostnaður við Borgarlínu og ofangreind samgöngumannvirki verði á bilinu 50-150 milljarða kr. Ljóst er að mikla fjármuni vantar í vegakerfið og þessar framkvæmdir fara því vart á áæltun næstu ár.

Bygging nýs Landspítala á nýjum stað kallar hins vegar ekki á aukinn stofnkostnað miðað við byggingu við Hringbraut og er því mjög hagkvæm leið til að bæta umferðina í miðborginni.

### **Ekki eins góður spítali**

Nýr spítali við Hringbraut kallar á óheppilegan „bútasau“ nýrra og gamalla spítalabygginga, sem eru að mörgu leyti úrehtar og þarfnast kostnaðarsamrar endurbyggingar. Langir gangar munu tengja byggingarnar saman.

Aðstæður á lóðinni eru þröngar og langt að fara með byggingaefnin. Gamli spítalinn er yfirfullur og ónógt viðhald hefur leitt til myglu sem skaðar heilsu hins mikilvæga heilbrigðisstarfsfólks.

Nálægðin við Reykjavíkurflugvöll setur skorður á hæð bygginga.

Framkvæmdir við Hringbraut munu taka 10-15 ár og raska núverandi starfsemi á meðan.

Kostnaður við endurgerð gömlu bygginganna er verulega vanáætlaður eins og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur bent á.

### **Nálægð við Háskólasvæðið**

Hí mun byggja yfir heilbrigðisvísindasvið hvar sem spítalinn verður byggður á höfuðborgarsvæðinu. Nálægð við háskólasvæðið skiptir sáralitlu máli. Það kemur nemendum eins og öðrum betur að spítalinn sé nálægt þeirra heimili.

### **Þarf ekki að tefja, mun létt álag við Hringbraut strax**

Þótt ný staðsetning kalli á breytingu skipulags og nýja hönnun að einhverju leyti, sem hvort tveggja tekur tíma, getur aukinn byggingarhraði á opnu aðgengilegu svæði vegið það upp.

Þannig segir Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ að skipulagsbreytingar þar, ef Vífilstaðir verða fyrir valinu, ættu ekki að þurfa að taka nema ½ ár. Alþingi hefur í hendi sér að láta skipulagsmálin ekki þvælast fyrir ef einhugur er um nýja staðsetningu.

### **Fagleg staðarvalsgreining er nauðsyn**

Gera þarf nýja faglega staðarvalsgreiningu fyrir nýja Landspítalann. Slíka greiningu má vinna framan af árinu 2017 án truflunar fyrir það ferli sem er í gangi við Hringbraut.

Vanda þarf mjög til verka. Skipa þarf stýriningu verkefnisins ópólítíska og óháða hérlendum hagsmunahópum. Velja þarf til verksins alþjóðlega viðurkennt ráðgjafafyrirtæki á þessu sviði.

Meðal þess sem skoða þarf og meta fyrir vænlega stað er: Stofnkostnaður og rekstrarkostnaður „bútasumaðs“ spítala við Hringbraut vs. nýs spítala á betri stað; áhrif hækkingar lóðaverðs í miðbænum; umferðarpungi og kostnaður við nauðsynleg samgöngumannvirki; heildar byggingartími að skipulagstíma meðtöldum; ferðatími og ferðakostnaður notenda; hversu aðgengilegir staðirnir eru m.t.t. bráðaflutninga með sjúkrabílum og þyrlum; hversu gott mismunandi staðarval er miðað við byggðapróun til langs tíma lítið; áhrif betra umhverfis og húsnæðis á sjúklinga og starfsfólk; félagsleg áhrif mismunandi staðarvals; mikilvægi nærveru spítalans við háskólasvæðið og mikilvægi þess að geta byggt nægilega stóran spítala strax í byrjun sem má svo stækka í framtíðinni eftir því sem notendum spítalans fjölga.

Mikilvægt er til að skapa sátt um framhaldið. Því skiptir miklu að framsetning niðurstaðna sé með þeim hætti að almenningur gæti myndað sér skoðun á gæðum þeirra staðsetninga sem ráðgjöfunum þættu álitlegastar. Hugsanlega mætti þá fela landsmönnum að velja á milli þeirra staða sem skora hæst, með vandaðri könnun eða í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Ef niðurstaðan verður að haldið skuldi áfram við Hringbraut mun það ekki hafa valdið töfum á núverandi byggingaráformum þar. Ef niðurstaðan verður að byggja eigi nýjan spítala frá grunni á tilteknum stað þá má ljóst vera að það byggist á góðum rökum og um það mun skapast víðtæk sátt.

***Kostnaður við faglega staðarvalsgreiningu gæti verið á bilinu 50-100 milljónir króna eftir því hversu ítarleg hún verður. Við leggjum til að Alþingi taka frá fé til þessarar vinnu á fjárlögum 2017.***

Með kveðjum frá Samtökum um Betri spítala á betri stað

Ebba Margrét Magnúsdóttir, læknir, sérfræðingur á kvennadeild LSH  
Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur, FAÍ, FSFFÍ  
Guðjón Sigurbjartsson viðskiptafræðingur



Guðl. Gauti Jónsson, arkitekt, f.v. formaður Arkitektafélags Íslands  
Hans Gústafsson, verkefnisstjóri  
Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri  
Hilmar Þór Björnsson, er arkitekt  
Ómar Sigurvin, læknir á Skánska háskólasjúkrahúsinu  
Sigurgeir Kjartansson, læknir, sérfræðingur í almennum- og æðaskurðlækningum á LSH,  
Stefán Matthíasson læknir, formaður Samtaka heilbrigðisfyrirtækja,  
Örn Þórðarson, stjórn málafræðingur, MBA, f.v. sveitarstjóri  
Vilhjálmur Ari Arason, heimilislæknir á SLYSA- og bráðamóttöku LSH



Bolungarvík 9. Desember 2016

**Efni: Fjárveiting vegna stálþils við Brjótinn í Bolungarvík**

Í þingskjali 1341, mál 770. Tillaga til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015-2018 kemur fram að stefnt skuli að því að veita 127,6 m.kr til ,Endurbyggingar Brjóts 2017-2018 og endurbyggingu Grundagarðs á árunum 2017 til 2018. Framkvæmdin felst í því að endurnýja stálþil við Brimbrjót og steypa nýja þekju. Verkefnið er framhald hliðstæðs verkefnis sem unnið var árin 2009-2010.

Samkvæmt því fjárlagafrumvarpi sem nú liggur fyrir fjárlaganefnd er gert ráð fyrir 212 m.kr. í Hafnarbótasjóð, en í áðurnefndri samgönguáætlun er gert ráð fyrir 1.158 m.kr í sjóðinn.

Sökum þessa hefur okkur verið tjáð af Siglingasviði Vegagerðarinnar að ekki verði hægt að hefja framkvæmdir við endurbyggingu á brjótnum í Bolungarvík árið 2017 eins og upp var lagt.

Þetta er áfall fyrir okkur í Bolungarvík enda höfum við undirbúið þessa framkvæmd um nokkurra ára skeið. Rökin fyrir þessari framkvæmd eru nokkur, en hér eru þau helstu:

- **Núverandi stálþil er hættulegt**

Stálþilið kemur í stað fyrir eldra stálþil sem er frá 1963. Það er orðið **afar lúíð og hættulegt**. Líkur á að það brotni eru talsverðar og þegar það gerist mun það hefta aðgengi að höfninni ásamt að **kotnaður við endurbætur mun aukast verulega**. Stálþilið hefur þegar skemmst Hafnarkanturinn sem um ræðir er í reglulegri notkun og ef stálþilið brotnar mun **skapast hætta fyrir skip** sem liggja við þilið ásamt því að hann verður ónothæfur til frekari notkunar og mun þannig skerða möguleika hafnarinnar til að skapa sér og samfélaginu tekjur.

- **Gæði hafnarinnar munu aukast verulega**

Með nýju stálþili munu gæði hafnarinnar aukast og geta hennar til að veita betri þjónustu aukast. Það er mikilvægt þar sem **landaður afli um höfnina hefur aukist yfir 40% síðustu ár**. Fjöldi stærri fiskiskipa sem hafa Bolungarvík sem heimahöfn hefur aukist undanfarin ár og nýta sér þennan hluta hafnarinnar til viðlegu og löndunar.

- **Nýjar fjárfestingar í hafnarmannvirkjum eru forsenda uppbyggingar fiskeldis á svæðinu**

Arnarlax hefur tilkynnt um **mikla uppbyggingu í fiskeldi í Bolungarvík**. Forsenda þess eru þróun og fjárfesting í hafnarmannvirkjum. **Án þess er ekki hægt að byggja upp fiskeldi í Bolungarvík og milljarðauppbyggingin sem henni fylgir fer annað eða hverfur**. Áhrif fiskeldis eru mæld í hundruðum starfa og margföldun á umsvifum á svæðinu. Áhrif sem varla eiga sér hliðstæðu í sögu samfélagsins við Djúp. Áhrif sem eru líkleg til að taka við að ferðaþjónustu í **aflinu á bak við hagvöxt á landinu öllu** á næstu áratugum.

Bolungarvík er sjávarútvegsbær. Án góðrar hafnar er sveitarfélagið berskjaldað og illa í stakk búið til að takast á við krefjandi framtíð í umhverfi sveitarfélagana. Bolungarvíkurhöfn er vel rekin höfn sem hefr skilað hagnaði undanfarin ár og er lykillinn í rekstri sveitarfélagsins. Ef fjárfestingar í hafnarmannvirkjum stoppa og höfnin hættir að þróast er framtíð okkar í hættu. Svo einfalt er það.

Virðingarfyllt,

Baldur Smári Einarsson  
Baldur Smári Einarsson  
Formaður Bæjarráðs

Einar Guðmundsson  
Einar Guðmundsson  
Formaður Hafnarstjórnar

Jón Páll Hreinsson  
Jón Páll Hreinsson  
Bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar

## **Umsögn Byggðastofnunar um áhrif fjárlagafrumvarps fyrir árið 2017 á byggðapróun**

Fjárlög eru í fyrsta sinn unnin samkvæmt nýjum lögum um opinber fjármál nr. 123/2015. Í 14. grein laganna er eftirfarandi ákvæði : „Innan fjögurra vikna frá framlagningu frumvarps til fjárlaga skal Byggðastofnun gefa fjárlaganefnd Alþingis umsögn um áhrif frumvarpsins á byggðapróun í landinu.“ Nánari skýringar er að finna í álitni meirihluta fjárlaganefndar en þar segir: „Í þessu felst m.a. að í umsögn Byggðastofnunar skuli fjallað um hvernig stefna hvers ráðherra skv. 20. gr. frumvarpsins, fyrir þau málaefnasvið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á, samræmist byggðaáætlun og sóknaráætlunum landshluta sem fram koma í þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun.“

Byggðamál spanna afar vítt svið. Þau hafa verið skilgreind á þann veg að þau séu öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta, s.s. búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar, velferðarmála, samgangna og fjarskipta. Samkvæmt þessari skilgreiningu eru byggðamál viðfangsefni allra ráðuneyta með einhverjum hætti.

Byggðastofnun gefur nú umsögn til fjárlaganefndar í fyrsta sinn samkvæmt lagaákvæðinu. Að mati Byggðastofnunar felur það í sér merkilega nýbreytni sem ætti í fyllingu tímans að vera til þess fallin að varpa ljósi á áhrif fjárlaga á þau málefnasvið sem tengjast byggðapróun. Hér er á ferðinni nýtt verkfæri á sviði byggðamála sem mun efalaust þróast eftir því sem árin líða. Vinnulagið mun því þróast og breytast, en til að það komi að sem bestum notum er að mati Byggðastofnunar nauðsynlegt að stofnunin komi mun fyrr að vinnuferli fjárlagafrumvarps ár hvert.

Mat stofnunarinnar tekur mið af frumvarpi til fjárlaga 2017 eins og það var lagt fyrir 6. desember 2016. Í umsögn Byggðastofnunar er eingöngu skoðað hvaða útgjaldaliðir frumvarpsins hafa bein eða óbein áhrif á byggðapróun. Ekki er lagt mat á áhrif tekjuöflunar ríkisins á byggðapróun, þó að ljóst sé að skattheimta hefur mismunandi áhrif á einstakar atvinnugreinar og þar með einstök byggðarlög og byggðapróun í heild.

Mat stofnunarinnar miðast við hvernig málefnasvið og málaflokkar samræmast gildandi byggðaáætlun fyrir árin 2014-2017. Rétt er að benda á að unnið er að gerð nýrrar byggðaáætlunar fyrir árin 2017-2023 samkvæmt lögum um byggðaáætlun og sóknaráætlunir nr. 69/2015. Vinnu við nýja byggðaáætlun er ekki lokið og því ekki hægt að taka mið af þeim áherslum sem verða í henni auk þess sem fjárlagavinna hefði heldur ekki getað tekið mið af byggðaáætlun sem er í vinnslu. Einnig er rétt að fram komi að fjárlög eru nú unnin við þær aðstæður að frumvarp til fjárlaga var lagt fram 6. desember síðastliðinn og stefnt að því að það verði afgreitt áður en nýtt fjárhagsár gengur í garð. Því verður stofnunin að vinna umsögn sína á mun skemmri tíma en þeim fjórum vikum sem lög um opinber fjármál gera ráð fyrir.

### **Uppbygging frumvarps til fjárlaga og málefnasvið með tengingu við byggðamál**

Frumvarpið er byggt á nýjum lögum um opinber fjármál nr. 125/2015 og því er undirbúningur þess með öðrum hætti en fyrri fjárlaga. Meginbreyting er að það er grundvallað á fjármálaáætlun fyrir árin 2017-2021 sem samþykkt var á Alþingi í ágúst 2016. Að auki hefur verið tekið mið af nýjum eða breyttum lögum sem hafa verið samþykkt á Alþingi eftir að fjármálaáætlun var gerð og beinum skuldbindingum sem gerðar voru fyrir þingkosningar.

Ein meginbreyting með nýjum lögum er að fjárheimildir eru greindar eftir málefnasviðum og málaflokkum en ekki stofnunum og verkefnum eins og áður var. Málefnasvið og málaflokkar

komu fram í svonefndri voráætlun sem lögð var fram og samþykkt í fyrsta sinn á árinu 2016. Í voráætlun koma m.a. fram annars vegar stefna og markmið og hins vegar áherslur og aðgerðir í hverju málefnasviði og málaflokki. Þar er einnig tilgreint hvaða ráðuneyti er ábyrgt fyrir hverju málefnasviði og málaflokki og fylgir frumvarp til fjárlaga 2017 þessu vinnulagi. Ekki var talið raunhæft að bera saman einstakar fjárveitingar milli fjárlaga 2016 og frumvarps til fjárlaga 2017 vegna þess að fjárlög þessara ára eru ekki byggð upp með sama hætti. Síðast en ekki síst myndi slík nálgun kalla á mun meiri gagnaöflun en möguleg er á þeim stutta tíma sem Byggðastofnun hefur til verkefnisins.

Hér verður því fyrst og fremst skoðað hvort markmið eða aðgerðir málefnasviða eru tilgreind með beinum áherslum á landsbyggðirnar. Þetta er hér gert til að leitast við að afmarka verkefnið við þau málefnasvið sem talin eru skipta mestu fyrir byggðapróun. Rétt er að geta þess að greiningin er ekki tæmandi þar sem Byggðastofnun hefur haft afar skamman tíma til að vinna umsögnina. Málefnasvið sem tekin voru til skoðunar eru eftirfarandi en númer vísa til fjárlagafrumvarpsins:

#### **8. málefnasvið : Sveitarfélög og byggðamál.**

Málaflokkurinn byggðamál skiptist í fjögur verkefni; Byggðastofnun, Jöfnunarsjóð flutningskostnaðar, Flutningssjóð olíuvara og byggðaaætlun ásamt sóknaráætlunum landshluta. Tilgreind markmið eru að efla sjálfbæra þróun byggðarlaga um land allt og þar vísað til sóknaráætlana landshluta. Annað markmið er aukinn stuðningur við svæði sem hafa búið við langvarandi fólksfækkun og þar vísað til verkefnisins Brothættar byggðir. Þá er einnig markmið um jöfnun olíuverðs um land allt. Aðgerðir eru að móta verklagsreglur fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins, krafa um ráðstöfunarhlutfall fjárheimilda sóknaráætlana, vinna við nýja Byggðaaætlun 2017-2023, endurnýjun samninga um Brothættar byggðir og að mynda starfshóp um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

#### **9. málefnasvið : Almanna- og réttaröryggi.**

Ekki bein svæðisbundin markmið að öðru leyti en að sett eru viðmið um viðbragðstíma lögreglu og lögreglumenn eru starfandi um allt land. Háskólanám lögreglumanna er í Háskólanum á Akureyri.

#### **10. málefnasvið : Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla innanríkismála.**

Ekki bein svæðisbundin markmið eða aðgerðir. Starfsemi undir þessum málefnasviði er hins vegar víðs vegar um landið, svo sem prestar, sýslumenn og héraðsdómstólar.

#### **11. málefnasvið : Samgöngu- og fjarskiptamál.**

Samgönguáætlun hefur fimm markmið, þ. e. að tryggja öruggar, greiðar, hagkvæmar og umhverfislega sjálfbærar samgöngur. Fimmta markmiðið er að samgöngur stuðli að jákvæðri byggðapróun. Aðgerðir sem tengjast því markmiði eru smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju, undirbúningur Dýrafjarðarganga og lagning bundins slitlags á tengivegi. Markmið fjarskiptaáætlunar eru að tryggja hagkvæm örugg og áreiðanleg fjarskipti og að vinna að hagkvæmri uppbyggingu fastlínukerfa á svæðum sem búa við markaðsbrest á landsvísu og útbreiðslu háhraðafarnets. Markmið pósthjónustu er að tryggja hagkvæma og áreiðanlega pósthjónustu um land allt með því að tryggja notendum aðgang að alþjónustu. Meðal aðgerða er Ísland ljóstengt – landsátak í uppbyggingu fjarskiptainnviða utan markaðssvæða. Þá styrkir ríkið ljósleiðaravæðingu sveitarfélaga með fjárveitingum Fjarskiptasjóðs.

## **12. málefnasvið : Landbúnaðarmál.**

Breytingar á búvörulögum og búvörusamningar hafa að markmiði að tryggja stöðu íslensks landbúnaðar með betri markaðsstöðu sem skili bændum betri afkomu og neytendum lægra verði.

## **13. málefnasvið : Sjávarútvegur.**

Tilgreind markmið í sjávarútvegi eru að tryggja áframhaldandi sjálfbærni fiskistofna og að tryggja góð og ábyrg skilyrði fyrir sjókvíaelði.

## **14. málefnasvið : Ferðaþjónusta.**

Markmið er að ferðaþjónustan sé öflug atvinnugrein sem skili þjóðarbúinu verulegum gjaldeyristekjum og auki hagsæld og lífsgæði á Íslandi. Undirmarkmið er að áttak verði í uppbyggingu innviða ferðaþjónustu til að vernda viðkvæma náttúru, auka öryggi ferðamanna og tryggja jákvæða upplifun þeirra. Meðal aðgerða má nefna greiningu og gerð áætlunar um mannaflapörf ferðaþjónustu eftir landshlutum, bætt upplýsingagjöf um allt land og gerð tillögu um stefnumótandi stjórnunaráætlanir fyrir ferðaþjónustu í hverjum landshluta.

## **15. málefnasvið : Orku- og eldsneytismál.**

Markmið málefnasviðsins er að orkubúskap Íslands verði hagað með sjálfbærum hætti með áherslu á samfélagslegan, efnahagslegan og umhverfislegan ábata. Undirmarkmið er að orkuöryggi verði tryggt á landsvísu, full jöfnun á kostnaðarmun á dreifingu raforku í dreifbýli og þéttbýli og full jöfnun húshitunarkostnaðar. Meðal aðgerða er að unnið verður að gerð viðbragðsáætlunar vegna raforkuskorts og aðgerðaráætlunum fyrir landssvæði sem búa við skert afhendingaröryggi. Starfshópur á vegum ANR og Orkustofnunar mun hafa eftirfarandi verkefni: 1) Fylgst verður með og tryggt að um fullan jöfnuð húshitunarkostnaðar verði að ræða um allt land hjá notendum sem ekki eiga kost á húshitun með jarðvarma. 2) Fylgst verður með að um fulla jöfnun kostnaðar verði að ræða vegna dreifingar raforku í dreifbýli. 3) Unnið verður að því að setja reglur um veitingu styrkja til tengingar býla sem standa utan dreifikerfis raforku. Þá verður einnig gerð áætlun um hvernig unnt sé að draga úr raforkunotkun kyntra hitaveitna og önnur um rafvæðingu fiskimjölsværsmiðja.

## **17. málefnasvið : Umhverfismál.**

Malefnasviðið varðar ýmsa starfsemi á landsbyggðinni, svo sem skógrækt, landgræðsla, náttúruvernd og starfsemi þjóðgarða. Markmiðið er að landsmenn búi við heilnæm lífsskilyrði og hreint umhverfi og faglega og skilvirka stjórnsýslu umhverfismála. Tilgreindar aðgerðir eru uppbygging innviða í formi þjónustumiðstöðva fyrir ferðamenn, gerð göngu- og reiðstíga, skógrækt og landgræðsla. Rannsóknir og vöktun á náttúru landsins. Eitt markmið undir þessu málefnasviði er að koma á hringrænu hagkerfi þar sem komið er í veg fyrir myndun úrgangs. Þá er einnig markmið um að stuðla að vernd náttúrunnar, sjálfbærri þróun og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

## **18. málefnasvið : Menning og listir.**

Meginmarkmið málefnasviðsins eru að auðvelda öllum landsmönnum að njóta menningar og lista, jafna og bæta aðstöðu til menningar- og listastarfsemi í landinu, stuðla að verndun menningar- og náttúruminja og menningararfleifðar þjóðarinnar fyrir komandi kynslóðir og tryggja jafnvægi verndunar og aðgengis fyrir almenning að menningararfinum.



## **20. málefnasvið : Framhaldsskólastig.**

Eitt markmið málefnasviðsins er að nemendur í öllum landshlutum hafi aðgengi að bók- og starfsnámi sem uppfylli kröfur næsta skólastigs og/eða atvinnulífs. Aðgerð undir þessu markmiði er um samvinnu framhaldsskóla á Norðausturlandi um heildstætt og fjölbreytt námsframboð, stoðþjónustu og stjórnsýslu með áframhaldandi skipulögðu samstarfsverkefni. Námsstyrkir eru veittir til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum. Einnig eru veitt framlög til niðurgreiðslu skólaaksturs að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum.

## **23. málefnasvið : Sjúkrahúsþjónusta.**

Málefnasviðið skiptist í sérhæfða sjúkrahúsþjónustu sem veitt er á Landsspítalanum og Sjúkrahúsinu á Akureyri, almenna sjúkrahúsþjónustu og erlenda sjúkrahúsþjónustu.

## **24. málefnasvið : Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa.**

Markmiðið er að allir notendur heilsugæslu eigi kost á að hafa eigin heilsugæslulækni eða annan heilbrigðisstarfsmann sem ábyrgðaraðila fyrir þjónustu viðkomandi frá árinu 2017 og að heilsugæslan verði styrkt og eflid sem fyrsti viðkomustaður og samhæfingaraðili heilbrigðisþjónustu. Meðal aðgerða er að þjónusta sálfræðinga og þverfagleg geðheilsuteymi standi til boða í öllum heilbrigðisumdæmum. Einnig verður heimahjúkrun eflid um allt land. Þá er einnig markmið að jafna aðgengi landsmanna að sérfræðiþjónustu sem ekki er unnt að veita á vettvangi eða hagkvæmara er að veita með fjarskiptabúnaði. Í samræmi við breytingar á heilbrigðisþjónustu í dreifbýli og sameiningu stofnana hefur fyrirkomulag sjúkraflutninga verið í endurskoðun. Markmið er að sjúkraflutningar í hverju heilbrigðisumdæmi anni þörf fyrir flutninga innan skilgreindra tímamarka.

## **25. málefnasvið : Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta.**

Meginmarkmið málaflokksins er að þörf fólks fyrir dvöl í hjúkrunar- dvalar- og dagdvalarrýmum sé mætt, innan þeirra viðmiða sem sett hafa verið. Meðal aðgerða sem eru tilgreindar er að koma upp samstarfi heilsugæslu, sveitarfélaga og félagasamtaka til að auka virkni og heilsueflingu aldraðra og að byggja fimm ný hjúkrunarheimili með 220 rýmum og bæta aðbúnað 115 rýma á árunum 2017-2020.

## **26. málefnasvið : Lyf og lækningavörur.**

Markmið málaflokksins er að tryggja að almenningur á hafi áfram aðgang að lyfjum sem standast kröfur um gæði, virkni og öryggi lyfja. Meðal aðgerða er að tryggja aðgengi að lyfjum jafnt á landsbyggðinni og höfuðborgarsvæðinu með sérstaka áherslu á þá staði þar sem þjónusta er takmörkuð fyrir árið 2019.

## **31. málefnasvið : Húsnæðisstuðningur.**

Markmiðið er að landsmenn búi við öryggi í húsnæðismálum í samræmi við þarfir hvers og eins. Meðal aðgerða er að fjölga leiguíbúðum um 2.300 á næstu fjórum árum með stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga og að fjármögnun húsnæðis verði tryggð á svæðum þar sem markaðsbrestur hefur orðið.

## **Uppbygging byggðaáætlunar og sóknaráætlana**

Meginmarkmið byggðaáætlunar fyrir árin 2014-2017 eru að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt. Sérstök áhersla verði lögð á stuðning við svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun,

atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf. Þá er lögð áhersla á að aðgerðir samkvæmt áætluninni stuðli að auknu jafnrétti kynjanna.

Aðgerðatillögur byggðaáætlunar eru eftirfarandi:

### **1.1. Uppbygging öflugs gagnanets.**

*Markmið:* Uppbygging fjarskiptakerfisins verði í samræmi við fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011–2022.

### **1.2. Orkumál.**

*Markmið:* Framleiðsla og dreifing raforku mæti þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu hvað varðar flutningsgetu og afhendingaröryggi. Jafnaður verði milli landshluta kostnaður við flutning og dreifingu á raforku.

### **1.3. Bættar samgöngur.**

*Markmið:* Vegfarendur komist leiðar sinnar innan og milli atvinnu- og þjónustusvæða á ódýran, fljótlegan og öruggan hátt.

#### **2.1. Brothætt byggðarlög.**

*Markmið:* Stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins.

#### **2.2. Stuðningur við einstaklinga.**

*Markmið:* Fjölga vel menntuðum einstaklingum á varnarsvæðum landsins.

#### **2.3. Stuðningur við fyrirtæki.**

*Markmið:* Fjölbreytt atvinnustarfsemi geti dafnað á efnahagslega veikum svæðum.

#### **3.1. Nýsköpun og vaxtargreinar.**

*Markmið:* Stuðlað verði að fjölbreyttu atvinnulífi og nýsköpun um allt land í samræmi við *Atvinnustefnu fyrir Ísland*.

#### **3.2. Stuðningur við nýfjárfestingu og atvinnuuppbyggingu.**

*Markmið:* Nýfjárfesting í atvinnurekstri verði eflid.

#### **3.3. Dreifing opinberra starfa.**

*Markmið:* Stuðlað verði að fjölbreyttum atvinnutækifærum um allt land með dreifingu starfa á vegum ríkisins.

#### **3.4. Stoðkerfi hins opinbera.**

*Markmið:* Fyrirtæki og einstaklingar á landsbyggðinni hafi aðgengi að skilvirkum og öflugum stoðkerfi atvinnuþróunar.

#### **3.5. Lánastarfsemi.**

*Markmið:* Fyrirtækjum á starfssvæði Byggðastofnunar verði tryggður aðgangur að lánsfjármagni á sambærilegum kjörum og fjármálafyrirtæki bjóða á höfuðborgarsvæðinu.

#### **3.6. Stuðningur við uppbyggingu skógarauðlindar.**

*Markmið:* Stuðningur við skógrækt á bújörðum þar sem aðstæður eru ákjósanlegar verði eflidur með áherslu á viðarframleiðslu, kolefnisbindingu, aukin landgæði, betri búsetuskilyrði og atvinnusköpun.

#### 4.1. Stefnumótun um opinbera þjónustu.

*Markmið:* Íbúar landsins, óháð búsetu og efnahag, njóti sömu tækifæra hvað varðar aðgengi að opinberri grunnþjónustu og kröfur eru gerðar um í nútímasamfélagi.

#### 4.2. Opinberar upplýsingar á sviði byggðamála.

*Markmið:* Stefnumótun í byggðamálum og framkvæmd hennar styðjist við traust gögn.

Sóknaráætlanir voru festar í sessi og tengdar við byggðaáætlun með lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir. Sama ár voru gerðir sóknaráætlanasamningar til fimm ára við landshlutasamtök sveitarfélaga.

Sóknaráætlanir landshluta eru þróunaráætlanir sem fela í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná markmiðum. Forgangsröðun verkefna landshlutans byggir á sóknaráætlun hans. Fjármunum sem varið er til verkefna á sviði atvinnu-, byggða- og menningarmála er ráðstafað af heimamönnum samkvæmt áherslum sem mótaðar hafa verið af breiðum hópi þeirra. Sóknaráætlunum er ætlað að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningar og auka samkeppnishæfni hvers landshluta sem og landsins alls. Markmiðið er einnig að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga 2017 er áætlað að fjármunir til byggðaáætlunar verði 981 milljón króna sem er veruleg hækkun frá fyrra ári þegar framlagið var um 640 milljónir króna. Framlag til sóknaráætlana landshluta lækkar hins vegar lítillega eða úr 208,5 milljónir króna árið 2016 í 190,5 milljónir króna árið 2017. Samkvæmt skýringu við fjárlagaliði er þó um tilfærslur á fjárheimildum að ræða en þar segir að fjárheimild málaflokksins sé aukin í heild um 450 milljónir króna til þess að styðja við byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta.

#### Niðurstöður og lokaorð

Með frumvarpi að fjárlögum fyrir árið 2017 er lagt til að ráðstafað verði 757 milljörðum króna til 34 málefnasviða og 100 málaflokka í ríkisrekstri. Fjárlög fela í sér ráðstöfun á um 30% af vergri landsframleiðslu og því augljóst að áhrif fjárlaga á byggðaðróun eru mikil.

Einstök málefnasvið eða málaflokkar hafa mismikil áhrif á byggðaðróun. Málaflokkurinn byggðamál ráðstafar ríflega 1.900 milljónum króna til verkefna á þessu sviði. Þar undir falla byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta, starfsemi Byggðastofnunar og atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni, Flutningsjöfnunarsjóður olíuvara og jöfnun flutningskostnaðar. Fjölmörg önnur málefnasvið opinberra fjármála hafa bein og óbein áhrif á byggðaðróun. Það á t.d. við um marga fjárlagaliði málefnasviðsins samgöngur og fjarskipti. Til framkvæmda á vegakerfinu er ráðstafað um 14,4 milljörðum króna og til þjónustu um 4,4 milljörðum króna. Styrkir til almenningsgangna eru tæplega 2,9 milljarðar króna og til hafna og vita er ráðstafað tæplega 1.100 milljónir króna og til flugvallaframkvæmda verður varið um 1.500 milljónum króna.

Fjármunir sem falla undir málefnasvið atvinnuvega hafa víðtæk áhrif á byggðaðróun. Þannig er um 12 milljörðum króna varið til samninga um starfsskilyrði í einstökum búgreinum. Til sjávarútvegs er ráðstafað um 6,3 milljörðum króna og til ferðaþjónustu 2,3 milljörðum króna. Fjárlagaliðir sem falla undir orkumál og hafa veruleg áhrif á búsetuskilyrði víðs vegar um land eru annars vegar niðurgreiðslur á húshitun og hins vegar jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, samtals um 2,3 milljarðar króna.

Meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun fjárveitinga í milljónum króna til nokkurra ríkisaðila og verkefna í A-hluta fjárlaga sem veruleg áhrif hafa á byggðapróun. Hér er í fyrsta lagi sýnt hver niðurstaða varð samkvæmt ríkisreikningi fyrir árið 2015. Í öðru lagi er fjárveiting samkvæmt fjárlögum 2016 og í þriðja lagi ætluð fjárveiting samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 frá 6. desember 2016. Ekki voru tiltæk sambærileg gögn til að bera saman sundurliðun á framlögum til samgöngumála fyrir árin 2016 og 2017.

	Reikningur 2015	Fjárlög 2016	Frumvarp 2017
Byggðaáætlun	338,7	430,6	790,6
Sóknaráætlanir landshluta	78,0	208,5	190,5
Byggðastofnun	147,7	159,4	166,1
Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni	176,6	190,5	198,5
Flutningssjóður olíuvara	371,0	360,0	380,0
Jöfnun flutningskostnaðar	90,2	175,0	175,0
<b>Samgöngur</b>	<b>29.445,6</b>	<b>29.409,6</b>	<b>28.837,7</b>
Stuðningur við mjólkurframleiðslu	6.549,8	6.656,1	6.615,8
Stuðningur við sauðfjárframleiðslu	4.853,8	4.932,8	4.982,4
Stuðningur við grænmetisframleiðslu	580,4	592,6	556,9
Búnaðarlagasamningur	516,2	549,3	1.618,2
Sjávarútvegur	5.179,0	5.543,5	6.306,6
Ferðapjónusta	1.767,6	1.531,3	2.311,2
þ.a. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða	1.002,3	666,0	1.760,0
Niðurgreiðslur á húshitun	1.478,1	1.731,7	2.892,8
Jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku	877,9	913,0	992,1
Jöfnun á námskostnaði	579,3	621,5	627,7

Með fjárlögum er ráðstafað fjármunum til ýmis konar grunnþjónustu svo sem heilbrigðisþjónustu og mennta- og menningarmála og hefur margt af þessu áhrif á byggðapróun.

Það er því ljóst að margir liðir fjárlaga hafa bein eða óbein áhrif á byggðapróun aðrir en þeir sem eru með beinum hætti auðkenndir byggðamálum. Þau áhrif eru margfalt meiri en áhrif af aðgerðum byggðaáætlunar og sóknaráætlana sem einungis ráðstafa óverulegum fjárhæðum.

Byggðastofnun vill að lokum ítreka það sem áður er fram komið að það er að mati stofnunarinnar nauðsynlegt að hún komi mun fyrr að vinnuferli fjárlagafrumvarps ár hvert til að markmiðin með umsögn stofnunarinnar eins og þeim er lýst í lögskýringargögnum með 14. gr. laga um opinber fjármál náist. Eftirsóknarvert er að í frumvarpi til fjárlaga verði birt yfirlit yfir landfræðilega dreifingu tekna og útgjalda ríkisins.



FERÐA  
MÁLA  
STOFA  
ICELANDIC  
TOURIST  
BOARD

## Tillögur um endurskilgreiningu fjárúthlutana til ferðapjónustu á grunni fjárlaga 2017

**Til:** Fulltrúa í fjárlaganefnd Alþingis;  
Formanna stjórnmalaflokka sem sæti eiga á Alþingi

**Frá:** Ólöfu Ýrr Atladóttur, ferðamálastjóra

**Samrit sent:** Kristjáni Skarphéðinssyni, Guðrúnar Gísladóttur og Sigrúnu Brynju  
Einarsdóttur, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Ferðamálastofa starfar á grunni laga nr. 73/2005 og gegnir skv. 4. gr. þeirra laga margþættu hlutverki í þágu íslenskrar ferðapjónustu, sjá <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2005073.html>.

Með stofnun Íslandsstofu á grunni laga nr. 38/2010 færðust verkefni sem varða erlenda markaðssetningu ferðapjónustunnar til hennar, en í kjölfarið og samfara örum vexti ferðapjónustunnar á undanförunum árum hafa verkefni Ferðamálastofu á öðrum sviðum vaxið mjög að umfangi.

Stjórnstöð ferðamála var sett á laggirnar í kjölfar þess að Vegvísir í ferðapjónustu var birtur, en unnið var að þeirri stefnu sem þar var birt í samvinnu ráðherra ferðamála og Samtaka ferðapjónustunnar. Vegvísir hefur ekki hlotið þinglega meðferð og getur þannig formlega ekki talist opinber stefnumörkun ferðapjónustunnar, en engu að síður hefur Ferðamálastofa unnið ötulllega að ýmsum verkefnum sem þar voru tekin upp, bæði fyrir og eftir birtingu Vegvísir. Sömuleiðis gegnir Stjórnstöðin, sem um hefur verið stofnað rekstrarfélag, engu lögbundnu hlutverki, enda hefur margoft komið fram að henni er ætlað að gegna hlutverki á sviði samræmingar innan og utan stjórnkerfis, en ekki framkvæmda. Ekki er ljóst eftir hvaða reglum stjórnstöðin fer varðandi meðferð opinbers fjár þar sem hún hefur ekki skilgreint hlutverk að lögum.

Í því frumvarpi að fjárlögum og fylgiskjölum því tengdu, sem nýlega var lagt fram á Alþingi vegna ársins 2017, er áberandi hversu mikið vægi Stjórnstöðinni virðist ætlað innan stjórnkerfis sem hún er ekki hluti af. Sömuleiðis er áberandi hversu lítið Ferðamálastofu, fagstofnunar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis á sviði ferðamála, er getið þrátt fyrir að hún sé framkvæmdar- og rekstraraðili flestra þeirra verkefna innan stjórnkerfisins sem skilgreind eru í Vegvísi, ekki bara samkvæmt lögum, heldur í einnig í reynd. Vísað skal til meðfylgjandi skjals, þar sem þær aðgerðir sem skilgreindar voru í Ferðamálaáætlun 2011-2020 eru gerðar upp (<http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/utgefid-efni/stefnumotun-og-skipulag/stada-ferdamalaaaetlunar-2011-2020>), en þar má sjá að Ferðamálastofa hefur ætíð leitast við að vinna þau verkefni sem henni hafa verið falin, þrátt fyrir að sjaldnast hafi fylgt þeim fjárveitingar. Jafnframt skal vísað til Vegvísir í ferðapjónustu, en innan hans voru tilgreind fjölmörg verkefni sem þegar höfðu verið sett af stað af Ferðamálastofu og sem ötulllega hefur verið unnið að síðan.

Kalla verður eftir stjórnslulegum, lagalegum og efnislegum forsendum þess að fela í frumvarpi til fjárlaga 2017 aðilum utan stjórnkerfis ábyrgð á lögbundnum verkefnasviðum Ferðamálastofu. Í þeim tillögum til breytinga á fjárlögum sem hér fara á eftir er gengið út frá



Því að ætlan ráðuneytis og Alþingis sé að gera stofnuninni kleift að sinna þeim verkefnum sem henni eru falin skv. lögum, án milligöngu aðila utan hins opinbera stjórnkerfis.

#### **Tillögur Ferðamálastofu:**

Hér á eftir eru listaðar tillögur Ferðamálastofu um endurskilgreiningu á fjárveitingum til málaflokksins ferðamála (14) árið 2017. Áréttað skal að hér er ekki um að ræða óskir um viðbótarfjárveitingu. Ferðamálastofa telur hins vegar ljóst að verði sú niðurröðun fjármuna staðfest sem birtist í útfærslu fjárlagatillagna, sé afar mikil hættu á að fjármunir fari forgörðum, nýtist ekki til vandaðra og nauðsynlegra verkefna og verði þannig ekki íslenski ferðaþjónustu til framdráttar þegar upp er staðið. Þannig eru líkur á að fjármunir muni ekki nýtast í reynd til þeirra verkefna sem mest áhersla er lögð á af stjórnvöldum og atvinnugreininni sjálfri.


**Í útfærslu fjárlagatillagna (bls.302) er gert ráð fyrir að 100 mkr. verði veitt til rannsókna á sviði ferðamála, en sú úthlutun hefur ekki verið útfærð með neinum hætti.** Í þessu samhengi er vert að minna á muninn á rannsóknum og gagnaöflun. Ferðamálastofa hefur sinnt stórum hluta þeirra gagnaöflunarverkefna sem unnin hafa verið fyrir ferðaþjónustuna á undanförunum árum. Ljóst er að tryggja þarf framtíðarfjármögnun slíkra verkefna, en á sama tíma þarf að tryggja aðgang rannsakenda að rannsóknafé. Hér er lagt til að í fyrsta lagi verði endanlega skilgreint hvort nýta eigi umrætt rannsóknafé til gagnaöflunar eða rannsókna, en einnig að ef úr verður að féð renni til rannsókna á sviði ferðamála, þá verði úthlutunarferlið skilgreint, sjóður stofnaður og vistaður hjá Ferðamálastofu eða Rannsóknamiðstöð Ferðamála.

Skv. fjárlagatillögum er gert ráð fyrir að fjárveitingar í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða verði 1.200 mkr. (bls. 67). Ferðamálastofa leggur til að þessi fjárveiting verði lækkuð í 800 mkr. Vísað er til samantektar í meðfylgjandi rökstuðningi, en þar má sjá að á undanförunum árum hafa miklir fjármunir safnast upp á grunni styrkveitinga sem ekki hafa verið nýttar. Ástæður þess eru margvíslegar, eins og fram kemur í rökstuðningi og ekkert sem bendir til að þær forsendur muni breytast á næstu misserum. Því má ætla að þeim fjármunum sem hér er lagt til að fluttir verði til verði betur varið í önnur ófjármögnuð forgangsverkefni á sviði ferðamála, sem hér segir (frekari rökstuðningur fylgir í viðauka):

1. Veitt verði 80 mkr. til þess að ljúka og fylgja eftir stefnumarkandi stjórnunaráætlunum í öllum landshlutum (svæðisbundin áætlanagerð fyrir ferðaþjónustuna)
2. Veitt verði 100 mkr. til að setja á stofn nýtt kerfi upplýsingaveitu til ferðamanna um allt land.
3. Veitt verði 150 mkr. til endurskoðunar og eflingar stoðstofnana ferðaþjónustunnar um landið
4. Veitt verði 20 mkr. til þess að efla og auka sýnileika Vakans, gæða- og umhverfisskerfis íslenskrar ferðaþjónustu
5. Veitt verði 30 mkr. til þróunar á sameiginlegri þjónustugátt vegna leyfisveitinga á sviði ferðaþjónustu og eflingar á eftirliti með leyfisskyldum aðilum
6. Veitt verði 20 mkr. til að tryggja skilvirka starfsemi vegna rekstrar og eftirlits með Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Vísað er til fylgiskjala sem fylgja þessu minnisblaði, en Ferðamálastofa er tilbúin að ræða þessar tillögur frekar og/eða senda inn frekari greinargerðir þeirra vegna.

Með virðingu og vinsemd,

  
Ólöf Ýrr Atladóttir, ferðamálastjóri





## **Viðauki: Rökstuðningur vegna tillagna Ferðamálastofu um endurskilgreiningu fjáruþlutana til ferðaþjónustu:**

1. **Lagt er til að fjárveiting til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða verði lækkaðar úr 1200 mkr. í 800mkr. og 400 mkr. nýttar til annarra forgangsverkefna fyrir ferðaþjónustuna.** Ástæða þessarar tillögu er fyrst og fremst staða sjóðsins í lok árs 2015, en af rúmum 2.800 mkr., sem úthlutað var í styrki 2012-2015 á enn eftir að greiða út rúmar 1000 mkr. Eða rúmlega 30% (skv. Upplýsingum 10. desember 2016). Ástæður þess að verkefni hafa ekki gengið eftir eru margvíslegar og sumar listaðar hér á eftir, en ekki er ástæða til að ætla að þær aðstæður sem liggja til grundvallar þeirri tregðu sem orðið hefur á framkvæmd verkefna muni breytast á næstu misserum:

- Erfitt að fá verktaka – miklar framkvæmdir út um allt land skapa flöskuhálsa í mönnun framkvæmda
- Samþykki landeigenda
- Skipulagsmál
- Framvindu- og lokaskýrslum ekki skilað
- Tafir vegna veðurfars
- Stuttur framkvæmdartími

Gera má ráð fyrir að sú vinna sem nú er hafin innan Ferðamálastofu um að kanna stöðu þeirra verkefna sem ekki hafa komist til framkvæmda muni í einhverjum tilfellum leiða til þess að styrkir verði felldir niður. Þannig má gera ráð fyrir að úthlutunarfé Framkvæmdasjóðsins vaxi sem því svarar. Ekkert bendir til annars en að framkvæmdaaðilar muni eiga fullt í fangi við að ljúka þeim verkefnum sem styrkt verða á grunni lækkaðrar fjárveitingar.

2. **Veitt verði 80 mkr. til þess að ljúka og fylgja eftir stefnumarkandi stjórnunaráætlunum í öllum landshlutum (svæðisbundin áætlanagerð fyrir ferðaþjónustuna):** Í byrjun árs 2014 hóf Ferðamálastofa að leggja grunn að gerð stefnumarkandi stjórnunaráætlana (DMP) fyrir landshluta og svæði. Verkefnið rataði inn í Vegvísinn og er nú tilgreint meðal forgangsverkefna í Vegvísi fyrir árin 2016-2017 (bls.9), þar sem kveðið er á um gerð "vandaðra stefnumótandi stjórnunaráætlana fyrir ferðaþjónustuna í hverjum landshluta (Destination Management Plan, DMP)". Árið 2017 er áætlað að allir landshlutar vinni slíkar áætlanir en í þeim felst m.a. forgangsröðun verkefna í héraði. Vinnan fer fram á breiðum grundvelli og að henni koma fjölmargir hagaðilar.
3. **Veitt verði 100 mkr. Til að setja á stofn nýtt kerfi upplýsingaveitu til ferðamanna um allt land.** Ferðamálastofa setti í desember 2015 af stað þróunarverkefni um endurskoðun upplýsingaveitu til ferðamanna. Skýrslu um fyrsta áfanga þessa verkefnis má nálgast á <http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/utgefid->

efni/stefnumotun-og-skipulag/throunarverkefni-um-endurskodun-a-upplýsingaveitu-til-ferdamanna-afangaskýrsla-i.Vinna þessi var sett af stað með hliðsjón af breyttum aðstæðum innan ferðapjónustunnar árið um kring, en ekki síður með hliðsjón af ýmsum áhersluverkefnum í Vegvísi fyrir ferðapjónustuna. Þar má nefna forgangsverkefni 2016-2017: "Auka öryggi ferðamanna og forvarnir m.a. með samræmdri upplýsingagjöf og merkingum um allt land." Auk þessa eru skýr tengsl milli þessa verkefnis og markmiða um gerð stefnumótandi stjórnunaráætlana (sjá 2.), en skilvirk upplýsingagjöf er mikilvægur liður í skipulagi ferðapjónustunnar innan hvers landshluta fyrir sig ekki síður en á landsvísu.

Áhersla er lögð á að búa til nýtt kerfi upplýsingaveitu til framtíðar sem byggt er á öryggi og gæðum.

4. **Veitt verði 150 mkr. til endurskoðunar og eflingar stoðstofnana ferðapjónustunnar um landið:** Í Vegvísi í ferðapjónustu segir m.a. á bls. 24: "Mikilvægi ferðapjónustunnar sem einnar grunnstoðar atvinnulífs og byggðapróunar verði staðfest m.a. með samhæfingu og eflingu stoðkerfa ferðapjónustunnar um landið og starfsemin styrkt í hverjum landshluta". Ljóst er að með þeim forgangsverkefnum sem nýr Vegvísir kveður á um mun álag á stoðkerfi landshlutanna aukast til mikilla muna, jafnframt sem að efling ferðapjónustunnar kallar á að fagþekking og faglegur stuðningur í landshlutunum verði eflur. Ferðamálastofa hefur um árabíl sinnt stuðningi við þá starfsemi sem á sér stað út um landið, og má þar sérstaklega nefna net markaðsstofa um allt land, sem nú starfa á mismunandi forsendum, en hafa allar til að bera mikinn metnað og vilja til verka fyrir atvinnugreinina. Vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á atvinnugreininni er ljóst að efla þarf faglegt starf og styrkja landshlutabundnar stoðstofnanir út um allt land, en fyrsta skrefið í því væri að ráðast í þróunarverkefni um framtíðarsýn í þeim efnum. Lagt er til að fjármagni verði veitt til þeirrar vinnu, en að í framhaldinu verði framlag hins opinbera nýtt í að efla mannauð og tryggja framgöngu þeirra verkefna sem vinna þarf í kjölfar þess að lokið verður við gerð stefnumarkandi stjórnunaráætlana.
5. **Veitt verði 20 mkr. til þess að efla og auka sýnileika Vakans, gæða- og umhverfisskerfis íslenskrar ferðapjónustu:** Í Vegvísi í ferðapjónustu 2015-2020 er mikilvægi Vakans staðfest með margvíslegum hætti, en kerfið hefur verið í þróun frá 2009 að frumkvæði Ferðamálastofu og var tekinn í notkun fyrst árið 2012. Áhersla er lögð á leiðarljós Vakans um gæði, hæfni og fagmennsku og m.a. skilgreind aðgerð sem kveður á um að setja markmið "í hverjum landshluta innan stefnumótandi stjórnunaráætlunar um að fjölga þeim ferðapjónustufyrirtækjum sem hafa gæðavottun og/eða eru í Vaknum". Ljóst er að efling Vakans og aukin þátttaka fyrirtækja mun krefjast aukins framlags frá þeim starfsmönnum Ferðamálastofu sem vinna að Vaknum, aukinnar liðveislu vegna inngöngu fyrirtækja í Vakann, eflingar á kynningarstarfi og enn skýrari markaðssetningar.
6. **Veitt verði 30 mkr. til þróunar á sameiginlegri þjónustugátt vegna leyfisveitinga á sviði ferðapjónustu og eflingar á eftirliti með leyfisskyldum aðilum.** Meðal þeirra verkefna sem skilgreind eru í Vegvísi ferðapjónustunnar, og raunar eitt þeirra verkefna sem einnig var skilgreint í Ferðamálaáætlun 2011-2020, er þróun einnar gáttar vegna leyfisveitinga til ferðapjónustuaðila. Þetta verkefni hefur hingað til verið ófjármagnað, en vísir að útfærslu þess hefur verið unninn af Ferðamálastofu með þróun þjónustugáttar á vefsíðunni ferdamalastofa.is. Ennfremur réðist stofnunin í vinnu árið 2014 sem laut að því að skilgreina með hvaða hætti einfalda mætti



regluverk og gera það skilvirkara fyrir þá sem vilja hasla sér völl inann atvinnugreinarinnar (sjá <http://www.ferdamalastofa.is/is/tolur-og-utgafur/utgefingefni/log-og-reglugerdir/einfoldun-starfsumhverfis-og-regluverks-i-ferdathjonustu-a-landi>). Ferðamálastofa hefur jafnframt haft markmið um að efla lögbundna starfsemi sína varðandi eftirlit og eftirfylgni þeirra mála sem heyra undir stofnunina.

**7. Veitt verði 20 mkr. til að tryggja skilvirka starfsemi vegna rekstrar**

**Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.** Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur á undanförunum árum vaxið mjög að umfangi. Ferðamálastofa ber ábyrgð á rekstri sjóðsins og eftirliti með honum og hefur haft metnað til að sinna þeim rekstri undir formerkjum góðra og skilvirkra stjórnsýsluhátta. Slíkt hefur orðið meiri áskorun eftir því sem umfang og fjöldi verkefna vex, með tilheyrandi eftirfylgni. Því er ljóst að ef vel á að vera þarf að fjölga því starfsfólki Ferðamálastofu sem þessu verkefni sinnir.



Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. desember 2016.

## Umsögn um 1. mál, frumvarp til fjárlaga 2017 – framlög til lyfjamála vanáætluð


Félag atvinnurekenda, Frumtök og Samtök verslunar og þjónustu, fyrir hönd aðildarfyrirtækja sinna sem tengjast íslenskum lyfjamarkaði, lýsa þungum áhyggjum vegna fyrirhugaðra framlaga til lyfjamála sbr. frumvarp til fjárlaga 2017.

Samkvæmt upplýsingum frá Sjúkratryggingum Íslands er nú gert ráð fyrir að útgjöld vegna S-merktra lyfja fari um 9% fram yfir fjárheimildir ársins en eitthvað minna þegar horft er til almennra lyfja. Þessi staða er nú að koma upp enn eitt árið og ljóst, verði fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarp óbreytt að lögum, að enn og aftur er verulegt ósamræmi milli fjárlaga annars vegar og raunverulegrar lyfjanotkunar í heilbrigðiskerfinu hins vegar. Eitt er víst, að sjúklingum mun ekki fara fækkandi á milli ára og aldurs samsetning þjóðarinnar heldur áfram að breytast þannig að þunginn í heilbrigðiskerfinu eykst. Því er með öllu óskiljanlegt að lagt sé fram fjárlagafrumvarp sem tekur ekki mið af þeim raunveruleika sem notkunartölur og áætlanir Sjúkratrygginga gera ráð fyrir, en ljóst er að frumvarpið vanáætla útgjöld til lyfjamála á næsta ári í það minnsta um 700 milljónir króna, miðað við reynslu undanfarinna ára.

Ekki verður annað séð en að afleiðingar þessarar vanáætlunar verði þær sömu og undanfarin ár; að fé til kaupa á sjúkrahúslyfjum verður uppurið á haustmánuðum. Hjá heilbrigðisstarfsmönnum eru skiljanlega áhyggjur af því að sjúklingar fái ekki sambærilega lyfjameðferð og tíðkast í löndum sem við kjósum að bera okkur saman við.

Nefndarmenn fjárlaganefndar eru allir með nýtt umboð kjósenda, eftir kosningabaráttu hvar mikil áhersla var lögð á heilbrigðismálin. Öruggt aðgengi að fullkomnum lyfjum er ein af grunnstoðum nútíma heilbrigðisþjónustu og skýtur verulega skökku við ef samþykkt verða fjárlög fyrir næsta ár sem fela í sér óhjákvæmilega umfjöllun þegar líður á næsta ár um fjárþurrð þegar kemur að fjármögnun lyfja fyrir heilbrigðiskerfið. Mikið hefur verið rætt um fjármögnun heilbrigðiskerfisins og gjarnan horft til hlutfalls heilbrigðisútgjalda af vergri landsframleiðslu. Ekki er tekin nein afstaða til þess máls af okkar hálfu, hvort og þá hvernig eigi að horfa til þess hlutfalls. Þó er ekki hægt annað en gjalda varhug við því hve hratt dregur í sundur með Íslandi og nágrennalöndunum, sbr. meðfylgjandi mynd.






Virðingarfyllst,


f.h. Félags atvinnurekenda

f.h. Frumtaka

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

  
Ólafur Stephensen.

  
Jakob Falur Garðarsson.

  
Andrés Magnússon.

Alþingi, Fjárlaganefnd

sent rafrænt.

### **Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2017, mál nr 1, 146. löggjafarþing.**

*Um lögbundið hlutverk landshlutasamtaka við undirbúning fjárlaga.*

Ný framsetning frumvarps til fjárlaga 2017 á grunni laga um opinber fjármál, kallar á breytt vinnulag við greiningu og gerð umsagna til fjárlaganefndar að hálfu aðila eins og Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV). Efni umsagna til fjárlaganefndar munu til framtíðar litið hafa að megináherslu hinn almenna fjárhagsramma málaflokka en hinsvegar færast nú umfjöllun um einstaka fjárlagaliða og fjármögnun stofnana til ráðuneyta. Minnt er á í þessum efnum á ákvæði 2. m.gr 97. gr sveitarstjórnarlaga (138/2011) um landshlutasamtök sveitarfélaga „Ráðuneyti og opinberar stofnanir skulu ávallt leita umsagnar hlutaðeigandi landshlutasamtaka um stefnumótun eða ákvarðanir sem varða viðkomandi landsvæði sérstaklega.“

Frá því sveitarstjórnarlögum var breytt á árinu 2011, hafa ráðuneyti í auknu mæli leitað umsagna til landshlutasamtaka sveitarfélaga við undirbúning frumvarpa til laga og eða reglugerða. Það hefur þó ekki átt við um undirbúning fjárlaga og ekki varð breyting á því nú á þessu ári þrátt fyrir gildistöku laga um opinber fjármál. Verði ekki breyting hér á, þá hafa landshlutasamtökin í raun misst færi á sinna sínu lögbundna hlutverki, sem þau höfðu áður með umsögnum sínum til fjárlaganefndar. Óskað er eftir að fjárlaganefnd Alþingis taki þetta mál til umfjöllunar og lýsi skoðun sinni hvernig haga beri málum.

*Umfjöllun um frumvarp til fjárlaga 2017.*

Frumvarp til fjárlaga 2017 kemur mjög seint fram enda sett fram við óvenjulegar aðstæður. Því gefst lítil tími til að gaumgæfa efni frumvarpsins auk þess sem læra þarf á nýja framsetningu. Fjórðungssambandið mun því einungis drepa á nokkrum málum og setur þessa umsögn fram þeim fyrirvara að þess er að vænta að ný ríkisstjórn muni setja fram sínar áherslur með fjárukalögum fyrir árið 2017. Fjórðungssambandið mun þá koma að fleiri atriðum og áherslum við setningu þeirra laga og væntir þar samstarfs við ráðuneyti í þeim efnum.

*Samgöngumál.*

Umfjöllun frumvarpsins um samgöngumál er mjög úr takti við stefnumörkun Alþingis og ríkisstjórnar í samgöngumálum og ríkisfjármálaáætlun. Samgönguáætlun 2015-2018 var samþykkt af Alþingi á 145. löggjafarþingi. Mjög var aukið við tillögur um framkvæmdir frá tillögu sem innanríkisráðherra lagði fyrir Alþingi en ekki settar fram tillögur um fjármögnun þeirra. Á þetta er réttlega bent í greinargerð frumvarpsins en það vekur um leið athygli að tillaga frumvarpsins vikur einnig frá tillögu innanríkisráðherra um samgönguáætlun, sem sett var fram með tilgreindum fjárhagsramma úr ríkisstjórn. Þannig lækka framlög til nýframkvæmda á vegakerfi, höfnum og innanlandsflugvöllum og lækkun er einnig á viðhaldi og þjónustu vegakerfisins. Hér er því ekki brugðist við stórukinni notkun þessara samgöngumannvirkja vegna fjölgunar ferðamanna sem hafa um leið skilað ríkissjóði miklum tekjum.



Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir hinsvegar hvað mestir óánægju með þessi vinnubrögð við undirbúning frumvarps hvað varðar tillögu um fjármögnun Dýrafjarðarganga. Þar sem segir

*Fjárfestingarsvigrúm til samgöngumála er aukið um 2.400 m.kr. Skiptist það þannig að framlög til vegaframkvæmda eru augin um 1.000 m.kr., 1.100 m.kr. er ráðstafað í byggingu nýs Herjólfss og 300 m.kr. varið til undirbúnings jarðgangagerðar við Dýrafjarðargöng*

Í þingsályktun innanríkisráðherra um samgönguáætlun 2015 – 2018 sem lögð var fyrir Alþingi (145 löggjafarþing, mál 638) var tillaga um 1,5 milljarð til framkvæmd Dýrafjarðarganga á árinu 2017.

*Vestfjarðavegur – Dýrafjarðargöng. Lagt er til að framkvæmdir við jarðgöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar verði boðnar út síðla árs 2016, framkvæmdir hefjist eftir mitt ár 2017 og þeim ljúki árið 2020. Jarðgöngin munu stytta Vestfjarðaveg um 27 km.*

Tillagan hafði áður verið afgreidd úr ríkisstjórn og því liggur fyrir samkomulag í ríkisstjórn um fjárhagsramma áætlunarinnar og verkefni innan hennar. Alþingi samþykkir síðan framkvæmdina með samþykkt samgönguáætlunar, en gerir jafnframt tillögu um fleiri samgönguverkefni sem eru utan samþykks fjárhagsramma.

Alþingi samþykkir hinsvegar í þingsályktun um ríkisfjármálaáætlun 2017-2021 (145. löggjafarþing, mál 740) varðandi fjárfestingarverkefni;

*að hægt verður að ráðast í margvíslegar framkvæmdir sem sumar hafa verið í biðstöðu frá bankahruninu. Þar má nefna byggingaframkvæmdir við nýjan Landspítala, smíði nýrrar Vestmannaeyjajafarju, framkvæmdir við Dýrafjarðargöng, byggingu þriggja nýrra hjúkrunarheimila, byggingu Húss íslenskra fræða og byggingu skrifstofuhúsnæðis bæði fyrir Alþingi og Stjórnarráðið.*

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga telur því liggja fyrir skýr vilji ríkisstjórnar og Alþingis hvaða verkefni séu í forgangi þegar kemur að samgönguverkefnum. Ný samgönguverkefni sem Alþingi gerði tillögu um í samgönguáætlun 2015-2018, verða að fjármagnast með tillögum um hækkun tekna eða niðurskurði á öðrum verkefnum en ekki hræra þeim saman við þegar samþykkt verkefni.

**Fjórðungssamband Vestfirðinga krefst því þess að framlög til Dýrafjarðarganga verði hækkuð úr 300 mkr í 1.500 mkr í fjárlögum 2017 og því verði hvergi hnikað né frestað fyrirhuguðu útboði í janúar n.k..**

**Forgangröðun verkefna liggur fyrir með samþykkt samgönguáætlunar 2015-2018, ríkisfjármálaáætlun 2017-2021 og því er samstaða um að Dýrafjarðargöng verði fullfjármögnuð í fjárlögum 2017 og verkefnið haldi tímaáætlun með opnun gangnanna 2020. Það eru því forkastanleg vinnubrögð stjórnvalda að ganga nú fram með tillögu sem gengur gegn eigin stefnu í samgöngumálum, fjármálum ríkisins og stefnu sem undirstrikuð var með afgreiðslu ríkisstjórnar um Aðgerðaráætlunar fyrir Vestfirði í september s.l..**

**Stjórnvöld verða að átta sig á því að þau hafa nú þegar valdið tjóni á þeim trúverðugleika sem hefur verið að byggjast upp á Vestfjörðum í sókn atvinnulífs og samfélaga nú á síðustu misserum. Verði fjárframlög til Dýrafjarðaganga ekki hækkuð, þá munu stjórnvöld með þeirri ákvörðun, setja fjárfestingarverkefni í uppnám, slá til baka þann árangur sem unnist hefur eftir langvarandi niðursveiflu samfélaga og að lokum rofið í sundur sátt við Vestfirðinga um þetta lykilverkefni fyrir samfélag og atvinnulíf á Vestfjörðum.**

#### *Almenningssamgöngur.*

Landshlutasamtök sveitarfélaga reka almenningssamgöngur utan höfuðborgarsvæðis samkvæmt samningi við Vegagerðina, allt frá árinu 2012. Fjárframlög til verkefnisins lækkuðu í kjölfar samningsgerðar m.a. með afnámi niðurgreiðslu olúgjalds og en mest áhrif stafa af því að Alþingi hefur ekki sett lög sem veita næga vernd gegn brotum á einkarétti til almenningssamgangna. Tekjutap landshlutasamtaka af þeim sökum nemur tugum milljóna á ári. Fjórðungssambandið leggur sérstaka áherslu á að Alþingi styðji áfram við rekstur almenningssamgangna. Á fjárlögum 2016 var veitt sérstakt 75 m.kr. framlag í þessu skyni og þyrfti það helst að hækka til að bæta landshlutasamtökum þann hallarekstur orðið hefur á málaflöknum.

#### *Markaðsstofur landshlutanna.*

Fjórðungssamband Vestfirðinga mótmælir því að ekki er getið í greinargerð fjárlagafrumvarps um að felldur sé niður eða færður til fjárlagaliður 04.551.112 Markaðsstofur innanlands 17,5 mkr. Beint er til fjárlaganefndar að fullvissa sé fyrir að fjárveitingin sé til staðar, því hér er um að ræða grunnframlag til starfsemi markaðsstofa og hefur verið í fjárlögum frá árinu 2005.

#### *Sóknaráætlun landshluta.*

Fjórðungssamband Vestfirðinga mótmælir því að ekki er getið í greinargerð fjárlagafrumvarps um lækkun fjárlagaliður 04.541.115 Sóknaráætlunir landshluta úr 208,5 mkr í 190,5 mkr (bls 60). En samkvæmt yfirliti 5 um skuldbindandi samninga ríkisins þá er ekki sjá um neina breytingu á samningum. Sjá lið 8.2 Byggðamál (bls 108) samningar sóknaráætlunir einstaka landshluta ANR hluti, og hið sama gildir um MMR hluta 18.3 Menningarsjóðir (Sóknaráætlun – menningarstarf við sveitarfélögin) (bls 109).

Fjórðungssamband Vestfirðinga óskar síðan eftir nánari skýringum á tilgreindri hækkun til málaflökksins 8.2 Byggðamál, á bls 230 þar sem tilgreint er að fjárheimild málaflökksins verði aukin um 450 mkr til að *styðja við byggða- og sóknaráætlunir landshluta*. Sem hér að framan greinir þá eru samningar um sóknaráætlunir óbreyttir og því kemur ekki fram hvar þessa hækkun er að finna.

*Aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði.*

Skýrsla nefndar forsætisráðuneyti um samfélags- og atvinnuþróun á Vestfjörðum, *Aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði*, var afgreidd með tillögum starfshópsins úr ríkisstjórn þann 20. september s.l.. Hér er tekið undir helstu stefnumál landshlutans í s.s. í uppbyggingu innviða, í heilbrigðismálum og stuðning við atvinnulíf. Þar er bent á mótvægisáðgerðir sem grípa þarf til við að mæta áratuga neikvæðri þróun samfélags og atvinnulífs en styðja um leið þá uppbyggingu sem á sér nú stað s.s. í fiskeldi og ferðapjónustu.

Auk almennra tillagna um málaflokka voru lagðar til áðgerðir hjá einstaka ráðuneytum sem í heild nema um 280 mkr. Ríkisstjórn fól ráðuneytum að útfæra tillögur nefndarinnar og fjármögnun verkefna. Viðbrögð ráðuneyta hafa verið mjög mismunandi, allt frá því að finna verkefnum fjármagn innan síns fjárhagsramma, til þess að í raun neita taka verkefni til umfjöllunar á þeirri forsendu að þeim fylgi ekki nýtt fjármagn, þrátt fyrir skýran vilja ríkisstjórnar.

Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir þungum áhyggjum af framkvæmd þessara verkefna. Fer Fjórðungssambandið þess á leit við fjárlaganefnd Alþingis að taka skýrslu nefndarinnar til umfjöllunar og krefji forsætisráðuneyti og viðkomandi fagráðuneyti hvernig staðið verði að útfærslu verkefna.

Forsvarsmenn sveitarfélaga benda á að hér sé um mikilvæg verkefni sem styðji við uppbyggingu atvinnulífs og samfélaga og mikilvægt að þeim sé hrint í framkvæmd á árinu 2017. Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir sig reiðubúið að vinna með fjárlaganefnd Alþingis að þessu máli. Skýrsla starfshópsins fylgir hér með.

Ísafirði 15. desember 2016

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.

*Fylgirit. Skýrsla nefndar forsætisráðuneytis um samfélags- og atvinnuþróun á Vestfjörðum  
Aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði (sept 2016)*

Nefnd um samfélags- og atvinnuþróun á Vestfjörðum

# **AÐGERÐAÁÆTLUN FYRIR VESTFIRÐI**

SEPTEMBER 2016

**Efnisyfirlit**

<b>Inngangur</b> .....	<b>3</b>
<b>Þróun og staða búsetu á Vestfjörðum</b> .....	<b>4</b>
▪ Mynd 1. Tekjumyndun atvinnugreina á Vestfjörðum. ....	5
▪ Orsök fækkunar .....	5
▪ Mynd 2. Vöxtur atvinnugreina á Vestfjörðum. ....	6
▪ Sunnanverðir Vestfirðir .....	6
▪ Norðanverðir Vestfirðir .....	6
▪ Strandir og Reykhólahreppur .....	6
<b>Sérstök tækifæri í vaxtargreinum</b> .....	<b>7</b>
▪ Fiskeldi .....	7
▪ Ferðaþjónusta.....	7
<b>Vestfirðir til framtíðar – styrking innviða</b> .....	<b>8</b>
▪ Samgöngur og fjarskipti .....	8
▪ Hafnarmál .....	9
▪ Orkumál .....	9
▪ Húsnæðismál á Vestfjörðum .....	10
▪ Menntamál .....	10
▪ Heilbrigðis- og öldrunarþjónusta.....	10
▪ Skattaumhverfi.....	11
▪ Aukin samvinna sveitarfélaga á Vestfjörðum .....	11
▪ Menning.....	12
▪ Málefni Árneshrepps .....	12
<b>Einstök verkefni – tillögur</b> .....	<b>14</b>

## Inngangur

Forsætisráðherra skipaði þann 21. júní 2016 nefnd sem ætlað var að vinna aðgerðaáætlun fyrir Vestfirði í ljósi þess að alvarleg staða hefur skapast í samfélags- og atvinnuþróunarmálum á Vestfjörðum á síðustu áratugum. Nefndinni var gert að skila tillögum eigi síðar en 31. ágúst 2016. Framkvæmd einstakra aðgerða er á ábyrgð hlutaðeigandi ráðuneyta og stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.

Í nefndina voru skipuð Ágúst Bjarni Garðarsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra, sem jafnframt var formaður, Daníel Jakobsson, fulltrúi norðanverðra Vestfjarða, Valgeir Ægir Ingólfsson, fulltrúi sunnanverðra Vestfjarða, Aðalbjörg Óskarsdóttir, fulltrúi Stranda og Reykhólahrepps og Hanna Dóra Hólm Másdóttir, sérfræðingur í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, sem jafnframt var starfsmaður nefndarinnar. Með nefndinni störfuðu einnig Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfjarða, Pétur G. Markan, formaður Fjórðungssambands Vestfjarða auk þess sem nefndin kallaði Shiran K. Þórisson, framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða inn á einstaka fundi nefndarinnar.

Þann 4. júlí hélt nefndin upphafsfund sinn á Ísafirði þar sem farið var yfir stöðumat svæðisins, s.s. hagtolur atvinnugreina og áhersluatriði í atvinnuþróun ásamt stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum. Áhersla var lögð á samvinnu ríkis og sveitarfélaga og mikilvægi frumkvæðis heimamanna.

Annar fundur nefndarinnar var haldinn þann 13. júlí á Ísafirði. Á fundinn komu aðilar frá samtökum og fyrirtækjum á norðanverðum Vestfjörðum og fóru yfir stöðu mála og framtíðarsýn. Farið var í heimsókn til Bolungarvíkur þar sem nefndin heimsótti Örnú mjólkurvinnslu og bæjarskrifstofur Bolungarvíkur.

Þriðji fundur nefndarinnar var þann 19. júlí á Tálknafirði. Á fundinn komu aðilar frá fyrirtækjum og sveitarstjórnnum á sunnanverðum Vestfjörðum og fóru yfir stöðu mála og framtíðarsýn. Farið var í heimsókn til Patreksfjarðar þar sem nefndin fékk kynningu á Hótel West.

Fjórði fundur nefndarinnar var þann 27. júlí á Drangnesi. Á fundinn komu aðilar frá sveitarstjórnnum, fyrirtækjum og stofnunum á Ströndum og Reykhólahreppi. Símafundur var haldinn með velferðarráðherra og forstjóri Orkubús Vestfjarða kom og fór yfir stöðuna í orkumálum og framtíðina í þeim málum fyrir Vestfirði.

Fimmti fundur nefndarinnar var þann 8. ágúst í Vigur. Á fundinum fór nefndin vandlega yfir aðsendar tillögur frá sveitarstjórnnum, fyrirtækjum og stofnunum ásamt því að ræða þær tillögur sem fram komu í viðtölum fyrri funda.

Þann 25. ágúst hélt formaður nefndarinnar til Ísafjarðar þar sem honum hafði verið útbúin vinnuaðstaða í Þróunarsetri Vestfjarða. Þar gafst nefndarmönnum tækifæri til að koma til fundar og ræða einstök mál. Auk þess átti formaður fund með forsvarsmönnum Fjórðungssambands Vestfjarða þar sem ítarlega var farið yfir þær tillögur sem samþykktar höfðu verið á fimmta fundi nefndarinnar í Vigur. Á þeim fundi var farið yfir drög að skýrslu auk þess sem farið var yfir útfærslur á uppsetningu tillagna nefndarinnar.

Sjötti fundur nefndarinnar var þann 30. ágúst á Ísafirði. Á fundinum fór nefndin vandlega yfir lokadrög skýrslunnar og gafst nefndarmönnum þar tækifæri til að koma með athugasemdir áður en drögin voru formlega samþykkt.



Nefndin leggur áherslu á að flýta þurfi uppbyggingu innviða á Vestfjörðum og vinna markvisst að því að gera svæðið samkeppnishæft við aðra landshluta sem búsetukost, fyrir fyrirtæki á samkeppnismarkaði og í samgöngum. Skortur á sterkum innviðum hefur staðið fjölbreyttum atvinnutækifærum fyrir þrífum og þar sem nútímasamskiptatækni skortir er landshlutinn í verri samkeppnisstöðu til að laða að yngra fólk til búsetu. Tryggja þarf í fjárlögum næstu ára að lögð verði áhersla á eflingu innviða á Vestfjörðum á sviði orku, samgangna og fjarskipta. Styttri vegalengdir milli byggðakjarna og öruggari vegir skapa möguleika á stærri og lífvænlegri atvinnu- og búsetusvæðum. Öryggi í orkumálum, bættar samgöngur og bætt fjarskipti ásamt framboði á góðri menntun og tryggri heilbrigðisþjónustu eru allt þættir sem veita fólki á öllum aldri öryggi og bæta búsetuskilyrði. Þættir sem þykja sjálfsögð lífsgæði í nútímasamfélagi verða að vera til staðar á Vestfjörðum eigi atvinnulíf og samfélag að geta dafnað.

Í tillögugerð nefndarinnar hefur verið lögð áhersla á fjóra þætti:

- Fjölga íbúum
- Fjölga störfum
- Nýta sóknarfæri og auka þannig verðmætasköpun
- Treysta byggð með eflingu innviða

Skýrslu nefndarinnar er skipt upp í fjóra hluta. Fyrsti hluti skýrslunnar fjallar um þróun og stöðu búsetu á Vestfjörðum. Í öðrum hluta skýrslunnar er farið stuttlega yfir sérstök tækifæri í vaxtagreinum. Í þriðja hluta skýrslunnar er fjallað um stór og viðamikil framfaraverkefni fyrir Vestfirði. Þar má m.a. nefna samgöngumál, uppbyggingu heilbrigðisþjónustu til framtíðar, skattamál, orkumál, menntun og menningu, húsnæðismál, aukna samvinnu sveitarfélaga og svo framvegis. Í fjórða og síðasta hluta skýrslunnar er tekið á einstökum verkefnum, sem hægt er að kalla minni verkefni, og er það von og trú nefndarinnar að hægt sé að koma þeim strax til framkvæmda samhliða sóknaráætlun Vestfjarða 2015-2019.


### **Þróun og staða búsetu á Vestfjörðum**

Íbúum á Vestfjörðum hefur fækkað um langt skeið. Ákveðin viðsnúningur varð á áttunda áratugnum og fram undir miðjan níunda áratuginn, en síðan þá hefur íbúum fækkað á hverju ári. Þann 1. janúar 2016 voru íbúar 6883 talsins, 1. janúar 2008 voru þeir 7238 og 1. janúar, 1998, 8556 talsins. Fækkun er í öllum aldurshópum frá 0-50 ára en fjölgun í þeim eldri. Íbúar af erlendum uppruna nema um 10% mannfjöldans á svæðinu.

Sjávarútvegur er langöflugasta atvinnugreinin með um 59% tekjumyndunar (viðmið 2014) og launagreiðslna. Aðrar atvinnugreinar sækja á og er mestur vöxtur í fiskeldi. Sá vöxtur er margfaldur miðað við aðrar atvinnugreinar en þar á eftir kemur vöxtur í ferðaþjónustu. Verulegur samdráttur er í byggingarstarfsemi og fasteignaviðskiptum. Í skýrslu Byggðastofnunar um hagvöxt landshluta frá desember 2015 segir að á Vestfjörðum hafi framleiðsla dregist mest saman á árabílinu 2009-2013, miðað við aðra landshluta samhliða fækkun íbúa. Laungreiðslur hækkuðu um 10% minna en í öðrum landshlutum og eru um 70% af landsmeðaltali. Vísbendingar eru um að sjávarútvegur, sem höfuðatvinnugrein svæðisins, standi verr en í öðrum landshlutum. Þegar allt þetta er talið saman er rík ástæða til að hafa áhyggjur af framtíð samfélags- og atvinnumála á Vestfjörðum. Vonir eru þó bundnar við vaxtagreinar eins og fiskeldi og ferðaþjónustu á næstu árum og því er mikilvægt að binda þannig um hnútana að þessar atvinnugreinar og fjárfestar sjái sér hag í að koma til Vestfjarða og byggja upp starfsemi til framtíðar.

- Mynd 1. Tekjumyndun atvinnugreina á Vestfjörðum.

## Tekjumyndun



- Orsök fækkunar**

Líkast til eru fjölmargar ástæður fyrir því að íbúum á Vestfjörðum hefur fækkað. Í vinnu nefndarinnar og viðtölum hennar við sveitarstjórnarmenn, forsvarsmenn fyrirtækja og stofnana var ýmislegt talið upp sem möguleg orsök. Þar kom m.a. fram að fábreytt atvinnulíf leiðir til þess að íbúar eiga erfitt með að skipta um störf og þegar nýir íbúar vilja koma inn á svæðið, sérstaklega fjölskyldufólk sem hafa sótt sér háskólamenntun, eiga erfitt með að fá vinnu fyrir báða aðila. Samgöngur voru einnig mikið nefndar. Eins og staðan er í dag er í raun ekki hægt að tala um Vestfirði sem eitt þjónustusvæði. Á veturna eru samgöngur milli suðursvæðis, norðursvæðis og Stranda og Reykhólahrepps þannig að ekki er hægt að sækja vinnu á milli þessara svæða. Hafa þjónustustofnanir og samstarf fyrirtækja innan svæðisins, sérstaklega í lykilatvinnugreinum eins og sjávarútvegi, fiskeldi og ferðaþjónustu átt mjög erfitt sökum þessa.


Á fundum nefndarinnar var einnig mikið rætt um að tryggja þyrfti þjónustustig við íbúa þegar kemur að því að sækja menntun í heimabyggð. Raunhæfir kostir á framhaldsskóla-, háskólastigi og fjölbreyttri endurmenntun sé lykilþáttur í því að halda í unga fólkið á svæðinu og missa það síður úr byggð.

Umrædd fólksfækkun hefur einnig veikt sveitarfélögin á Vestfjörðum fjárhagslega og geta þeirra til að sinna þörfum íbúa og fjárfesta er því erfið. Það getur mögulega leitt til frekari fólksfækkunar nái þau ekki að bjóða sambærilega þjónustu og annars staðar á landinu.

Ferðaþjónusta hefur vaxið mikið á Íslandi undanfarin ár. Vestfirðir hafa ekki náð að halda í við þá hlutfallsaukningu ferðamanna sem landið allt og þá sérstaklega höfuðborgarsvæðið og Suðurland hafa verið með síðastliðin ár. Þar eru því mikil tækifæri til að skapa störf og gera þá atvinnugrein að heilsársatvinnugrein á svæðinu.

## Mynd 2. Vöxtur atvinnugreina á Vestfjörðum.

### Hvar hefur vöxturinn verið



### Sunnanverðir Vestfirðir

Svæði þar sem íbúum hefur fjölgað frá árinu 2010 eftir viðvarandi fækkun frá miðjum níunda áratugnum. Fjöldi íbúa var 1280 þann 1. janúar 2016, 1223 þann 1. janúar 2008 og 1581 þann 1. janúar 1998. Fækkun frá árinu 1998 er því um 20%.

Tekjumyndum hefur aukist á ári hverju frá árinu 2008 (8,4 milljarðar) til ársins 2014 (13,9 milljarðar) um 65%, eða um 5,5 milljarða.

Skilgreining; Vaxtarsvæði með verulega aukna tekjumyndum og fjölgun íbúa. Fjöldi íbúa er þó langt frá því sem mest var.

### Norðanverðir Vestfirðir

Svæði með viðvarandi fólksfækkun frá miðjum níunda áratugnum, mest á tíunda áratugnum. Fjöldi íbúa var 4711 þann 1. janúar 2016, 5098 þann 1. janúar 2008 og 5787 þann 1. janúar 1998. Fækkun frá árinu 1998 er því um 19%. Mest er fækkun í minni byggðakjörnum Ísafjarðarbæjar og er búseta þar orðin viðkvæm.

Tekjumyndun hefur aukist á ári hverju frá árinu 2008 (35,9 milljarðar) til ársins 2013 (49,2 milljarðar) en minnkaði á árinu 2014 (46,3 milljarðar). Hlutfallsleg aukning frá árinu 2008 til 2014 nemur 19%, eða um 10,4 milljörðum.

Skilgreining; Svæði í hægum vexti en dregst aftur úr öðrum svæðum. Stöðug fækkun íbúa en mismikil eftir byggðakjörnum. Sjáanleg vaxtarfæri á sömu forsendum og á sunnanverðum Vestfjörðum en óvíst að það nái til allra byggðakjarna.

### Strandir og Reykhólahreppur

Svæði með viðvarandi fólksfækkun frá miðjum níunda áratugnum. Fjöldi íbúa var 892 þann 1. janúar 2016, 917 þann 1. janúar 2008 og 1188 þann 1. janúar 1998. Fækkun er meiri á Ströndum en í Reykhólahreppi þar sem íbúum hefur tekið að fjölga á ný á síðustu árum. Staða Árneshrepps og Kaldrananeshrepps er hér einna verst í þessu samhengi.

Tekjumyndun jókst frá árinu 2008 til ársins 2011 (9,2 milljarðar) en síðan hefur dregið úr henni og nam hún 7,1 milljarði árið 2014 og er hún nú sú sama og árið 2008 eða um 7,1 milljarður.

Skilgreining; Svæði í stöðnun eða afturför tekjulega og stöðug fækkun íbúa.

### **Sérstök tækifæri í vaxtargreinum**

Mörg tækifæri eru til sóknar á Vestfjörðum. Vöxtur í fiskeldi hefur verið mikill undanfarin ár og á þessu ári er gert ráð fyrir að um 150 manns starfi við fiskeldi á svæðinu, auk afleiddra starfa. Gert er ráð fyrir því að um 7000 tonnum verði slátrað af laxfiskum sem skapar veltu upp á tæplega fimm milljarða króna. Fiskeldi er þar af leiðandi nú þegar orðin stór atvinnugrein á Vestfjörðum og hefur möguleika á að verða enn stærri. Gangi áform um enn meiri aukningu eftir má gera ráð fyrir því að um 400 manns muni hafa beina atvinnu af fiskeldi innan fárra ára.

Ferðapjónustan er síðan önnur atvinnugrein sem er í vexti en á eftir að ná að styrkjast og vaxa á Vestfjörðum, en ef vel er á málum haldið þá verður hún ein af lykilatvinnugreinum á svæðinu. Atvinnugreinin hefur einnig þann kost að uppbygging getur átt sér stað jafnt í dreifbýli sem þéttbýli og styrkir þannig búsetu í fámennum og en landfræðilega stórum svæðum.

#### **▪ Fiskeldi**

Nefndin leggur til að stjórnvöld taki ákvörðun um að staðsetja störf í stoðkerfi fiskeldis fyrir landið allt á Vestfjörðum og að þar verði svokölluð miðstöð fiskeldis staðsett til framtíðar. Þar er um að ræða störf á sviði stjórnsýslu, eftirlits og rannsókna frá t.d. Matis, Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnun og annarri rannsóknarstarfsemi tengdri fiskeldi.

Lögsetja þarf fyrirkomulag strandsvæðaskipulags og ljúka framkvæmd burðarþolsrannsókna á Vestfjörðum. Tryggja þarf að nægjanlegt fjármagn sé til að ljúka þessum verkefnum á sem skemmstum tíma. Á grundvelli slíkrar vinnu á að vera mögulegt að skipuleggja til framtíðar litið nýtingu og verndun strandsvæða við Vestfirði. Þannig verði tryggt aðgengi nýrra atvinnugreina, s.s. fiskeldis að strandsvæðum en í samráði við annað atvinnulíf og samfélög á svæðinu.

Eitt af meginvandamálum vestfirskra sveitarfélaga er tekjuvandi. Fiskeldi er í hraðri uppbyggingu og til framtíðar litið verður það ein af meginstöðum atvinnulífs á Vestfjörðum. Skattumhverfi þessara atvinnugreina er sömuleiðis í mótun. Í þeim efnum ber að leggja ríka áherslu á að tryggja það að tekjur af fiskeldisauðlindinni renni í dag og til framtíðar litið til viðkomandi sveitarfélaga. Samfélögin njóti því nálægðar við nýtingu auðlindarinnar og sveitarfélögin hafi fjárhagslega burði til að byggja upp öflug samfélög og gott umhverfi fyrir fiskeldisfyrirtækin að starfa í.

Uppbygging fiskeldis tekur tíma og leyfisveitingaferlið getur tekið nokkur ár. Hér ber að vanda til verka og tryggja að allur sá ferill gangi fram lögum samkvæmt. Mikilvægt er því að stjórnvöld tryggi að stofnanir sem um þessi mál fjalla fái til þess nauðsynlegt fjármagn til að geta unnið vandaða vinnu en um leið staðið við lögbundin tímamörk.

#### **▪ Ferðapjónusta**

Nefndin leggur áherslu á að stjórnvöld fylgi eftir forgangsmálum sem sett eru fram í Vegvísi í ferðapjónustu, sér í lagi að útfærðar séu leiðir til að sveitarfélög hafi tekjur af auknum ferðamannafjölda. Sveitarfélögin þurfa oft að bera mikinn kostnað vegna uppbyggingar og reksturs ferðamannastaða en tekjurnar eru oft takmarkaðar og óbeinar.

Annað forgangsmál sem sett er fram í Vegvísinum er að samgönguáætlun taki mið af þörfum ferðaþjónustu og spám um áframhaldandi aukningu ferðamanna. Það er ljóst að samgöngumál eru takmarkandi þáttur í áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu og lengingar ferðamanntímabilsins á Vestfjörðum.

Eitt af meginvandamálum ferðaþjónustu á Vestfjörðum er að hún er samansett af mörgum mjög litlum fyrirtækjum. Það eru fáir sterkir aðilar sem geta dregið lestina þegar kemur að uppbyggingu, fjárfestingu, markaðssetningu og hagsmunagæslu. Vegna smæðar fyrirtækjanna þarf því stöðkerfið að vera enn sterkara, en í dag stendur stöðkerfi atvinnu- og ferðamála höllum fæti vegna lækkandi framlaga hins opinbera. Til þess að hægt sé að ná settum árangri í dreifingu ferðamanna verður að tryggja sterkt bakland fyrir ferðaþjónustufyrirtækin á svæðinu. Það má t.d. gera með gerð svæðisbundinnar stjórnunaráætlunar (DMP) líkt og nefndin leggur til í einstökum verkefnum hér síðar í skýrslunni.

### Vestfirðir til framtíðar – styrking innviða

#### ▪ Samgöngur og fjarskipti

Hagkerfi og vaxtarmöguleikar Vestfjarða líða fyrir það að vegir eru á mörgum stöðum árum og áratugum á eftir því sem gengur og gerist annars staðar á landinu. Hringtengingu ljósleiðara verður lokið á árinu 2016 en tenging dreifbýlis hefur beðið. Tillögur í samgönguáætlun 2015-2018, sem nú eru til umræðu á Alþingi, eru í kostnaðarmati Vegagerðarinnar metnar á 14-16 milljarða. Þær tillögur sem hafa komið til nefndarinnar til viðbótar, varðandi jarðgöng, endurbyggingu núverandi vega til nútímaforms, hafnir, flugvelli, ferðamannavegi og heildarúrlausn í samgöngumálum Árneshrepps, eru metnar á um 40 milljarða.

Hringtenging ljósleiðara um Vestfirði er algjör forsenda fyrir því að atvinnulíf og samfélag á Vestfjörðum nái að þróast og standast þær kröfur sem gerðar eru í nútímasamfélagi. Samhliða þarf að ljúka lagningu ljósleiðara í dreifbýli út frá stofnleiðum, þar sem heilsársbúseta eða heilsársstarfsemi er fyrir hendi. Sveitarfélögum á Vestfjörðum stendur eins og öðrum sveitarfélögum til boða að sækja um styrk til verkefnisins „Ísland ljóstengt“. Áætlaður kostnaður við verkefnið miðað við 99,9% tilgreindra staða eru 4 milljarðar, en í fjármálaáætlun 2017-2021 eru áætlaðir um 2,5 milljarðar. Hér blasir við að vegna landfræðilegra aðstæðna (dreifbýlis og fámennis) verður kostnaður við tengingar á Vestfjörðum mun dýrari en víðast á landinu. Hætta er á að sveitarfélög á Vestfjörðum standi því verr næstu árin þegar kemur að því að keppa um fjármagn úr verkefnasjóði „Ísland ljóstengt“. Nauðsyn er því á að setja sérstakt fjármagn til að flýta framkvæmd mála á Vestfjörðum á árunum 2017 og 2018.

Við lagningu ljósleiðara aukast möguleikar umtalsvert á hagnýtingu þeirra tækifæra sem þróun stafrænnar tækni býður. Mikilvægt er að hafa í huga að það að hafa aðgengi að tækninni tryggir ekki hagnýtingu. Hin stafræna tækni er farartæki í nýsköpunar á öllum sviðum og mikilvægt er að lagningu ljósleiðara fylgi öflug eftirfylgni til að öll stjórnsýsla, skólar, almenningur og fyrirtæki geti nýtt sér þá möguleika og þannig orðið samkeppnishæfari en ella. Hægt væri að hugsa sér Vestfirði sem nokkurs konar „tilraunasvæði“ þar sem nokkuð hratt væri gengið til að uppfæra svæðið þannig að stafræn tækni væri hagnýtt við endurskipulagningu ferla og samskipta sveitarfélaga, almennings og fyrirtækja. Útfærð væru „maker spaces“ um allt svæðið, aðgengi að ráðgjöf og þjónustu væri tryggt og hægt væri að styðja sveitarfélög og fyrirtæki við innleiðingu tækninnar. Til þess að svo megi verða þarf bæði þekkingu og fjármagn. Forsendur árangurs við hagnýtingu stafrænnar tækni er langtíma stefnumótun og áætlanagerð, þarfagreining á tækjum og hugbúnaði, endurskipulagning ferla, skuldbinding og áhugi stjórnenda og þjálfun á öllum stigum. Aðgerð sem þessi er nýstárleg, horfir til framtíðar og gæti tryggt hugvitssamlegri nýtingu auðlinda til framtíðar.



Vesturbyggð er eina sveitarfélagið á Íslandi með fleiri en 1000 íbúa sem ekki er tengt höfuðborgarsvæðinu með vegi með bundnu slitlagi. Vegasamgöngur innan Vestfjarða eru óviðunandi, tenging milli suður- og norðursvæðis er engin og vegurinn í raun og veru ónýtur.

Með þetta í huga er mikilvægt að samgöngubætur á Vestfjörðum njóti sérstaks forgangs í þeirri samgönguáætlun sem liggur fyrir á Alþingi, jafnvel þannig að gerð verði svæðisbundin samgönguáætlun fyrir Vestfirði. Markmið hennar er að á næstu átta árum verði samgöngur svæðisins í sama horfi og annars staðar á landinu. Þau verkefni sem horfa ætti til að ljúka eru:

- Vestfjarðavegur 60 um Gufudalssveit
- Dýrafjarðargöng/Dynjandisheiði
- Bíldudalur/Dynjandisheiði
- Endurbygging á veginum Álftafjörður-Hestfjörður
- Rannsóknir á göngum undir Klettsháls-Hálf dán-Míkladal
- Álftafjarðargöng
- Endurbygging Innstrandavegar 68
- Endurbætur á Strandavegi norður í Árneshrepp

#### ▪ **Hafnarmál**

Umfangsmikil fiskeldisuppbygging og annar iðnaður er í kortunum á svæðinu og því þarf að tryggja að hið opinbera tryggi fjármögnun lögbundinna framlaga sinna til þessa málaflokks til móts við sveitarfélög. Nefnt hefur verið í því sambandi uppbygging vegna fiskeldis í Bolungarvík og víðar, dýpkun hafnar og bygging hafnarkants á Ísafirði vegna skemmtiferðaskipa og annars iðnaðar og kalkþörungarverksmiðju í Súðavík. Auk þess er augljós þörf á stórskipahöfn á sunnanverðum Vestfjörðum. Mikilvægt er að sveitarfélögin komi sér saman um forgangsroðun, samnýtingu hafna og staðsetningu framkvæmda.

#### ▪ **Orkumál**

Í kjölfarið á tengipunkti í Ísafjarðardjúpi fyrir Hvalárvirkjun, Austurgilsvirkjun og fleiri virkjanakosti við Djúp, er mikilvægt að stjórnvöld setji þá pólitísku stefnumörkun strax að unnið verði að tengingu frá tengipunktinum til Ísafjarðar. Með því næst hringtenging á fjörðunum eða svokölluð n-1 tenging sem veldur stórbættu raforkuöryggi og gefur kost á uppbyggingu á svæðinu.

Fyrir liggur áhugi á byggingu kalkþörungarverksmiðju í Súðavík en núverandi raforkukerfi ber ekki flutning á orku til verksmiðjunnar. Með því að hefja hringtengingaverkefnið með lagningu strengs á milli Ísafjarðar og Súðavíkur gæti þetta verkefni orðið að veruleika með verulega jákvæðum byggðaáhrifum.

Ótrygg orka fer minnkandi á markaði og ef ekkert verður að gert mun húshitunarkostnaður á Vestfjörðum fara úr böndunum þrátt fyrir nýtt frumvarp um niðurgreiðslu á flutningskostnaði raforku. Þar sem rafkyntar hitaveitur OV hafa varaafli í formi olíukatla er kerfið mjög sveigjanlegt gagnvart tímabundinni skerðingu og getur brugðist mun hraðar við en stórnotendur sem þurfa langan aðlögunartíma vegna eðli sinnar starfsemi. Lausnin er væntanlega langtímasamningar við Landsvirkjun. Aukning á nýtingu jarðhita til húshitunar minnkar þörf fyrir slíkan samning.

Orkusjóður veitir fjármagn til jarðhitaleitar, enda eru slíkar framkvæmdir of áhættu- og kostnaðarsamar fyrir lítil sveitarfélög, en á sama tíma mikið hagsmunamál fyrir byggðina á svæðinu. Orkusjóður er hins vegar fjárvana og því er nauðsynlegt að setja þar inn fjármuni en sem verði sérstaklega ætlaðir til jarðhitaleitar á Vestfjörðum.



### ▪ Húsnæðismál á Vestfjörðum

Er hagkvæmt fyrir mig að byggja á Vestfjörðum? Þetta er spurning sem einstaklingar, fólk í sambúð spyr sig að. Þetta er grundvallarmál, samhliða væntri framþróun í atvinnulífi á Vestfjörðum á komandi árum. Fyrir liggur hins vegar vandi er felst í markaðsbresti á fasteignamarkaði, en markaðsverð íbúðarhúsnæðis hefur á undanförunum árum verið um 20%-35% af áætluðum byggingarkostnaði. Við nánari greiningu á markaðinum kemur fram að flestir sækjast eftir búsetu í þéttbýli en framboð á húsnæði er mest í dreifbýli. Í þéttbýli eru allar íbúðir í notkun sem eignaríbúðir eða til útleigu og í vaxandi mæli nýtt sem frístundahús eða til útleigu fyrir ferðamenn. Nýbyggingar hafa verið í algjöru lágmarki á Vestfjörðum, en árabílinu 2010-2014 voru byggðar um 50 íbúðir, eða að meðaltali um 10 á ári.

Staðan hefur leitt til „eignaotta“ sem birtist í því að nýbyggingar eru í lágmarki, tregðu við kaup eða sölu eigna og að eignir séu keyptar upp sem frístundarhús eða til ferðaþjónustu. Stærstu sveitarfélögin glíma einnig við skuldir frá fyrri tíð vegna félagslega húsnæðiskerfisins og eru því varfærin í að koma inn á markaðinn eins og sakir standa.

Ráðherra húsnæðismála hefur komið fram með frumvörp að umbótum í húsnæðismálum auk þess sem stjórnvöld hafa boðað aðgerðir til að auðvelda kaup á fyrstu fasteign. Nefndin telur mikilvægt að þetta mál verði tekið til nánari skoðunar. Því er lagt til að stofnaður verði starfshópur með fulltrúum sveitarfélaga, ráðuneyta, stéttarfélaga og stofnana. Hlutverk starfshópsins er að greina stöðu á markaði og vinna tillögur að úrbótum fyrir svæði eins og Vestfirði.

### ▪ Menntamál

Uppbygging menntunar á framhaldsskóla- og háskólastigi er grundvallaratriði fyrir samkeppnisaðstöðu atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum. Hlutfall íbúa með einungis grunnskólapróf er með því hæsta á Vestfjörðum ásamt því að hlutfall karla með framhaldsmenntun er mjög lágt. Menntaskólinn á Ísafirði er mikilvægur í samfélagslegu tilliti og eini framhaldsskólinn á svæðinu sem er bæði með bók- og verknám. Verknámsnemendur eru um þriðjungur af nemendafjölda skólans og mikilvægt er að skólinn geti áfram boðið upp á fjölbreytt verknám. Mikilvægt er að reiknilíkan fyrir framhaldsskóla verði endurskoðað og sú endurskoðun geri ráð fyrir samfélagslegri sérstöðu skóla þar sem það á við hverju sinni. Nefndin telur að framlög til framhaldsskóla í iðnnámi og bóknámi verði tryggð þrátt fyrir tímabundna fækkun nemenda. Á sama hátt þarf að styrkja rekstur framhaldsskóladeilda sem reknar eru á Patreksfirði og á Hólmavík.

Starfsemi Háskólaseturs hefur haft sömu jákvæðu áhrifin á samfélagið á norðanverðum Vestfjörðum og starfsemi Háskólans á Akureyri hefur haft þar. Starfsemin hefur byggst upp hægt en örugglega og er nú með kennslu á sviði meistaranáms með um 20 nema í árgangi, fjarnám með um 120 nema á ári og nýjar námsleiðir í þróun. Mikilvægt er að hlúa vel að starfseminni og gefa Háskólasetrinu svigrúm til að vaxa og dafna.

Starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða hefur náð til allra svæða á Vestfjörðum. Starfsemin hefur á síðustu árum ekki síst beinst að því að fá fólk án framhaldsmenntunar aftur til náms. Eins hafa verið þróuð námskeið fyrir nýjar atvinnugreinar eins og fiskeldi. Viðvarandi niðurskurður fjárlaga um margra ára skeið er nú kominn að þolmörkum sé horft fram til ársins 2017.

### ▪ Heilbrigðis- og öldrunarþjónusta

Áhersla er lögð á að rekstri Heilbrigðisstofnun Vestfjarða verði komið í ásættanlegt horf og lokaátak verði gert í umönnun aldraðra. Góð og örugg heilbrigðisþjónusta er grunnurinn að blómlegu samfélagi. Það er lykilatriði fyrir íbúa að heilbrigðisþjónustan sé góð á viðkomandi svæði. Árið 2014 var öllum heilbrigðisstofnum á Vestfjörðum steipt saman í eina stofnun.

Vonir stóðu til að samnýta mætti betur sérfræðiþjónustu á svæðinu þannig að allir íbúar Vestfjarða fengju bætt aðgengi að sérfræðiþjónustu og barnshafandi konur að ljósmæðrum. Nefndin leggur því ríka áherslu á að Heilbrigðisstofnun Vestfjarða fái eðlilega fjármögnun til þess að geta veitt eðlilega og lögbundna heilbrigðisþjónustu á öllu svæðinu sem tilheyrir stofnuninni og gera verulegt átak til að þessir þjónustubættir sameiningar nái fram að ganga. Hér verði einnig tekið tillit til kostnaðar sem hlýst af slæmu samgöngukerfi á milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða s.s. lenging akstursleiðar yfir vetrartímann úr 178 km í 444 km. Einnig verði gert ráð fyrir því að stofnunin geti fylgt eftir ört vaxandi þjónustubörf í heilbrigðismálum, sem og þeirri uppbyggingu sem er hafin í atvinnulífinu m.a. vegna mikils fjölda ferðamanna. Stofnunin hefur þurft að ganga langt í sparnaði og aðhaldi til margra ára og þrátt fyrir miklar sameiningar og hagræðingu hefur það komið niður á ýmsum þáttum þjónustunnar.

Helstu þættir sem þrengt hefur að eru skortur á læknum og öðru heilbrigðisstarfsfólki til að sinna öllum byggðakjörnum sem skyldi. Það er skortur á ljósmæðraþjónustu á öllu svæðinu, en sérstaklega á sunnanverðum Vestfjörðum þar sem barnshafandi konur þurfa að leita til Reykjavíkur með fullnægjandi mæðraskoðun sérfræðinga. Sálfræðiþjónusta á vegum stofnunarinnar er einnig mjög takmörkuð.

Mörg tæki Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða eru því miður orðin mjög gömul og úr sér gengin þar sem ekki hafa verið til fjármunir til nauðsynlegrar endurnýjunar. Þjónusta við aldraða hefur batnað með nýjum hjúkrunarheimilum, nema á sunnanverðu svæðinu þar sem skortir verulega aðstöðu og bæta þarf heimahjúkrun. Komur sérfræðilækna til Vestfjarða eru fáar og í of fáum sérgreinum. Stofnunin hefur ekki haft burði til að bæta þar úr. Starfsfólk Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða stendur frammi fyrir mikilli áskorun í krefjandi en spennandi verkefni. Án verulega aukinna fjármuna til reksturs Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða er ekki hægt að bæta úr þessu og hvað þá að auka þjónustuna eins og þörf er á.

Lagt er til að unnið verði að því að samþætta starfsemi heilsugæslu, heimahjúkrun og félagsþjónustu í Bolungarvík. Gera þarf nauðsynlegar breytingar á húsnaði Ríkiseigna að Miðstræti 19 til að hýsa þjónustumiðstöð og flytja allar viðkomandi stofnanir á einn stað. Með því að samþætta betur heilbrigðisþjónustu þessara stofnana í Bolungarvík má ná fram aukinni þjónustu við íbúa á sama tíma og kostnaður mun lækka. Þjónusta starfsstöðvar Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Hólmavík er viðunandi sem stendur. Gæta verður að því að framlög til stofnunarinnar taki mið af dreifðri starfsemi þannig að íbúar geti treyst því að þeir standi jafnt gagnvart þjónustu heilbrigðiskerfisins.

#### ▪ Skattaumhverfi

Lagt er til tímabundið verkefni til allt að átta ára þar sem samskonar aðgerðir verði settar á og hefur verið gert í Norður-Noregi. Vísað er hér til vilja Alþingis í þessum efnunum skv. samþykkt um stefnumótandi Bygðaaætlun 2014-2017, tillaga 2.2. *Stuðningur við einstaklinga, m.a. afsláttur af námslánum og lægra skattþrep* og tillaga 2.3 *Stuðningur við fyrirtæki m.a. lækkun tryggingargjalds*.

Nefndin leggur til að settur verður á fót starfshópur fagraðuneyta og Bygðastofnunar til að vinna að útfærslum í málinu. Mikilvægt er að þær útfærslur liggi fyrir vorið 2017.

#### ▪ Aukin samvinna sveitarfélaga á Vestfjörðum

Skoða þarf rækilega hvort að frekari sameiningar sveitarfélaga á Vestfjörðum geti leitt til þess að nýta megi fjármagn betur, efla þjónustu og gera sveitarfélögum kleift að taka við fleiri verkefnum frá ríkinu. Þetta þarf að gerast þannig að ábati af samrekstri, sameiningu og yfirtöku verkefna verði eftir á svæðinu. Sveitarfélög á Vestfjörðum hafa sammælt um gerð svæðisáætlunar fyrir Vestfirði sem móti stefnu í sameiginlegum málaflokkum landshlutans og

samstarfi sveitarfélaganna í þeim efnum. Telja verður að slík vinna sé góður grunnur fyrir umræðu um sameiningu, eða aukið samstarf sveitarfélaga, í viðræðum þeirra við ríkið gegn stórum framfaraverkefnum á Vestfjörðum.

#### ▪ **Menning**

Fjölbreytt og öflugt menningarlíf einkennir Vestfirði og eru bæði atvinnu- og áhugamenn virkir þátttakendur í því. Þátttaka í menningarviðburðum er góð en víða er markhópurinn sem sækir viðburði fámennur og of fáir einstaklingar sem bera menningarlífið á herðum sér.

Á Ísafirði er menningarmiðstöð og þar er einnig starfandi listaskóli. Tónlistarskólar eru starfandi í öllum stærri sveitarfélögum og hefur tónlistarlífið verið öflugt, sbr. ímynd Ísafjarðar sem tónlistarbæjar.

Mörg verkefni í menningartengdri ferðaþjónustu á Vestfjörðum standa framarlega á landsmælikvarða. Þar má t.d. nefna Galdrasýningu á Ströndum, Skrímslasetur á Bíldudal og Melrakkasetrið í Súðavík. Aðeins þrjú viðurkennd söfn eru starfandi á svæðinu, Byggðasafn Vestfjarða, Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti og Sauðfjársetur á Stöndum. Fleiri hafa þó burði til að fá slíka viðurkenningu og fjölmörg önnur söfn og setur er að finna á svæðinu. Starfsemi þeirra flestra líður fyrir skort á rekstrarfjármagni og miklir möguleikar eru á að efla þau með tilheyrandi jákvæðum hætti á menningu og mannlíf.

Helstu hindranir fyrir eflingu menningarlífs á Vestfjörðum, auknu samstarfi og þátttöku, eru þær sömu og fyrir eflingu byggðar og atvinnulífs. Þar kemur einkum til skortur á fjármagni, slæmar samgöngur, brotalamir varðandi fjarskipti og nettengingar, hár rekstrar-, flutnings- og ferðakostnaður ásamt fólksfæð.

Efling innviða og fjölgun íbúa mun efla menningarlíf og menningartengda ferðaþjónustu en taka verður á fjármögnun menningarstarfs eftir áralangan samdrátt í þeim efnum. Gera má verulega bót í málaflokknum ef horft er til annars vegar stofn- og rekstrarstyrkja til menningarstofnana og hins vegar til starfsemi menningarmiðstöðva.

Brjánslækur er fornt höfuðból og kirkjustaður við mynni Vatnsfjarðar, en reglulegar samgöngur eru yfir Breiðafjörð frá Stykkishólmi. Tækifæri eru í að byggja upp náttúru- og menningatengdan áningastað sem dregur fram sérstöðu Brjánslækjar, kynna á lifandi hátt til að tryggja góða umgengni og vernd til framtíðar. Slík uppbygging myndi stuðla að því að fólk kæmi gagnert til að skoða þá merku sögu sem Brjánslækur og nágrenni varðveitir.

Nefndin leggur til bætt verði við fjármuni í Uppbyggingarsjóð (innan Sóknaráætlunar Vestfjarða) í þrjú ár sem myndi síðan úthluta fjármagninu aftur í formi öndvegisstyrkja á grundvelli umsókna. Slíkt myndi hafa mikil og jákvæð áhrif á uppbyggingu ferðaþjónustu, atvinnu- og mannlífs á svæðinu. Um leið hefðu verkefni jákvæð áhrif á sjálfsmynd íbúa og ímynd fjórðungsins.

Nefndin bendir einnig á að á Ísafirði er starfandi öflug menningarmiðstöð, Edinborgarhúsið, sem nýtur ekki rekstrarstyrkja frá ríkinu eins og t.d. sambærilegar menningarmiðstöðvar á Austurlandi. Samræma þarf stuðning ríkisvaldsins við menningarmiðstöðvar á landsvísi með Austurland sem fyrirmynd, en þrjár menningarmiðstöðvar fyrir austan eru styrktar árlega með sérstökum framlögum til viðbótar við sóknaráætlanir landshlutans.

#### ▪ **Málefni Árneshrepps**

Árneshreppur var tekin til sérstakrar umræðu hjá nefndinni og hvernig hægt væri að bregðast við þeirri stöðu sem þar er komin upp. Það er ljóst að sérúrræði þarf fyrir svæðið þar sem hefðbundnar byggðaaðgerðir ná ekki utan um vanda sveitarfélagsins. Umfangsmiklar samgönguframkvæmdir þarf til að rjúfa vetrareinangrun byggðarinnar og yrðu þær hluti af

sértækri samgönguáætlun fyrir Vestfirði. Komi Hvalárvirkjun til framkvæmda er augljóst að slík framkvæmd myndi hafa gífurleg áhrif til bóta fyrir sveitarfélagið.

**Einstök verkefni – tillögur****Tryggja aðgengi að framhaldsskóla í heimabyggð**

Sóknarfæri eru í stofnun fræðslumiðstöðva þar sem hægt er að stunda fjarnám á ýmsum stigum, sérstaklega framhaldsskólastigi svo að börn geti stundað nám í heimabyggð. Þessum fræðslumiðstöðvum hefur verið komið upp á Hólmavík og Vesturbyggð en slíku er ekki fyrir að koma í Reykhólahreppi.

**Verkefni: Stofnun framhaldsskóladeildar í Reykhólahreppi**

Í Reykhólahreppi ganga nú upp stórir árgangar af unglingum. Þeir sækja væntanlega í framhaldsskóla eftir 1-2 ár. Vísir að framhaldsdeild er á Hólmavík. Reykhólahreppur sækist hér með eftir að fá að vera í samfloti með Strandamönnum um fjölbreytta kennslu á framhaldsskólastigi. Undirbúningur um framkvæmd krefst þess að fljótlega verði hafist handa um útfærslur. Því er æskilegt að fá styrk fyrir starfsmann til að sinna málum frá og með haustinu 2016. Unnið verður í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða og framhaldsskólanna.

**Tímaáætlun**

Haust 2016

**Stöðugildi**

0,5 í 2 ár

**Kostnaðaráætlun**

7,2 milljónir króna í tvö ár

**Ábyrgð og framkvæmd**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

**Friðlönd á Vestfjörðum****Verkefni: Aukin landvarsla og uppbygging aðstöðu**

Vegna gríðarlegrar fjölgunar ferðamanna á Vestfjörðum er mikilvægt að ráðast í aukna landvörslu, uppbyggingu á aðstöðu og vinna áfram við friðlýsingu Látrabjargs. Áhersla er lögð á að tryggð verði landvarsla á Látrabjargi, Vatnsfirði, Hornströndum og á Dynjandasvæðinu næstu ár.

**Tímaáætlun**

Haust 2016

**Stöðugildi**

4-5

**Kostnaðaráætlun**

23,5 milljónir króna í 3 ár

**Ábyrgð og framkvæmd**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

**Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Ströndum****Verkefnið: Tryggja áframhaldandi fjármagn til reksturs RHÍS**

Mikilvægt að tryggja framlög til starfseminnar til lengri tíma og gera kleift að hafa tvo starfsmenn starfandi hjá setrinu á Ströndum til framtíðar, með því að auka framlag ríkisins til heildarsamnings við Rannsóknarsetur HÍ, en unnið er að endurnýjun hans.

**Tímaáætlun**

Haust 2016

**Stöðugildi**

2

**Kostnaðaráætlun**

Sama fjármagn tryggt til framtíðar

**Ábyrgð og framkvæmd**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

**Samfélagsmiðstöð (Þjónustukjarni – One stop shop) á Þingeyri****Verkefni: Tilraunaverkefni um þjónustukjarna**

Fyrirhugað er að koma á samstarfi Isafjarðarbæjar og þjónustuaðila um myndun þjónustukjarna á Þingeyri. Stofnkostnaður er áætlaður um 10 milljónir króna. Markmið þjónustukjarna er að hægt verði að bjóða upp á grunnþjónustu í smærri byggðarlögum sem eykur lífsgæði íbúanna. Aðlaga þarf þjónustu í minni byggðarlögum að nútímakröfum og tryggja þannig íbúum ákveðna grunnþjónustu.

Hægt væri að nota Þingeyri sem stað til þróa svona þjónustu sem mætti yfirfara yfir á aðra staði.

**Tímaáætlun**

Haust 2016

**Stöðugildi**

Ca. 2

**Kostnaðaráætlun**

7,2 milljónir króna á fyrsta ári og þar af eru 4 milljónir króna sem hlutdeild í stofnkostnaði. Eftir það er gert ráð fyrir 3,2 milljónum króna á ári.

**Ábyrgð og framkvæmd**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

**Ný námsleið hjá Háskólasetri Vestfjarða****Verkefni: Sjávarbyggðafræði**

Hjá Háskólasetri Vestfjarða er nú kennd ein námsleið á meistarastigi í Haf- og strandsvæðastjórnun. Hliðstæð námsleið í Sjávarbyggðafræðum er tilbúin í skúffunni. Með henni mundi námsmannafjöldinn tvöfaldast. Námsmenn eru á aldursbilinu 23-30 ára, en á Vestfjörðum er helst skortur á fólki á þeim aldri.

Gert er ráð fyrir töluverðum samlegðaráhrifum af því að hafa tvær námsleiðir í boði, m.a. geta fagstjórar gengið í verk hvors annars, sem er mikilvægt til að tryggja þjónustu við forföll og til að bæta gæði náms til lengdar.

Þar sem allt nám hjá Háskólasetrinu er kennt í lotum, þar með talið á sumarönn, er það mjög aðgengilegt nemendum og fólki úr atvinnulífi af öðrum stöðum. Það fellur t.d. mjög vel að gestanámi sem opinberir háskólar hafa stofnað með sér. Þess vegna má ætla að til lengdar efli slíkt nám samstarf og flæði milli háskóla. Námsleiðin á að vera eins hliðstæð núverandi námi og frekast er unnt til að auka afköst sem allra mest. Því er líklegast að leitað verði samstarfs við Háskólann á Akureyri, sem mundi enn frekar tryggja gott samstarf milli Háskólasets Vestfjarða og Háskólans á Akureyri.



Nám í byggðafræðum er ekki til á landinu, en virðist vera mjög þarft til að renna sterkari stoðum undir upplýsta umræðu um þessi mál á landsvísu. Ætla má að staðsetningin á Ísafirði vinni með slíku námi.

#### **Tímaáætlun**

janúar 2017

#### **Stöðugildi**

1,2

#### **Kostnaðaráætlun**

20 milljónir króna á ári

#### **Ábyrgð og framkvæmd**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

#### **Skólahúsið í Trékyllisvík**

##### **Verkefni: Endurbætur á skólahúsi**

Skólahúsið í Trékyllisvík er byggt um 1935 og teiknað af Guðjóni Samúlessyni. Það hefur nýst sem gistiheimili á sumrin og nú er kominn tími á viðhald. Þótt tjaldstæði séu ágæt í Árneshreppi er æskilegt að geta nýtt skólann til gistinga og veitinga en aðstaðan er farin að láta á sjá. Tilgangurinn er að lengja ferðamannatímamann og auka við þjónustu við ferðamenn í Árneshreppi.

#### **Tímaáætlun**

Haust 2016

#### **Stöðugildi**

0

#### **Kostnaðaráætlun**

15 milljónir króna

#### **Ábyrgð og framkvæmd**

Forsætisráðuneytið

#### **Sníóflóðasetur á Ísafirði**

##### **Verkefni: Þróun þekkingarmiðstöðvar**

Á Ísafirði verði þróuð þekkingarmiðstöð eða samstarfsnet fyrir þróun mælitækja til snjóflóðaeftirlits og uppbyggingar þekkingar á eðli ofanflóða og þar með bætts hættumats. Aðilar að samstarfsneti yrðu stofnanir á norðanverðum Vestfjörðum sem nýta ýmiss konar mælibúnað við vöktun á náttúru, s.s. Vegagerðin, Hafrannsóknarstofnun, Orkubú Vestfjarða og Náttúrustofa Vestfjarða. Á svæðinu starfa einnig ýmis fyrirtæki sem vinna að nýsköpun, þróun og margs konar smíði. Kostir þessa samstarfsnets felast einnig í smæð samfélagsins sem gerir samvinnu auðveldari en í stærri og flóknari samfélögum. Þar að auki býður vestfirsk náttúra upp á að prófa mæla við erfiðar aðstæður, en ein helsta áskorun veðurmælinga á Íslandi er mikið álag sem mælur þurfa að standast, svo sem mikinn vindhraða, ísingu og snjósíg.

#### **Tímaáætlun**

Haust 2016

#### **Stöðugildi**

1

**Kostnaðaráætlun**

12,5 milljónir króna á ári

**Ábyrgð og framkvæmd**

Innanríkisráðuneytið

**Álftafjarðargöng****Verkefni: Rannsókn á Álftafjarðargöngum**

Samkvæmt ályktun Fjórðungssambands Vestfirðinga frá 60. þingi FV eru Álftafjarðargöng næstu jarðgöng á eftir Dýrafjarðargöngum.

Súðavíkurhlíð er í dag metin einn af hættulegustu vegum landsins samkvæmt skýrslu og úttekt Veðurstofunnar sem fer með snjóflóðarannsóknir. „Mat á hættu vegna snjóflóða og grjóthruns á vegum milli Súðavíkur og Bolungarvíkur“ (Harpa Grímsdóttir, janúar 2006).

Mikilvægt er að strax verði farið af stað í rannsóknavinnu við göngin og gera þau þannig tilbúin undir framkvæmdir eins og fljótt og kostur er. Vegagerðin mun sjá um rannsóknina.

**Tímaáætlun**

Haust 2016

**Stöðgildi**

1

**Kostnaðaráætlun**

10 milljónir

**Ábyrgð og framkvæmd**

Innanríkisráðuneytið

**Fjarþjónusta við íbúa á sunnanverðum Vestfjörðum****Verkefni: Að halda áfram að þróa fjarþjónustu í heilbrigðismálum**

Að sett verði fjármagn í tilraunaverkefni ríkis og sveitarfélaga þar sem unnið verði að heilbrigðisþjónustu fyrir börn og fullorðna á öllum Vestfjörðum. Síðastliðin ár hefur Vesturbyggð unnið að tilraunaverkefni t.d. að talþjálfun barna, kvíðameðferð fyrir börn og íslenskukennslu fyrir börn af erlendum uppruna með þessari aðferð. Hefur það gefist mjög vel og árangur verið mikill. Ávinningur felst í auðveldara aðgengi, stöðugri meðferð og ódýrara meðferðarúrræði, lækkuðum kostnaði skóla vegna frávika nemenda, lækkuðum kostnaði ríkis í framtíðinni vegna greininga og ófyrirséðra vandkvæða á fullorðinsaldri, og lækkuðum kostnaði foreldra vegna ferðalaga og frátafa frá vinnu.

Með þessu er tryggt að fjármagnið fer í meðferðirnar. Ennfremur er tryggt að ætíð verði besta þjónusta í boði á hverjum tíma og hægt að stýra þjónustunni betur.

**Tímaáætlun**

Haust 2016

**Stöðugildi**

1-2

**Kostnaðaráætlun:**

10 milljónir króna á ári í þrjú ár

**Ábyrgð og framkvæmd**

Velferðarráðuneytið

**Fræðasetur Háskóla Íslands á Patreksfirði****Verkefni: Sérhæfing í fiskeldisrannsóknum**

Að á sunnanverðum Vestfjörðum verði Fræðasetur HÍ á Patreksfirði endurreist til frambúðar með sérhæfingu í fiskeldisrannsóknum. Með því skapast tenging við það fiskeldi sem nú þegar er til staðar og þarf á mikilli rannsóknarvinnu að halda. Þar með verður aðgangur að þekkingu tengdri fiskeldi staðbundinn og í beinu sambandi við atvinnulífið. Mikilvægt er að geta unnið með frumrannsóknir þar sem sjókvíældi er þegar hafið og í miklum vexti. Tenging við lykilstofnanir sem fjalla um leyfismál og eftirlit hafa því aðgang að bestu mögulegu gögnum.

**Tímaáætlun**

Haust 2016 og 2017

**Stöðugildi**

5

**Kostnaðaráætlun**

20 milljónir króna í tvö ár

**Ábyrgð og framkvæmd**

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

**Almenningssamgöngur á S-Vestfjörðum****Verkefni: Tilraunaverkefni um samþættingu almenningssamgangna, vöruflutninga og póstdreifingar**

Farið verði í tilraunaverkefni þar sem hið opinbera endurskoðar núverandi lagaumhverfi þegar kemur að samþættingu almenningssamgangna, vöruflutninga og póstdreifingar. Með verkefninu yrði flutningur vinnuafls, nemenda og þjónustusókn milli byggðarlaga þ.e. milli sveitarfélagana Vesturbyggðar og Tálknafjarðar. Verkefnið tryggir byggðafestu, styrkir innviði auk þess að gera svæðið samkeppnishæfara á sviði atvinnuuppbyggingar og um leið vænni kost til fjárfestinga.

Setja upp leiðarkerfi sem nýtist öllum ofangreindum atriðum.

Verkefnið yrði tilraun til tveggja ára á sunnanverðum Vestfjörðum.

**Tímaáætlun**

Haust 2016

**Stöðugildi**

2

**Kostnaðaráætlun**

24 milljónir króna í tvö ár

**Ábyrgð og framkvæmd**

Innanríkisráðuneytið

**Aukin tíðni flugs til Bíldudals****Verkefnið: Viðbót ferða**

Aukaferð með flugi á Bíldudal þannig að a.m.k. einu sinni í viku verði flug tvisvar sinnum á

dag. Með því er hægt að skapa betri skilyrði fyrir fundi og flutning á sérhæfðri þjónustu til svæðisins. Verkefnið kemur líka til með að lækka kostnað fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana vegna ferða. Fyrirtæki og sveitarfélög eru tilbúin til að kaupa ákveðinn fjölda sæta fyrirfram til eins árs. Auk þess er lagt til að skoðað verði hvort möguleiki sé á að vélin haldi áfram til Ísafjarðar einu sinni í viku og komi við á leiðinni til baka á Bíldudal sem myndi nýtast vel á meðan Dýrafjarðargöng eru ekki tilbúin.

### Tímaáætlun

Haust 2016

### Stöðugildi

2

### Kostnaðaráætlun

16 milljónir króna á ári

### Ábyrgð og framkvæmd

Innanríkisráðuneytið

### Svæðisbundin flutningsjöfnun

#### **Verkefni: Úttekt á tímabundinni flutningsjöfnun á sunnanverða Vestfirði**

Auka við fjármagn til svæðisbundna flutningsjöfnun með áherslu á sunnanverða Vestfirði og endurskoðun fyrirkomulags á greiðslu styrkja.

Í markmiðum laga nr. 160/2011, um svæðisbundna flutningsjöfnun, er heimilt að styðja við framleiðsluþæfni og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með því að jafna flutningskostnað framleiðenda sem eru með framleiðslu og lögheimili fjárrí innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa þ.a.l. við skerta samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði. Styrksvæði eru þau svæði þar sem heimilt er að veita byggðaaðstoð samkvæmt byggðakorti samkvæmt ESA ákvörðun 378/06/COL að hámarki 200.000,- EUR á þriggja ára tímabili.

Með eflingu strandflutninga og úrbótum á vegakerfinu frá því lögin voru sett hefur dregið úr þörf fyrirtækja á flutningsjöfnun og aðstæður til landflutninga batnað, nema á sunnanverðum Vestfjörðum. Þar er í raun sama staða, engir strandflutningar, hluti vegakerfis er enn með óbundnu slitlagi og ekki hefur verið fjölgað við ferðir ferjunnar Baldurs. Samkvæmt samgönguáætlun sem nú liggur fyrir Alþingi má í fyrsta lagi reikna með að úrbótum í samgöngumálum verði lokið innan þriggja ára. Í annan stað eru fyrirtæki að lenda í því að fullnýta það viðmið sem sett er á hámarksgreiðslu yfir þriggja ára tímabil.

Lagt er því til að markmið með svæðisbundinni flutningsjöfnun komi til endurskoðunar í ljósi reynslu af verkefninu. Leitað verði leiða til að sá jöfnuður sem að var stefnt, gagnist þeim aðilum þar sem kostnaður á ekinn kílómetra og erfiðleikar við þungaflutninga er hvað mestur.

### Tímaáætlun

2017

### Stöðugildi

0

### Kostnaðaráætlun

15 milljónir króna

**Ábyrgð og framkvæmd**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

**Bygging Hornstrandastofu****Verkefni: Bygging Hornstrandastofu**

Hornstrandafriðland hefur mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn. Stefnt er á að nýta nýbyggingu í Neðstakaupstað á Ísafirði fyrir Upplýsingamiðstöð og Hornstrandastofu.

**Tímaáætlun**

Vor 2017

**Stöðugildi**

0

**Kostnaðaráætlun**

20 milljónir króna á ári

**Ábyrgð og framkvæmd**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

**Orkuvinnsla á Vestfjörðum****Verkefni: Öflun nýrra atvinnutækifæra**

Samhliða þeim virkjanaframkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á svæðinu er mikilvægt að unnið verði markvisst að því að fá ný atvinnutækifæri inn á svæðið þannig að orkan nýtist til atvinnuuppbyggingar á svæðinu.

**Tímaáætlun**

Haust 2016

**Kostnaðaráætlun**

20 milljónir á ári í tvö ár

**Ábyrgð og framkvæmd**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

**Hitaveita á Hólmavík****Verkefni: Framkvæmd lokakönnunar á jarðhitasvæðum**

Jarðhiti hefur fundist á nokkrum stöðum í Strandabyggð. Hins vegar hafa stofnanir eins og Íslenskar Orkurannsóknir, Orkubú Vestfjarða eða Orkustofnun ekki getað mælt með bestu kostum fyrir hitaveitu á Hólmavík og byggðinni í heild. Sveitarfélagið fer því fram á styrk til að ljúka slíku mati svo undirbúa megi tengingu og uppsetningu heppilegasta kostsins. Þar yrði tekið tillit til orkugæða, tæknilegrar útfærslu og hagkvæmni. Ekki þarf að tíunda hve miklu það myndi breyta bæði fyrir almenning og fyrirtæki að hafa aðgang að jarðhita. Framkvæmd yrði lokakönnun á jarðhitasvæðum með aðkeyptri sérfræðiráðgjöf og forhönnun hitaveitu

**Tímaáætlun**

Vor 2017

**Stöðugildi**

0

**Kostnaðaráætlun**

10 milljónir króna

**Ábyrgð og framkvæmd**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

**Stofnun vísindagarða Vestfjarða****Verkefni: Gróðurkortagerð á Vestfjörðum**

Halda gróðurkortagerð áfram á Vestfjörðum til að stórbæta upplýsingar um náttúrufar svæðisins og munu þau koma að viðtækum notum. Hjá Náttúrustofu Vestfjarða er góð þekking á gróðurkortagerð eftir áralanga samvinnu við Náttúrufræðistofnun.

**Tímaáætlun**

Janúar 2017

**Stöðugildi**

2

**Kostnaðaráætlun**

20 milljónir króna á ári

**Ábyrgð og framkvæmd**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

**Rannsóknir á flugvallastæði fyrir Vestfirði****Verkefni: Framtíðarstaðsetning flugvallar á Vestfjörðum**

Lagt er til að farið verði í heildstæða úttekt á framtíðarstaðsetningu flugvallar á Vestfjörðum. Horft verður til væntanlegra samgöngubóta og mun þá ferðatími innan fjórðungsins styttest til mikilla muna.

**Tímaáætlun**

Vor 2017

**Stöðugildi**

0

**Kostnaðaráætlun**

5 milljónir króna í fjögur ár

**Ábyrgð og framkvæmd**

Innanríkisráðuneytið

**Undirbúningur undir hringtengingu rafmagns á Vestfjörðum****Verkefni: Kortlagning á virkjunar- og tengimöguleikum**

Í framhaldi af væntanlegum tengipunkti í austanverðu Ísafjarðardjúpi er lagt til að Orkustofnun verði falið að vinna að kortlagningu á virkjunar- og tengimöguleikum í Ísafjarðardjúpi. Í þeirri vinnu yrðu virkjunarmöguleikar í Ísafjarðardjúpi teknir saman og í framhaldinu metið hvaða leið er ákjósanlegust til að koma rafmagni frá tengipunktinum að byggðarlögunum á norðanverðum Vestfjörðum og ná þar með hringtengingu.

**Tímaáætlun**

Vor 2017

**Stöðugildi**

1



**Kostnaðaráætlun**

10 milljónir króna

**Ábyrgð og framkvæmd**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

**DMP****Verkefni: Gerð stefnumótandi stjórnunaráætlunar**

Eitt af forgangsmálum stjórnvalda sem sett er fram í Vegvísi í ferðaþjónustu er gerð stefnumótandi stjórnunaráætlana (Destination Management Plan DMP). Áætlað er að gera DMP fyrir hvern landshluta en í þeirri áætlun er fjallað um ferðaþjónustu í mjög víðu samhengi. Í DMP er m.a. lögð áhersla á kortlagningu ferðaþjónustunnar, forgangsröðun uppbyggingu áfangastaða með tilliti til þolmarka og áætlunar um uppbyggingu innviða, grunngerð, tekjuöflun og öryggis- og umhverfismál. Tryggja verður að stoðkerfi atvinnulífsins í landshlutanum geti tekið þessi stóru verkefni sem framundan eru.

**Tímaáætlun**

Haust 2016

**Stöðugildi**

1

**Kostnaðaráætlun**

19,5 milljónir króna

**Ábyrgð og framkvæmd**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið



Alþingi, fjárlaganefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Grindavík, 12.12.2016  
nr. erindis 1612018 SAK

### Varðar: Fjárlagafrumvarp 2017 vegna uppbyggingar Grindavíkurhafnar

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2017 eru áætlaðar 212,4 milljónir króna í Hafnabótarsjóð. Í Samgönguáætlun 2015-2018 sem ríkisstjórnin lagði fram 18. mars 2016 voru áætlaðar 752 milljónir króna í Hafnabótasjóð árið 2017. Meirihluti Umhverfis – og Samgöngunefndar lagði til breytingatillögu um að hækka framlög í Hafnabótasjóð í 1.158 milljónir fyrir árið 2017 sem samþykkt var í Alþingi 12 október 2016. Siglingasvið Vegagerðarinnar og Grindavíkurhöfn hafa undanfarin ár unnið við undirbúning og hönnun á Miðgarði í samræmi við ofangreindar áætlanir. Þar að auki hefur hafnarstjórn stuðst við nefndarálit meirihluta fjárlaganefndar við fjárlög árið 2016, sem var samþykkt á Alþingi 19. desember 2015. Þar kemur skýrt fram að átak í endurnýjun á stálþilum taki allt að þrjú ár. Hafnarstjórn hefur í góðri trú, og í samvinnu við Siglingasvið Vegagerðarinnar, þegar keypt stálþilið og boðið út niðurrekstur á því. Þann 28 nóvember síðastliðinn voru tilboð opnuð og átti verktakafyrirtækið Hagtak hf. lægsta tilboðið. Tilboð Hagtaks hljóðar upp á 283.625.000 kr. eða 71,3% af kostnaðaráætlun hönnuða Siglingasviðs Vegagerðarinnar, sem verður að teljast mjög hagstætt tilboð. Ljóst er að ríkið og Grindavíkurhöfn munu skapa sér skaðabótakröfu af hálfu verktaka ef verkinu verður frestað. Hafnarstjórn Grindavíkur vill standa við gerða samninga.

#### Úr Nefndarálit meirihluta fjárlaganefndar um hafnarframkvæmdir árið 2015

Meiri hlutinn gerir tillögu um 400 milljóna kr. viðbótarfé í Hafnabótasjóð til endurnýjunar á bryggjum og dýpkunar í löndunarhöfnum. Frá árinu 2008 hefur endurbyggingu bryggja lítið verið sinnt en þónokkrar bryggjur í löndunarhöfnum eru orðnar hættulegar þar sem burðargeta þeirra er ekki lengur nægjanleg. Oftast er um að ræða stálþilsbryggjur þar sem efnisþykkt þils var í upphafi um 10 mm en vegna tæringar er þykkt þils komin niður í um 2–4 mm meðalþykkt við stórstraumsfjöruborð. Það þýðir að þilin eru mjög götót á köflum sem gerir það að verkum að komi fullt álag á þessar bryggjur eða hreyfing á jarðveginn, t.d. vegna jarðskjálfta, eru verulegar líkur á að þær gefi sig. Allar bryggjurnar eru enn í fullri notkun þrátt fyrir að teljast hættulegar að mati Vegagerðarinnar. **Gert er ráð fyrir að framkvæmdatími samkvæmt tillögunni verði 1–3 ár. Gera má ráð fyrir að efniskaup geti tekið allt að sex mánuði og nemi um 25–30% af kostnaði.**

Lagt er til að Vegagerðin noti þetta viðbótarframlag til að flýta framkvæmdum í viðkomandi höfnum þannig að hægt verði að sameina efniskaup og hefja framkvæmdir árið 2016 þar sem mögulegt er. Lögð er áhersla á að leitað verði eftir sameiginlegu tilboði í stálþil vegna þessara framkvæmda.

Hafnarstjórn Grindavíkur fer hér með fram á að Hafnabótasjóði verði gert kleift með viðbótarfjármagni að klára endurnýjun stálþila í fiskihöfnum landsins eins og segir í meirihlutaálit fjárlaganefndar hér að ofan.

Grindavík, 12. desember 2016

Kristín María Birgisdóttir  
forseti bæjarstjórnar

Hjálmar Hallgrímsson  
formaður bæjarráðs

Ómar Davíð Ólafsson  
formaður hafnarstjórnar

Sigurður A. Kristmundsson  
hafnarstjóri



Nefndasvið Alþingis  
b.t. Fjárlaganefndar  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík 12. desember 2016

1612002HA VRH  
Málalykill: 30.12

### Efni: Framlög til hafnaframkvæmda í fjárlögum 2017

Á stjórnarfundum Hafnasambands Íslands sem haldinn var 7. desember sl. var fjallað um framlög sem áætluð eru til hafnabótasjóðs í frumvarpi til fjárlaga 2017. Fjölmargar hafnir eru komnar í mikla viðhaldsþörf og mikilvægt er að fjárlögin taki mið að því, sem og nýsamþykktari samgönguáætlun.

Skv. könnun sem stjórn hafnasambandsins lét framkvæma árið 2015 þá er áætluð viðhalds- og framkvæmdaþörf hafnasjóða á næsta ári um 6,5 ma.kr. og rúmlega 8 ma.kr. árið 2018. Það er því alveg ljóst að nauðsynlegt er að auka fjármagn í hafnabótasjóð til að tryggja öryggi sjófarenda og til að viðhalda þeim mikilvægu innviðum sem hafnir landsins eru.

Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

*Í frumvarpi til fjárlaga 2017 er gert ráð fyrir 212 m.kr. í hafnabótasjóð, sem er 400 m.kr. lækkun frá árinu 2016. Í nýsamþykktari samgönguáætlun er hins vegar gert ráð fyrir 1.158 m.kr. í hafnabótasjóð.*

*Á nýliðnu hafnasambandsþingi, sem haldið var 13.-14. október sl., var því fagnað að hlutur hafna var aukinn í samgönguáætlun. Sá fögnuður reyndist skammvinnur og er því sá fögnuður dreginn til baka enda telur stjórn hafnasambandsins að fyrirhuguð framlög á árinu 2017 séu óviðunandi með öllu.*

Þingmönnum ætti að vera ljóst að kominn er tími á miklar framkvæmdir í höfnum landsins og leggur stjórn hafnasambandsins mikla áherslu á að það fjármagn sem sett er í hafnabótasjóð verði endurskoðað og aukið svo hægt sé að tryggja góða hafnaraðstöðu hringinn í kringum landið.

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst

HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Gísli Gíslason

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands





# ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Skrifstofa Alþingis  
Alþingi  
101 Reykjavík

Ísafjörður, 19. desember 2016  
2016060017

## Efni: Áskorun til Alþingis vegna hafnarmannvirkja

Hér með tilkynnist eftirfarandi bókun frá 957. fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar sem haldinn var 19. desember 2016, þar sem skorað er á Alþingi að hefja nauðsynlega uppbyggingu Sundabakka á Ísafirði:

### „6. Deiliskipulag – Suðurtangi - 2016060017

Lagt fram minnisblað Axels Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúa, dagsett 16. desember sl., þar sem hann óskar eftir umsögn og afstöðu bæjarráðs til viljayfirlýsingar sem gerð hefur verið vegna skipulagsmála á Suðurtanga með tilliti til hafnarframkvæmda og atvinnuuppbyggingar á svæðinu. Undir viljayfirlýsinguna skrifa hagsmunaaðilar, starfsmenn tæknideildar, formaður hafnarnefndar, formaður skipulags- og mannvirkjanefndar og bærarstjóri, og er ætlunin að koma viljayfirlýsingunni í farveg.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar skorar á Alþingi að veita Ísafjarðarbæ liðsinni í þeirri mikilvægu uppbyggingu atvinnulífs sem mun eiga sér stað á Sundabakka á Suðuratanga á Ísafirði á næstu árum. Nauðsynlegt er að fjármagn fái á árinu 2017 til að hefjast handa við verkefnið.“

Óskað er eftir því að áskorunin verði tekin til afgreiðslu.

Virðingarfyllt,  
  
Gisli Halldór Halldórsson,  
bærarstjóri

Afrit sent:  
Fjárlaganefnd Alþingis





## ÍSAFJARÐARBÆR

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is)

### Samgöngunefnd Aþingis

Ísafjörður, 15. desember 2016  
2016060017

#### Efni: Viljayfirlýsing um samstarf Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær og eftirtaldir lóðaumsækjendur við Sundabakka á Suðurtanga á Ísafirði lýsa yfir áhuga á uppbyggingu iðnaðar- og atvinnulífs á Suðurtanga. Undirritaðir óska eftir aðkomu yfirvalda að landfyllingu, hafnargerð og dýpkun hafnar við Sundabakka eins fljótt og verða má. Ísafjarðarbær og hagsmunaaðilar telja mikilvægt að hafnargerð tefji ekki þá uppbyggingu sem fyrirhuguð er á Suðurtanga. Óskað er eftir því að Samgöngunefnd finni verkefninu stað á samgönguáætlun eða hlutist til um að gerður verði sérstakur samningur milli stjórnvalda og Ísafjarðarbæjar um uppbyggingu á svæðinu á sambærilegan hátt og t.d. vegna Bakka á Húsavík. Um er að ræða verulega fjárfestingu í hafnargerð sem hafa mun jákvæð, samfélagsleg og efnahagsleg áhrif fyrir Ísafjarðarbæ og landið allt.

#### Samantekt

Forsvarsmenn Hafna Ísafjarðarbæjar áætla að lengja þurfi hafnarkant við Suðurtanga um 300 metra og að dýpka þurfi höfnina sem nemur 12 metrum. Forsendur þess að ráðast þurfi í þessar framkvæmdir eru tvíþættar. Í fyrsta lagi fer skipum fjölgandi og þau eru sífellt að verða stærri og djúpristari, þar af leiðandi er ekki hægt að taka þau inn til þjónustu. Í öðru lagi eru lóðaúthlutanir, sem tengjast fiskeldi og bolfiskvinnslu Hraðfrystihússins-Gunnvarar, Artic Fish og Hábrúnar, háðar því að framkvæmd við lengingu hafnarkants hefjist. Framkvæmdin er forsenda þess að fyrrnefnd fyrirtæki geti hafið uppbyggingu vegna fyrirhugaðs fiskeldis. Kostnaður við hafnargerð og uppdælingu er slíkur að bæjaryfirvöld geta ekki ráðist í þá framkvæmd nema með aðkomu ríkisins. Gera má ráð fyrir umtalsverðu tekjutapi fyrir ríki og sveitarfélag verði tafir á framkvæmdum, en fyrirhuguð vinnsla á eldisfiski nemur 20.000 tonnnum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við hafnarkant og uppbygging húsa verði lokið á árinu 2021.



## Forsaga

Þann 17. febrúar 2016 barst Ísafjarðarbæ umsókn um lóðir á Suðurtanga frá Hraðfrystihúsinu-Gunnvöru. Þá sótti Hábrún um lóðir þann 28. apríl. 2016. Lóðaumsóknir voru teknar fyrir á 456. fundi Skipulags- og mannvirkjanefndar þann 11. maí 2016, þar sem erindi var frestað með eftirfarandi bókun:

- Skipulags- og mannvirkjanefnd frestar afgreiðslu erindanna og leggur til að deiliskipulagið verði endurskoðað í samvinnu við hagsmunaaðila.

Húsasmiðjan ehf. og Kerecis ehf. sóttu um lóðir skömmu eftir að bókun Skipulags- og mannvirkjanefndar var gerð og voru boðaðir til samráðsfunda um Suðurtanga.

Í samræmi við bókun Skipulags- og mannvirkjanefndar var boðað til samráðsfundar um nýtt deiliskipulag fyrir hafnar svæðið á Suðurtanga þann 6. júní 2016. Á fundinum var farið yfir almenn mál s.s. aðgengi ferðamanna og útfærslu svæðis og lengingu hafnarkants. Annar fundur samráðshóps um Suðurtanga var þann 7. júlí þar sem ákvarðanir voru teknar um lóðastærðir og staðsetningar væntanlegra lóðahafa. Þriðji fundur var haldinn þann 13. desember 2016, þar sem lokadrög voru lögð fram til kynningar og ákvörðun tekin um áframhaldandi vinnslu.

Eftirfarandi aðilar mættu til funda um nýtt deiliskipulag:

- ✓ Gísli Halldór Halldórsson - bæjarstjóri
- ✓ Guðmundur Magnús Kristjánsson – hafnarstjóri
- ✓ Brynjar Þór Jónasson – sviðstjóri Umhverfis- og eignasviðs
- ✓ Axel Rodriguez Överby – byggingar- og skipulagsfulltrúi
- ✓ Erla Bryndís Kristjánsdóttir – teiknistofan Eik/Verkís
- ✓ Garðar Sigurgeirsson – Vestfirskir verktakar f.h. Húsasmiðjunnar ehf.
- ✓ Sigurður Jón Hreinsson – formaður Skipulags- og mannvirkjanefndar
- ✓ Einar Valur Kristjánsson – framkvæmdarstjóri Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf.
- ✓ Kristján G. Jóakimsson – vinnslu og markaðsstjóri Hraðfrystihússins-Gunnvarar hf.
- ✓ Gísli Jón Hjaltason – Hábrún ehf.
- ✓ Jón Arnar Gestsson – Hábrún ehf.
- ✓ Kristín Hálfhánsdóttir – Artic Fish ehf.
- ✓ Neil Shiran Þórisson – Artic Fish ehf.
- ✓ Kristján Andri Guðjónsson – formaður Hafnarnefndar
- ✓ Bryan Lynn – Kerecis ehf.

Tilgangur samráðsfunda var að koma til móts við atvinnurekendur sem höfðu sótt um lóðir á Suðurtanga. Vinnan sem farin var af stað með sneri að þörfum atvinnurekenda og öðrum hagsmunaaðilum s.s. höfnum Ísafjarðarbæjar.

Fyrirtækin voru búin að vinna forvinnu sem fólst m.a. í greiningu á hugsanlegu byggingarmagni og stærðum lóða, sem áætluð var undir þeirra starfsemi. Í drögum nýs skipulags fyrir svæðið er komið til móts við þarfir umsækjenda og Ísafjarðarhafna. Nýtt deiliskipulag fyrir Suðurtanga mun gera ráð fyrir lengingu hafnarkants um 300 metra með 12 metra dýpi og áætlað er að heildarlengd hafnarkants

muni vera skv. nýju deiliskipulagi um 490 metrar. Einnig mun uppðæling efnis við dýpkun hafnar nýtast sem landfylling fyrir hluta þeirra lóða sem sótt er um. Bæjaryfirvöld og atvinnurekendur eru einhuga um að nýtt skipulag sé forsenda þess að fyrirtækin í sveitafélaginu nái að vaxa og dafna. Ásamt því að skipulagið gerir þeim einnig mögulegt að móta framtíðarsýn, við vinnslu og framleiðslu á bæði bolfiski og eldisfiski. Nýtt skipulag mun einnig halda utan um vöxt ferðamannaíðnaðarins og tryggja öryggi farþega um hafnir Ísafjarðar, þar sem aðkoma fyrir gangandi og vélknúna umferð mun gjörbreytast.

Eftirfarandi aðilar hafa sótt um lóðir við Sundabakka: Hraðfrystihúsið-Gunnvör sótti um 20.000 fermetra, Artic Fish 15.000 fermetra, Hábrún 7.000 fermetra, Kerecis 4000 fermetra og Húsasmiðjan 4.000 fermetra. Heildarúthlutun lóða skv. nýju skipulagi mun vera nálægt 56.000 fermetrum eða 5.6 ha.

Í deiliskipulaginu er megináhersla lögð á öflugar hafnir fyrir stærri skip og uppbyggingu iðnaðar í tengslum við þær. Markmið skipulagsins eru:


- Að aðstaða Hafna Ísafjarðarbæjar miðist við þarfir sjávarútvegsins en einnig annarra atvinnugreina eins og vöru- og farþegaflutninga.
- Að aðstaða í Ísafjarðarhöfn verði bætt þannig að skemmtiferðaskip geti siglt inn á Pollinn og lagst við Ásgeirsbakka.
- Að aðstaða verði til að þjónusta skip vegna siglinga í Norðurhöfum og vinnslu á Austur-Grænlandi.

Nýtt deiliskipulag fyrir Suðurtanga mun leysa þann vanda sem fylgt hefur fjölgun ferðamanna síðustu ár. Einnig mun lenging hafnarkants nýtast til móttöku skemmtiferðaskipa í öllum stærðarflokkum. Skemmtiferðarskipum hefur fjölgað og þau eru að verða stærri. Hlutfall skipa sem ekki kemst inn til þjónustu fer hækkandi, með hliðsjón af takmörkuðu dýpi nú.

Stöðugur línulegur vöxtur hefur verið árlega í komum skemmtiferðaskipa. Árið 2010 komu 28 skip sbr. 2016 komu 83 skip og gert er ráð fyrir 98 skipum árið 2017 (sjá nánar töflu 1). Fjölgun farþega hefur verið í sama hlutfalli og fjölgun skemmtiferðaskipa. Árið 2013 komu 41.000 farþegar og árið 2016 voru 83.000 farþegar. Fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir 105.000 farþegum.



Tafla 1



Tafla 2

Núverandi hafnarkantur er nú þegar kominn að þolmörkum og núverandi aðstaða gerði ekki ráð fyrir svona miklum vexti.

Tekjur hafnarinnar hafa aukist með fjölgun skemmtiferðaskipa og stöðugur vöxtur hefur verið frá árinu 2011.

Árið 2011 voru tekjur hafnarinnar af erlendum aðilum 23.813.771 kr. án vsk. Árið 2016 voru tekjur hafnarinnar af erlendum aðilum 123.883.883 kr. án vsk. Í töflu nr. 2 má sjá tekjuþróun hafnarsjóðs og hækkandi hlutfall tekna af erlendum aðilum frá árinu 2011 til 2016.

Miðað við þá stöðu sem er í dag, er stór hluti þess svæðis sem áætlaður er undir nýjar lóðir ekki tilbúinn til úthlutunar. Gert verður ráð fyrir þeim með uppðælingu efnis við dýpkun hafnar.

Lóðaumsækjendur horfa til þessa svæðis vegna þess undirlendis sem þar er að finna og nálægð við hafnarkant. Undirlendi er takmörkuð auðlind á Vestfjörðum, og að svo stöddu eru ekki margir kostir fyrir jafn umfangsmikla starfsemi. Áætlanir á Suðurtanga miða að því að þar verði umfangsmikil lax- og bolfiskvinnsla. Hraðfrystihúsið-Gunnvör er rótgróið sjávarútvegsfyrirtæki og burðarás í atvinnulífi Ísfirðinga, þrjú skipa fyrirtækisins hafa yfir að ráða um 12.000 tonna þorskígildum. Einnig vinnur félagið að leyfum fyrir 7.000 tonna laxeldi. Hraðfrystihúsið-Gunnvör áætla að vera með vinnslu, bæði bolfisk og lax, á nýrri lóð við Suðurtanga. Arctic Fish hefur stundað eldi á regnbogasilungi í Dýrafirði síðan 2012 en er nú að hefja laxeldi og mun slátra um 1.000 tonnum á árinu 2019 og gert er ráð fyrir aukningu upp í 4.000 tonn árið 2019. Arctic Fish, hefur yfir að ráða leyfum fyrir um 4.000 tonna eldi en vinnur að stækkun í 9.000 tonn.

Kerecis ehf. hefur unnið með afurðir sem falla til við vinnslu á þorski s.s. sáragrisjur úr þorskroði og ýmis krem framleidd úr hliðarafurðum þorsks. Fyrirtækið er öflugt á sviði nýsköpunar og er í örum vexti. Fyrirtækið hefur vaxið það mikið á skömmum tíma að núverandi aðstaða býður ekki upp á meiri möguleika til stækkunar. Forsvarsmenn Kerecis horfa því til þessa svæðis sem er við Sundabakka og þá möguleika sem lóðir við höfnina bjóða uppá. Í því sambandi má helst nefna nálægð fyrirtækisins við bolfiskvinnslu Hraðfrystihússins-Gunnvarar og aðföng sem þaðan berast.

Hábrún hefur fullunnið regnbogasilung sem er alinn í kvíum í Ísafjarðardjúpi. Í dag er fyrirtækið að vinna úr 400 tonnum á ári en gerir ráð fyrir vexti í eldi í Ísafjarðardjúpi. Áætla má að fyrirtækin komi til með að vinna úr um og yfir 25.000 tonnum af eldisfiski og bolfiski við Sundabakka nái áætlanir fram að ganga - sé miðað við þann tímaramma sem er settur. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við hafnarkant og uppbygging húsa verði lokið á árinu 2021.


Ísafjörður 15. desember 2016

F.h. lóðaumsækjenda


F.h. Hraðfrystihússins-Gunnvarar



F.h. Artic Fish




F.h. Hábrúnar



F.h. Kerecis



F.h. Vestfirskra verktaka



F.h. bæjaryfirvalda


Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri



Brynjar Þór Jóhannsson, sýslustjóri Umhverfis- og Matasviðs



Sigurður Jón Hreiðsson, formaður Skipulags- og mannvirkjanefndar



Guðmundur Magnús Kristjánsson, hafnarstjóri

Kristján Andri Guðjónsson, formaður hafnarnefndar



Axel Rodriguez Överby, byggingar- og skipulagsfulltrúi





## Umsögn landssamtakanna Proskahjálpar um fjárlagafrumvarp 2017.

Alþingi fól utanríkisráðherra í september sl. að fullgilda fyrir hönd íslenska ríkisins samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Fullgilding samningsins þýðir að íslenska ríkið skuldbindur sig til að framfylgja öllum ákvæðum hans. Þá samþykkti Alþingi jafnframt að valkvæð bókun við samninginn skuli fullgilt af Íslands hálfu á árinu 2017.<sup>1</sup>

Í frétt sem birtist á heimasíðu utanríkisráðuneytisins 13. september sl. í tilefni þess að utanríkisráðherra hafði þann dag mælt fyrir þingsályktunartillögu um fullgildingu samningsins segir m.a.:

*„Ég trúi því að fullgilding sé vendipunktur í mikilvægri réttindabaráttu. Hún verði til þess að Alþingi flýti nauðsynlegum breytingum á íslenskri löggjöf, svo fatlað fólk fái notið fullra mannréttinda og frelsis til jafns við aðra,“ sagði utanríkisráðherra.*

Við fullgildingu verður hægt að ýta úr vör verkefnum tengdum vitundarvakningu, þjálfun og fræðslu. Þá kveður eftirlitskerfi samningsins á um skýrslugjöf til nefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna en það er mikilvægur spegill á störf stjórnvalda og vettvangur fyrir réttindabaráttu fatlaðs fólks. Við fullgildingu samningsins virkjast þetta eftirlitskerfi. Loks er það viðvarandi verkefni stjórnvalda að þróa og útfæra réttindin sem samningurinn kveður á um, óháð einstaka lagabreytingum.<sup>2</sup> (Undirstr. LÞ)

Í frétt sem birtist á heimasíðu innanríkisráðuneytisins 14. september sl. var greint frá því að innanríkisráðherra hefði kynnt stöðu fullgildingar samningsins á ríkisstjórnarfundum. Í fréttinni sagði m.a.:

Óumdeilt er að fullgilding samningsins mun marka mikilvægan áfanga í réttindabaráttu fatlaðs fólks. Þá er stór hluti þeirra skyldna sem lagðar eru á ríki samkvæmt samningnum í formi aðgerða sem ekki eru háðar lagabreytingum. Má þar nefna vitundarvakningu, þjálfun og fræðslu. Við fullgildingu verður hægt að hefja fjölda verkefna á þeim sviðum sem annars munu bíða. Þá kveður eftirlitskerfi samningsins á um starfsemi nefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna og skýrslugjöf til hennar um framkvæmd samningsins sem er mikilvægur spegill á störf stjórnvalda og mikilvægur vettvangur fyrir réttindabaráttu fatlaðs fólks. Við fullgildingu samningsins virkjast þetta eftirlitskerfi. Loks er það viðvarandi verkefni stjórnvalda að þróa og

<sup>1</sup> Ekki verður séð að í fjárlagafrumvarpinu sé gert ráð fyrir kostnaði sem fylgir því að hrinda þeirri ályktun Alþingis í framkvæmd.

<sup>2</sup> <https://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/maelt-fyrir-fullgildingu-samnings-um-rettindi-fatlads-folks>



Útfæra réttindin sem samningurinn kveður á um, óháð einstaka lagabreytingum.<sup>3</sup> (Undirstr. LP)

Í frétt sem birtist á heimasíðu utanríkisráðuneytisins 20. september sl. var greint frá því að Alþingi hefði þann dag samþykkt samhljóða þingsályktunartillögu utanríkisráðherra um fullgildingu samningsins. Í fréttinni segir m.a.:

„Þetta er mikill áfangi í réttindabaráttu fatlaðs fólks. Ég er þess fullviss að þessi samþykkt hvetur okkur enn frekar til góðra verka og til þess að ýta á breytingar á íslenskri löggjöf, svo fatlað fólk njóti fullra mannréttinda,“ saðði utanríkisráðherra. Við fullgildingu verður hægt að hefja verkefni tengd vitundarvakningu, þjálfun og fræðslu. Þá kveður eftirlitskerfi samningsins á um skýrslugjöf til nefndar á vegum Sameinuðu þjóðanna en það er mikilvægur spegill á störf stjórnvalda og vettvangur fyrir réttindabaráttu fatlaðs fólks. Við fullgildingu samningsins virkjast þetta eftirlitskerfi. Loks er það viðvarandi verkefni stjórnvalda að þróa og útfæra réttindin sem samningurinn kveður á um, óháð einstaka lagabreytingum.<sup>4</sup> (Undirstr. LP)

Í 4. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks<sup>5</sup>, sem ber yfirskriftina **Almennar skuldbindingar**, er kveðið á um ýmsar mikilvægar skyldur sem ríki sem fullgilda samninginn hafa til að gera margvíslegar ráðstafanir til að tryggja verði að fatlað fólk fái öll þau réttindi og alla þá vernd sem samningurinn mælir fyrir um.<sup>6</sup>

<sup>3</sup> <https://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/thingsalyktunartillaga-um-fullgildingu-samnings-sth-um-rettindi-fatlads-folks-logd-fyrir-althingi>

<sup>4</sup> <https://www.utanrikisraduneyti.is/frettir/fullgilding-samnings-sth-um-rettindi-fatlads-folks-samthykkt-samhljoda-a-althingi>

<sup>5</sup> <https://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2013/CRPD-islensk-thyding---lokaskjal.pdf>

<sup>6</sup> Greinin hljóðar svo:

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og grundvallarfrælsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar. Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:
  - a) að samþykkja öll viðeigandi lagaákvæði og ráðstafanir á sviði stjórnáslu og aðrar ráðstafanir til þess að innleiða þau réttindi, sem eru viðurkennd með samningi þessum,
  - b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar með talið á sviði lagasetningar, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin,
  - c) að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanir,
  - d) að láta hjá líða að aðhafast nokkuð það sem fer í bága við samning þennan og sjá til þess að opinber yfirvöld og stofnanir vinni í samræmi við ákvæði hans,
  - e) að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að útrýma mismunun vegna fötlunar af hálfu einstaklings, stofnunar eða einkaaðila,
  - f) að framkvæma eða efla rannsóknir og þróun á vörum, þjónustu, tækjum og aðstöðu með algildri hönnun skv.
2. gr. samnings þessa og breyta þarf sem allra minnst og með sem minnstum tilkostnaði til þess að mæta sérþörfum fatlaðs fólks, að auka framboð á þeim og notkun og ýta undir algilda hönnun þegar móta á staðla og leiðbeiningar,
  - g) að framkvæma eða efla rannsóknir og þróun á nýrri tækni, og sjá til þess að hún sé tiltæk og notuð, þar með talið upplýsinga- og samskiptatækni og hjálpartæki, sem henta fötluðu fólki, með áherslu á tækni á viðráðanlegu verði,
  - h) að láta fötluðu fólki í té aðgengilegar upplýsingar um hjálpartæki, þar með talið nýja tækni, og um annars konar aðstoð, stoðþjónustu og aðstöðu, að auka þekkingu fagfólks og starfsfólks, sem vinna með fötluðu fólki, á þeim réttindum sem eru viðurkennd með samningi þessum til þess að unnt sé að betrumbæta þá aðstoð og þjónustu sem þau réttindi tryggja.
2. Að því er varðar efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi skuldbindur sérhvert aðildarríki sig til þess að gera ráðstafanir, eins og efni þess frekast leyfa og með þátttöku í alþjóðasamstarfi, eftir því sem þörf krefur, í því skyni að fyrrnefnd réttindi verði í einu og öllu virk í áföngum með fyrirvara um þær skuldbindingar samkvæmt samningi þessum sem gilda þegar í stað samkvæmt reglum þjóðaréttar.

Þegar litið er til þeirra skyldna sem íslenska ríkið hefur tekið á sig með fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindii fatlaðs fólks, framangreindra fréttu á heimasíðum innanríkis- og utanríkisráðuneytis og tilvitnaðra orða ráðherra utanríkis- og innanríkismála um verkefni og aðgerðir sem hafin verði til að hrinda ákvæðum samningsins í framkvæmd hlýtur að vekja furðu og vonbrigði að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2017 skuli ekki gert ráð fyrir sérstökum fjárveitingum til þeirra verkefna og aðgerða.

Samkvæmt frumvarpinu virðist hins vegar vera gert ráð fyrir „hagræðingu“ sem nemur 2,9% í málaflökki fatlaðs fólks. Það er augljóslega algjörlega óraunhæft og stangast bersýnilega á við framangreindar skyldur stjórnvalda og yfirlýsingar ráðherra. Þá liggur fyrir að sveitarfélög sem fara lögum samkvæmt með framkvæmd þjónustu við fatlað fólk geta ekki uppfyllt ýmsar skyldur sínar þar að lútandi samkvæmt lögum og samningi Sameinuðu þjóðanna og bera fyrir sig að þau skorti til þess.

Þá vilja Landssamtökin Þroskahjálp sérstaklega benda á eftirfarandi atriði m.t.t. fyrir liggjandi fjárlagafrumvarps fyrir árið 2017.

### **1. Drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks.**

Starfshópur sem félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði hefur gert tillögu til þingsályktunar um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks. Þessi drög eru til kynningar á heimasíðu ráðuneytisins.<sup>7</sup> Þessi framkvæmdaáætlun hefur ekki verið kostnaðargreind að fullu en gera má ráð fyrir því að umtalsvert meiri fjármuni þurfi til að koma henni í framkvæmd en ráð er fyrir gert í fjárlögum.

### **2. Sjálfstæð mannréttindastofnun.**

Í frétt á heimasíðu innanríkisráðuneytisins sem birtist 8. júlí sl. kemur fram að ráðuneytið hafi unnið drög að lagafrumvarpi um sjálfstæða mannréttindastofnun og eru þau birt með fréttinni á heimasíðunni til umsagnar.<sup>8</sup> Í fréttinni segir að frumvarpið feli í sér að stofnuð verði sjálfstæð og þjóðbundin mannréttindastofnun sem starfi á vegum Alþingis (e. National Human Rights Institution) og að meginhlutverk hennar yrði að efla og vernda mannréttindi hér á landi eins og þau eru skilgreind í stjórnarskrá, lögum, alþjóðasamningum og öðrum alþjóðlegum skuldbindingum.

Þá segir í fréttinni að í frumvarpinu sé „kveðið á um að komið verði á fót stofnun sem uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru í Parísarviðmiðunum frá árinu 1993. Frumvarpið er mikilvægur liður

---

3. Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu við að innleiða samning þennan og vinna að því að taka ákvarðanir um stöðu fatlaðs fólks skulu þau hafa náð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar með talið fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

4. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á ákvæði sem stuðla frekar að því að réttindi fatlaðs fólks verði að veruleika og lög aðildarríkis eða reglur þjóðaréttar, sem gilda gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki, kunna að innihalda. Eigi skal takmarka eða víkja frá nokkrum mannréttindum og grundvallarfrelsi, sem eru viðurkennd eða gilda í aðildarríki að samningi þessum samkvæmt lögum, samningum, reglum eða venju, undir því yfirskeyni að slík réttindi eða frelsi sé ekki viðurkennt eða viðurkennt í minna mæli samkvæmt samningi þessum.

<sup>7</sup> <https://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/drog-ad-tillogu-til-thingsalyktunar-um-stefnu-og-framkvaemdaaetlun-i-malefnum-fatlads-folks-til-umsagnar>

<sup>8</sup> <https://www.innanrikisraduneyti.is/frettir/frumvarp-um-sjalfstaeda-mannrettindastofnun>

Í því að stjórnvöld geti fullgilt samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.“  
(Undirstr. LP)

Ekki verður séð að í fjárlagafrumvarpinu sé gert ráð fyrir fé til að uppfylla þá skyldu sem íslenska ríkið hefur með fullgildingum samnings SP um réttindi fatlaðs fólks tekið á sig til að setja á fót sjálfstæða mannréttindastofnun, eins og réttilega segir í tilvitnaðri frétt á heimasíðu innanríkisráðuneytisins. Alþjóðlegir eftirlitsaðilar með mannréttindum hafa oft gert gert athugasemdir við að ekki sé til sjálfstæð mannréttindastofnun á Íslandi og hafa ítrekað og eindregið hvatt íslensk stjórnvöld til að bæta úr því. Það gerði m.a. mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins þegar hann heimsótti Ísland sl. sumar.<sup>9</sup>

### **3. Endurskoðun laga um málefni fatlaðs fólks og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.**

Félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði starfshóp til þess að endurskoða lög um málefni fatlaðs fólks og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. „Tilfni endurskoðunarinnar er meðal annars innleiðing samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks“, eins og segir í frétt á heimasíðu velferðarráðuneytisins þar sem drög að frumvörpum að lögum laga um þjónustu við fatlað fólk með sérstakar þjónustubarfir og um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga voru kynnt í júlí sl.<sup>10</sup> Breytingar á íslenskri löggjöf sem gert er ráð fyrir í frumvörpunum eru því að mati félags- og húsnæðismálaráðuneytis m.a. nauðsynlegar til að standa við skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem hefur nú verið fullgiltur.

Ekki verður séð að í fjárlagafrumvarpinu sé gert ráð fyrir nauðsynlegu fé til að hrinda þeim til ákvæðum í framkvæmd sem mælt er fyrir um í frumvarpsdrögunum og íslenska ríkinu er skylt að setja í lög og framfylgja samkvæmt samningi SP.

### **4. Sérfræðiþjónusta fyrir fullorðið fólk (18 ára og eldri) með þroskahömlun, einhverfu og hreyfihömlun.**

Ekki verður séð að í fjárlögafrumvarpinu sé gert ráð fyrir fé til að koma á fullnægjandi sérfræðiþjónustu fyrir fullorðið fólk (18 ára og eldri) með þroskahömlun, einhverfu og hreyfihömlun. Nú veitir Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins (GRR) þessa þjónustu fyrir börn en brýn þörf er á þessari sérfræðiþjónustu fyrir fullorðið fólk. Það má gera hvort heldur sem er með því að útvíkka starfsemi GRR eða með því að stofna sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu sem fengi m.a. það hlutverk að sjá fyrir þessari þjónustu. Rétt er í þessu sambandi að benda á að nú þegar starfa stofnanir sem veita fólki (bæði börnum og fullorðnum) sérfræðiþjónustu vegna heyrnarskerðinga og vegna sjónskerðinga og er því augljóslega verið að mismuna fólki eftir því hvers konar fötlun um er að ræða.

### **5. Samskiptamiðstöð heyrnarlausra.**

Ekki verður séð í fjárlagafrumvarpinu að gert sé ráð fyrir auknu fé til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra sem hefur það hlutverk að sjá fólki sem á þarf að halda fyrri táknmálstúlkun. Í því sambandi er nauðsynlegt að líta til þess að íslenskt táknmál hefur verið viðurkennt með lögum og mælt fyrir um það að stjórnvöld skuli „hlúa að því og styðja“, sbr. 3. gr. laga nr.

<sup>9</sup> <http://www.ruv.is/frett/islendingar-efitirbatar-i-mannrettindamalum>

<sup>10</sup> <https://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/frumvarpsdrog-wardandi-malefni-fatlads-folks-og-felagsthjonusta-sveitarfelaga-til-umsagnar>

61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls og að samningur Sameinuðu þjóðaanna hefur verið fullgiltur. Í 9. gr. samningsins sem ber fyrirsögnina **Aðgengi** er lögð mikil áhersla á að tryggja fötluðu fólki möguleika til virkrar þátttöku í samfélaginu og samskipta við annað fólk og til aðgangs að upplýsingum og skyldur ríkja til að gera ýmsar raðstafanir í því skyni.<sup>11</sup> Tákn málstúlkun er augljóslega afar mikilvægur þáttur í því.

## 6. Greiðsluþátttaka sjúkartryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

Samtökin vísa á umsögn sína til velferðarráðuneytis frá 19. desember sl. um drög að reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkartryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Samtökin telja nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á þeim reglum til að tryggt verði að fatlað fólk sem vegna fötlunar sinnar hefur oft mikla þörf fyrir heilbrigðisþjónustu en takmarkaða möguleika til að afla sér atvinnutekna og þarf því að láta örorkubætur duga fyrir öllum útgjöldum sínum, verði ekki mismunað alvarlega hvað varðar aðgang að heilbrigðisþjónustu. Slík mismunun er mjög alvarlegt mannréttindabrot í skilningi samnings Sameinuðu þjóðaanna um réttindi fatlaðs fólks og margra annarra fjölþjóðlegra mannréttindasamninga sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að virða og framfylgja.

Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um drög að reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkartryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu má nálgast á þessum hlekk:

<http://www.throskahjalp.is/is/alit-og-umsagnir/umsogn-landssamtakanna-throskahjalpar-um-drog-ad-reglugerd-um-greidsluthattoku-sjukartryggdra-i-kostnadi-vegna-heilbrigdisthjonustu>

---

<sup>11</sup> Greinin hljóðar svo:

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt á öllum sviðum lífsins, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötluðu fólki aðgang til jafns við aðra að hinu efnislega umhverfi, að samgöngum, að upplýsingum og samskiptum, þar með talið upplýsinga- og samskiptatækni og kerfi þar að lútandi, og að annarri aðstöðu og þjónustu sem veitt er almenningi, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Fyrirnefndar ráðstafanir, sem skulu meðal annars felast í því að staðreyna og útrýma hindrunum og tálum sem hefta aðgengi, skulu meðal annars ná til:

- a) bygginga, vega, samgangna og annarrar aðstöðu innan dyra sem utan, þar með talið skóla, íbúðarhúsnæðis, heilbrigðisþjónustu og vinnustaða,
  - b) upplýsinga- og samskiptaþjónustu og annarrar þjónustu, þar með talið rafrænnar þjónustu og neyðarþjónustu.
2. Samningsaðilar skulu og gera viðeigandi ráðstafanir til þess að:
- a) þróa, útbreiða og fylgjast með því að lágmarkskröfur verði innleiddarog leiðbeiningar um aðgengi að aðstöðu og þjónustu, sem veitt er almenningi, séu uppfylltar,
  - b) tryggja að einkaaðilar, sem bjóða fram aðstöðu og þjónustu, sem veitt er almenningi, taki mið af hvers kyns aðgengi fyrir fatlað fólk,
  - c) tryggja fræðslu fyrir hagsmunaaðila um aðgengismál sem varða fatlað fólk,
  - d) tryggja að í byggingum og annarri aðstöðu, sem er almenningi opin, séu skilti með blindralettri og skilti á auðlesnu máli sett fram á þann hátt að þau séu auðlæsileg og auðskiljanleg fötluðu fólki,
  - e) láta í té ýmiss konar beina aðstoð og þjónustu milliliða, þar með talið fylgdarmanna, lesara og faglærðra tákn málstúlka, með það að markmiði að auðvelda aðgengi að byggingum og annarri aðstöðu sem almenningi er opin,
  - f) auka við að fatlað fólk fái notið annars konar viðeigandi aðstoðar og þjónustu sem tryggir því aðgang að upplýsingum,
  - g) auka við aðgang fatlaðs fólks að nýrri upplýsinga- og samskiptatækni og kerfum þar að lútandi, meðal annars Netinu,
  - h) efla hönnun, þróun, framleiðslu og dreifingu aðgengilegrar upplýsinga- og samskiptatækni og kerfa þar að lútandi frá upphafi til þess að slík tækni og kerfi verði aðgengileg með sem minnstum tilkostnaði.

Reykjavík, 20. desember 2016.

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri.

---

Til fjárlaganefndar Alþingis / nefndarsvið Alþingis  
Umsögn um þingmál  
Frá Læknaráði Landspítala  
Varðandi: Fjárlög 2017  
1. mál á 146. löggjafarþingi  
Stjórnarfrumvarp. Fjármála- og efnahagsráðherra

## Ályktun stjórnar læknaráðs Landspítala um frumvarp til fjárlaga 2017

---

Læknaráð Landspítala lýsir yfir þungum áhyggjum af ófullnægjandi ríkisframlagi til Landspítalans í frumvarpi til fjárlaga 2017 og telur að það geti haft alvarlegar afleiðingar fyrir starfsemi og faglega stöðu heilbrigðisþjónustu í landinu. Stjórn læknaráðs telur að Alþingi Íslendinga verði að bregðast við og minnir á að Alþingi ber fulla ábyrgð á þeirri þjónustu sem hægt er að veita og sú þjónusta - gæði hennar og afköst mótast af fjárframlögum til starfseminnar.

Samþykkt af stjórn læknaráðs Landspítala 15. desember 2016

f.h. stjórnar

Reynir Arngrímsson, formaður

### Greinargerð:

Vöxtur í starfsemi Landspítala heldur áfram eins og við er að búast miðað við fjölgun landsmanna (5,4% frá 2008), öldrun þjóðarinnar (26,5% fjölgun 67 ára og eldri), aukna byrði langvinnra sjúkdóma og fjölgun ferðamanna. Útgjaldarammi Landspítalans í fjárlagafrumvarpinu er ekki í takt við þessa þróun og er ófullnægjandi fyrir komandi ár. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2017 er aðeins gert ráð fyrir 690 m.kr. nettó hækkun rekstrarframlags til spítalans, að teknu tilliti til hagræðingarkröfu og launa- og verðlagsbóta. Af þessum 690 m.kr. eru 210 m.kr. ætluð í ný verkefni. Einnig eru lagðar 510 m.kr. í kaup á nýjum línuhraðli til meðferðar á krabbameini.

Við nánari samanburð kemur í ljós að á föstu verðlagi er framlag til reksturs fyrir árið 2017 sambærilegt við árið 2005 en er 2.800 m.kr. lægra en árið 2008. Þetta telur læknaráð Landspítala óásættanlegt og ógn við það hlutverk sem sjúkrahúsinu er ætlað að gegna. Uppsöfnuð viðbótarfjárförf Landspítalans 2017 er metin tæpir 12 milljarðar króna miðað við fjárlög 2016 og alls 66 milljarðar króna á næstu 5 árum. Án slíkrar innspýtingar í rekstur spítalans er hætta á ófullnægjandi framþróun í heilbrigðisþjónustu í landinu, auk þess sem núverandi frumvarp kallar á samdrátt og skerðingu þjónustunnar, er ógn við öryggi sjúklinga og heilbrigðiskerfi landsmanna til lengri og skemmri tíma.



Stjórn læknaáðs Landspítala telur að núverandi frumvarp til fjárlaga 2017 sé í fullkominni andstöðu við yfirlýsingu forsætisráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og heilbrigðisráðherra sem undirrituð var í tengslum við gerð kjarasamnings lækna þann 8. janúar 2015, en þar segir:

- "Heilbrigðiskerfið búi við sambærilegan ramma hvað varðar fjármuni og fjölda starfsmanna og önnur Norðurlönd".

Útgjöld til heilbrigðismála á Íslandi eru 8,8% af VLF en 9,6-11,1% á hinum Norðurlöndunum. Auk þess eru fjárfestingar í viðhaldi og endurnýjun innviða heilbrigðiskerfisins í neðsta sæti OECD landa. Þá lýsir læknaáð Landspítala yfir þungum áhyggjum vegna viljaleysis stjórnvalda til samráðs við lækna eins og fyrirheit voru gefin í yfirlýsingunni en þar segir:

- "Ráðist verði í átak í tengslum við stefnu stjórnvalda um betri heilbrigðisþjónustu með virkum stuðningi lækna og öflugri þátttöku þeirra í stefnumótun sem byggir á bættri starfsaðstöðu og betri nýtingu fjármuna".

Skýrsla McKinsey fyrir fjárlaganefnd og Velferðarráðuneytið sýnir að kostnaður við hvern legudag á Landspítala er 52% ódýrari en á Norrænum samanburðarsjúkrahúsum. Þá er framleiðni lækna og hjúkrunarfræðinga langt umfram það sem þar sést. Þannig eru innlagnir sjúklinga á hvert stöðugildi lækna allt að 59% fleiri en í Svíþjóð og á hvert stöðugildi hjúkrunarfræðings 75% fleiri. Heimsóknir á lækna stöðugildi er allt að 95% fleiri. Meðal legurúmanýting á Landspítala er 95% sem er 10-15% umfram það sem mælt er með á slíkum stofnunum og hefur aukist um 1% á milli ára. Nýting ríkisframlags til Landspítala er því með því allra besta sem þekkist, borið saman við önnur Norræn sjúkrahús í skýrslunni.

Lykiltölur í starfsemi Landspítalans í október 2016:	Fjöldi 2016	Breyting milli ára 2015-16 (fjöldi)	Breyting milli ára (%)
Komur á göngudeildir	190.741	+6.201	+3,4%
Fjöldi lega, sérgreinar	22.130	+1.068	+5.1%
Legudagar	190.189	+4.095	+2,2%
Komur á bráðamóttökur	86.524	+2.768	+3,3%
Komur á dagdeildir	73.060	+7.201	+10,9%
Skurðaðgerðir	16.957	+2.475	+17,1%
Rannsóknir	1.874.701	+324.744	+21,0%
Skráð öryggisatvik sjúklinga	5.188	+2.306	80,1%

**Fjárlaganefnd**

Skrifstofa Alþingis

101 Reykjavík

13. desember 2017

**Erindi: Fjárförf og framlög til Markaðsstofa landshlutanna**

Markaðsstofur landshlutanna vilja með þessu bréfi fylgja eftir erindum þar sem óskað var eftir hækkun á framlagi til markaðsstofanna.

- Erindi sent atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu þann 25. nóvember 2015
- Erindi sent ráðherra ferðamála þann 16. Júní 2016

Hækkun framlags sem í dag er 7,4 millj. kr. á ári til hvefarr Markaðsstofu er nauðsynlegt til að bregðast þörf fyrir marksvissa vinnu í landshlutunum með það að markmiði að byggja undir dreifingu ferðamanna og þannig uppbyggingu atvinnulífs um Allt Ísland – Allt árið.

Undanfarið hafa Markaðsstofur landshlutanna (MAS) unnið stefnumótun fyrir samstarf sitt, unnið að kostnaðargreiningu bæði á starfseminni sem og mögulegri aðkomu að áhersluverkefnum Vegvísis í ferðaþjónustu. Niðurstaða stefnumótunar MAS er eftirfarandi:

- Markaðsstofur landshlutanna eru vettvangur þekkingar og yfirsýnar fyrir ferðaþjónustuna á svæðunum, farvegur samstarfs til framkvæmda og öflugur bakhjarl í markaðsstarfi í landshlutunum
- Markaðsstofur landshlutanna stuðla að aukinni samhæfingu og stuðningi til að efla ferðaþjónustu og auka atvinnutækifæri
- Markaðsstofur landshlutanna eru fyrsti snertiflögur innan landshlutans í ferðaþjónustu
- Markaðsstofur landshlutanna eru leiðandi afl í markaðssetningu og þróun ferðaþjónustu í hverjum landshluta og stuðla að skilvirku innra samstarfi
- Markaðsstofur landshlutanna eru drifkraftur þróunar ferðamála og samstarfsvettvangur í samræmi við sameiginlega sýn og stefnu á starfssvæðum

Til þess að geta sinnt þessum mikilvægu hlutverkum innan landshlutanna ásamt þeim verkefnum sem sveitarfélögin og hið opinbera úthluta markaðsstofunum þarf að tryggja grunnrekstur þeirra.

Því hafa Markaðsstofurnar hafa tekið saman í meðfylgjandi töflu kostnað við grunnrekstur einnar meðal markaðsstofu fyrir landshluta sem dæmi:

<b>Kostnaðaráætlun – grunnrekstur Markaðsstofu á ári</b>			
<b>Kostnaðarþáttur</b>	<b>Fjöldi</b>	<b>Upphæð</b>	<b>Samtals</b>
Starfsmenn	2	11.000.000 ISK	22.000.000 ISK
Rekstrar- og stjórnunarkostnaður	1	8.400.000 ISK	8.400.000 ISK
Funda- og ferðakostnaður	1	3.000.000 ISK	3.000.000 ISK
Markaðsvinna innan svæðis	1	2.500.000 ISK	2.500.000 ISK
Markaðsvinna innanlands og utan	1	8.000.000 ISK	8.000.000 ISK
Ferðasýningar og kynnisferðir	1	6.000.000 ISK	6.000.000 ISK
Ýmis kostnaður	1	1.000.000 ISK	1.000.000 ISK

**Samtals:**

**50.900.000 ISK**

Gengið er út frá að hver markaðsstofa þurfi að minnsta kosti tvo fasta starfsmenn, en í dag eru sumar þeirra með fleiri starfsmenn en aðrar einungis einn starfsmann. Með auknum verkefnum sem falin hafa verið markaðsstofum landshlutanna er ljóst að þær verða að bæta við sig starfsfólki enda hafa þær verið mjög undirmannaðar.

Eitt helsta hlutverk markaðsstofanna er að vekja athygli á landshlutunum og áfangastöðum innan hans auk þess að styðja við uppbyggingu ferðaþjónustu í landshlutunum. Ljóst er að aukning ferðamanna á landsbyggðinni hefur ekki verið sambærileg við höfuðborgarsvæðið, en með því að styðja betur við Markaðsstofur landshlutanna er tekið mikilvægt skref til þess að ýta undir frekari dreifingu ferðamanna, sem er eitt af megin verkefnum Vegvísis í ferðaþjónustu.

Markaðsstofur landshlutanna eru sex talsins, á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi, Austurlandi, Reykjanesi og á Suðurlandi. Markaðsstofurnar starfa í samvinnu við fyrirtæki í greininni, ferðamála-samtök, atvinnuþróunarfélög, sveitarfélög, upplýsingamiðstöðvar ofl. Að baki Markaðsstofa landshlutanna eru 780 fyrirtæki og stofnanir með samstarfssamninga við markaðsstofurnar og 65 sveitarfélög.

**Markaðsstofur landshlutanna eru ólíkar í uppsetningu þó þær starfi með sambærilegum hætti og að sömu markmiðum. Árlegt framlag ríkis til hvernar markaðsstofu er 7,6 mkr., þar af koma 4 mkr. beint af fjárlögum en 3,6 mkr. frá hinu opinbera í gegnum Ferðamálastofu Íslands. Engir fjármunir koma til markaðsstofanna frá hinu opinbera í gegnum aðrar samstarfsstofnanir eins og staðan er í dag.**

Meðfylgjandi er stutt samantekt um hverja markaðsstofu.

Markaðsstofa Vestfjarða	
Rekstrarfyrirkomulag	Hluti af landshlutasamtökum sveitarfélaganna
Fjöldi sveitarfélaga	9
Framlag sveitarfélaga	6.800.000 kr.
Fjöldi íbúa	6.883
Fjöldi aðildarfyrirtækja	55
Stærð svæðis (ferkílómetrar)	Um 9.000 km <sup>2</sup>
Lengd svæðis (akstursfjarlægðir)	444 km að vetri (Ísafjörður-Patreksfjörður)
Fjöldi þéttbýliskjarna	15
Framlag aðildarfyrirtækja	1.500.000 kr.

Markaðsstofa Vestfjarða (MV) sameinaðist landshlutasamtökunum Fjórðungssambandi Vestfirðinga (FV) í upphafi árs 2013 og starfar í dag sem sérstök deild þar innan. Stjórn Markaðsstofu Vestfjarða er sú sama og stjórn FV en jafnframt hefur MV ráðgjafaráð en FV skipar tvö aðila í ráðið en þrír aðilar koma úr stjórn Ferðamálasamtaka Vestfjarða.

<b>Markaðsstofa Vesturlands</b>	
Rekstrarfyrirkomulag	Hluti af landshlutasamtökum sveitarfélaganna
Fjöldi sveitarfélaga	10
Framlag sveitarfélaga	8.700.00 kr.
Fjöldi íbúa	15.500
Fjöldi aðildarfyrirtækja	150
Stærð svæðis (ferkílómetrar)	9.555 km <sup>2</sup>
Lengd svæðis (akstursfjarlægðir)	200 km
Fjöldi þéttbýliskjarna	18
Framlag aðildarfyrirtækja	6.000.000 kr.

Markaðsstofa Vesturlands er í eigu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi og er stjórn SSV jafnframt stjórn Markaðsstofunnar. En nú er unnið að því að koma upp fagráði sem skipað yrði hagsmunaaðilum ferðapjónustunnar.

<b>Markaðsstofa Suðurlands</b>	
Rekstrarfyrirkomulag	Sjálfsseignarstofnun
Fjöldi sveitarfélaga	14 af 15 á Suðurlandi
Framlag sveitarfélaga	8.508.699 kr.
Fjöldi íbúa	26.982
Fjöldi aðildarfyrirtækja	181
Stærð svæðis (ferkílómetrar)	30.968 km <sup>2</sup>
Lengd svæðis (akstursfjarlægðir)	429 km (frá Þorlákshöfn til Hafnar)
Fjöldi þéttbýliskjarna	18
Framlag aðildarfyrirtækja	13.385.321 kr.

Markaðsstofa Suðurlands (MSS) er sjálfsseignarstofnun í eigu eftirfarandi aðila; Ferðamálasamtök Suðurlands (33,34%), Atvinnuþróunarfélag Suðurlands (33,34%), Markaðsstofa Suðurlands (16,66%) og Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu (16,66%). Eigendur MSS skipa í stjórn sex aðila. Þá sinnir Markaðsstofa Suðurlands hluta af ráðgjafapjónustu Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga SASS á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menntamála ásamt því að aðstoða við gerð umsókna í Uppbyggingasjóð Suðurlands.

<b>Markaðsstofa Norðurlands</b>	
Rekstrarfyrirkomulag	Sjálfseignarstofnun
Fjöldi sveitarfélaga	19
Framlag sveitarfélaga	16.943.000 kr.
Fjöldi íbúa	36.530
Fjöldi aðildarfyrirtækja	194
Stærð svæðis (ferkílómetrar)	35.785 km <sup>2</sup>
Lengd svæðis (akstursfjarlægðir)	496 km (Borðeyri – Bakkafjörður)
Fjöldi þéttbýliskjarna	28
Framlag aðildarfyrirtækja	9.985.750 kr.

Markaðsstofa Norðurlands er sjálfseignarstofnun með fimm manna stjórn ferðapjónustufyrirtækja sem kosin er af samstarfsfyrirtækjum, auk tveggja varamanna. Áhersla er á að starfið sé leitt af ferðapjónustunni og því geta aðeins samstarfsfyrirtæki boðið sig fram til stjórnarsetu, ekki sveitarfélög.

<b>Markaðsstofa Reykjaness</b>	
Rekstrarfyrirkomulag	Hluti af landshlutasamtökum sveitarfélaganna
Fjöldi sveitarfélaga	5
Framlag sveitarfélaga	7.000.000 kr.
Fjöldi íbúa	22.509
Fjöldi aðildarfyrirtækja	70
Stærð svæðis (ferkílómetrar)	829 km <sup>2</sup>
Lengd svæðis (akstursfjarlægðir)	86 km (Frá Garðskagaviti-Kleifarvatn)
Fjöldi þéttbýliskjarna	6
Framlag aðildarfyrirtækja	1.500.000 kr.

Stjórn landshlutasamtaka sveitarfélaga á Reykjanesi, Heklan, er einnig stjórn Markaðsstofu Reykjaness. Í stjórn Heklunnar situr fulltrúi frá Ferðamálasamtökum Reykjaness, en einnig er unnið að því að setja upp fagráð fyrir Markaðsstofuna en þar myndu sitja aðilar sem yrðu kosnir af aðilum markaðsstofunnar.

<b>Austurbrú</b>	
Rekstrarfyrirkomulag	Sjálfseignarstofnun
Fjöldi sveitarfélaga	8
Framlag sveitarfélaga	6.700.000
Fjöldi íbúa	10.281
Fjöldi aðildarfyrirtækja	62
Stærð svæðis (ferkílómetrar)	15.606 km <sup>2</sup>
Lengd svæðis (akstursfjarlægðir)	287 (Djúpivogur – Vopnafjörður)
Fjöldi þéttbýliskjarna	13
Framlag aðildarfyrirtækja	3.640.386

Austurbrú er sjálfseignarstofnun með fimm manna stjórn. Stjórn er skipuð af starfsháttanefnd stofnunarinnar eftir tilnefningar frá þeim 32 stofnaðilum sem standa að baki stofnuninni. Stofnaðilar samanstanda sveitarfélögum, framhalds-, háskóla- og rannsóknastofnunum, samstarfsstofnunum á sviði atvinnuþróunar-, markaðs- og ferðamála sem og grasrótarsamtökum. Öll aðildarfyrirtæki Austurbrúar eru skráðir hagsmunaaðilar stofnunarinnar. Fagrað eru sett á fót í kringum verkefni eftir þörfum.

### **Aðkoma Markaðsstofa landshlutanna að verkefnum Vegvísis**

Mörg af helstu áhersluverkefnum Vegvísis í ferðapjónustu tengjast beint landshlutunum og því ljóst að þeir sem munu koma að þeirri vinnu verða að hafa mikla þekkingu á stöðu ferðamála í landshlutanum. Markaðsstofurnar hafa yfirgripsmiklu þekkingu á svæðinu og því liggi í augum uppi að þær verði að tengjast vinnu Stjórnstöðvar í þeim stóru verkefnum sem bíða.

Eitt stærsta verkefnið sem er fyrirliggjandi er vinna við stefnumótandi stjórnunaráætlanir (DMP), það verkefni er mjög víðfangsmikið og ljóst að styrkja þyrfti starfsemina heim í héraði ef sú vinna á að fara fram. Markaðsstofur landshlutanna gerðu kostnaðaráætlun vegna þeirra verkefna Vegvísis sem tengjast beint inn á verksvið markaðsstofanna. Veigamesta verkefnið er vinnan við stefnumótandi stjórnunaráætlanir en einnig færi nokkur vinna í verkefni eins og; vinna við mörkun Íslands, val á fyrirmyndastöðum og forgangsroðun áfangastaða ferðamanna til uppbyggingar.



Hér fyrir neðan má sá greiningu á kostnaði markaðsstofa landshlutanna að verkefnum Vegvísi í ferðaþjónustu. Kostnaðurinn er aðallega vegna vinnu við verkefnin en henni verður ekki bætt á nú þegar undirmannaðar markaðsstofur.

Kostnaðaráætlun - verkefni Vegvísis í hverjum landshluta			
Kostnaðarpáttur	Fjöldi	Upphæð	Samtals
<b>Stefnumótandi stjórnaráætlanir (DMP)</b>			
Starfsmenn	1	11.000.000 ISK	11.000.000 ISK
Ráðgjafakostnaður	1	5.500.000 ISK	5.500.000 ISK
Funda- og ferðakostnaður	1	3.000.000 ISK	3.000.000 ISK

**Samtals: 19.500.000 ISK**

Önnur verkefni tengd Vegvísi			
Starfsmenn	0,5	11.000.000 ISK	5.500.000 ISK
Ráðgjafakostnaður	1	2.500.000 ISK	2.500.000 ISK
Funda- og ferðakostnaður	1	1.500.000 ISK	1.500.000 ISK
<b>Samtals:</b>			<b>9.500.000 ISK</b>

Markaðsstofurnar eiga erfitt með að fara í þá nauðsynlegu og krefjandi vinnu sem framundan er ef ekki kemur til hækkun framlaga. Markaðsstofur landshlutanna fara því á leit við fjárlaganefnd Alþingis að framlög til markaðsstofanna verði endurskoðuð fyrir árið 2017 og þau hækkuð til samræmis við ábyrgð og hlutverk þessara mikilvægu stofnanna.

Fyrir hönd markaðsstofa landshlutanna,

*Kristján Guðmundsson*, forstöðumaður  
Markaðsstofa Vesturlands

*Arnheiður Jóhannsdóttir*, framkvæmdastjóri  
Markaðsstofa Norðurlands

*Díana Jóhannsdóttir*, forstöðumaður  
Markaðsstofa Vestfjarða

*Dagný Jóhannsdóttir*, framkvæmdastjóri  
Markaðsstofa Suðurlands

*Jóna Árný Þórðardóttir*, framkvæmdastjóri  
Austurbrú

*Þuríður H. Aradóttir Braun*, forstöðumaður  
Markaðsstofa Reykjaness

Fjárlaganefnd  
b/t Haraldar Benediktssonar  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

21. desember 2016

## Efni: Ósk um leiðréttingu á stuðningi við neytendavernd

Samkvæmt þjónustusamningum sem Neytendasamtökin hafa gert við innanríkis- og velferðarráðuneytið fá samtökin 12 milljón króna fjárveitingu árið 2017. Skipta má þjónustusamningunum sem um ræðir í tvo hluta. Annars vegar er um að ræða þjónustusamning NS og innanríkisráðuneytisins sem tekur til þjónustu við neytendur og hins vegar er samningur NS og velferðarráðuneytisins sem snýr að aðstoð við leigjendur.

Neytendaaðstoðin hefur verið starfrækt samkvæmt sérstökum þjónustusamningi við innanríkisráðuneytið um árabíl. Þannig hefur þeim neytendum sem ekki eru félagsmenn hjá samtökunum verið gert kleift að leita til þeirra, þeim að kostnaðarlausu, og njóta ráðleggingar og leiðbeiningarþjónustu. Undanfarin ár hefur sú fjárhæð sem stjórnvöld hafa greitt samhliða samningnum farið lækkandi, þrátt fyrir að þjónustan hafi verið stórbætt og erindum hafa fjölgað gífurlega. Í ár hefur Neytendaaðstoðin svarað um 6000 erindum. Starfsmenn Neytendaaðstoðarinnar eru fimm, þar af eru tveir lögfræðingar og einn laganemi.

Leigjendaaðstoðin hóf göngu sína árið 2011 þegar samtökin gerðu sérstakan þjónustusamning við velferðarráðuneytið og hefur erindum til hennar fjölgað mikið frá ári til árs. Í ár verða erindin um 2.300 talsins og hefur fjölgun erinda verið stöðug á milli ára. Þjónustan er ætluð leigjendum íbúðarhúsnæðis, en eins og gefur að skilja er mikil og vaxandi þörf fyrir þessa þjónustu sökum þess hve erfitt ástandið er á húsnæðismarkaðnum. Í dag er laganemi í 80% starfi við að sinna erindum frá leigjendum en auk þess er lögfræðingur í um það bil 30% starfi fyrir þjónustuna.

Undanfarin ár hefur fjárveiting frá innanríkisráðuneytinu vegna þjónustusamnings um Neytendaaðstoðina farið stíglækkandi. Fjárveiting vegna þjónustusamnings um Leigjendaaðstoð við velferðarráðuneytið hefur fylgt vísitöluhækkunum. Neytendasamtökin telja að komið sé að þolmörkum hvað varðar þessa þjónustu og þær fjárveitingar sem stjórnvöld hafa varið til hennar. Telja samtökin að auka þurfi fjárveitingu hins opinbera vegna þjónustusamnings um Neytendaaðstoðina svo mögulegt verði að bregðast við þeirri miklu fjölgun erinda sem Neytendaaðstoðinni berast á hverju ári.

Einnig reka samtökin Evrópsku Neytendaaðstoðina á Íslandi (ENA) sem gerir m.a. íslenskum neytendum kleift að leita til NS vegna ágreinings við seljendur innan Evrópusambandsins og Noregs, eftir aðstoð. Einnig leita margir erlendir neytendur til ENA vegna viðskipta við seljendur hér á landi og hefur ENA tekið milligöngu fyrir þeirra hönd í fjölda mála. ENA veitir einnig upplýsingar um réttindi neytenda innan EES svæðisins og hefur sú upplýsingaþjónusta reynst mjög þörf og öflug á þessu sviði. Fjöldi erinda til ENA hefur farið stígvaxandi undanfarin ár og aukist jafnt og þétt.

Neytendasamtökin telja óréttlæt看legt hve fjárframlög hins opinbera til neytendamála og neytendaverndar hafa lækkað undanfarin ár. Þá hafa Neytendasamtökin tekið á sig miklar lækkanir á grundvelli þjónustusamnings um Neytendaaðstoð, sem mikilvægt er að leiðrétta. Samtökin hafa greitt með þjónustunni um árabíl og sjá ekki fram á að geta haldið því áfram.

Um er að ræða mikilvæga þjónustu við neytendur sem í mörgum tilfellum treysta á aðstoð frá samtökunum, þegar brotið er á sjálfsögðum rétti þeirra samkvæmt lögum um neytendakaup, lögum um þjónustukaup, lögum um neytendalán o.fl. Eins og málum er nú háttað má segja að Neytendasamtökin niðurgreiði með félagsgjöldum þjónustu sem veitt er til ófélagsbundinna samkvæmt þjónustusamningum við hið opinbera.

Á næstu misserum munu Neytendasamtökin gefa út og þróa snjallsímaforritið „Neytandinn“. Forritið hefur verið í vinnslu að undanfögnu og verður öflugt tæki fyrir neytendur. „Neytandinn“ mun gera neytendum kleift að bera saman verð á dagvöru hér á landi með því einu að taka mynd af strimlinum sem þeir fá frá versluninni. Þannig verður til verðlagseftirlit sem neytendur hafa sjálfir í sínum höndum. Með „Neytandanum“ geta neytendur séð með auðveldum hætti hvar tiltekin vara er ódýrust og jafnvel hvar heilu innkaupakörfumar er ódýrastar. Neytandinn er hugsaður fyrir alla íslenska neytendur. Að undanfögnu hefur verið unnið að prófunum á Neytandanum og hafa þær gengið vonum framár. Appið verður kynnt laust eftir áramót.

Með vísan til þeirrar mikilvægu og raunar ómissandi þjónustu sem Neytendasamtökin veita íslenskum neytendum, annars vegar í gegnum Neytendaaðstoðina og hins vegar með Leigjendaaðstoðinni, óska Neytendasamtökin eftir aukinni fjárveitingu til samtakanna sem mun um leið skila sér til aukinnar neytendaverndar á Íslandi. Það er mat samtakanna að árlega þurfi að auka fjárveitingu um 10.000.000 kr. Eins og neðangreind tafla sýnir er um að ræða 7.500.000 króna aukafjárframlag vegna fyrrgreindra þjónustusamninga. Þá telja samtökin að 2.500.000 krónur þyrftu að koma til vegna snjallsímaforritsins Neytandans. Stjórnvöld hafa á síðustu árum, sér í lagi frá hruni bankakerfisins, litið framhjá neytendamálum hér á landi og gagnert minnkað fjárveitingu til þeirra en nú er kominn tími til að þeirri þróun verði snúið við, samhliða aukinni vitundarvakningu neytenda hér á landi.

Þjónustusamningar (þús. kr.)	2014	2015	2016	2017	2017
	Samningar	Samningar	Samningar	Samningar	Viðbót
<i>Velferðarráðuneytið</i>					
Leigjendaaðstoð.....	3.300	3.400	3.700	3.900	2.300
<i>Innanríkisráðuneytið</i>					
Leiðbeiningarþjónusta.....	3.000	3.000	2.500	2.500	2.000
Kvörtunarþjónusta.....	1.600	1.600	1.200	1.200	2.000
Úrskurðarnefndir.....	300	300	200	200	400
ECC.....	3.500	3.500	4.200	4.200	800
	8.400	8.400	8.100	8.100	5.200
Neytenda - App.....	0	0	0	0	2.500
<b>Samtals</b>	<b>11.700</b>	<b>11.800</b>	<b>11.800</b>	<b>12.000</b>	<b>10.000</b>

Virðingarfyllt

  
Ólafur Arnarson, formaður.



# RÍKISENDURSKOÐUN

Bríetartúni 7, 105 Reykjavík IS-Iceland.

	Dagsetning	Tilvísun
Fjárlaganefnd Alþingis	14. desember 2016	16120034
Haraldur Benediktsson formaður		11.01
Austurstræti 8-10		SA/bb
150 Reykjavík		

## Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2017

Fjárlaganefnd Alþingis hefur óskað eftir að Ríkisendurskoðun veiti umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2017. Tekið skal fram að stofnuninni hefur gefist mjög skammur tími til að vinna umsögnina. Framsetning frumvarpsins er auk þess mjög breytt frá því sem verið hefur. Þar af leiðandi hefur ekki gefist kostur á að kafa mjög djúpt í frumvarpið. Ríkisendurskoðun vill engu að síður vekja athygli á nokkrum atriðum í sambandi við frumvarpið sem rétt er að hafa í huga við afgreiðslu þess.

### Breytt framsetning fjárlaga

Lög um opinber fjármál sem samþykkt voru í árslok 2015 kveða á um gjörbreytta framsetningu fjárlaga frá því sem verið hefur. Lögbundnar fjárheimildir eru núna bundnar við málefnasvið (sem eru 34 talsins) og málaflokka í stað ráðuneyta, stofnana og viðfangsefna (sbr. sundurliðun 2 í frumvarpinu).

Í fylgiriti með frumvarpinu er hins vegar sýnd skipting fjárheimilda hvers málefnasviðs niður á einstakar stofnanir, þ.e. fjárveitingar til stofnana og hvernig þær skiptast í rekstrarframlög, rekstrartilfærslur, fjármagnstilfærslur, fjárfestingaframlög og rekstrartekjur. Athuga ber að þetta er ekki lengur lögbundin skipting heldur geta ráðuneyti breytt skiptingunni innan ársins. Fylgiritið er þannig meira hugsað til upplýsingar fyrir Alþingi og stofnanir ríkisins.

Lög um opinber fjármál kveða á um að í fylgiritinu skuli sýndar fyrirhugaðar fjárveitingar til stofnana til næstu 3ja ára, þ.e. vegna fjárlagaársins og 2ja ára þar á eftir. Gert er ráð fyrir að þetta ákvæði taki ekki gildi fyrr en við fjárlagagerð 2018.

Framsetning á ákvæðum um lántökur, endurlán og ríkisábyrgðir (4. gr.) og heimildum (5. gr.) er óbreytt.

Sérstök umfjöllun um stefnu og horfur í ríkisfjármálum fylgir frumvarpinu ekki lengur í sérstöku hefti heldur er í greinargerð með fjármálaáætluninni.

## Ólík framsetning sumra liða í fjárlögum og ríkisreikningi

Framsetning sumra liða er mismunandi skv. frumvarpi og ríkisreikningi. Frumvarp og fjárlög eru sett fram skv. alþjóðlegum hagskýrslustaðli (GFS) með sama hætti og þjóðhagsreikningar. Ríkisreikningur verður aftur á móti gerður skv. alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IPSAS). Dæmi um þetta er að fjárfestingar að frádregnum afskriftum eru sýnd sem gjöld í frumvarpinu (fastafjárútgjöld), en aðeins afskriftir (fyrningar) eru færðar til gjalda í ríkisreikningi. Annað dæmi er að gengismunur og verðuppfærsla lána eru núna færð á rekstrarreikning skv. reikningshaldi en beint yfir efnahag skv. hagskýrslustaðli. Þarf að taka tillit til þessa við samanburð fjárheimilda og raunútkomu, en í ríkisreikningi ársins verður sýnd tenging á milli niðurstaða reikningsins og fjárstreymisyfirlits fjárlaga. Heildargjöld skv. frumvarpinu eru áætluð 757,1 ma.kr. skv. framsetningu reikningsskila en 743,4 ma.kr. skv. framsetningu þjóðhagsreikninga.

## Tekjuhlíð frumvarpsins

Framsetning tekjuhluta fjárlaga er ekki mjög frábrugðin því sem verið hefur. Áætlanir um tekjur ríkissjóðs byggja á forsendum um efnahagsþróun á komandi ári auk sérstakrar tekjuöflunar sem fram kemur í yfirliti 10 (bls. 515) í frumvarpinu. Þær breytingar sem lög um opinber fjármál leiða af sér snúa fyrst og fremst að reikningshaldlegri framsetningu tekna, bæði hjá stofnunum og ríkissjóði í heild.

Eins og fram kemur í frumvarpinu er reikningshaldsleg framsetning tekjuáætlunar byggð á svonefndum GFS staðli frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þannig verða rekstrartekjur ríkisaðila (sértekjur) færðar í heild hjá ríkinu en ekki dregnar frá gjöldum eins og gert var í fyrri fjárlögum. Þá er gerð sú breyting að afskriftir skattkrafna eru nú dregnar frá tekjuhlíð í stað þess að færast á gjaldahlíð og fjármagnstekjuskattur sem ríkið greiðir mun einnig verða dregin frá heildartekjum. GFS staðallinn gerir ráð fyrir fleiri breytingum, sbr. umfjöllun á bls. 110, en þær koma ekki til framkvæmda að sinni þar sem þær krefjast töluverðs undirbúnings.

Þá er vakin athygli á sérstakri umfjöllun um skattastyrki á bls. 111, en þar er gerð ítarleg grein fyrir mismunandi flokkun þeirra og bókhaldslegri meðferð. Meginreglan skv. GFS er að þessir styrkir eru færðir til lækkunar á tekjum, en útborganlegir skattastyrkir, s.s. barnabætur og vaxtabætur eru færðar á gjaldahlíð sem tilfærslur.

Þá verður umtalsverð breyting á framsetningu tekna í reikningsskilum ríkisstofnana. Markaðar skatttekjur verða ekki lengur færðar í reikningsskil einstakra réttthafa heldur í heild hjá ríkissjóði. Á móti kemur að rekstrartekjur ríkisaðila verða færðar í reikningsskil þeirra en rekstrartekjur ríkisins, sem byggja á lögum um aukatekjur, verða færðar hjá ríkissjóði, sbr. 51. grein.

Vakin skal athygli á því að sú framsetning sem að ofan er lýst kann að verða frábrugðin þeirri framsetningu sem birtist í reikningsskilum ríkisins sem byggja á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum fyrir opinbera aðila (IPSAS), fyrir ríkið í heild og lögum um ársreikninga fyrir einstakar stofnanir.

## Samhengi fjármálaáætlunar og fjárlaga

Lög um opinber fjármál kveða á um að ályktun Alþingis um fjármálaáætlun til minnst 5 ára, sem lögð er fyrir Alþingi eigi síðar en 1. apríl ár hvert, skuli liggja til grundvallar við gerð frumvarps til fjárlaga og fjárhagsáætlana sveitarfélaga fyrir komandi fjárlagaár (5. gr. laganna). Nánar tiltekið er tekið fram að frumvarp til fjárlaga skuli vera í samræmi við markmið fjármálaáætlunar (14. gr.). Mikilvægt er að samræmi sé á milli fjármálaáætlunar og fjárlaga því annars missir áætlunargerð um opinber fjármál marks.

Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að fjárlagafrumvarpið sé grundvallað á fjármálaáætlun fyrir árin 2017-2021 sem lögð var fram af ríkisstjórninni í apríl og samþykkt af Alþingi í ágúst. Að auki hafi verið tekið tillit til fjárhagsáhrifa sem leiða af nýjum og breyttum lögum, sem Alþingi hefur samþykkt og ekki var tekið tillit til í fjármálaáætlun (og rúmast ekki innan hennar), auk beinna skuldbindinga sem stofnað hefur verið til og bókana ríkisstjórnar sem gerðar voru fyrir kosningar til Alþingis (bls. 71 í frumvarpinu). Út frá ákvæðum laga um opinber fjármál er eðlilegt að breyta fjármálaáætluninni áður en útgjöld ríkisins skv. fjárlögum eru aukin umfram það svigrúm sem gildandi áætlun veitir.

Heildarútgjöld á árinu 2017 hafa hækkað um 10 ma.kr. frá því sem áætlað var í fjármálaáætlun sem samþykkt var í ágúst. Rammasett útgjöld málefna sviða hafa aukist um 23,2 ma.kr. eða 3,9% frá fjármálaáætluninni. Nánari sundurliðun á þessu er í athugasemdum með frumvarpinu (bls. 146). Þinglegri meðferð frumvarpsins er ekki lokið en reynslan úr eldri fjárlagagerð var að útgjöld jukust yfirleitt talsvert frá frumvarpi til fjárlaga.

Heildarútgjöld skv. frumvarpinu aukast um 21,2 ma.kr. frá fjárlögum 2016.

Í m.kr.	Fjármála- áætlun	Frumvarp til fjárlaga	Breyting	%
Laun	194,6	186,2	-8,4	-4,3
Kaup á vöru og þjónustu	106,2	107,5	1,3	1,2
Afskriftir	30,9	30,3	-0,6	-2,0
Vaxtagjöld	71,0	80,8	9,8	13,8
Framleiðslustyrkir	32,0	33,7	1,7	5,4
Fjárframlög	239,9	240,1	0,2	0,1
Félagslegar tilfærslur til heimila	18,3	23,6	5,3	29,1
Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög	41,0	39,2	-1,8	-4,3
<b>Rekstrarútgjöld samtals</b>	<b>733,9</b>	<b>741,4</b>	<b>7,5</b>	<b>1,0</b>
Fjárfesting í efnislegum eignum	30,5	32,3	1,8	5,9
Afskriftir	-30,9	-30,3	0,6	-2,0
<b>Fastafjárútgjöld</b>	<b>-0,4</b>	<b>2,0</b>	<b>2,4</b>	<b>-601,8</b>
<b>Gjöld samtals</b>	<b>733,5</b>	<b>743,4</b>	<b>9,9</b>	<b>1,4</b>


Eitt af meginmarkmiðum laga um opinber fjármál var að ná fram aukinni festu og aga í fjármálastjórn ríkisins og rekstri ríkisaðila. Með fjármálaáætlun til fimm ára og fjárlagagerð þar sem þrjú ár eru undir er stefnt að því að allir aðilar fái vitneskju um og öðlist trú á að það

sem þar stendur fái staðist. Ríkisaðilarnir geti því aðlagað rekstur og þjónustu að þeim fjárveitingum sem búið er að samþykka fyrir komandi ár og þeim áformum um umsvif næstu þriggja til fimm ára sem finna má í áætluninni.

Þessi framgangsmáti krefst tölverðs aga af hálfu bæði handhafa fjárveitingavalds og framkvæmdavalds en er um leið ein helsta forsenda þess að lögin ná þeim tilgangi sínum að auka og viðhalda festu og fyrirsjáanleika í fjármálastjórn hins opinbera til lengri tíma. Þá má benda á að lögin ná líka til fjármála sveitarfélaga og því mikilvægt að þessir aðilar séu samtiga í því að fylgja eftir þeirri fjármálaáætlun sem samþykkt er hverju sinni.

Það er ekki hlutverk Ríkisendurskoðunar að fjalla um einstakar fjárveitingar til málefnasviða og málaflokka í fjárlagafrumvarpi. Umsvifin eru mörkuð með samþykkt Alþingis á fjármálaáætlun til fimm ára sem byggist á samþykktri fjármálastefnu til fjögurra ára. Fjármálaáætlunin er síðan endurskoðuð árlega að vori og frumvarp til fjárlaga að því búnu samið á grundvelli hennar. Ríkisendurskoðun getur hins vegar bent á atriði í fjárlagafrumvarpi sem hún telur vera í ósamræmi við fjármálaáætlun og ekki eru rökstudd með skýrum hætti. Vegna þess skamma tíma sem til ráðstöfunar er hefur ekki gefist nægjanlegt ráðrúm til þess að fara yfir frumvarpið hvað þetta varðar.

Rétt er að geta þess að hlutverk svokallað fjármálaráðs, sem starfar skv. 13. gr. laga um opinber fjármál, er að leggja mat á hvort fjármálastefna og fjármálaáætlun fylgi þeim grunngildum og skilyrðum sem tilgreind eru í 6. og 7. gr. laganna. Séu lagðar fram tillögur um breytingar á fjármálastefnunni vegna þess að talið er að grundvallarforsendur hennar séu brostnar skal fjármálaráð sömuleiðis gefa umsögn um tillögurnar og hvort fullgilt tilefni sé til endurskoðunar á gildandi stefnu.





Reykjavík 14. desember 2016

Í dag kom stjórn Sambands garðyrkjubænda saman til fundar í Bændahöllinni við Hagatorg.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt á fundinum:

*„Garðyrkjubændur og samtök þeirra hafa um árabil átt mjög gott og árangursríkt samstarf við forsvarsfólk garðyrkjunáms við Landbúnaðarháskólann að Reykjum í Ölfusi. Á Suðurlandi er garðyrkja öflug atvinnugrein í mörgum sveitarfélögum og þar er staða hennar sterkust á landsvisu. Segja má að vegna styrkleika garðyrkjunnar á svæðinu sé staðsetning garðyrkjunámsins og rannsókna skólans eins og best verður á kosið til að samstarf greinarinnar og skólans verði farsælt. Viða hafa verið byggðir upp sérhæfðir klasar sem talið er að auki styrkleika og slagkraft hvorrar einingar og greinarinnar í heild. Raunhæft er að segja að á Suðurlandi hafi byggst upp klasi í garðyrkju með þátttöku Landbúnaðarháskólans, þjónustufyrirtækja og bænda.*

*Nú er svo komið að húsakostur að Reykjum stendur náminu og þróun þess fyrir þrífum. Stjórn Sambands garðyrkjubænda lýsir þungum áhyggjum yfir þeirri umgjörð sem garðyrkjunámi í landinu er búin. Nauðsynlegt er að bregðast þegar við svo ekki komi til frekari skaða á uppbyggingu náms, rannsókna, og þar með undirstöðu garðyrkjunnar, héraendis. Mikilvægt er að tryggja að ekki verði rof í starfseminni svo áfram megi fá til starfa menntaða garðyrkjubændur og fagfólk sem stundar þjónustu og rannsóknir á þeim vettvangi.*

*Stjórn Sambands garðyrkjubænda beinir því hér með til Alþingismanna og forsvarsmanna skólans að leggjast á árarar svo tryggja megi fjárveitingar sem duga svo áfram megi bjóða vandað nám og rannsóknir í garðyrkju að Reykjum í Ölfusi“.*

Þessu er hér með komið á framfæri.

Með bestu kveðju.

Katrín María Andrésdóttir, framkvæmdastjóri  
\*\*\*\*\*

Samband garðyrkjubænda,  
Bændahöllinni við Hagatorg,



#### **54. Formannafundur Sambands sunnlenskra kvenna (SSK) ályktar að ekki verði lengur unað við ófullnægjandi fjárframlög hins opinbera til Heilbrigðismála á Suðurlandi.**

Fundurinn telur brýna nauðsyn á að skurðstofuþjónusta verði til staðar á HSU allan sólarhringinn til að auka öryggi fæðandi kvenna, sinna slysum og bráðatilfellum. Ekki er hægt að líta svo á að nægjanlegt sé að LSH sinni þessari þjónustu fyrir Suðurland, þar sem að auk áhættu er mjög kostnaðarsamt fyrir skjólstæðinga heilbrigðiskerfisins að sækja þjónustu um langan veg ásamt því að álag á bráðadeildir LSH er með þeim hætti að ekki er á bætandi. Jafnframt er nauðsynlegt að geðheilbrigðisþjónusta verði gerð aðgengileg á svæði HSU sem og önnur þjónusta sérfræðilækna.

Eftirfarandi er tekið úr föstudagspistli Forstjóra HSU frá því í september og lýsir ástandinu í hnotskurn. „Ljóst er að áfram mun verða mjög þröngt um rekstrahorfur í heilbrigðisþjónustu á Suðurlandi. Samhliða vaxandi álagi á starfsfólk, með sívaxandi fjölda verkefna í bráða- og utanspítalaþjónustu á HSU eru fjárframlög til stofnunarinnar enn um 8% undir því sem þau voru að raunvirði fyrir hrun. Enn þarf því HSU að reiða sig á velvilja og framlög velunnara stofnunarinnar. Á fjárlögum ársins 2015 var gert ráð fyrir 7,6 millj. kr. til eignarkaupna hjá HSU í heild sinni sem dugar á engan hátt til að viðhalda nauðsynlegum tækjum til að sinna grunnheilbrigðisþjónustu í svo stóru umdæmi. Til að geta endurnýjað lækningatæki á HSU á þessu ári þarf um 90 millj. kr. og eru þá ótalin kaup á nýjum tækjum“.

Hér með er skorað á Alþingi að auka framlög til stofnunarinnar nægjanlega til þess að Heilbrigðisþjónusta á Suðurlandi standi undir nafni og geti sinnt íbúum, gestum og ferðamönnum á Suðurlandi með fullnægjandi hætti.

Ennfremur beinir 54. Formannafundur SSK þeim tilmælum til allra alþingismanna Suðurlands að þeir fylgi fast eftir kröfum um auknar fjárveitingar til þessarar grunnþjónustu í kjördæminu.

Sent þann 19. desember 2016 fyrir hönd SSK

Elinborg Sigurðardóttir, formaður

## Bókun um fjárlagafrumvarp 2017 frá Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi til fjárlaganefndar Alþingis og þingmanna Norðausturkjördæmis

Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2017 hefur vakið heilmargar spurningar sem gott væri að fá svör við frá fjárlaganefnd Alþingis og þingmönnum kjördæmis. Ljóst er að með tilkomu fjármálastefnu og fjármálaáætlunar fyrir hið opinbera til fimm ára hafa orðið breytingar á vinnu við gerð fjárlagafrumvarpsins. Þegar fjármálastefna og fjármálaáætlun voru lögð fram á Alþingi síðastliðið vor sagði á vef fjármálaráðuneytisins að þær fælu í sér að hægt yrði á næstu árum að búa enn frekar í haginn fyrir komandi kynslóðir með því að greiða niður opinberar skuldir, draga úr álögum á fólk með lægri og sanngjarnari sköttum, byggja upp samfélagslega innviði og treysta til muna grunnþjónustu ríkisins með hækkun bóta, eflingu heilbrigðiskerfisins og auknum gæðum menntunar.

Sömuleiðis kom fram á árinu 2017 væri gert ráð fyrir 26,5 milljarða króna jákvæðum heildarjöfnuði ríkissjóðs og vegna þessara umskipta yrði unnt að auka svigrúm fyrir áherslumál á málasviðum ráðuneytanna. Meðal þeirra verkefna sem tilgreind voru að myndu rúmast innan tímabilsins voru heilbrigðismál, framhaldsskólarnir og uppbygging innviða á ferðamannastöðum. Á liðnu vori samþykktu allir þingmenn sömuleiðis, vonum seinna, fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018. Hún gerir ráð fyrir að rúmum 100 milljörðum króna verði varið til framkvæmda í samgöngumálum á árunum 2015 til 2018.

Það verður því að segjast að fjárlagafrumvarpið 2017 stendur ekki beinlínis undir þeim væntingum sem fjármálastefna og fjármálaáætlun, en kannski ekki síður fyrirheit sem gefin voru í nýliðinni kosningabaráttunni, gáfu. Hér að neðan fylgja nokkrar fyrirspurnir til nefndarinnar og þingmanna.

1. Samdráttur í framlögum til samgöngumála. Það hefur verið samróma krafa landshlutasamtaka um allt land að brýnt sé að gefa í þegar kemur að viðhaldi, nýframkvæmdum og þjónustu við samgöngukerfið. Því eru það mikil vonbrigði að sjá að fjárlagafrumvarpið er ekki í nokkru samræmi við nýsamþykktu samgönguáætlun. Annað mikið baráttumál allra landshlutasamtakanna hefur verið að hið opinbera tryggi aukna fjármuni til ljósleiðaravæðingar landsins, sem jafnvel hefur verið nefnt stærsta byggðamálið. Framlög í Fjarskiptasjóð eru hins vegar óbreytt á milli ára. Hvernig sjá þingmenn fyrir sér að bæði þessi brýnu verkefni komist til framkvæmda?
2. Fjármögnun sóknaráætlana landshluta. Við fyrstu sýn virðist að enn eitt árið eigi ekki að auka framlög til sóknaráætlana, þrátt fyrir mikinn þrýsting þar um af hálfu landshlutasamtakanna sem jafnvel hafa talað um að sjálfhætt væri ef fjármagnið yrði ekki aukið. Athygli vekur að mikil aukning er til byggðaáætlunar og forvitnilegt væri að heyra frá þingmönnum hvort það er rétt að a) ekki verði aukning í framlögum til sóknaráætlana og b) hvernig aukið fjármagn til byggðaáætlunar verði nýtt? Það er vonandi ekki þannig að verið sé að færa fyrirhugaða hækkun til

sóknaráætlana yfir til byggðaáætlunar. Um tvö aðskilin verkefni er að ræða sem þurfa bæði fjármögnun.

3. Framlög til stoðstofnana (Austurbrúar), símenntunarstöðva og fræðslu. Samband sveitarfélaga á Austurlandi hefur ítrekað ályktað um að taka verði tillit til aðstæðna á Austurlandi þar sem fjarlægðir á milli byggðakjarna og erfiðar samgöngur kalla á dreifða þjónustu. Verulega hallar á Austurland í háskóla- og rannsóknastarfsemi á vegum ríkisins, erfitt er að átta sig á því hver framlög til fræða- og þekkingarsetra og símenntunar muni verða til Austurlands. Því eru það vonbrigði að sjá að framlag til Austurbrúar lækkar um 25 milljónir króna samkvæmt fjárlagafrumvarpinu en hart var barist fyrir þeirri nauðsynlegu hækkun á liðnu ári, hækkun sem byggði á greiningu á raunþörf stofunarinnar fyrir fjármagn. Gott væri ef þingmenn gætu farið ofan í saumana á þessu.
4. Eftir áralanga baráttu tókst, með góðum stuðningi fjárlaganefndar og þingmanna, að tryggja menningarmiðstöðvum Austurlands viðbótarfjármagn. Ekki er auðvelt að greina í fjárlagafrumvarpinu hvort gert er ráð fyrir áframhaldi á þeim viðbótarfjárveitingum sem munu skipta sköpum fyrir rekstur þessara stöðva. Þær eru grunnstoðir menningarlífs á Austurlandi, þær fá krónu á móti krónu frá heimasveitarfélögum sínum sem er einstakt á landsvísu. Niðurstaða funda með menningarmiðstöðvum leiðir í ljós að viðbótarfjármagnið skipti sköpum í starfseminni og nýttist t.a.m. Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs, miðstöð sviðslista á Austurlandi, til að efla fræðslustarfsemi sína með ráðningu fræðslufulltrúa. Það verður því ekki nægjanlega undirstrikað hversu brýnt það er fyrir áframhaldandi þróun og uppbyggingu menningarmiðstöðvanna á Austurlandi að viðbótarfjármagn frá síðustu fjárlögum haldi sér. Eðlilegast væri að færa það yfir í fast rekstrarfé miðstöðvanna. Brýnt er að formfesta stöðu þessara menningarmiðstöðva sem hvorki teljast til safna eða svokallaðra viðburðahúsa sem einkum er ætlað að taka á móti viðburðum. Segja má að þær séu í lausu lofti í kerfinu sem gerir þeim erfitt um vik, m.a. við öflun sértekna.
5. Embætti Sýslumannsins á Austurlandi hefur tekið saman yfirlit með upplýsingum um rekstur og rekstarstöðu embættisins síðustu tvö árin, þ.e. 2015-2016, auk þess að áætla fyrir hallarekstri á árinu 2017. Notast er við niðurstöðu ríkisreiknings árið 2015 og er áætlaður halli við áramót (miðað við að í fjárukalögum verði skornar u.þ.b. 29 milljónir króna af halla ársins 2015) 5,1 milljón króna. Rekstrarniðurstaða ársins 2016 er byggð á áætlun og er gert ráð fyrir að halli það ár (með halla frá árinu 2015) verði 39,8 milljónir króna. Áætlun fyrir árið 2017 er byggð á fjárlagafrumvarpi eins og það liggur fyrir, ásamt með áætluðum hallarekstri þess árs, 39,8 milljónir króna sem eftir standa við áramót 2016-2017, og 27 milljónum króna sem er munurinn á rekstrarniðurstöðu ársins 2016 og fjárframlagi ársins 2017 skv. frumvarpinu. Þar er varlega áætlað miðað við óbreyttan rekstur og endar í árslok 2017 í 66,8 milljónum króna halla. Ætlast er til þess að fimm dögum eftir að fjárlög verða samþykkt muni embættið skila innanríkisráðuneytinu áætlun um það hvernig hallanum verði náð niður og jafnvægi fundið í rekstri embættisins. Embættið hefur þegar gefið ráðuneytinu ádrátt um að það muni þurfa að segja upp fólki og fækka starfsstöðvum. Um er að ræða stórkostlegan vanda og til að setja málið í samhengi að með því að leggja alfarið niður útibúi embættisins á Vopnafirði og Egilsstöðum



1966-2016

myndu nást um það bil 25 milljónir króna í sparnað á ársgrundvelli að frádregnum biðlaunarétti starfsmanna og tafa vegna uppsagnarfresta af ýmsu tagi. Dæmið gengur því engan veginn upp nema með algerrri uppstokkun starfseminnar, sem reynar var öll endurskipulögð á síðasta ári. Rétt er að rifja upp að við stofnun embættis Sýslumannsins á Austurlandi fékk það alltof lágar, og í raun skertar, fjárveitingar í vöggugjöf. Fróðlegt væri að heyra frá fjárlaganefndinni og þingmönnum hvernig framlögin í fjárlagafrumvarpi 2017 til embættis Sýslumanns á Austurlandi samrýmast yfirlýsingum hins opinbera frá því sýslumannsembættum var fækkað og umdæmin stækkuð en þá sagði á vef innanríkisráðuneytis að mikil tækifæri fælust í fækkun sýslumannsembætta og stækkun umdæma. Embættin yrðu í kjölfar breytinganna öflugri og betur í stakk búin til að taka við verkefnum og tækifæri sköpuðust til að flytja verkefni úr miðlægrri stjórnsýslu til þeirra. Nú þegar hefði fjöldi verkefna verið færður frá innanríkisráðuneytinu og undirstofnunum þess til sýslumanna og til stæði að færa verkefni í auknari mæli frá öðrum ráðuneytunum og stofnunum og efla þannig enn frekar þjónustu á landsbyggðinni. Það væri í samræmi við áherslur ríkisstjórnarinnar um bættu stjórnsýslu og þjónustu ríkisins.

Með von um skjót viðbrögð,  
f.h. stjórnar Sambands sveitarfélaga á Austurlandi  
Sigrún Blöndal, formaður stjórnar



1966-2016

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. desember 2016

### **Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2017, 1. mál.**

Það er afar erfitt að átta sig á niðurstöðum fjárlagafrumvarpsins í heild og í einstökum málaflokkum vegna þess að framsetningu frumvarpsins hefur verið breytt og einnig skortir töfluyfirlit um niðurstöðurnar og samanburð við fyrri ár.

Svo virðist sem áætlað sé að útgjöld ríkissjóðs muni vaxa um tæp 9% á þessu ári en það þýðir að fjármál ríkisins ýkja hagsveifluna og stuðla að óstöðugleika í efnahagslífinu. Að auki er gert ráð fyrir 3,4% aukningu ríkisútgjalda á næsta ári. Áætlað er að afkoma ríkissjóðs í heild verði jákvæð sem svarar 1% af landsframleiðslu á næsta ári. Í ljósi mikils hagvaxtar þyrfti aðhald ríkisins að vera mun meira og afkoman betri.

Ætla má að þensluáhrif frumvarpsins nemi um 32 ma. kr. þar af eru 8 ma. kr. á tekjuhlið og 24 ma. kr. á útgjaldahlið. Reynsla undangenginna ára kennir að þensluáhrif frumvarpsins munu aukast enn í meðförum Alþingis.

Áætlanir gera ráð fyrir að enn lengist hagvaxtarskeiðið sem þegar er orðið eitt hið lengsta í Íslandssögunni. Útgjöld vaxa hraðar en á síðasta hagsvaxtarskeiði sem stóð frá 2004 – 2007. Skuldir ríkissjóðs eru mun meiri en þá var. Viðbúnaður vegna óvæntra atburða og hugsanlegs viðsnúnings í efnahagslífinu er því lítill og er það áhyggjuefni.


Að mati Samtaka atvinnulífsins eru helstu gallar frumvarpsins, auk þess sem að framan segir, að:

- Skuldir eru ekki greiddar nægilega hratt niður og vaxtakostnaður ríkissjóðs þar með hærri en æskilegt er,
- tryggingagjaldið mun ekki lækka í samræmi við fyrirheit ríkisstjórnarinnar í upphafi þessa árs,
- tækifæri til virkari forgangsröðunar og kerfisbreytinga á útgjaldahlið eru ekki nýtt og
- mikill vöxtur ríkistekna er ekki notaður til að einfalda skattkerfið og minnka slæma hvata.

Glærुकyning efnahagssvið SA á frumvarpinu er meðfylgjandi.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Hannes G. Sigurðsson, framkvæmdastjóri

# Hver ætlar að vera ábyrgur?

Fjárlagafrumvarp 2017

Efnahagssvið, desember 2016






# Fjárlagafrumvarp 2017

- **Fjórða árið í röð er stefnt að afgangi á rekstri ríkissjóðs.** Afgangurinn er þó ekki svipur hjá sjón miðað við rekstrarafgang ríkissjóðs á síðasta hagvaxtarskeiði en þá voru skuldir ríkissjóðs um helmingur af því sem þær eru nú. Gert er ráð fyrir að afgangurinn verði 28,5 milljarðar króna á árinu sem jafngildir 1,1% af landsframleiðslu
- **Auka þarf aga við fjárlagagerð.** Vonir eru bundnar við að ný lög um opinber fjármál muni stuðla að auknum aga í fjármálstefnu hins opinbera. Þó svo nýtt fjárlagafrumvarp gefi tilefni til bjartsýni reynir nú á hvort takist að halda útgjöldum innan ramma frumvarpsins.
- **Ríkisútgjöld eru nú þegar í hæstu hæðum.** Á árunum 2010-2015 jukust útgjöld að meðaltali um 7% frá fjárlagafrumvarpi hvers árs til ríkisreiknings. Verði fjárlagavinnan með sama sniði má ætla að frumútgjöld ríkisins sem hlutfall af landsframleiðslu verði meiri árið 2017 en nokkru sinni fyrr.
- **Ríkisfjármálin eru þensluhvetjandi.** Útgjöld á mann af frádregnum fjármagnskostnaði og öðrum óreglulegum liðum hafa aukist hratt frá árinu 2012 og í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að þau verði svipuð og árið 2007. Boðuðum skattalækkunum er ekki mætt með aðhaldi í útgjöldum og metum við þensluáhrif frumvarpsins 32 ma.kr. á árinu 2017 án þess útgjaldaauka sem við má búast frá frumvarpi til ríkisreiknings .
- **Umsvif hins opinbera á Íslandi eru einna mest meðal þróaðra ríkja.** Við erum háskattaland og mikil útgjöld ríkissjóðs takmarka svigrúm til skattalækkana. Halda verður aftur af útgjaldaukningu sé vilji til að minnka álögur á fólk og fyrirtæki.
- **Núverandi hagvaxtarskeið hefur staðið yfir í sex ár samfleytt.** Uppsveiflur eru hins vegar aldrei eilífar og nú þegar tekjur ríkissjóðs vaxa eins og raun ber vitni þarf að búa í haginn. Sú hætta er því fyrir hendi að þegar til afturkipps kemur í hagkerfinu muni ríkissjóður standa uppi með minnkandi tekjustofna, skattþrósentur við þolmörk, sligandi skuldastöðu og útgjöld í hæstu hæðum.

# Afkoma ríkissjóðs hefur verið jákvæð þó litlu megi muna

Afkoma ríkissjóðs




# Ný lög um opinber fjármál stuðla vonandi að auknum aga í fjármálastjórn hins opinbera


Fjármálastefna 2017–2021 - Tölusett markmið

Hlutfall af vergri landsframleiðslu	2017	2018	2019	2020	2021
	%	%	%	%	%
<b>Hið opinbera, A-hluti:</b>	<b>1,0</b>	<b>1,0</b>	<b>1,0</b>	<b>1,0</b>	<b>1,0</b>
Heildaraffkoma	1,0	1,0	1,0	1,0	1,0
þ.a. ríkissjóður, A-hluta	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
þ.a. sveitarfélög, A-hluta	3,4	3,0	2,9	2,8	2,6
Heildarskuldir	28	24	23	22	21
þ.a. ríkissjóður, A-hluta	6	6	6	6	5
þ.a. sveitarfélög, A-hluta					
<b>Opinberir aðilar í heild (ríki, sveitarfélög og fyrirtæki þeirra):</b>					
Heildaraffkoma	0	0,1	0,7	1,1	1,3
Heildarskuldir	59	55	53	52	49

Útgjaldavöxtur ríkisins: Umfram viðmið þrjú ár af fjórum  
- nafnvöxtur að fráðregnum vaxtagjöldum




# Útgjaldahliðin: Launakostnaður vegur þungt í útgjaldaauka ríkisins




# Forgangsröðun: Útgjöld hafa verið aukin til mikilvægra málaflokka

Útgjöld ríkissjóðs til heilbrigðis- og fræðslumála 2009-2016  
- á föstu verðlagi, vísitala = 100 árið 2009




## Leiðréttingin fellur út, ný útgjöld taka við



Útgjaldaaukning ríkisins er 38 ma.kr. ef tekið er tillit til þess að „einskiptiskostnaður“ vegna leiðréttingar fellur út á árinu.

# Fjárlagafrumvarp 2017: Ríkisfjármálin ýta undir þenslu

Þensluaðgerðir í krónum



Fjárlagafrumvarp 2017

<sup>1</sup>Ríkisútgjöld leiðrétt fyrir fjármagnskostnaði, greiðslum úr atvinnuleysistryggingasjóði og afskriftum skattkrafna

**Þensluaáhrif frumvarpsins: +31,6 ma.kr.**

**Kerfisbreytingar á tekjuhlíð: +7,7 ma.kr.**

- Tekjuskattur einstaklinga lækkar
- Tollar niðurfelldir
- Fjármagnstekjuskattur lækkar
- Ívilnanir aukast til rannsóknar og þróunar
- Hlutabréfaafsláttur


**Aukning útgjalda: +23,9 ma.kr.**

- Ríkisútgjöld að frádregnum fjármagnskostnaði, atvinnuleysistryggingasjóði og öðru




# Verði fjárlagavinna með sama móti stefni í meiri útgjöld en á þensluárunum síðustu


Ríkisútgjöld frá fjárlagafrumvarpi til ríkisreiknings  
- meðaltal árunna 2010-2015



Heildarútgjöld ríkissjóðs  
- % af VLF




# Stefnir í að frumútgjöld ríkissjóðs nái nýjum hæðum árið 2017





\*Leiðrétt fyrir töpuðum kröfum árið 2008

# Útgjöld á hvern íbúa hafa vaxið um 20% frá því niðurskurði lauk árið 2012


Vísitala útgjalda á hvern íbúa  
- vísitala=100 árið 2003, raunbreyting á frumútgjöldum án óreglulegra liða



# Gangi áætlanir eftir mun skuldastaðan batna en vaxtakostnaður áfram verða há




# Treyst er á lengsta hagvaxtarskeið sögunnar




# Staðan í dag: Útgjöld vaxa hraðar nú en á síðasta þensluskeiði og afkoman hverfandi


Afkoma ríkisins sem % af VLF



Vísitala útgjalda á hvern íbúa  
- vísitala=100 árið 2003, raunbreyting á frumútgjöldum án óreglulegra liða



## Staðan í dag: Erum skuldsettari nú en á síðasta þensluskeiði




\* Skv. skuldareglu nýrra laga um opinber fjármál: Heildarskuldir að frátöldum lífeyrisskuldbindingum og viðskiptaskuldum og að frádrögnum innistæðum í Seðlabankanum




# Útgjöld hins opinbera eru nánast hvergi meiri en á Íslandi

Útgjöld hins opinbera árið 2014, leiðrétt fyrir ellilífeyri og atvinnuleysisbótum  
- sem % af VLF



# Mikil útgjöld takmarka svigrúm til skattalækkana

Heildarskatttekjur árið 2015, sem hlutfall af VLF  
Leiðrétt fyrir greiðslum til almannatrygginga



## Að lokum

### Margt hefur áunnist á síðustu árum...

- ✓ Áformað er að greiða niður skuldir og minnka vaxtakostnað.
- ✓ Mikilvægar breytingar hafa verið gerðar á tekjuhlið; almenn vörugjöld og tollar felldir niður og tekjuskattur á einstaklinga lækkaður.
- ✓ Ný lög um opinber fjármál hafa verið samþykkt og vonir bundnar að slík lög muni draga úr agaleysi í fjármálastjórn hins opinbera.

### ... en betur má ef duga skal

- ✓ Greiða enn frekar niður skuldir og minnka vaxtakostnað ríkisins.
- ✓ Draga aftur úr umsvifum ríkisins og sporna gegn frekari útgjaldavexti á núverandi þensluskeiði.
- ✓ Draga úr skattheimtu á fólk og fyrirtæki og færa Ísland af þeirri braut að vera eitt mesta háskattaríkið innan OECD.
- ✓ Nýta tækifæri til virkari forgangsröðunar og kerfisbreytinga á útgjaldahlið.
- ✓ Nýta tekjuvöxtinn til að einfalda skattkerfið og minnka vonda hvata sem draga úr framleiðni og verðmætasköpun.

# Efnahagssvið SA

Ásdís Kristjánsdóttir

Forstöðumaður efnahagssviðs

[asdis@sa.is](mailto:asdis@sa.is)

sími: 591-0080

Óttar Snædal

Hagfræðingur á efnahagssviði

[ottar@sa.is](mailto:ottar@sa.is)

sími: 591-0082

Ólafur Garðar Halldórsson

Hagfræðingur á efnahagssviði

[olafur@sa.is](mailto:olafur@sa.is)

sími: 591-0081

Tryggvi Másson

Viðskiptafræðingur á efnahagssviði

[tryggvi@sa.is](mailto:tryggvi@sa.is)

sími: 591-0000

<https://twitter.com/efnahagssvidSA/>

Alþingi  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík 19. desember 2016

## **Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2017, 1. mál**

Ágætu nefndarmenn í fjárlaganefnd,

Samtök ferðaþjónustunnar (Samtökin) hafa farið yfir frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2017, 1. mál og eru með eftirfarandi athugasemdir.

### **Almennt**

Ferðaþjónusta á Íslandi hefur þegar fest sig í sessi sem ein mikilvægasta atvinnugrein landsins. Ekki eru til opinberar tölur um vægi ferðaþjónustu í þjóðarbúskapnum en samkvæmt greiningadeildum bankanna nam hún um 11% af VLF á árinu 2015. Ferðaþjónustan er sjálfsprottin atvinnugrein sem hefur haldið upp atvinnustigi í landinu, verið helsti drifkraftur hagvaxtar og vaxandi gjaldeyristekna um árabíl. Mikilvægt er að hafa í huga að þó áfram sé áætluð fjölgun ferðamanna til landsins eru blikur á lofti. Versnandi rekstrarumhverfi hefur þegar haft umtalsverð áhrif á greinina en er þar helst verið að vísa í miklar launahækkningar, sterka krónu og hátt vaxtastig.

### **Samgöngur**

SAF tekur svo sannanlega undir mikilvægi hagstjórnarsjónarmiða ábyrgrar fjármálastefnu en vekja samtímis athygli á að samgöngur eru lífæð byggðapróunar hér á landi hvort sem er á lofti, láði eða legi. Ferðaþjónusta er bakbein byggðapróunar og því mikilvægt að stuðla að dreifingu ferðamanna um landið eins og stefna stjórnvalda og ferðaþjónustunnar, Vegvísir í ferðaþjónustu, gerir ráð fyrir. Af þessum sökum er afar mikilvægt að forgangsraða sé í uppbyggingu samgönguinnviða og fjármunum varið í þennan mikilvæga málaflokk í samræmi við samgönguáætlun. Þar má m.a. nefna áframhald á framkvæmdum við Dettifossveg niður í Ásbyrgi en einnig er mikilvægt í þágu umferðaröryggis að sinna viðhaldsverkefnum og þjónustuuppbyggingu á síversnandi þjóðvegakerfi landsins.

Samtökin benda á að á síðustu árum hefur fjárveitingum til vegamála verið forgangsraðað í þágu þjónustu og viðhalds án þess að svörun við ýmsum „minni“ forgangsmálum hafi verið sinnt, s.s. uppbygging og skilgreining á ferðamannavegum og áningastöðum ásamt salernum liggi fyrir og sé í forgangi. Þar er um fjárhæðir að ræða sem munu ekki hafa neikvæð áhrif á ábyrga fjármálastefnu eða raska jafnvægi í þjóðarbúskapnum.

Einnig vilja samtökin benda á að byggja þarf upp fleiri stæði á þeim varaflugvöllum sem skilgreindir eru hér á landi en slík framkvæmd er nauðsynleg í þágu flugöryggis. Hingað til lands koma tugir flugvéla daglega en aðeins örfá flugvélastæði eru í boði á varaflugvöllum landsins komi til þess að þau þurfi að nýta.

### **Um fjárfestingu í hæfni starfsmanna í ferðaþjónustu**

Samtökin telja mjög miður að ekki sé í fjárlagafrumvarpinu gert ráð fyrir framlagi til fjárfestingar í hæfni starfsmanna í ferðaþjónustu. Tillögurnar sem unnar hafa verið með faglegum hætti með aðkomu fræðsluaðila, aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda á vegum Stjórnstöðvar ferðamála byggja á þremur stöðum þ.e. þekkingarsetri, eflingu starfsnáms og samspili hæfni og arðsemi. Tillögurnar gera ráð fyrir 290 milljóna framlagi árið 2017 og á að vera framhald af fjárfestingu í þessu verkefni fram til ársins 2020. Fyrirhugað er að sú hæfniuppbygging sem mun eiga sér stað muni verða öðrum atvinnugreinum til fyrirmyndar hvað starfsnám varðar. Samtökin telja afar mikilvægt að tryggja þá uppbyggingu sem unnið hefur verið að sleitulaust síðustu misserin hvað varðar að auka gæði og færni í íslenskri ferðaþjónustu. Samtökin ásamt stjórnvöldum standa að Stjórnstöð ferðamála og er afar mikilvægt að þær tillögur sem unnar eru þar og samþykktar séu fjármagnaðar í takt við áætlaðan tímaramma.

### **Um umfjöllun skattstyrks í greinargerð fjárlagafrumvarps**

Þjónusta við ferðamenn er að mestu leyti í neðra þrepi virðisaukaskatts eins og einnig tíðkast í langflestum samkeppnislöndum Íslands á sviði ferðaþjónustu. Mikilvægt er að benda á að í góðri samvinnu við SAF varð mikil breikkun á skattskyldu í starfsemi ferðaþjónustunnar á árinu 2016 en þá fóru flest öll ferðaþjónustufyrirtæki sem áður var undandþegin virðisaukaskatti inn í VSK-kerfið. Samkvæmt áætlun SAF munu tekjur af þessari breytingu nema um 2 milljörðum á árinu 2016 þ.e. sem tengjast ferðaþjónustufyrirtækjum beint en einnig er bent á umtalsverðar nettótekjur af virðisaukaskatti í ferðaþjónustu t.d. vegna útleigu á atvinnuhúsnæði, sér í lagi tengdu hótél- og gistihúsnæði hvers konar. Samtökin munu fara fram á það við fjármálaráðuneytið að fá nánari útskýringar á umfjöllun um skattstyrk með tilliti til mismundi atvinnugreina í gjaldeyrissköpun.

Samtökin áskilja sér rétt að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum.

Virðingarfyllt

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Helga Árnadóttir



Hæfni og gæði í ferðapjónustu

# FJÁRFESTUM Í HÆFNI STARFSMANNA

Júlí 2016



**Stjórnstöð ferðamála**



# FJÁRFESTUM Í HÆFNI STARFSMANNA

## Fjárfestum í hæfni

Í Vegvísi í ferðapjónustu sem kynntur var í október 2015 kemur fram að einn af sjö áhersluþáttum í uppbyggingu ferðapjónustu á Íslandi næstu árin er að efla hæfni og gæði. Í janúar 2016 tók til starfa verkefnahópur á vegum Stjórnstöðvar ferðamála sem var ætlað að greina þarfir fyrir heildstæðar úrbætur sem styðja við hæfni, gæði, fagmennsku og þekkingu innan ferðapjónustunnar og vinna að skilvirkum leiðum til úrbóta. Í þessari skýrslu er fjallað um tillögur sem snerta mannafla, hæfni og gæði í ferðapjónustu á landsvísu.

## Verkefnið

Verkefnahópurinn starfaði í samvinnu við Stjórnstöð ferðamála. Formaður hans var María Guðmundsdóttir frá Samtökum ferðapjónustunnar (SAF) og verkefnastjóri Guðfinna S. Bjarnadóttir frá LC Ráðgjöf. Aðrir í hópnum voru Vilhjálmur Kristjánsson, LC Ráðgjöf, Haukur Harðarson, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Erla Sigurðardóttir, Ferðamálastofu, Fjóla Jónsdóttir, Eflingu-stéttarfélagi, Ólafur Jónsson, IÐUNNI fræðslusetri og Ársæll Guðmundsson, mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Tillögur hópsins byggja á nokkrum þáttum, m.a. niðurstöðum úr fyrirtækjakönnun Stjórnstöðvar ferðamála sem framkvæmd var í apríl 2016,<sup>1</sup> viðtölum við fulltrúa fyrirtækja í greininni, fundum með forsvarsmönnum fyrirtækja og fræðsluaðilum í ferðapjónustu og fundum með sérfræðingum. Einnig byggði hópurinn á ýmsum gögnum, m.a. frá SAF, Ferðamálastofu, Vinnumálastofnun, Hagstofu Íslands og greiningardeildum bankanna. Þá voru einnig skoðaðar „bestu leiðir“, þ.e. leiðir til úrbóta í tengslum við hæfni og gæði í ferðapjónustu sem reynst hafa vel meðal annarra þjóða.

Litið var sérstaklega til Skotlands og Kanada sem fyrirmynda fyrir heildstæðar úrbætur og lausnir til að auka hæfni í ferðapjónustu sem gætu nýst hér á landi, en einnig voru greind verkefni um aukna hæfni innan atvinnugreinarinnar á Nýja-Sjálandi, Englandi og víðar.

Útgefendur: Stjórnstöð ferðamála

Hönnun og umbrot: Jónas Þorbergsson, Fínlína

Ljósmyndir: Björgvin Hilmarsson, Herdís Steinarsdóttir og Ragnar Th. Sigurðsson/Ferðamálastofa

Prentun: Prenttækni

<sup>1</sup> Niðurstöður fyrirtækjakönnunar má nálgast á vefsíðu Stjórnstöðvar ferðamála, stjornstodin.is

# ÞRJÁR TILLÖGUR

## TILLAGA 1

bls. 10–11

### ÞEKINGARSETUR FERÐAÞJÓNUSTUNNAR; SAMSTARFSVERKEFNI LEITT AF FRÆÐSLUMIÐ- STÖÐ ATVINNULÍFSINS

**Markmið:** Nám og fræðsla verði í takt við þarfir ferðaþjónustunnar svo að hæfni og gæði aukist í greininni.

Þekkingarsetur ferðaþjónustunnar er stefnumótandi samstarfsverkefni atvinnulífs, fræðsluaðila og stjórnvalda<sup>1</sup> um fræðslu og hæfni á forsendum ferðaþjónustunnar. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins leiðir verkefnið. Komið verður á fót samráðsgrunni, n.k. hringrás upplýsinga, milli fyrirtækja og fræðsluaðila til að tryggja að fræðsla í greininni verði í takt við þarfir. Þekkingarsetrið sér um viðurkennt starfsnám í ferðaþjónustu,<sup>2</sup> vottun þess og gæðastýringu ásamt samhæfingu vottorða og viðurkenninga og mats á leiðbeinendum. Þekkingarsetrið getur útvístað verkefnum í tengslum við viðurkennt starfsnám. Tekið verður mið af þróun starfsnáms ferðaþjónustunnar í Skotlandi og Kanada. Sýnileika náms og fræðslu í ferðaþjónustu verður haldið á lofti og möguleikar til starfsþróunar kynntir.

1 Hugtökin atvinnulíf, fræðsluaðilar og stjórnvöld eru vítt skilgreind í þessu samhengi. Með atvinnulífi er átt við aðila vinnumarkaðar og fyrirtækin í greininni, og með stjórnvöldum er átt við ríki og sveitarfélög.

2 Viðurkennt starfsnám í ferðaþjónustu er vinnuheiti yfir starfsnám í ferðaþjónustu sem hannað verður á grundvelli íslenska hæfnirammans, ISQF. Störfum er ráðað á hæfniprep út frá sjálfstæði, ábyrgð og hlutverki á vinnustað og miðað er við að þróað verði viðurkennt starfsnám í ferðaþjónustu á fyrstu hæfniprepunum.

3 [menntamalaraduneyti.is/menntamal/hæfnirammi](http://menntamalaraduneyti.is/menntamal/hæfnirammi)

## TILLAGA 2

bls. 12–13

### STARFSNÁM Í FERÐAÞJÓNUSTU

**Markmið:** Nægt framboð verði á markvissri, hagnýtri og þrepaskiptri fræðslu í ferðaþjónustu. Námið njóti virðingar og verði eftirsótt hjá nýjum og núverandi starfsmönnum í ferðaþjónustu og viðurkennt starfsnám í ferðaþjónustu<sup>2</sup> verði fyrirmynd að eflingu starfsnáms í öðrum greinum.

Ferðaþjónustan er verkleg grein. Gert er ráð fyrir að viðurkennt starfsnám í ferðaþjónustu byggji á íslenska hæfnirammannum,<sup>3</sup> það verði þrepaskipt, hagnýtt og aðgengilegt. Forgangsverkefni Þekkingarseturs taka mið af niðurstöðu verkefnahóps, út frá gögnum og viðtölum, og byggja auk þess á erlendum fyrirmyndum. Forgangsverkefni eru:

1. Stjórnenda- og leiðtogafræðsla.
2. Stuttar rafrænar námslotur fyrir alla starfsmenn.
3. Viðurkennt starfsnám í ferðaþjónustu á fyrstu hæfniprepum.<sup>3</sup>
4. Áframhaldandi þróun raunfærnimats.

## TILLAGA 3

bls. 14–15

### SAMSPIL HÆFNI OG ARÐSEMI

**Markmið:** Vaxandi tekjur af ferðaþjónustu, aukin framleiðni og aukin arðsemi. Ferðaþjónustan verði eftirsóttur starfsvettvangur með ánægðum starfsmenn og stöðugleika í starfsmannahaldi. Ímynd greinarinnar mælist jákvæð og fyrirtækin upplifi samstöðu og geti sótt sér leiðbeiningar og aðstoð á aðgengilegan hátt. Þeim fyrirtækjum í ferðaþjónustu fjölgi sem njóta gæðaviðurkenningar og/eða eru í Vakanum.

Ferðaþjónustuaðilar vinna þétt saman og með stjórnvöldum að því að auka framleiðni og arðsemi í greininni, enda mikilvægt fyrir fyrirtækin, starfsmenn og landsmenn alla að ferðaþjónusta á Íslandi sé af bestu gæðum, störfir vel launuð og arðsemin góð. Aukin framleiðni og arðsemi er grundvöllur farsællar þróunar ferðaþjónustunnar og góðra launakjara í greininni. Því tala fyrirtækin einni röddu um mikilvægi þeirra grunnþátta sem skila sér í aukinni framleiðni og arðsemi, þ.e. hæfni, góðum stjórnendum og ánægðum starfsmönnum sem geta lyft greininni á þann gæðastall sem kallað er eftir. Fyrirtækin, ásamt stjórnvöldum, vinna út frá þeim forsendum að hæfni sé mikilvægur grunnur að aukinni arðsemi ferðaþjónustunnar. Saman laða fyrirtækin framtíðarstarfsmenn til greinarinnar og halda í gott starfsfólk með því að gera starfsumhverfið samkeppnishæft og eftirsóknarvert.

# ÁSKORANIR Í FERÐAÞJÓNUSTU

## Fjölgun ferðamanna

Gert er ráð fyrir að fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi verði ríflega 1,7 milljónir árið 2016, sem er yfir 30% fjölgun frá árinu áður. Undanfarin ár hefur fjölgun ferðamanna á Íslandi reynst vera langt umfram spár og segja má að gríðarlegur vöxtur hafi verið í greininni frá árinu 2010 þegar erlendir ferðamenn sem sóttu landið heim voru innan við 500 þúsund talsins. Ef fram heldur sem horfir má reikna með að fjöldi erlendra ferðamanna árið 2017 fari töluvert yfir 2 milljónir, og að fjöldi þeirra muni halda áfram að aukast til muna næsta áratuginn.

## Fjölbreytt starfsemi

Ferðaþjónusta er fjölbreytt atvinnugrein með um 2.650 fyrirtæki um allt land. Samkvæmt greiningu Íslandsbanka frá 2015 voru 47% ferðaþjónustufyrirtækja starfrækt á höfuðborgarsvæðinu.<sup>1</sup> Í könnun Stjórnstöðvar ferðamála frá apríl 2016 kom fram að ríflega 56% fyrirtækja höfðu starfað skemur en í 10 ár. Mörg fyrirtæki í ferðaþjónustu teljast smá, um 60% fyrirtækjanna voru með færri en 10 starfsmenn í vinnu þegar mest var árið 2015, en á sama tíma höfðu 14% fyrirtækja fleiri en 30 starfsmenn. Þá kom í ljós að 47% fyrirtækja veltu innan við 50 m.kr. árið 2015. Nær 80% fyrirtækja í greininni starfa allt árið og 95% af fyrirtækjum í ferðaþjónustu í Reykjavík starfa allt árið.

*56% fyrirtækja hafa starfað skemur en 10 ár  
47% fyrirtækja veltu innan við 50 m.kr. árið 2015  
60% fyrirtækja hafa færri en 10 starfsmenn*

<sup>1</sup> Íslandsbanki. Íslensk ferðaþjónusta, mars 2015.



## 11% starfsmanna á Íslandi árið 2016 starfa í ferðaþjónustu

### Þörf fyrir fleiri starfsmenn

Samkvæmt upplýsingum úr staðgreiðsluskrá frá Hagstofu Íslands voru um 19.300 starfsmenn í ferðaþjónustu árið 2015.<sup>1</sup> Sé byggt á fyrirtækjakönnun Stjórnstöðvar ferðamála er líklegt að um 22 þúsund starfsmenn muni starfa við greinina á Íslandi árið 2016, sem er ríflega 11% starfsmanna á íslenskum vinnumarkaði. Líklegt er að störfum í ferðaþjónustu fjölgi og að starfsmenn í greininni verði um 25 þúsund árið 2017. Mikið er af ungu starfsfólki í ferðaþjónustu á Íslandi líkt og víða um heim. Um 75% starfsmanna í veitingasölu og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu voru t.d. undir 30 ára aldri árið 2015.<sup>2</sup> Ekki er til nákvæm greining á aldri starfsmanna í ferðaþjónustu hérlendis en til viðmiðunar má geta þess að í Skotlandi eru u.þ.b. 30% starfsmanna í greininni undir 25 ára, en það jafngildir því að um 6.600 starfsmenn í ferðaþjónustu á Íslandi séu undir 25 ára aldri árið 2016.

Lítið er vitað um starfsmannaveltu í ferðaþjónustu á Íslandi, en Alþjóðaferðamálastofnunin gaf út árið 2015<sup>3</sup> að starfsmannavelta í ferðaþjónustu væri að meðaltali 18% í þeim 46 löndum sem könnun þeirra náði til. Reikna má með að nýliðun í greininni nái því til nýrra starfa og einnig þeirra starfa sem losna vegna starfsmannaveltu. Könnun Stjórnstöðvar ferðamála leiddi í ljós að um 60% fyrirtækja hyggjast bæta við sig starfsmönnum í heilsársstörf árið 2016 og um 80% munu bæta við starfsmönnum í hlutastörf. Um 20% fyrirtækja sögðust eiga í miklum erfiðleikum með að fá fólk til starfa, og helstu ástæður sem gefnar voru fyrir því tengjast samkeppni um starfsfólk eða vöntun á starfsfólki, enda er lítið atvinnuleysi á Íslandi. Stjórnendur fyrirtækja voru spurðir um hvaða

ráðstafanir þyrfti til að leysa úr þörf fyrir starfsmenn á komandi misserum og flestir nefndu að leggja bæri höfuðáherslu á að fyrirtæki hlúi vel að starfsmönnum sínum, því næst að þau mennti og þjálfu eigin starfsmenn og í þriðja lagi að þau ráði erlenda starfsmenn.

Mikilvægt er að fylgjast með mannaflaspám í ferðaþjónustu á næstu misserum og verkefnahópurinn hvetur stjórnvöld til að fela Hagstofu Íslands að framkvæma svokallaða Job Vacancy könnun sem gerð er í flestum löndum í kringum okkur til að meta mannaflapörf í atvinnugreinum.

### Erlendir starfsmenn

Atvinnuleysi á Íslandi hefur minnkað hratt síðustu ár samhlíða fjölgun starfa í ferðaþjónustu. Samkvæmt niðurstöðum úr könnun Stjórnstöðvar ferðamála voru um 22% starfsmanna í ferðaþjónustufyrirtækjum á Íslandi árið 2015 erlendir og spáð er að þeim muni fjölga hlutfallslega næstu árin. Reiknað er með að um 6.000 erlendir starfsmenn muni að jafnaði starfa við ferðaþjónustu á Íslandi árið 2016 og að þeim muni fjölga um nær 1.500 árið 2017. Brýnt er að taka vel á móti erlendum starfsmönnum, tryggja þeim jafnrétti, aðgengi að upplýsingum um réttindi og skyldur á vinnumarkaði og miðla fræðslu og færni til þeirra jafnt og annarra starfsmanna. Ljóst er að bjóða þarf upp á fræðslu á öðrum tungumálum en íslensku og texta fræðslumyndfni. Þá er einnig brýnt að erlendir starfsmenn í ferðaþjónustu, sem og aðrir, læri um sérstöðu Íslands og íslenska menningu.

*Um 6.000 starfsmenn ferðaþjónustunnar  
eru erlendir og reiknað er með að fjöldi  
þeirra verði 7.500 árið 2017*

1 Hagstofa Íslands: Fjöldi skráðra fyrirtækja og félaga eftir atvinnugreinum 2008-2015. Ekki eru taldir með sjálfstætt starfandi í greininni, né opinberir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga, s.s. í þjóðgörðum, sundlaugum, upplýsingamiðstöðvum, höfnum og söfnum.

2 Samkvæmt upplýsingum frá VR og Eflingu-stéttarfélagi um aldur starfsmanna í ferðaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu í júlí og desember 2015.

3 Global Talent Trends and Issues for the Travel & Tourism Sector, 2015.

*Ör vöxtur í ferðapjónustu  
kallar á markvissar og um  
leið hraðar úrbætur í  
fræðslumálum*





## Gjaldeyrstekjur og sóknarfæri

Líklegt er talið að gjaldeyrstekjur af ferðaþjónustu í heild árið 2016 verði um 430 ma.kr. eða um 34% af heildarútlutningstekjum þjóðarbúsins en hlutfallið var einungis um 18% árið 2010.<sup>1</sup> Þetta er mikil aukning og gríðarlegir fjármunir þegar horft er til þess að heildargjaldeyrstekjur árið 2015 voru 1.191 ma.kr. Greinin er þjóðhagslega afar mikilvæg og í henni felast mikil sóknarfæri til aukinnar hagsældar og jákvæðrar byggðaðróunar um allt land.

## Við verðum að vanda okkur

Án þess að byggja markvisst upp hæfni í ferðaþjónustu er hættu á ferðum þar sem framleiðni, arðsemi og orðspor greinarinnar stendur og fellur með hæfni þeirra sem stýra og vinna í ferðaþjónustu á Íslandi. Þegar ferðamenn sem yfirgáfu landið veturinn 2013–2014 voru spurðir af Ferðamálastofu hvað þyrfti helst að bæta í ferðaþjónustu á Íslandi svaraði 41% þeirra að við þyrftum að taka okkur á í gæðamálum. Ljóst er að krafan um aukin gæði og aukna hæfni í ferðaþjónustu vex stöðugt og alþjóðlega er viðurkennt að ferðamenn gera sífellt meiri kröfur um gæði og jákvæða upplifun sem og að eiga auðvelt með að koma skoðunum sínum um gæði þjónustunnar á framfæri í samfélagsmiðlum.

## Fjárfestum í hæfni og gæðum

Ör vöxtur í ferðaþjónustu kallar á markvissar og um leið hraðar úrbætur í fræðslumálum. Alþjóðaferðamálastofnunin bendir á að stjórnvöld hafi yfirleitt skilning á nauðsyn þess að fjárfesta í hefðbundnum innviðum vegna fjölgunar ferðamanna, þ.e. í áfangastöðum, vegagerð o.fl., en síður á mikilvægi þess að fjárfesta í hæfni starfsfólks<sup>2</sup> sem er grunnur að gæðum þjónustunnar, framleiðni og arðsemi. Innan við 3% ferðaþjónustufyrirtækja eru þátttakendur í Vakanum, sem er gæðakerfi fyrir íslenska ferðaþjónustu, en jákvæð teikn eru á lofti því fjöldi fyrirtækja er í umsóknarferli hjá Vakanum.

## Skortur á markvissri fræðslu og menntun

Á meðan gríðarlegur vöxtur hefur verið í greininni er mikill skortur á viðeigandi hæfni. Sem dæmi má nefna að einungis 31 einstaklingur hefur lokið sveinsprófi í matreiðslu árlega að meðaltali undanfarna áratugi á sama tíma og fjöldi ferðamanna hefur margfaldast. Um 80% fyrirtækja sem þátt tóku í könnun Stjórnstöðvar ferðamála vilja að starfsmenn geti notið fræðslu og þjálfunar á vinnustað til að auka hæfni innan ferðaþjónustunnar. Fyrirtækin telja að aðgengilegt og hagnýtt starfsnám á vinnustað muni nýtast best til þess að auka hæfni starfsmanna. Fyrirtækin telja síst þörf á aukningu námsframboðs í ferðaþjónustu á háskólastigi. Þau telja enn fremur að það nám og sú fræðsla sem í boði er fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu svari ekki nægilega þörfum greinarinnar. Flest fyrirtæki bjóða upp á einhvers konar námskeið, en 74% fyrirtækja í ferðaþjónustu hafa ekki mótað sér fræðslustefnu. Bryn þörf er á heildstæðri nálgun við að mennta starfsmenn í greininni fremur en að bjóða upp á einstök námskeið sem oft eru sundurlaus. Þá er mikilvægt að fyrirtæki nýti sér styrki starfsmenntasjóða í meira mæli en verið hefur. Sérstök sameiginleg gátt starfsmenntasjóðanna, Áttin (attin.is) hefur verið stofnuð til að einfalda umsóknarferli og auðvelda aðgengi fyrir-tækja að fjármunum starfsmenntasjóða.

*Um 80% fyrirtækja óska eftir fræðslu og þjálfun sem gæti farið fram á vinnustað*

1 Íslandsbanki. Íslensk ferðaþjónusta, febrúar 2016.

2 Global Talent Trends and Issues for the Travel & Tourism Sector, 2015.

# HÆFNI ER LYKILL AÐ ÁRANGRI

## Kortlagning á störfum í ferðaþjónustu

Störf í ferðaþjónustu eru fjölbreytt. Til þess að undirbúa hagnýta og verklega fræðslu sem miðar að aukinni hæfni starfsmanna er mikilvægt að hafa heildarsýn yfir öll störf greinarinnar. Á meðfylgjandi mynd má sjá yfir- og undirflokka starfa í ferðaþjónustu. Kortlagning og greining starfa var unnin á vegum starfsgreinaráðs matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreina og m.a. var stuðst við heimsóknir í fyrirtæki. Fundað var með mannauðsstjórum, deildarstjórum, eigendum og

framkvæmdastjórum til að skilgreina og kortleggja störfin. Hver undirflokkur skiptist í mismörg störf sem ekki sjást á myndinni, og voru þau greind út frá sjálfstæði, ábyrgð og hlutverki á vinnustað.<sup>1</sup> Vinnu við fyrsta áfanga kortlagningar starfa í ferðaþjónustu lauk í maí 2016. Næstu skref eru að hæfnigreina einstök störf og tengja þau við íslenska hæfnirammann.<sup>2</sup> Markmiðið er m.a. að leggja grunn að markvissri fræðslu og varpa ljósi á möguleika til starfsþróunar í ferðaþjónustu.

## Kortlagning starfa í ferðaþjónustu<sup>3</sup>

Yfirflokkar og undirflokkar



1 Störf á vegum ríkis og sveitarfélaga voru ekki greind að þessu sinni, svo sem störf við landvörslu, upplýsingagjöf, og skipulag og þjónustu, né störf á stöðsviðum sem snerta rekstur. Einnig á enn eftir að greina störf í fólksflutningum með flugi og með skipum og störf á börum og ölstofum.

2 menntamalaraduneyti.is/menntamal/hæfnirammii

3 Kortlagningin er enn í vinnslu.




## Samspil hæfni og arðsemi

Ekki er nægilegt að kortleggja störf in í ferðapjónustu og greina þau til að leggja grunn að markvissri fræðslu í greininni. Einnig þarf að athuga samspil hæfni, starfsánægju, góðrar þjónustu og arðsemi í ferðapjónustufyrirtækjum svo að stjórnendur og eigendur fyrirtækjanna átti sig á nauðsyn góðs starfsumhverfis og hæfni starfsmanna. Flestir gera sér grein fyrir því

að mikilvægt sé að starfsmenn leggi áherslu á þarfir og jákvæða upplifun ferðamanna til að markmið um góða umsögn ferðamanna, framleiðni og arðsemi nái fram að ganga. Færri gera sér grein fyrir þeirri heildarmynd sem dregin er upp á meðfylgjandi mynd. Grunnur að farsælum rekstri felst í góðu starfsumhverfi, hæfni og þekkingu, starfsánægju og stöðugleika í starfsmannahaldi.

## Samspil hæfni, starfsánægju, þjónustu og arðsemi<sup>1</sup>

Stjórnendur fyrirtækja þurfa að skilja heildarmyndina



*Stjórnenda- og leiðtogafræðsla þarf að taka mið af þessari heildarmynd um samspil hæfni og arðsemi*

<sup>1</sup> Byggt á framsetningu svipaðrar teikningar sem birtist í Sector Skills Insights: Tourism Evidence Report 55, UK Commission for Employment and Skills, August 2012.

# ÞEKKINGARSETUR FERÐAÞJÓNUSTUNNAR; SAMSTARFSVERKEFNI LEITT AF FRÆDSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

## Samráðsgrunnur um fræðslu og hæfni

Til að auka hæfni í ferðaþjónustu og halda í gott starfsfólk hvetur Alþjóðaferðamálastofnunin til vídtæks samstarfs. Hvatt er til þess að ferðaþjónustufyrirtæki, fræðsluaðilar og opinberir aðilar leggist á eitt við að efla hæfni starfsmanna.<sup>1</sup> Starfsnám í ferðaþjónustu þarf að taka mið af stefnu í fræðslumálum sem byggist á hæfnikröfum og þörfum greinarinnar. Samtöl við aðila í ferðaþjónustu, ásamt niðurstöðum fyrirtækjakönnunar Stjórnstöðvar ferðamála í apríl 2016, leiddu í ljós að nám og fræðsla í greininni er ekki í nægilegu samræmi við þarfir ferðaþjónustunnar. Mikilvægt er að fyrirtækin geti haft aðgang að gagnabanka með upplýsingum um fræðslu sem tekur mið af þörfum greinarinnar. Það sama á við um fræðsluaðila, en þeir vilja gjarnan hafa vitneskju um hvaða fræðslu vantar og hvernig best sé að koma henni til skila svo að ferðaþjónustufyrirtæki nýti sér hana.

## Þrepaskipt starfsnám í takt við þarfir

Ferðaþjónustan er verkleg atvinnugrein. Skortur er á markvissu og þrepaskiptu starfsnámi í flestum greinum hennar. Námsleiðir eru lítt skilgreindar og upplýsingar skortir víðast hvar um starfsþróunarmöguleika greinarinnar, enda hafa fæstir þeirra 22 þúsund starfsmanna sem starfa í ferðaþjónustu á Íslandi árið 2016 starfsréttindi eða próf í greininni. Þörf er á námi sem hvorki er aldurstengt né einungis fyrir íslenska starfsmenn. Áður hefur komið fram að um 6.000 starfsmenn í ferðaþjónustu árið 2016 séu erlendir og ef hlutfalli ungra starfsmanna hér á landi svipar til þess sem er í Skotlandi, má gera ráð fyrir því að um 6.600 starfsmenn hérlendis séu undir 25 ára. Nám í greininni þarf að taka mið af starfsmönnum hennar og þörfum fyrirtækja.

## Gæðastýring

Kallað er eftir verklegu námi og fræðslu sem miðast við þarfir greinarinnar. Leggja þarf ríka áherslu á að námið sé hagnýtt og hafi jákvæð áhrif á upplifun ferðamanna og orðspor greinarinnar. Fyrirtækin eru í örurum vexti og samkvæmt niðurstöðum könnunar Stjórnstöðvar ferðamála vilja þau að námsefni og fræðsla sé aðgengileg á vinnustað. Námið þarf því að vera fjölbreytt og aðgengilegt, að hluta til í fjarkennslu með notkun rafrænna miðla, myndskaiða og eftirfylgni leiðbeinenda. Einnig er afar mikilvægt að tryggja sem best gæði námsins sem og þeirra leiðbeinenda sem annast kennslu. Halda þarf utan um gæði náms, hæfniviðurkenningar og prófgráður með gæðastýringu.

<sup>1</sup> „Progress in developing and retaining talent will require a much stronger and more coordinated effort between the private sector, educational establishments and government“ (Global Talent Trends and Issues for the Travel & Tourism Sector 2015, bls. 6).

## *Fæstir þeirra 22.000 sem starfa í ferðaþjónustu árið 2016 hafa próf í greininni*

**Markmið:** Náms og fræðsla verði í takt við þarfir ferðaþjónustunnar svo hæfni og gæði aukist í greininni.

1. Þekkingarsetur ferðaþjónustunnar er stefnumótandi samstarfsverkefni atvinnulífs, fræðsluaðila og stjórnvalda<sup>1</sup> um fræðslu og hæfni á forsendum ferðaþjónustunnar. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins leiðir verkefnið.
  - a. Þekkingarsetrið starfar á forsendum atvinnulífsins.
    - i. Starfsemi Þekkingarseturs snýst um að uppfylla þarfir ferðaþjónustunnar fyrir fræðslu og fjárfesta í hæfni starfsmanna, bæði íslenskra og erlendra.
  - b. Þekkingarsetrið vinnur formlega með ferðaþjónustufyrirtækjum, fræðsluaðilum, opinberum aðilum og öðrum haghöfum í öllum landshlutum.
  - c. Þekkingarsetrið tekur ákvarðanir sem byggja á gagnreyndum upplýsingum og metur árangur af starfi sínu.
2. Þekkingarsetrið heldur utan um hönnun á viðurkenndu starfsnámi í ferðaþjónustu og til þess verða nýttar fyrirmyndir frá Skotlandi og Kanada.
  - a. Notast verður við hæfniramma,<sup>2</sup> og starfagreiningu á grunni hans, til að þræðaskipta starfsnámi í hæfniprep.
  - b. Þekkingarsetrið getur útvístað verkefnum í tengslum við viðurkennt starfsnám í ferðaþjónustu.
  - c. Þekkingarsetrið sér um gæðastýringu viðurkennds starfsnáms í ferðaþjónustu.
3. Þekkingarsetur virkjar samráðsgrunn (hringrás upplýsinga) um fræðsluþarfir í ferðaþjónustu og framboð fræðslu.
  - a. Samráðsgrunnur er hannaður og virkjaður til þess að framboð fræðslu byggja á eftirspurn og þörfum greinarinnar.
  - b. Rafrænt utanumhald verður um fræðslu og starfsnám í ferðaþjónustu, upplýsingar verða aðgengilegar fyrir fyrirtæki, opinbera aðila, fræðsluaðila og einstaklinga/starfsmenn.
  - c. Gert er ráð fyrir samvinnu og samstillingu við Vakann, gæðakerfi íslenskrar ferðaþjónustu, um fræðslu og hæfnikröfur starfa í ferðaþjónustu.
  - d. Þekkingarsetrið vinnur með námsráðgjöfum og skólum við að kynna starfsnám í ferðaþjónustu í samvinnu við fyrirtæki í greininni.
  - e. Boðið verður upp á rafrænt einstaklingsmiðað utanumhald á viðurkenningum og staðfestingu á hæfni auk yfirlits yfir fræðsluáfangi sem einstaklingur lýkur.

*Þekkingarsetur ferðaþjónustunnar er stefnumótandi samstarfsverkefni atvinnulífs, fræðsluaðila og stjórnvalda um fræðslu og hæfni á forsendum ferðaþjónustunnar*

<sup>1</sup> Hugtökin atvinnulíf, fræðsluaðilar og stjórnvöld eru vitt skilgreind í þessu samhengi. Með atvinnulífi er átt við aðila vinnumarkaðar og fyrirtækin í greininni, og með stjórnvöldum er átt við ríki og sveitarfélög.

<sup>2</sup> [menntamalaraduneyti.is/menntamal/hafniramma](http://menntamalaraduneyti.is/menntamal/hafniramma)

# STARFSNÁM Í FERÐAÞJÓNUSTU

## Þarfagreining – hvaða hæfni er þörf á strax?

Leiðtogar og stjórnendur fyrirtækja ráða miklu um hæfni og fagmennsku, og því er mikil áhersla lögð á að þjálfna stjórnendur í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við í fræðslumálum ferðaþjónustunnar, m.a. í Skotlandi og Kanada. Einnig kom í ljós í viðtölum starfshópsins við fulltrúa úr greininni að þörf er á góðri menntun fyrir stjórnendur, enda hafa þeir mest áhrif á menningu fyrirtækja, starfsumhverfi og rekstur.

Þá er talið mikilvægt að ná sem fyrst til allra starfsmanna í greininni með aðgengilegu rafrænu og myndrænu fræðsluefni. Í könnun Stjórnstöðvar ferðamála í apríl 2016 var spurt hvaða hæfni væri helst óskað eftir í ferðaþjónustu. Fram kom að þjónustulund og gestrisni, jákvætt viðmót, sjálfstæð vinnubrögð og samskipti voru þar efst á lista. Þjóða þarf upp á aðgengilegt nám sem leggur áherslu á grunnþætti í íslenski ferðaþjónustu, s.s. upplýsingar um Ísland, mikilvæga þætti sem tengjast upplifun ferðamanna, þjónustu og gestrisni, jákvæðu viðmóti og samskiptum, fræðslu um öryggis- og umhverfismál, fræðslu um menningu og minjar, ásamt sértækum þáttum sem taka mið af undirgreinum ferðaþjónustu og einstaka landshlutum. Einnig er brýn þörf fyrir nýliðafræðslu sem unnt er að hanna með sömu formerkjum. Þörf er á auknum sveigjanleika og sérhæfingu í leiðsögunámi, s.s. hvalaskoðun, flúðasiglingum, hreindýraveiðum o.fl. Einnig er þörf á sérhæfðu gestamóttökunámi, svo dæmi séu tekin.

Samkvæmt niðurstöðum úr könnun Stjórnstöðvar ferðamála þarf að ráða flesta starfsmenn í ræstingar/þrif, gestamóttöku, eldhús og veitingasal sem og leiðsögumenn, sölu- og afgreiðslufólk, faglærða matreiðslumenn og stjórnendur. Þá segjast fyrirtæki í ferðaþjónustu eiga í hvað mestum erfiðleikum með að ráða fólk í ræstingar/þrif og faglærða matreiðslumenn.

## Uppsöfnuð þörf fyrir starfsnám

Eins og fram hefur komið óska um 80% ferðaþjónustufyrirtækja sem þátt tóku í fyrirtækjakönnun Stjórnstöðvar ferðamála í apríl 2016 eftir starfsnámi sem stunda má á vinnustað. Námið þarf að höfða til starfsmanna og auka hæfni þeirra á vinnustað. Þörfin fyrir starfsnám er

*Nám í ferðaþjónustu á fyrst og fremst að vera starfsnám sem mætir þörfum greinarinnar*

uppsöfnuð og stöðugt bætast við nýir starfsmenn í ört vaxandi atvinnugrein. Því er mikilvægt að hefja strax undirbúning. Niðurstaða starfshópsins er að byggja upp markvisst og fjölbreytt starfsnám á sem flestum sviðum í ferðaþjónustu. Íslendingar þurfa að brjótast út úr viðjum vanans, nýta sér reynslu annarra þjóða og bjóða hagnýtt og þrepaskipt starfsnám sem er sveigjanlegt og aðgengilegt fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu. Stór hluti stjórnenda sem tók þátt í könnun Stjórnstöðvar ferðamála taldi að tímaskortur og erfiðleikar við að manna stöður í fjarveru starfsmanna sem sæktu sér fræðslu væri hindrun í fræðslustarfi. Með skipulagðri fræðslustefnu fyrirtækja mætti taka betur á þessum þætti og gera ráð fyrir þeim tíma eða dögum sem árlega væri varið í fræðslu, um leið og tryggt yrði að starfsnám mætti stunda sem mest á vinnustað.

## Hæfniprep, starfagreining og raunfærnimat

Fyrsta áfanga við starfagreiningu í íslenski ferðaþjónustu er nú lokið á vegum starfsgreinaráðs matvæla-, veitinga og ferðaþjónustugreina, en næstu skref eru að hæfnigreina einstök störf og tengja þau við íslenska hæfnirammann. Á þeim grunni er unnt að þróa viðurkennt starfsnám í ferðaþjónustu. Raunfærnimat byggist á sama grunni og er nýtt til að meta hæfni einstaklinga. Viðurkennd hæfni starfsmanna er óháð því hvernig þekkingar og hæfni var aflað svo fremi sem viðkomandi stenst hæfnikröfur. Mikilvægt er að hefja strax uppbyggingu viðurkennds starfsnáms í ferðaþjónustu, tengja það Vakanum og byrja sem fyrst að bjóða upp á nám og þjálfun á fyrstu hæfniprepunum. Ef vel tekst til má ætla að uppbygging og framkvæmd starfsnáms í ferðaþjónustu geti verið fyrirmynd að eflingu starfsnáms í öðrum verklegum greinum á Íslandi.



**Markmið:** Nægt framboð verði á markvissri, hagnýtri og þrepaskiptri fræðslu í ferðaþjónustu, námið njóti virðingar og verði eftirsótt hjá nýjum og núverandi starfsmönnum í ferðaþjónustu (íslenskum og erlendum) og viðurkennt starfsnám í ferðaþjónustu<sup>1</sup> verði fyrirmynd að eflingu starfsnáms í öðrum greinum.

**1. Forgangsverkefni Þekkingarseturs taka mið af niðurstöðu verkefnahóps, út frá gögnum og viðtölum, og byggja auk þess á erlendum fyrirmyndum.**

Forgangsverkefnin eru:

- a. **Stjórnenda- og leiðtogafræðsla:** Aðgengilegt nám í lotum sem miðar að því að auka hæfni stjórnenda, ánægju starfsmanna, framleiðni og arðsemi í fyrirtækjum, sbr. mynd bls. 9.
  - i. Fræðsla fyrir stjórnendur og sjálfstætt starfandi aðila í greininni enda hafa þeir mikil áhrif á hæfni og gæði í ferðaþjónustu.

**b. Grunnám fyrir allt starfsfólk í ferðaþjónustu:**

Stutt rafrænt nám og myndrænar lotur; námi lýkur með rafrænum viðurkenningum.

- i. Fyrirmyndir að náminu verða m.a. World Host frá Kanada, Glasgow Welcomes frá Skotlandi og Tourism HR og go2HR frá Kanada, þar sem áhersla er m.a. lögð á grunnnámskeið í framreiðslu, matvælaöryggi, hreinlæti, skyndihjálp o.fl.
- ii. Áhersla verður lögð á nýliðafræðslu og fræðslu fyrir núverandi starfsmenn, m.a. upplýsingar um Ísland og mikilvæga þætti sem tengjast upplifun ferðamanna, þjónustu og gestrisni, jákvæðu viðmóti og samskiptum, öryggis- og umhverfismálum, menningu og minjum, ásamt sértækari þáttum sem taka mið af undirgreinum ferðaþjónustu og einstaka landshlutum.

**c. Viðurkennt starfsnám í ferðaþjónustu á fyrstu hæfniprepum:** Starfsnám sem leiðir til formlegra viðurkenninga.

- i. Viðurkennt þrepaskipt starfsnám; staðfesting á hæfni á einu þrepi veitir inngöngu á næsta þrep.

**d. Áframhaldandi þróun raunfærnimats:**

Raunfærnimatið felur í sér mat á hæfni starfsmanna á móti störfum og námskrá og nýtist við að einstaklingsmiða nám og votta hæfni einstaklinga og byggja upp þekkingu innan fyrirtækja. Markmiðið er að bæði starfsmenn og fyrirtæki nýti sér ávinninginn sem felst í því að gera bæði hæfnikröfur og færni sýnileg.

**2. Þekkingarsetrið heldur utan um formlegt viðurkennt starfsnám í ferðaþjónustu sem verður tilraunaverkefni og fyrirmynd að eflingu starfsnáms í öðrum verklegum greinum á Íslandi.**

- a. Boðið verður upp á þrepaskipt viðurkennt starfsnám í ferðaþjónustu og vottaða viðurkenningu/ prófskírteini nema í lok hvers þreps.
  - i. Lögð verður áhersla á fyrstu hæfniprep<sup>2</sup> til að byrja með. Námið er ekki aldursmiðað, heldur hæfnimiðað, og gæði í framkvæmd þess skipta höfuðmáli.
  - ii. Námið tekur mið af starfsnámi ferðaþjónustu í Skotlandi (Modern Apprenticeship)<sup>3</sup> og Kanada.
- b. Viðurkennt starfsnám verður sveigjanlegt og aðgengilegt með fjölbreyttri nálgun, m.a. notkun rafrænna miðla, myndskreiða og þjálfunar á vinnustað.
- c. Námið verður þrepaskipt, einstaklingsmiðað og metnaðarfullt þannig að það verði eftirsótt meðal nýrra og núverandi starfsmanna, íslenskra og erlendra.
- d. Þekkingarsetrið vinnur með menntamálayfirvöldum við að skilgreina leiðir til að einstaklingar geti farið með stig/einingar á milli viðurkennds starfsnáms í ferðaþjónustu og annars náms í íslensku menntakerfi.

<sup>1</sup> Viðurkennt starfsnám í ferðaþjónustu er vinnuheiti yfir starfsnám í ferðaþjónustu sem hannað verður á grundvelli íslenska hæfnirammans, ISQF. Störfum er skipt í hæfniprep út frá sjálfstæði, ábyrgð og hlutverki á vinnustað og miðað er við að þróað verði viðurkennt starfsnám í ferðaþjónustu á fyrstu hæfniprepunum.

<sup>2</sup> menntamalaraduneyti.is/menntamal/hæfnirammi  
<sup>3</sup> ourskillsforce.co.uk/modern-apprenticeships/types-of-modern-apprenticeships/tourism

# SAMSPIL HÆFNI OG ARÐSEMI

## Samspil hæfni og arðsemi í ferðapjónustu

Mikilvægt er að fyrirtæki í ferðapjónustu stuðli að aukinni hæfni starfsfólks, farsælli þróun greinarinnar og aukinni arðsemi hennar í samvinnu við stjórnvöld. Lyfta þarf grettistaki til að ná markmiðum um aukna framleiðni og arðsemi í greininni og þar er aukin hæfni einn lykilþátturinn. Samstaða fyrirtækjanna, eigenda þeirra og stjórnenda, skiptir miklu máli í þessu samhengi. Til lengri tíma þurfa bæði ferðapjónustan og stjórnvöld að átta sig á því að þjónusta af bestu gæðum og jákvæð upplifun ferðamanna, hæfni starfsmanna, gott starfsumhverfi, vel launuð störf, framleiðni og góð arðsemi tengjast órjúfanlegum böndum<sup>1</sup>, enda viðurkennt að aukin framleiðni og arðsemi séu grundvöllur farsællar þróunar ferðapjónustunnar og góðra launakjara í greininni. Hafa ber í huga að hæfni, fagmennska og viðmót starfsmanna tengjast beint jákvæðri upplifun ferðamanna og allir þekkja að gæðaeftirlit í ferðapjónustu fer m.a. fram í rauntíma, í gegnum samfélagsmiðla, og ekki verður undan því vikist að vanda vel til verka.

## Hæfni starfsmanna er lykill að árangri

Fyrirtæki sem ekki hafa á að skipa hæfum starfsmönnum geta ekki orðið samkeppnishæf í að veita þá gæðapjónustu sem ferðamenn sækjast eftir og ferðapjónusta á Íslandi vill vera þekkt fyrir.

Fyrir þjóðina skiptir miklu að uppbyggingin í greininni sé markviss og örugg, ekki síst vegna þeirra miklu gjaldeyristekna sem hún aflar fyrir þjóðarþúið en auk þess fyrir heildarmyndina, starfsmenn, umhverfi og samfélag.

## Að laða starfsfólk að greininni og halda í gott starfsfólk

Eins og fram hefur komið er starfsmannavelta í ferðapjónustu að meðaltali 18%,<sup>2</sup> sem er hærra hlutfall en í mörgum öðrum starfsgreinum. Ekki er ljóst hver starfsmannavelta í ferðapjónustu er á Íslandi. Starfsmannavelta er fyrirtækjum kostnaðarsöm, og tölur frá Kanada<sup>3</sup> benda til þess að það kosti eins til tveggja ára laun að missa góðan stjórnanda og fjögurra mánaða til eins árs laun að missa góðan starfsmann í ferðapjónustu.

Mannaflaþörf tengist bæði fjölgun nýrra starfa og starfsmannaveltu. Ef spáð er í þróunina miðað við lágt atvinnuleysi á Íslandi má reikna með að vandinn við mönnun ágerist á næstu árum. Í könnun Alþjóðafærðamálastofnunarinnar<sup>2</sup> árið 2015 kom fram að í 37 löndum, af þeim 46 sem tóku þátt, var skortur á starfsfólki í ferðapjónustu. Einnig kom fram að 66% fyrirtækja í greininni töldu mun erfiðara að ráða fólk í ferðapjónustufyrirtæki árið 2014 en síðustu tvö árin þar á undan. Í nýlegri skýrslu frá Bretlandi var bent á að vandinn við að fá fólk til starfa í ferðapjónustu (aðlöðunarvandi) snúist fyrst og fremst um að halda í starfsfólk, og því beri fyrirtækjum að horfa til þess hvernig þau geti gert fyrirtækið, störfin og starfsumhverfið meira aðlaðandi.<sup>4</sup>

1 Sjá mynd bls. 9.    2 Global Talent Trends and Issues for the Travel & Tourism Sector 2015.    3 Skv. go2HR í British Columbia, Kanada.

4 Sector Skills Insights: Tourism Evidence Report 55, UK Commission for Employment and Skills, August 2012.

## *Fyrirtæki í ferðaþjónustu ásamt stjórnvöldum þurfa að lyfta grettistaki til að auka arðsemi greinarinnar*

**Markmið:** Vaxandi tekjur af ferðaþjónustu, aukin framleiðni og aukin arðsemi. Ferðaþjónustan verði eftirsóttur starfsvettvangur með ánægða starfsmenn og stöðugleika í starfsmannahaldi. Ímynd greinarinnar mælist jákvæð og fyrirtækin upplifi samstöðu og geti sótt sér leiðbeiningar og aðstoð á aðgengilegan hátt. Þeim fyrirtækjum í ferðaþjónustu fjölgi sem njóta gæðaviðurkenningar og/eða eru í Vakanum.

1. SAF stuðla að því að fyrirtæki í greininni vinni þétt saman og með stjórnvöldum við að auka hæfni og arðsemi í ferðaþjónustu.
  - a. Stjórnendur í ferðaþjónustu og stjórnvöld tala einni röddu um mikilvægi hæfni fyrir arðsemi greinarinnar.
  - b. SAF, markaðsstofur, atvinnuþróunarfélög og aðrir hagaðilar hvetja stjórnendur til að taka þátt í stjórnendafræðslu og stuðla að aukinni hæfni starfsmanna.
    - i. SAF og fyrirtæki í greininni bera ábyrgð á að fræðsluþörf þeirra skili sér til Þekkingarseturs svo að fræðsluáðilar geti komið til móts við þarfir fyrirtækja um fræðslu.
  - c. SAF hvetja til þess að fyrirtæki í ferðaþjónustu líti á greinina sem virðiskeðju og hafi í huga að engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn.
    - i. SAF vinna að aukinni samstöðu í ferðaþjónustu með það að markmiði að stórefla greinina.
    - ii. SAF hafa aðgengilegar upplýsingar fyrir fyrirtæki til að styðja við starfsemi þeirra og komi t.d. upp rafrænni síðu með „verkfærakistu stjórnenda“ í samvinnu við Þekkingarsetrið.
    - iii. SAF hvetja fyrirtæki til að setja sér markvissa stefnu í fræðslu- og gæðamálum og nýta sér verkefnið „Fræðslustjóra að láni“, fræðsluerindreka og aðrar leiðir sem reynst hafa vel til þessa.
    - iv. SAF hvetja til þátttöku í Vakanum og aðstoða við að skilgreina leiðir til þess að fjölga fyrirtækjum sem eru í Vakanum.
    - v. SAF halda áfram að vinna í því að regluverk verði einfaldað í greininni og jafnframt að hart verði tekið á svartri og ólöglegri starfsemi sem er smánarblettur og kemur óorði á alla greinina.
2. Gera störf í ferðaþjónustu áhugaverð, laða að og halda í góða starfsmenn.
  - a. SAF veita fyrirtækjum og stjórnendum upplýsingar um viðurkenndar leiðir sem reynst hafa vel til þess að laða að og halda í góða starfsmenn.
    - i. SAF fylgjast með því að stjórnendanám í ferðaþjónustu taki á samspili hæfni starfsfólks, góðs vinnuumhverfis og arðsemi.
  - b. SAF kynna greinina sem spennandi starfsvettvang og veita upplýsingar um starfsmál og starfsþróunarmöguleika.
    - i. SAF, í samstarfi við hagaðila, halda utan um ýmiss konar keppni og greina frá góðum árangri.
    - ii. SAF kynna störf, starfsþróunarleiðir og námsmöguleika og stuðla að því, ásamt Þekkingarsetri ferðaþjónustunnar, að námsráðgjafar í skólum, kennarar, nemendur, aðilar atvinnulífs og allir landsmenn þekki til þeirra.
    - iii. SAF stuðla markvisst að umfjöllun í fjölmiðlum um störf í ferðaþjónustu með viðtölum við einstaklinga í viðkomandi störfum.
  - c. Ferðaþjónustufyrirtæki laða að greininni erlent vinnuafl og SAF veita upplýsingar um traustar leiðir til að nálgast það.



# FORGANGSVERKEFNI 2016-2018

## TILLAGA 1

### Þekkingarsetur ferðapjónustunnar

#### Aðgerðir

#### Væntingar um niðurstöður

- |  |  |
|--|--|
| 1. Þekkingarsetur ferðapjónustunnar er samstarfsverkefni atvinnulífs, fræðsluaðila og stjórnvalda. Samið verður við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um undirbúning og framkvæmd verkefnisins um allt land. | <ul style="list-style-type: none"><li>• Stjórnendur og starfsmenn ferðapjónustufyrirtækja eru ánægðir með verkefnið, þ.e. starfsemi Þekkingarseturs ferðapjónustunnar</li><li>• Aðilar ferðapjónustunnar sjá ávinning af starfseminni og leggja sig fram um samstarf við Þekkingarsetur</li><li>• Gott samstarfsnet um hæfni í ferðapjónustu nær til allra landshluta.</li></ul> |
| 2. Leitað verður samstarfs við þá sem stýra fræðslumálum í ferðapjónustu í Skotlandi og Kanada.  | <ul style="list-style-type: none"><li>• Íslensk ferðapjónusta nýtur þess að þróun starfsnáms í Skotlandi og Kanada hefur verið farsæl.</li><li>• Komið hefur verið á góðu samstarfi við þessar þjóðir um gagnreyndar leiðir til uppbyggingar á fræðslu í íslenskri ferðapjónustu.</li></ul>  |
| 3. Næstu skref verða tekin til að undirbúa starfsnám í ferðapjónustu, en þau felast í þróun náms á fyrstu hæfniprepum og hönnun gæðaeftirlits.   | <ul style="list-style-type: none"><li>• Störf í ferðapjónustu hafa verið hæfnigreind og unnið er að undirbúningi viðurkennds starfsnáms í ferðapjónustu.</li><li>• Gæði náms er í forgrunni frá fyrstu tíð.</li><li>• Námsframboð í fyrsta áfanga verður kynnt árið 2017.</li></ul>  |
| 4. Námsþróunarmöguleikar í greininni verða skilgreindir og ljósi varpað á þá.  | <ul style="list-style-type: none"><li>• Fyrirtæki, fræðsluaðilar, námsráðgjafar, nemar, starfsmenn og aðrir hagaðilar þekkja námsþróunarmöguleika í ferðapjónustu.</li></ul>   |
| 5. Samræming verður á hæfnikröfum íslenska hæfnirammans og hæfnikröfum Vakans.   | <ul style="list-style-type: none"><li>• Hæfnikröfur starfa og hæfnikröfur Vakans eru samhæðar og raðað á þrep.</li></ul>   |
| 6. Komið verður á samráðsgrunni, þ.e. hringrás upplýsinga, um þarfir og framboð í fræðslumálum ferðapjónustunnar.  | <ul style="list-style-type: none"><li>• Góður samráðsgrunnur er á milli greinarinnar og fræðsluaðila til að tryggja að fræðsla í greininni verði í takt við þarfir.</li></ul>  |
| 7. Komið verður á rafrænu utanumhaldi um störf, starfsnám og fræðslu, m.a. með því að safna saman upplýsingum sem fyrir liggja.  | <ul style="list-style-type: none"><li>• Stjórnendur og starfsmenn ferðapjónustufyrirtækja eru ánægðir með aðgengi að upplýsingum í tengslum við fræðslumál ferðapjónustunnar.</li></ul>  |

#### Ábyrgð

- Stjórnstöð ferðamála undirbýr samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins fyrir hönd stjórnvalda.
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, og þar með Þekkingarsetur ferðapjónustunnar, ber ábyrgð á framkvæmd verkefna í samstarfi við Stjórnstöð ferðamála, SAF og Ferðamálastofu.

## TILLAGA 2

# Starfsnám í ferðaþjónustu

### Aðgerðir

### Væntingar um niðurstöður

1. Nám fyrir stjórnendur og sjálfstætt starfandi aðila í greininni verður undirbúið og sett af stað.	<ul style="list-style-type: none"><li>• Stjórnendanámið er vel sótt og stuðlar að aukinni hæfni stjórnenda og starfsfólks, starfsánægju og framleiðni á vinnustað.</li><li>• Námið hefst árið 2017.</li></ul>
2. Fræðsla fyrir allt starfsfólk í ferðaþjónustu verður undirbúin og sett af stað.	<ul style="list-style-type: none"><li>• Fræðsla í grunnþáttum ferðaþjónustu skilar sér um allt land og ánægja með það ríkir meðal starfsmanna og stjórnenda.</li><li>• Fræðsla hefst árið 2017.</li></ul>
3. Haldið verður áfram að þróa og prófa raunfærnimat.	<ul style="list-style-type: none"><li>• Raunfærnimat nýtist til að meta og byggja ofan á hæfni starfsmanna.</li><li>• Raunfærnimat nýtist við gerð fræðsluáætlaða í fyrirtækjum.</li></ul>
4. Starfsnám í ferðaþjónustu á fyrstu hæfniprepum verður undirbúið og þróað og skilgreindar verða leiðir til að halda utan um gæði námsins.	<ul style="list-style-type: none"><li>• Stjórnendur og starfsmenn ferðaþjónustufyrirtækja eru ánægðir með viðurkennt starfsnám í greininni og þjónustu Þekkingarseturs.</li><li>• Fyrstu namar útskrifast árið 2018.</li><li>• Gæðakerfi stuðlar að góðu og markvissu námi.</li></ul>
5. Fræðsla fyrir samstarfsaðila og leiðbeinendur fer fram ásamt markvissri kynningu á forgangsverkefnum.	<ul style="list-style-type: none"><li>• Góð samhæfing samstarfsaðila og leiðbeinenda.</li><li>• Aukin þekking á möguleikum til starfsnáms í ferðaþjónustu.</li></ul>
6. Stjórnskipulag/kerfi sem heldur utan um starfsnám í ferðaþjónustu um allt land verður hannað.	<ul style="list-style-type: none"><li>• Komið hefur verið á góðu stjórnskipulagi í tengslum við starfsemi Þekkingarseturs um allt land.</li><li>• Gott framboð á starfsnámi og hæfum leiðbeinendum er um allt land.</li></ul>
7. Leiðir verða skilgreindar til að einstaklingar geti farið með stig/einingar á milli viðurkennds starfsnáms í ferðaþjónustu og annars náms í íslensku menntakerfi.	<ul style="list-style-type: none"><li>• Náðst hefur sameiginlegur skilningur á því hvernig nemendur nýta fræðslu sér til framdráttar í menntakerfinu.</li></ul>

### Ábyrgð

- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, og þar með Þekkingarsetur ferðaþjónustunnar, í samvinnu við SAF, aðila vinnumarkaðarins, stjórnvöld, markaðsstofur, símenntunaraðila og aðra fræðsluaðila.

# FORGANGSVERKEFNI 2016-2018

## TILLAGA 3

### Samspil hæfni og arðsemi

#### Aðgerðir

#### Væntingar um niðurstöður

- |   |  |
|---|--|
| 1. SAF stuðla að því að fyrirtæki í ferðaþjónustu vinni þétt saman og með stjórnvöldum að því að auka menntun og arðsemi í greininni. Unnið verður að því að auka skilning stjórnenda og stjórnvalda á samspili hæfni og arðsemi í ferðaþjónustu. | <ul style="list-style-type: none"><li>• Stjórnvöld fjárfesta í starfsnámi í ferðaþjónustu.</li><li>• Fyrirtæki og starfsmenn nýta sér þá fræðslu og menntun sem í boði er</li><li>• Ferðaþjónusta á Íslandi er arðsöm, orðspor hennar sem atvinnugreinar fer vaxandi og hæfni í greininni eykst til muna með aukinni menntun.</li><li>• Aukin framlegð starfa og betri fyrirtækjaskor á Trip-advisor</li><li>• Ferðamenn eru ánægðir með gæði og þjónustu.</li></ul> |
| 2. Leiðir til auka samstöðu innan greinarinnar verða skilgreindar, m.a. með því að fjölga fyrirtækjum í SAF og Vakanum.   | <ul style="list-style-type: none"><li>• Ferðaþjónustufyrirtæki um allt land finna fyrir samstöðu og vinna þétt saman.</li><li>• Fyrirtækjum fjölgar í SAF.</li><li>• Fleiri fyrirtæki taka þátt í Vakanum.</li></ul>   |
| 3. SAF hafa aðgengilegar upplýsingar um leiðir sem hafa gefist vel til að laða að starfsmenn og auka hæfni þeirra; veita jafnframt upplýsingar um starfsþróunarmöguleika og verkfærakistu stjórnenda í samvinnu við Þekkingarsetur.               | <ul style="list-style-type: none"><li>• Hæfni stjórnenda eykst, starfsmenn sækja í greinina og hæfni þeirra vex jafnt og þétt.</li><li>• Starfsmannavelta minnkar með aukinni starfsánægju í greininni.</li><li>• Íslendingar sjá ferðaþjónustu fyrir sér sem framtíðarstarfsvettvang með auknum starfsþróunarmöguleikum og fjölgun heilsársstarfa.</li></ul>  |
| 4. Fyrirtæki innan SAF setja sér markvissa, skriflega fræðslustefnu sbr. fræðslu-stjóraverkefnið „Fræðslustjóri að láni“.   | <ul style="list-style-type: none"><li>• Fræðslustarfsemi fyrirtækja verður markvissari.</li><li>• Starfsþróunarmöguleikar í ferðaþjónustu verða sýnilegri.</li></ul>   |
| 5. Fyrirtæki í greininni gera aðlögunaráætlun fyrir erlenda starfsmenn og taka vel á móti þeim. SAF veita upplýsingar um traustar og viðurkenndar leiðir til að ráða og taka á móti erlendu starfsfólki.  | <ul style="list-style-type: none"><li>• Aðlögunaráætlun fyrir erlenda starfsmenn hefur gefist vel.</li><li>• Erlendir starfsmenn fá viðurkennda þá hæfni sem þeir búa yfir.</li></ul>  |
| 6. Reglulegt mat á mannaflapörf fer fram og nær til allra landshluta.   | <ul style="list-style-type: none"><li>• Greining á mannaflapörf liggur reglulega fyrir hjá Stjórnstöð ferðamála.</li></ul>   |
| 7. Samstaða ríkir innan greinarinnar um að auka virðingu hennar með því að taka hart á svartri starfsemi og lögbrotum sem eru blettur á ferðaþjónustunni.   | <ul style="list-style-type: none"><li>• Fyrirtæki í greininni sýna samtakamátt sinn gegn ólöglegri starfsemi í ferðaþjónustu og þrýsta á stjórnvöld um að taka hart á henni.</li></ul>   |

#### Ábyrgð

- SAF í samvinnu við fyrirtæki í greininni, stjórnvöld, Stjórnstöð ferðamála og Þekkingarsetur ferðaþjónustunnar.





Hæfni og gæði í ferðabjónustu

# FJÁRFESTUM Í HÆFNI STARFSMANNA

Júlí 2016



Stjórnstöð ferðamála  
Ármúla 6, 108 Reykjavík  
stjornstodin@stjornstodin.is  
stjornstodin.is



Alþingi  
Fjárlaganefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Selfossi, 20. desember 2016

**Efni: Ályktun stjórnar SASS vegna frumvarps til laga um fjárlög ríkisins 2017**

**Stjórn SASS hvetur þingmenn til að tryggt verði við afgreiðslu fjárlaga að nægjanlegt fjármagn fái stöð til að standa undir rekstri grunnþjónustu á Suðurlandi vegna fjölgunar íbúa og ferðamanna. Af því tilefni er sérstaklega bent á heilbrigðis- og velferðarþjónustu, löggæslu og samgöngur.**

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir fjárframlögum til ART verkefnisins sem kostar á ársgrundvelli 30 m.kr. Stjórn SASS telur nauðsynlegt að úr þessu verði bætt. Stjórn SASS áréttar nauðsyn ART verkefnisins og hvetur félags- og húsnæðismálaráðherra til að ganga strax frá nýjum samningi um ART verkefnið og að gildistími hans sé til fimm ára þannig að hægt verði að eyða óvissu og halda áfram þessu mikilvæga verkefni.

Stjórn SASS leggur ríka áherslu á að Alþingi hlutist til um að **Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi og Háskólafélags Suðurlands (HfSu)** fái viðbótarfjárveitingu á fjárlögum 2017 líkt og verið hefur síðustu ár en um eru að ræða **10 m.kr. til Fræðslunetsins og 5 m.kr. til HfSu.**

Árið 2013 voru byggð upp námsver í Kötlusetri í Vík og í Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri. Árið 2014 bættist Sveitarfélagið Hornafjörður við starfssvæði félaganna. Efling menntunar á miðsvæðinu hefur verið eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands og tímabundnar fjárveitingar á fjárlögum hafa fjármagnað þessa þjónustu í Skaftafellssýslunum.

Starfshópur um eflingu byggðar og atvinnulífs á svæðinu milli Markarfljóts og Öræfa sem forsætisráðherra skipaði fyrir í haust lagði m.a. til að umræddar tímabundnar fjárveitingar félaganna verði gerðar varanlegar.

Stjórn SASS tekur undir með starfshópnum og skorar á fjárlaganefnd að taka af skarið og samþykkja þessar tillögur og koma þannig þessari mikilvægu nærþjónustu Skaftafellinga á varanlegan grundvöll.

Stjórn SASS lýsir yfir vonbrigðum með að samkvæmt frumvarpi til fjárlaga ársins 2017 séu lögð niður **fjárframlög til eflingar löggæslu í umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi**. Um er að ræða lækkun sem nemur ríflega 10% heildar fjárheimilda lögreglunnar á Suðurlandi eða um **102 m.kr.** Umdæmi lögreglunnar á Suðurlandi er mjög víðfermt. Þar eru vinsælustu ferðamannastaðir landsins í byggð og óbyggð. Fjárheimildir fyrri ára byggja á fjölgun ferðamanna og verulega aukinnar umferðar. Þegar litið er til umferðabunga og fjölgunar slysa er þessi niðurstaða með öllu óásættanleg enda skerðist verulega hvorutveggja, öryggi íbúa landshlutans og annarra vegfarenda.





Stjórn SASS mælir eindregið með að við meðför frumvarpsins á Alþingi verði bætt úr ofangreindum vanköntum.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar SASS

A handwritten signature in blue ink that reads 'Bjarni Guðmundsson'. The signature is written in a cursive style and is positioned above a horizontal line.

Bjarni Guðmundsson,  
framkvæmdastjóri



Alþingi  
Fjárlaganefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Selfossi, 19. desember 2016

**Efni: Ályktun stjórnar SASS vegna frumvarps til laga um fjárlög ríkisins 2017**

Stjórn SASS hvetur þingmenn til að tryggja verði við afgreiðslu fjárlaga að nægjanlegt fjármagn fái til að standa undir rekstri grunnþjónustu á Suðurlandi vegna fjölgunar íbúa og ferðamanna. Af því tilefni er sérstaklega bent á heilbrigðis- og velferðarþjónustu, löggæslu og samgöngur.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar SASS

Bjarni Guðmundsson,  
framkvæmdastjóri



## SEYÐISFJARÐARKAUPSTAÐUR

Kt. 560269-4559 – Sími: 470 2300 – Fax: 472 1588

Pósthólf 15 – Hafnargata 44 – 710 Seyðisfjörður

Netfang: [sfk@sfk.is](mailto:sfk@sfk.is) – Veffang: [www.seydisfjordur.is](http://www.seydisfjordur.is)

Alþingi  
b.t. Fjárlaganefndar Alþingis  
Alþingi við Austurvöll  
150 Reykjavík

Seyðisfirði 13. Janúar 2017

### Efni: Seyðisfjarðargöng undir Fjarðarheiði

Á 1719. fundi bæjarstjórnar þann 11. janúar síðastliðinn var eftirfarandi ályktun um Seyðisfjarðargöng undir Fjarðarheiði samþykkt og er henni hér með komið á framfæri.

### Ályktun bæjarstjórnar Seyðisfjarðar um Fjarðarheiðargöng.


11. janúar 2017

„Bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar skorar á Alþingi og ríkisstjórn að nú þegar verði skilgreindir nægir fjármunir til að ljúka rannsóknaráætlun vegna Seyðisfjarðarganga undir Fjarðarheiði (Fjarðarheiðargöng) sem þegar er langt á veg komin, í samræmi við samgönguáætlun 2015 til 2018.

Með hliðsjón af óvissu um framhald verkefnisins vegna óskilgreindra fjárheimilda í fjárlögum fyrir árið 2017, er brýnt að tryggt verði að vinna við þetta mikilvæga samgönguverkefni verði ekki rofin.

Þess ber að minnast að lögð er sérstök áhersla á áframhaldandi rannsóknir og framkvæmd verkefnisins í nefndaráliti meirihluta Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015– 2018 frá 14. september 2016. Þar segir í kafla um jarðgöng: „Nú er unnið að framkvæmdum við gerð Norðfjarðarganga. Framkvæmdir hófust árið 2013 og áætlað er að þeim ljúki 2017. Er þá lagt til að framkvæmdir verði hafnar við Dýrafjarðargöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar á Vestfjörðum. Meirihluti nefndarinnar áréttar að svo að hægt verði að hefja framkvæmdir við Dýrafjarðargöng þurfi heimild í fjárlögum og samþykktu samgönguáætlun. Þá er á árunum 2015–2018 gert ráð fyrir að unnið verði að jarðfræðirannsóknum í væntanlegu gangastæði Seyðisfjarðarganga en meirihlutinn telur að svigrúm sé nú til staðar til að hefja gerð Seyðisfjarðarganga samhliða gerð Dýrafjarðarganga.“

Ennfremur vill bæjarstjórn benda á þann mikla stuðning er Fjarðarheiðargöng hafa hlotið frá öllum landshlutum á samráðsfundum við gerð Samgöngu- og fjarskiptaáætlunar. Á meðfylgjandi mynd sem fengin er af vef Innanríkisráðuneytisins sést að göng milli Seyðisfjarðar og Héraðs hafa notið einna mest fylgis með næstflestar ábendingar.



Tillagan samþykkt með 7 greiddum atkvæðum“.

Samrit: Alþingi, ríkisstjórn, innanríkisráðuneyti, umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis og vegagerðin.

Virðingarfyllst,

*Vilhjálmur Jónsson*  
Vilhjálmur Jónsson.

Nefndasvið  
Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. desember 2016

**Efni: Umsögn Siðmenntar um frumvarp til fjárlaga 2017, 146. löggjafarþing  
2016 - 2017.**

**Álit Siðmenntar:**

Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi, hvetur Alþingi til þess að afgreiða óbreytt framlag frá fyrra ári til þjóðkirkjunnar.

**Rökstuðningur:**

**Fjárlög**

Þegar fjárlög voru lögð fram 6. desember varð ljóst að gert var ráð fyrir að framlög til þjóðkirkjunnar ykjast um 8,8% sem er veruleg hækkun miðað við verðlagsþróun en verðbólga síðust 12 mánuðina er 2,1%.

Sú hækkun er t.d. umfram hækkun til Landspítalans en rekstramál hans hafa verið fyrirferðamikil í umræðunni til langs tíma. Hækkun til spítalans nemur 7,3% samkvæmt fjárlagafrumvarpi og er ekki talin nægjanleg af forráðamönnum hans til þess að rétta við rekstur hans.

Á fjárlögum er gert ráð fyrir 6,41 milljörðum til trúmála þ.a. 300 milljónir króna til annarra en kirkjunnar og því ljóst að kirkjan tekur til sín megnið af framlögunum með vísan í tvo samninga, kirkjujarðasamkomulagið og lög um sóknargjöld. Mestu munar um hækkun til rekstrar þjóðkirkjunnar sem verður 2,075 milljörðum kr. sem er hækkun um 8,8% frá árinu áður þegar framlagið nam 1,907 milljónum kr.

## Fjáraukalög

Þegar starfsstjórnin (ríkisstjórn síðasta kjörtímabils sem enn er starfandi) lagði síðan fram fjáraukalög 14. desember var bætt í, því gert er ráð fyrir 455 milljónum kr. viðbótarframlagi og er rökstutt með vísan í kirkjujarðarsamninginn frá 1997.

Í greinagerð með fjáraukafrumvarpinu segir:

*Í kjölfar bankahrunsins varð forsendubrestur í ríkisfjármálum og til að bregðast við því var óhjákvæmilegt að gera umtalsverðar aðhaldskröfur í rekstrar- útgjöldum allra ríkisstofnana og rekstraraðila sem fjármagnaðir eru úr ríkissjóði. Í tilfelli þjóðkirkjunnar var um sambærilegar aðhaldskröfur að ræða og gerðar voru í öðrum almennum rekstri hjá ríkinu.*

Fjárhagsstaða mennta-, heilbrigðis-, vegagerðar-, löggæslu- og velferðarkerfisins er þannig að um viðvarandi niðurskurð hefur verið að ræða til langs tíma. Í sumum málaflokkum s.s. í heilbrigðismálum hefur niðurskurður staðið yfir í áratug eða lengur. Siðmennt telur að aukið fé í þessa málaflokka sé mikilvægara en aukið fé í trúmál.

## Sóknargjöldin

Siðmennt sendi þingmönnum bréf dagsett 17. september 2015 þar sem bent var á 8 atriði sem félagið telur að þingmenn ættu að endurskoða eða breyta. Eitt af þeim eru sóknargjöldin.

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2016 var nefnilega gerð tillaga um 9% hækkun á sóknargjöldum. Réttlætingu var leitað í meintum niðurskurði sóknargjalda frá árinu 2008.

Siðmennt benti á að í útreikningum kæmi fram að viðmið tillögunnar væru röng. Vissulega hafði orðið dramatísk lækkun frá 2008 til ársins 2014 eða 40%. Siðmennt taldi að viðmiðið ætti að vera frá setningu laga um sóknargjöld þ.e. frá árinu 1988 eins og þau birtust í gögnum Alþingis.

Á tímabilinu 1988 – 2008 hækkuðu sóknargjöldum um hvorki meira né minna en 105% á verðgildi ársins 2014. Ef tekið er viðmiðið sem er réttast þ.e. frá 1988-2014 þá hefur orðið 24% raunhækkun á sóknargjöldum.

Þingmenn tók því ákvörðun um að hækka sóknargjöldin og þ.a.l. kostnað skattgreiðenda um 9% út frá röngum forsendum. Þingmönnum til upplýsingar fylgja útreikningarnir með hér.


Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands





HEIMILD: ALÞINGI

Fulltrúi Siðmenntar er ávallt reiðubúinn að ræða innihald umsagnarinnar ef eftir því er óskað.

F.h. Siðmenntar

Bjarni Jónsson  
Framkvæmdastjóri

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands



Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10A  
150 Reykjavík

Reykjavík 22. desember 2016

**Efni: Umsögn Bandalags sjálfstæðra leikhúsa um Fjárlagafrumvarpið 2017**  
(Einnig sent til allsherjar- og menntamálanefndar og menntamálaráðherra)

### Sjálfstæðu leikhúsin óska eftir:

- að framlag til starfsemi atvinnuleikhópa<sup>1</sup> verði hækkað úr 92,5 í 120 milljónir.
- að mánuðum verði fjölgað í launasjóði sviðslistafólks, úr 190 mánuðum í 280 mánuði.

### Forsendur hækkunar:

- SL frumsýna 60% allra sýninga í íslensku sviðslistaumhverfi.
- SL fá 30% áhorfenda á sýningar sínar.
- SL fengu helming allra tilnefninga til Grímuverðlauna á liðnu leikári.
- SL fá aðeins 8% af því fjármagni sem lagt er til sviðslista á Íslandi.
- launakostnaður hefur hækkað um 25%.
- að SL er í fararbroddi þegar kemur að nýsköpun og kynningu á íslenskum sviðslistaverkum innan lands sem utan.

### Samantekt


Bandalag sjálfstæðra leikhúsa (SL) eru samtök sjálfstætt starfandi atvinnufólks í sviðslistum á Íslandi. Alls eru um 80 hópar á skrá félagsins og þar af voru um 50 virkir hópar á síðasta leikári. Tilgangur félagsins er að veita stuðning til sviðslistahópanna með ráðgjöf og upplýsingaveitu auk þess að vinna að bættu umhverfi sviðslista í samvinnu við ríki og sveitarfélög. Fjölbreytni og nýsköpun einkennir starf þessara hópa og má geta þess að sjálfstæðir hópar fá ríflega 30% leikhúsáhorfenda og frumsýna um 60% af öllum sviðsverkum á Íslandi. Þessar sýningar eru að stórum hluta frumflutningur nýskriðra leikrita, dansverka, barnaleiksýninga og brúðusýninga svo eitthvað sé nefnt. Til marks um gæði þá er vert að geta þess að að undanfarin ár hafa atvinnuleikhópar hlotið fjölda

<sup>1</sup> Fjárlagaliður 02-982-1.24




tilnefninga til Grímuverðlauna. Þrátt fyrir þessa miklu virkni, hlutdeild í áhorfendafjölda, fjölda frumsýninga og fjölda viðurkenninga þá fá SL-hópar **aðeins 8%** af því fjármagni sem lagt er í sviðslistir í landinu<sup>2</sup>. Þeir hópar sem hlutu verkefnastyrki og listamannaun á síðasta ári framleiddu sínar sýningar langt undir lágmarkskjörum sviðlistamanna í ríkisstofnunum. SL fer því fram á hækkun framlags til atvinnuleikhópa og fjölgun listamannaunna þannig að listamenn geti a.m.k. þegið lágmarkskjör fyrir vinnuframlag sitt. Framlagið verður þá nær því að vera í takti við þann áhorfendafjölda sem sækir sýningar SL, einnig þá fjölbreytni og þau gæði sem SL býður upp á. **Við leggjum því til að framlag til “starfsemi atvinnuleikhópa” hækki úr 92,5 m.kr. í 120 m.kr. og mánuðum í launasjóði sviðslistafólks verði fjölgað úr 190 í 280 mánuði.**

Skipting fjármagns til sviðslista 2016



Skipting áhorfenda 2009 - 2014



## 30% leikhúsgesta á Íslandi sjá sýningar SL

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands hefur meðalaðsókn í atvinnuleikhús á Íslandi síðast liðin 5 ár verið um 350.000 manns á ári, þar af hefur SL verið með 30% eða um 105 þúsund gesti á ári. Sjálfstæðu leikhúsin frumsýna auk þess rúmlega 60% af þeim sýningum sem eru í boði ár hvert.


<sup>2</sup> Sjálfstæðu Leikhúsin samtals u.þ.b. 204 milljónir frá Ríki og sveitarfélögum. Leikfélag Reykjavíkur, Leikfélag Akureyar, Þjóðleikhúsið, Íslenska Óperan og Íslenski Dansflokkurinn samtals u.þ.b. 2.4 Milljarðar.



## SL með 8% fjármagnsins en 30% aðsóknarinnar

Mikill ójöfnuður er í skiptingu þess fjármagns sem lagt er til sviðslista á Íslandi. Stofnanaleikhúsin (Þjóðleikhúsið, Leikfélag Reykjavíkur, Leikfélag Akureyrar, Íslenski Dansflokkurinn og Íslenska Óperan) hafa fengið að meðaltali 92% alls þess fjármagns sem lagt er í sviðslistir á meðan styrkir til atvinnuleikhópa hafa haldist í kringum 8% a.m.k. undanfarin 5 ár. Ósk okkar um 28 milljón króna hækkun myndi samt aðeins þýða um 1% hækkun á heildarframlagi ríkisins til sviðslista miðað við fjárlög 2016.

## Styrkir til atvinnuleikhópa 2009 - 2017



## Vísitöluhækkun frá 2013

Árið 2013 hækkaði framlag til SL úr 71 milljónum í 89,8 milljónir en ári síðar var þessi hækkun dregin til baka. Ósk okkar er sú að hækkunin sem fékkst árið 2013 haldi sér ásamt launavísitöluhækkun á milli ára eða um 120 milljónir króna reiknað til ársins 2017.






Listamannalaun eru skilgreind í reglugerð sem fylgir lögum nr. 57/2009 sem 67% af fullri vinnu. Sú vinna sem listamenn innan sviðslistahópa sinna er hins vegar 100% meðan á vinnslu sýninga stendur og ómögulegt að skera starfshlutfallið niður í 67%.

Við teljum því eðlilegt að mánaðarlaun sem eyrnamerkt eru sviðslistafólki verði aukin um þriðjung eða um 90 mánaðarlaun, úr 190 mánuðum í 280. Til að setja þetta í samhengi þá var raunþörf þeirra verkefna sem hlutu styrki á síðasta leikári u.þ.b. 500 mánaðalaun.

### Listamannalaun 2014: Úthlutað vs. Raunþörf



### Sjálfstætt starfandi sviðslistafólk með 30% lægri laun

Íhaldssamir útreikningar gefa til kynna að launþörf þeirra verkefna sem framleidd voru fyrir styrki leikárið 2015-2016 hafi verið langt undir öllum grunnlaunum. Alls var um 170 launamánuðum úthlutað til verkefna en reiknuð þörf nálægt 500. Hluti af launagreiðslum fyrir verkefni er venjulega tekinn af verkefnastyrk og ef við gerum ráð fyrir að um 80% verkefnastyrkja fari í laun þá vantar samt ríflega hækkun á ríkisframlögum til að ná grunnlaunum þeirra samninga sem gilda um störf sviðslistamanna hjá stofnanaleikhúsunum (Þjóðleikhúsi og Borgarleikhúsi).

### Útflutningur sviðslista

Þegar kemur að leikferðum út fyrir landsteinana hafa SL hópar fengið að meðaltali um 35 þúsund áhorfendur erlendis og á ári á meðan stofnanaleikhúsin hafa fengið um 9 þúsund áhorfendur á ári. Auk þess hafa SL hópar verið áberandi á erlendum sviðslistahátíðum og



nú síðast á Icehot Copenhagen 2016 þar sem 7 íslenskir danshópar kynntu verk sín fyrir erlendum kaupendum.

## Nýtt sviðslistafólk út á vinnumarkaðinn

Listaháskóli Íslands útskrifar um 30 nýja sviðslistamenn annað hvert ár, leikara, sviðshöfunda og dansara. Það þýðir að 15 nýjir einstaklingar, sérmenntaðir til að starfa í sviðslistum, koma út á vinnumarkað ár hvert og er þá ótalinn fjöldi þeirra sem sækja sér menntun utan landsteinanna. Fjölmargir sviðslistamenn kjósa að vinna sjálfstætt auk þess sem að stofnanaleikhúsin ráða aðeins við takmarkaða nýliðun í sínum starfsmannahópi. Við verðum því að skapa tækifæri fyrir ungt sviðslistafólk svo ekki glatist sú þekking, frumkvæði og kraftur sem fylgir einatt nýútskrifuðum einstaklingum.

## 25% launahækkun hjá stofnanaleikhúsunum

Það er löngu vitað að laun sviðslistafólks hafa verið lág. Í kjarakönnun BHM frá 2014 voru leikarar í Þjóðleikhúsinu með lægstu heildar- og dagvinnulaun innan BHM. Með nýjum samningum við Leikfélag Reykjavíkur hafa verið sett ný viðmið og laun leikara hækkað um u.þ.b. 25%. Leikfélag Akureyrar fylgdi fordæmi LR og hækkaði laun við sína listamenn og nú stefnir í að leikarar Þjóðleikhússins fái sömu kjarabætur. Framlög opinberra aðila til sjálfstæðra sviðslistahópa þurfa að endurspeglar þessar kjarahækkanir sem hafa átt sér stað undanfarna mánuði enda miða Sjálfstæðu leikhúsin kjör sinna félaga við kjör stofnanaleikhúsanna.

## 100% nýsköpun

Öll verkefni sjálfstæðu sviðslistahópanna eru nær undantekningalaust nýsköpun; ný íslensk sviðsverk, ný íslensk dansverk og nýjar íslenskar barnasýningar. Til samanburðar eru ný íslensk verk að meðaltali aðeins um helmingur af verkefnum stofnanaleikhúsanna. Sjálfstæða senan er tilraunastöðin, þar sem leikskáldin og sviðshöfundarnir fá tækifæri til að þroskast og springa út. Þar geta skáldin brugðist við málefnum lífðandi stundar og tekið á samfélagsmálum okkar hraðar en í stórum stofnunum þar sem ákvarðanir um verkefnaval þarf að taka langt fram í tímann.

## Mikilvægi sjálfstæðu senunnar





Stærsti hluti nýsköpunar í íslensku leikhúsi sprettur upp úr starfi sjálfstæðra sviðslistahópa. Það er þar sem fólk þorir að taka áhættu og það er skylda ríkisins að hlúa að þessari starfsemi og gera sjálfstætt starfandi sviðslistafólki kleift að vinna vinnuna sína með reisn og sæmd. Þó svo listamenn brenni fyrir starfi sínu þá er þetta atvinna en ekki áhugamál. Ef listafólk með reynslu sér sér ekki fært að starfa sjálfstætt þá um leið tapast þekking og gæði verkefna verða minni.

Sjálfstæðir sviðslistahópar verða að hafa tækifæri á að hafa samfellu í starfi sínu. Það skilar sér margfalt til baka ef við t.d. bendum bara á hópa eins og Vesturport, Hafnarfjarðarleikhúsið sem ruddi brautina í íslenskri leikritun, Möguleikhúsið og Leikhúsið 10 fingur sem hafa haldið íslenskri barnamenningu á lofti í 20 ár, svo ekki sé minnst á alla þá danshópa sem hafa borið hróður landsins erlendis.

Sýningar á borð við Tengdó, Horn á höfði, Rómeó og Júlíu, Bláskjá, Lífið - stórskemmtilegt drullumall, Svartar fjaðrir, Skallagrímsson, Skrímslið litla systir mín, Ormstunga, Ofsi, Illska, Stóru börnin og svo mætti lengi áfram telja - hefðu aldrei getað orðið til ef ekki hefði verið fyrir stuðning ríkisins við starfsemi atvinnuleikhópa. Til að hlúa að því frelsi sem ræður ríkjum hjá sjálfstætt starfandi sviðslistafólki þarf að veita því svigrúm til sköpunar. Það svigrúm getur íslenska ríkið veitt með auknu fjármagni.

Virðingarfyllt,

Friðrik Friðriksson

Framkvæmdarstjóri Bandalags sjálfstæðra leikhúsa (SL)



Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. desember 2016.

### Umsögn um fjárlagafrumvarp 2017 – Áskorun til stjórnvalda að standa við skuldbindingar vegna fjármögnunar Staðlaráðs Íslands á grundvelli 7. gr. laga um staðla og Staðlaráð Íslands nr. 36/2003

Staðlaráð Íslands gegnir því hlutverki að vera hlutlaus og óháður vettvangur stöðlunar með góð tengsl við evrópskt og alþjóðlegt staðlastarf. Starfsemi ráðsins byggir á lögum nr. 36/2003, en í þeim lögum er einnig staðfest samkomulag sem gert var milli atvinnulífsins og stjórnvalda til að tryggja grunnfjármögnun á starfsemi staðlastarfs á Íslandi með fastri tekjutengingu við gjaldstofn tryggingagjalds. Frá og með fjárlögum ársins 2012 ákváðu stjórnvöld einhliða að aftengja þetta ákvæði laganna (án þess að lögunum væri breytt) og hafa síðan staðið fyrir stöðugum niðurskurði á raunfjármögnun starfseminnar þannig að í ófni stefnir.

Staðlar gegna mikilvægu hlutverki við að koma á og viðhalda hindrunarlausum viðskiptum á milli landa, auk þess að auðvelda innleiðingu laga og reglugerða á gagnsæjan hátt með tilvísunum í skilgreiningar og sammæli í stöðlum. Staðlar og tilskipanir um viðmið fyrir vörur, þjónustu og stjórnkerfi gegna lykilhlutverki í þróun innri markaðar Evrópu, sem Ísland á aðild að í gegnum EES-saminginn, með því draga úr sértækum tæknilegum viðskiptahindrunum sem áður einkenndu markaðinn. Stöðugt eru þó gerðar meiri kröfur um öryggi, heilbrigði og umhverfisvernd á alþjóðlegum markaði. Staðlar gegna vaxandi hlutverki í þessu sambandi og eru í mörgum tilfellum forsenda aukinnar framleiðni og nýsköpunar í flestum greinum atvinnulífs. Fyrirtæki sem ekki tileinka sér aðferðafræði staðla munu eiga erfitt um vik að skapa sér traust og aðgang að markaði sem stöðugt verður meira alþjóðlegur.

Í dag eru vel á þriðja tug þúsunda alþjóðlegra og evrópskra staðla staðfestir sem íslenskir. Stöðugt bætast nýir við og endurnýja þarf eldri staðla í takti við tækniþróun. Íslensk fyrirtæki og neytendur þurfa að eiga greiðan aðgang að öllum þeim stöðlum og staðlastarfi þar sem Íslendingar eiga hagsmuna að gæta. Með niðurskurði undanfarinna ára er þetta orðið sífellt erfiðara, ekki síst á sviðum sem tengjast upplýsingatækni þar sem tækniþróun er hvað hröðust.

**Með þessu erindi er skorað á fjárlaganefnd að auka framlög til Staðlaráðs Íslands í fjárlögum í samræmi við gildandi lög, þannig að koma megi starfseminni í það lágmarkshorf sem nauðsynlegt er og tilgreint í þjónustusamningi. Til að brúa bilið þurfa framlög til Staðlaráðs að aukast úr 62 í 79 milljónir kr.**

Staðlaráð Íslands er samtök yfir 90 aðila, þar á meðal eru ráðuneyti, stofnanir, fyrirtæki, hagsmunafélög, fagfélög, neytendur o.fl. Í stjórn Staðlaráðs sitja nú fulltrúar Samtaka atvinnulífsins, Samtaka iðnaðarins, Verkfræðingafélags Íslands, Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, Neytendasamtakanna, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Verkís, Þjóðskrár Íslands, Mátis ohf, Össurar hf og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

Guðrún Rögnvaldardóttir,  
framkvæmdastjóri Staðlaráðs

Davíð Lúðvíksson,  
formaður Staðlaráðs (fulltrúi SA)

## **Viðauki: Mikilvægi staðla fyrir atvinnulífið, stjórnvöld og almenning.**

Staðlar og tilskipanir um öryggi vöru gegna lykilhlutverki í þróun innri markaðar Evrópu með því að draga úr tæknilegum viðskiptahindrunum sem áður einkenndu markaðinn. Notkun staðla er í mörgum tilfellum forsenda aukinnar framleiðni og nýsköpunar í öllum greinum atvinnulífs. Í dag eru staðlar sem samþykktir hafa verið sem Evrópustaðlar, og jafnframt staðfestir sem íslenskir staðlar, yfir 26 þúsund talsins. Notkun staðla er jafnan valfrjáls. Með EES-samningnum hafa íslensk fyrirtæki ótvírætt hagræði af því að fara að evrópskum stöðlum hvort sem þau selja vörur sínar og þjónustu eingöngu á Íslandi eða annars staðar á Evrópumarkaði. Krafa um CE-merkingu vara sem settar eru á markað á Evrópska efnahagssvæðinu nær til fjölmargra vöruflokka. Staðlar gegna í þessu sambandi stóru hlutverki við að tryggja að grunnkröfur um öryggi, heilbrigði og umhverfisvernd séu uppfylltar.

Þarfir íslenskra fyrirtækja, stjórnvalda og neytenda í tengslum við staðlastarf eru fjölbreyttar, allt frá einfaldri upplýsingaþjónustu og útvegum staðla til virkrar þátttöku í alþjóðlegri staðlagerð þar sem hagsmunu íslenskra fyrirtækja og neytenda er gætt. Staðlar gegna lykilhlutverki í fjarskiptum, rafrænum viðskiptum og samskiptum í upplýsingatækni, að ógleymdri rafrænni stjórnsýslu.

Stöðlunarstarf byggist á framlagi sérfræðinga til samvinnuverkefna sem miða að því að finna góðar sameiginlegar lausnir á vandamálum sem margir þurfa að glíma við, í stað þess að hver og einn sé að búa til sína lausn með þeim afleiðingum að lausnir passa ekki saman. Slíkt veldur kostnaði fyrir neytendur og samfélagið – kostnaði sem komast má hjá ef menn ná að vinna saman og búa til staðla sem allir geta notað. Þátttaka í stöðlun er valfrjáls, en til að stöðlunarstarf geti borið tilætlaðan árangur þarf að vera til staðar vettvangur þar sem hagsmunaaðilar geta komið saman og unnið að stöðlun – vettvangur þar sem tryggt er að unnið sé eftir grundvallarreglum stöðlunar, sem tryggja gagnsæi, að tekið sé tillit til allra mikilvægra hagsmunu, að allir sem þess óska geti haft aðkomu að starfinu og að lausnir séu fengnar fram með sammæli.

Staðlaráð Íslands er þessi vettvangur hér á landi. Auk þess að sjá hagsmunaaðilum fyrir þeim innviðum sem þarf til að búa til séríslenska staðla, halda skrá yfir og hafa til sölu alla íslenska staðla, og að útvega aðra þá staðla sem fyrirtæki og stofnanir kunna að þurfa á að halda, er Staðlaráð aðili að evrópskum og alþjóðlegum staðlasamtökum og þar með farvegur fyrir þau fyrirtæki sem vilja taka þátt í staðlastarfi á evrópskum eða alþjóðlegum vettvangi og hafa áhrif á þá staðla sem varða þeirra framleiðslu eða starfsumhverfi. Rekstur Staðlaráðs sjálfs er þó einungis hluti af umfangi staðlastarfs á Íslandi. Fyrirtæki og stofnanir sem leggja fram vinnutíma starfsmanna sinna til þátttöku í staðlastarfi leggja fram drjúgan skerf á móti opinberum framlögum, framlögum einkaaðila, sölutekjum og öðrum tekjum sem Staðlaráð fær til rekstrar. Þessi skerfur hefur verið falinn, þar sem hann kemur hvergi fram í rekstrarreikningi Staðlaráðs, og þau fyrirtæki og stofnanir sem leggja vinnuna fram greina heldur ekki sérstaklega frá þeim kostnaði í reikningum sínum.

Stöðlunarverkefnin eru mörg og margvísleg, og mörg þeirra njóta beinna framlaga frá opinberum aðilum og einkafyrirtækjum umfram vinnuframlag sérfræðinga, en staðlar fyrir íslenskt atvinnulíf verða ekki til nema innviðirnir séu til staðar. Með niðurskurði framlaga á fjárlögum er þessum innviðum stefnt í hættu. Fari svo illa að Staðlaráð verði ekki í stakk búið til að sinna grundvallarhlutverkum sínum er fyrirsjáanlegt að fyrirtæki og stofnanir hætti að leggja sitt af mörkum til stöðlunarstarfsemi sem ekki stendur undir nafni.

Framlagi ríkisins á fjárlögum til staðlastarfs er ætlað að standa undir kostnaði við lögbundin hlutverk Staðlaráðs, svo sem þá innviði sem getið er um hér að ofan og þá lágmarkspátttöku í evrópskum og alþjóðlegum staðlasamtökum sem leiðir af skuldbindingum stjórnvalda varðandi innri markaðinn í Evrópu og Alþjóðaviðskiptastofnunina WTO.

Með því að tryggja að nauðsynlegir innviðir staðlastarfs ásamt tengslum við evrópskt og alþjóðlegt staðlastarf séu til staðar á Íslandi er þannig hægt að laða fyrirtæki og stofnanir til samstarfs, samstarfs sem tryggir ekki aðeins mikilvægt mótfamlag þeirra í formi vinnu heldur einnig ótvíræðan efnahagslegan ávinning í formi íslenskra staðla sem gagnast íslensku atvinnulífi. Opinbert fé sem veitt er til staðlastarfs verður þannig hvati fyrir atvinnulífið til að leggja einnig sitt af mörkum, svo að um munar.

Því miður virðast stjórnvöld ekki hafa áttað sig á því að trygg fjármögnun lögbundinna hlutverka Staðlaráðs er grunnforsenda þess að virkja fyrirtæki og stofnanir til samstarfs á þann hátt sem lýst er hér að ofan.



Fjárlaganefnd Alþingis

101 Reykjavík

Skagafjörður, 15.12.2016  
nr. erindis 1612097 HSB

Á 769. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar 15. desember 2016 var tekið fyrir neðangreint erindi.

### Bókun um fjárframlög til hafnaframkvæmda

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 12. desember 2016 frá Hafnasambandi Íslands varðandi mikla skerðingu á fjárframlögum til hafnaframkvæmda árið 2017 í frumvarpi til fjárlaga 2017.

Byggðarráð hefur miklar áhyggjur af skerðingu fjármagns til hafnaframkvæmda 2017 og tekur undir bókun Hafnasambands Íslands sem er svohljóðandi: "Í frumvarpi til fjárlaga 2017 er gert ráð fyrir 212 mkr. í hafnabótasjóð, sem er 400 mkr. lækkun frá árinu 2016. Í nýsamþykkttri samgönguáætlun er hins vegar gert ráð fyrir 1.158 mkr. í hafnabótasjóð.

Á nýliðnu hafnasambandsþingi sem haldið var 13.-14. október s.l. var því fagnað að hlutur hafna var aukinn í samgönguáætlun. Sá fögnuður reyndist skammvinnur er því sá fögnuður dreginn til baka enda telur stjórn hafnasambandsis að fyrirhuguð framlög á árinu 2017 séu óviðunandi með öllu."

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
f.h. byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar

Helga S. Bergsdóttir

Stjórnsýsluritari



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. desember 2016

## **Efni: Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2017, 1. mál**

SVP – Samtök verslunar og þjónustu vísa til fyrirbyggjandi frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2017, 1. mál. Frumvarpið var ekki sent til umsagnar SVP en samtökin óska hins vegar eftir að koma á framfæri athugasemdum um frumvarpið fyrir hönd flutningsviðs SVP.

SVP taka undir mikilvægi þess að almennt sé gætt aðhalds í opinberum fjármálum svo sem fram kemur m.a. í umsögn Samtaka atvinnulífsins um fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarp, dags. 12. desember sl. Telja SVP það því mikilvægt að tryggja hófstíllt útgjöld hins opinbera og á þá vegu leggi ríkisaðilar sitt af mörkum að draga úr áhættu á þensluáhrifum. Eftir sem áður mega hófstíllt útgjöld og aðhald í ríkisrekstri ekki bitna með skaðlegum áhrifum á þeim verkefnum hins opinbera sem sannarlega teljast til grunnþjónustu þess. Í því samhengi vísa SVP hér til verkefna hins opinbera er viðkoma samgöngumálum en óhætt er að fullyrða að samgöngur eru lífæð byggðapróunar hér á landi og í því samhengi taka SVP undir framkomnar ábendingar Samtaka ferðaþjónustunnar um mikilvægi samganga í umsögn sinni, dagsett 20. desember sl., um fjárlagafrumvarpið. Þá taka SVP sérstaklega undir þær ábendingar sem þar koma fram að fjárveitingum til Vegagerðarinnar hefur á undanförunum árum verið forgangsraðað sem hefur komið niður á frekari uppbyggingu vegakerfisins.

SVP benda á að er viðkemur starfsemi flutningsfyrirtækja hér á landi er strangt aðhald hins opinbera hvað varðar eftirfylgni þessara fyrirtækja með ýmsum öryggiskröfum, s.s. hvað varðar menntun, starfsskilyrði og aðbúnað bílstjóra, útbúnað ökutækja og þess farms sem fluttur er svo dæmi séu tekin. Kröfur þessar grundvallast m.a. á sjónarmiðum um öryggi vegfaranda og vegakerfisins sjálfs. Flutningsfyrirtækin taka þessu skyldu sína alvarlega og er það kappsmál fyrir þau að uppfylla lögboðnar kröfur í einu og öllu. Slíkar öryggiskröfur eru aftur á móti að miklu leyti háðar því að samhliða sé gætt að öryggi vegakerfisins, s.s. er viðkemur nauðsynlegu viðhaldi þess og nýframkvæmdum.

Það er ekkert launungarmál að álag á vegakerfið hefur aukist verulega undanfarin ár vegna aukinnar umferðar um það, s.s. sökum fjölgunar ferðamanna, sem kallar á enn ríkara viðhald en ella. Í ljósi forgangsroðunar Vegagerðarinnar, að teknu tilliti til fjárheimilda hverju sinni, er hætt við að viðhald vegakerfisins takmarkist við einstaka frávik í kerfinu í stað þess að stofnunni sé fært að byggja upp vegakerfið með fyrirbyggjandi framkvæmdum og aðkallandi viðhaldi.

Að mati SVP er viðhald vegakerfisins nauðsynlegur þáttur í að stuðla að auknu umferðaröryggi til viðbótar við það efla byggð í landinu og því er mikilvægt að Vegagerðinni verði tryggðar fullnægjandi fjárheimildir hverju sinni til þess að anna þeirri grundvallarskyldu sinni. Í ljósi þessa skora SVP á Alþingi að við þinglega meðferð á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2017 verði tryggt fjármagn til handa Vegagerðinni þannig að stofnuninni verði unnt að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir vegna viðhalds og nýframkvæmda vegakerfisins.

Er framangreindum athugasemdum SVP hér með komið á framfæri við fjárlaganefnd Alþingis og gera samtökin að öðru leyti ekki frekari athugasemdir við fyrirliggjandi frumvarp. SVP áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu nefndarinnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. SVP

  
Lárus M. K. Ólafsson, hdl.



Nefndasvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
b/t. nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. desember 2016

### **Efni: Fjárlög 2017**

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um fjárlög fyrir árið 2017. Frumvarpið í ár markar stórt framfaraskref varðandi gagnsæi í opinberum fjármálum og vill ráðið hrósa starfsfólki í stjórnáslunni fyrir þeirra vinnu við gerð endurbætts frumvarps.

Ráðið gerir hins vegar athugasemdir við þá stefnu sem mörkuð er í fjárlögum. Að mati þess er áætlaður afgangur af rekstri ríkissjóðs of lítill og niðurgreiðsla skulda of hæg. Þá eru útgjöld til þeirra málaflokka sem ekki teljast til grunnþjónustu eða innviðaupbyggingar of mikil að mati ráðsins. Með því að draga úr útgjöldum í frumvarpinu og nýta aukinn rekstrarafgang til niðurgreiðslu skulda geta stjórnvöld unnið gegn ofþenslu og búið í haginn fyrir næstu niðursveiflu.

### **Fjárlögin í ár mikilvæg framför í opinberum fjármálum**

Fjárlagafrumvarp ársins 2017 er fyrsta fjárlagafrumvarp sem lagt er fram á grundvelli nýrra laga um opinber fjármál. Að mati Viðskiptaráðs markar frumvarpið stórt framfaraskref sem mun auka gagnsæi og leiða til betri nýtingar opinberra fjármuna í framtíðinni. Meðal jákvæðra breytinga má nefna sundurgreiningu eftir málaflokkum en ekki einstökum stofnunum eða verkefnum, aukið samræmi við bæði alþjóðlega staðla og hagskýrslustaðla, nýtt yfirlit yfir skattstyrki, aukið gagnsæi um sértekjur og rekstrarkostnað ríkisstofnana og aukið gagnsæi um innheimta skatta og vaxtakostnað ríkissjóðs.

Að því sögðu gerir Viðskiptaráð tvær athugasemdir við framlagningu fjárlaganna í ár.

Í fyrsta lagi er hagsmunaaðilum gefinn afar skammur tími til að rýna frumvarpið. Svo knappur tímarammi gerir fullnægjandi greiningu á öllum þeim upplýsingum sem fram koma í frumvarpinu ómögulega. Þá hefur hröð meðferð nefndarinnar leitt til þess að færri aðilar hafa kost á að koma á fund hennar til að kynna sín sjónarmið varðandi efnisatriði fjárlaganna. Þetta er til þess fallið að draga úr því aðhaldi sem nauðsynlegt er að sé til staðar þegar kemur að fjárlögum hvers árs.

Í öðru lagi saknar ráðið samanburðar við fyrri ár í nýrri framsetningu fjárlaganna. Að mati ráðsins er nauðsynlegt að birta fjárheimildir aftur í tímum með sama hætti og gert er í nýjum fjárlögum til að

unnt sé að skoða þróun fjárframlaga stjórnvalda til ólíkra málaflokka. Í núverandi mynd er erfitt að átta sig á því hvort og þá hve miklar breytingar hafa átt sér stað á milli ára. Það gerir það að verkum að grundvallarupplýsingar skortir til að taka málefnalega afstöðu til þeirra fjárveitinga sem frumvarpið kveður á um.

### **Hverfandi afgangur gæti snúist yfir í hallarekstur**

Í vestrænum samfélögum er hið opinbera svo umfangsmikið að útgjöld þess hafa veruleg áhrif á efnahagsleg umsvif. Áhrifamestu kenningarnar um þessi áhrif voru lagðar fram af hagfræðingnum John Maynard Keynes á fyrri hluta 20. aldar. Hugmyndafræði Keynes byggir í grófum dráttum á því að stjórnvöld eigi að vinna með virkum hætti gegn hagsveiflum. Þannig sé æskilegt að reka hið opinbera með halla í djúpri kreppu. Með því geta stjórnvöld aukið virkni í efnahagslífinu þegar þörfin er mest og dregið þar með úr dýpt og lengd niðursveiflna.

Kenningar Keynes einskorðast hins vegar ekki við krepputíma. Rétt eins og hallarekstur getur verið heppilegur í efnahagsþrengingum er jafnframt æskilegt að hið opinbera sýni aðhald á uppgangstímum. Það gera stjórnvöld með því að skila rekstrarafgangi sem nýttur er til niðurgreiðslu opinberra skulda. Þannig má draga úr hættu á ofþenslu og stjórnvöld eru jafnframt betur í stakk búin til að mæta næstu niðursveiflu.

Núverandi staða fellur í síðarnefnda flokkinn. Hagkerfið er á hápunkti þensluskeiðs og hætta er á ofhitnun þess. Á sama tíma er ríkissjóður ennþá verulega skuldsettur, en í frumvarpinu kemur fram að vaxtabyrði hans sé hærra hlutfall af tekjum en í nokkru ríkja Evrópusambandsins. Lykilverkefni stjórnvalda á þessum tímapunkti er því að skila rekstrarafgangi og greiða niður opinberar skuldir. Þannig geta þau unnið gegn þenslunni og búið samhliða í haginn fyrir erfiðari tíma. Til lengri tíma litið mun það skila íbúum landsins mestum ávinningi.

Að mati Viðskiptaráðs er fjárlagafrumvarpið í ár ekki lagt fram með hliðsjón af þessum kenningum. Heildarafkoma er áætluð jákvæð um einungis 1% af landsframleiðslu. Það þýðir að niðurgreiðsla skulda með rekstrarafgangi verður að óbreyttu lítil á næsta ári. Til viðbótar sýnir reynslan að útgjöld ríkissjóðs eiga það til að aukast miðað við það sem lagt er fram í upphaflegu fjárlagafrumvarpi. Verði það raunin í ár mun afgangurinn fljótt snúast yfir í hallarekstur á versta mögulega tíma í hagsveiflunni.

### **Svigrúm til að draga úr ýmsum útgjöldum**

Að mati Viðskiptaráðs eru tækifæri til draga úr áætluðum útgjöldum ríkissjóðs án þess að draga úr framlögum til velferðar-, mennta- eða heilbrigðiskerfisins eða annarrar grunnþjónustu hins opinbera.

Helstu málaflokkarnir sem ætti að líta til í því samhengi eru húsnæðismál, byggðamál, landbúnaðarmál, menningarmál og íþróttir. Einnig má líta til trúmála, utanríkismála og fjölmiðlarekstrar í þessu samhengi. Samtals nema fjárframlög til þessara málefna yfir 100 ma. kr. á ári án þess fyrir liggja skýrar röksemdir um að framlögin falli undir grundvallarhlutverk hins opinbera. Hér er því um að ræða fjárframlög sem ekki ætti að taka sem sjálfgefnum hlut.

Alþingismenn ættu að spyrja sig að því hvort öll þessi fjárframlög séu réttlætanager. Þar mætti til dæmis svara eftirfarandi spurningum:

- Í hve miklum mæli á hið opinbera að hafa afskipti af húsnæðismarkaði?
- Í hve miklum mæli á að draga úr þéttbýlismyndun með niðurgreiðslum til dreifðari byggða?
- Í hve miklum mæli á að niðurgreiða atvinnurekstur í landbúnaðartengdum greinum?
- Í hve miklum mæli á að fjármagna starfsemi á sviði menningar, trúmála og þróunarmála?

Ef þessum spurningum væri svarað telur Viðskiptaráð líklegt að útkoman yrði önnur en sú að veita um einum sjötta hluta opinberra fjármuna árlega til þessara málefna. Breiðari sátt ríkir um önnur verkefni hins opinbera og því líklegt að forgangsröðunin yrði í auknum mæli í þágu þeirra.<sup>1</sup>

### Aukin útgjöld skila ekki sjálfkrafa betri þjónustu

Þó fjárframlög veiti ákveðna vísbendingu um forgangsröðun dugir ekki að líta til þeirra sem árangursmælikvarða þegar kemur að málaflokkum þar sem breið sátt ríkir um fjármögnun hins opinbera, líkt og í heilbrigðis-, mennta- og velferðarmálum. Tvö nýleg dæmi sýna þetta með skýrum hætti. Annars vegar hefur rekstrarkostnaður Landspítalans aukist verulega á síðustu árum á sama tíma og magn og gæði þjónustu á spítalanum hafa staðið í stað.<sup>2</sup> Hins vegar reka Íslendingar eitt dýrasta grunnskólakerfi í heimi sem samt sem áður skilar nemendum með lakan námsárangur og háu brottfalli á efri skólastigum.<sup>3</sup>

Að mati Viðskiptaráðs er brýnt að stjórnvöld horfi í auknum mæli á árangursmælikvarða þegar kemur að grunnþjónustu hins opinbera í stað þess að auka einfaldlega fjárframlögin og vona það besta. Einungis þannig má stuðla að því að þeir fjármunir sem varið er í þessa málaflokka skili sér í formi bættrar eða aukinnar þjónustu.


### Draga þarf úr útgjöldum og greiða niður skuldir

Samantekið telur Viðskiptaráð þrjú atriði mikilvægust í umræðu um fjárlögin í ár: Aðhaldið í ríkisfjármálum er of lítið miðað við hagsveifluna, verulegum fjármunum er varið útgjöld sem takmörkuð sátt ríkir um og aukin fjárframlög til grunnþjónustu skila ekki sjálfkrafa bættri þjónustu. Í ljósi þessa hvetur Viðskiptaráð Alþingi til að setja þrjú skilyrði þegar kemur að auknum fjárframlögum:

- (1) Aukin fjárframlög renni einungis til grunnþjónustu
- (2) Aukningar séu eyrnamerkta ákveðnum verkefnum eða þjónustu þar sem skýrir árangursmælikvarðar fylgja
- (3) Dregið sé úr útgjöldum til annarra málaflokka á móti til að auka afgang af fjárlögunum og gera frekari niðurgreiðslu skulda mögulega.

Alþingi mun best tryggja góð lífsskjör héraendis á næstu misserum með því að líta til þessara sjónarmiða við meðferð fjárlaganna í ár.

Virðingarfyllt,



Frosti Ólafsson

Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

<sup>1</sup> Sjá ítarlegri umfjöllun um útgjöld hins opinbera í skýrslu Viðskiptaráðs (2015): „*Hið opinbera: tími til breytinga*“. Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/utgafa/skyrslur/hid-opinbera/>

<sup>2</sup> Sjá frétt á vefsíðu Viðskiptaráðs (október 2016): „Óskilgreind fjárútlát gagnast ekki sjúklingum“. Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/frettir/oskilgreind-fjarutlat-gagnast-ekki-sjuklingum/>

<sup>3</sup> Sjá ítarlegri umfjöllun um mennamál í skýrslu Viðskiptaráðs og Samtaka atvinnulífsins (2014): „*Stærsta efnahagsmálið: sóknarfæri í menntun*“. Slóð: <http://vi.is/malefnastarf/utgafa/skyrslur/staersta-efnahagsmalid/>



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. desember 2016

## **Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um frumvarp til laga um fjárlög 2017, þingskjal 1 -1. mál.**

Öryrkjabandalag Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2017. Frestur til að skila inn umsögn var allt of stuttur. Þá er forkastanlegt að þjóðinni skuli vera boðið upp á að veita jafn mikilvægum lögum íslenska ríkisins umsögn á jafn stuttum tíma. Frumvarpið er eðli málsins samkvæmt mjög viðamikið og nauðsynlegt er því að veita lengri tíma til skoðunar og umsagnar. Eftirfarandi umsögn eru fyrstu viðbrögð bandalagsins við þingskjali 1. ÖBÍ sendi nýlega inn umsögn um ýmsar forsendur fjárlaga (2. mál) þar sem fjallað er um eftirfarandi fjárlagaliði: Barnabætur, vaxtabætur, hækkanir krónutöluskatta og –gjalda, bifreiðamál, virðisaukaskatt, frítekjumark vegna atvinnutekna, víxlverkun milli örorkulífeyrisgreiðslna almennatrygginga og lífeyrissjóða. Umsögnina má finna hér:

[http://www.obi.is/static/files/skjol/pdf-skjol/umsagnir/2016/2016-14\\_12\\_-umsogn-mal-2\\_-ymsar-forsendur-fjarlaga-2017.pdf](http://www.obi.is/static/files/skjol/pdf-skjol/umsagnir/2016/2016-14_12_-umsogn-mal-2_-ymsar-forsendur-fjarlaga-2017.pdf)

Í eftirfarandi umsögn við þingskjal 1 - 1. mál koma fram breytingartillögur okkar á fjárlögunum. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem var fullgiltur fyrr í haust, var leiðarljós í þeirri vinnu. Lagt er til að fjármagn fari sérstaklega til að innleiða samninginn í íslenskan rétt. Fjármagn verði tryggt til lögfestingar notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA).

Einnig er lagt til að útgjöld til heilbrigðismála verði stóraukin og að unnið skuli að því að heilbrigðisþjónusta verði gjaldfrjáls.

Ennfremur eru lagðar til breytingar á fjárlögum er meðal annars varða almanna-tryggingar, skattamál, menntamál og framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks.

## Efnisyfirlit

Almennar athugasemdir .....	4
Ísland ríki mannréttinda? .....	4
Mannréttindasamþætting .....	4
Tillaga um breytingu: .....	5
Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla innanríkismála .....	5
Tillaga um breytingu: .....	5
1. Alþingi og eftirlitsstofnanir .....	5
Aðgengi að húsnæði umboðsmanns Alþingis .....	5
Tillaga um breytingu: .....	5
2. Dómstólar .....	6
Tillaga um breytingu: .....	6
3. Æðsta stjórnsýsla .....	6
Aðgengi að æðstu stjórnsýslu .....	6
Tillaga um breytingu: .....	6
Markmið um bætt vinnubrögð .....	6
Tillaga um breytingu: .....	6
4. Utanríkismál .....	7
Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks .....	7
Tillaga um breytingu: .....	7
Valfrjáls bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks .....	7
Tillaga um breytingu: .....	7
Aðrir mannréttindasamningar .....	7
Tillaga um breytingu: .....	8
Þróunarsamvinna .....	8
Tillaga um breytingu: .....	8
5. Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks .....	8
Tillaga um breytingu: .....	9
6. Heilbrigðismál .....	9
Tillaga um breytingu: .....	9
Greiðsluþátttaka í heilbrigðisþjónustu .....	9
Tillaga um breytingu: .....	10
Tannlækningar, sálfræðiþjónusta og lyf .....	10
Tannlækningar .....	10
Tillögur um breytingar: .....	11
Sálfræðiþjónusta .....	11
Tillaga um breytingu: .....	11
Lyf .....	11
Tillaga um breytingu: .....	11
Hjálpartæki .....	12

Viðgerðarþjónusta á hjálpartækjum .....	12
Tillögur um breytingar:.....	12
Heilbrigðisstofnanir.....	12
Tillaga um breytingu:.....	13
7.    Almannatryggingar .....	13
Boðuð 7,5% hækkun sett í samhengi við aðrar hækkanir.....	13
Tillaga um breytingu:.....	15
Viðtæk krafa og samstaða um afnám krónu á móti krónu skerðingar .....	16
Tillaga um breytingu:.....	16
Reglugerðarákvæði kemur í veg fyrir að öllum lífeyrispegum sé tryggð lágmarksfjárhæð til framfærslu.....	17
Tillaga um breytingu:.....	17
Viðmið fyrir uppbætur á lífeyri.....	17
Tillaga um breytingu:.....	17
Desember- og orlofsuppbætur.....	18
Tillögur um breytingar:.....	18
Hugmyndir um innleiðingu starfsgetumats .....	19
Tillaga um breytingu:.....	19
8.    Sveitarfélög og byggðamál .....	20
Sjálfstætt líf.....	20
Tillögur um breytingar:.....	20
9.    Menntun.....	20
Tillaga um breytingu:.....	21
Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig.....	21
Tillaga um breytingu:.....	21
10.   Atvinnumál fatlaðs fólks og fólks með skerta starfsgetu.....	21
11.   Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla .....	22
Tillögur um breytingar:.....	22
12.   Grunnskrár og upplýsingamál .....	22
Tillaga um breytingu:.....	23
13.   Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál .....	23
Tillaga um breytingu:.....	23
Að lokum .....	23



## Almennar athugasemdir

### Ísland ríki mannréttinda?

Í september síðastliðnum fullgilti Íslenska ríkið samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Með fullgildingunni gengst Íslenska ríkið við þeim skyldum að virða, vernda og tryggja fötluðu fólki þau lágmarksréttindi sem samningurinn kveður á um. Gera þarf nauðsynlegar breytingar á Íslenskum lögum, reglum, stjórnsýsluframkvæmd og þjónustu til að tryggja að þær kröfur sem samningurinn kveður á um verði uppfylltar. Vonir fólks stóðu til þess að fullgilding samningsins yrði þess valdandi að miklar réttarbætur fylgdu í kjölfarið.

Í frumvarpi með fjárlögum 2017 er ekki að sjá með beinum hættu að grípa eigi til aðgerða til þess að tryggja fötluðu fólki þau lágmarksréttindi sem SRFF gerir kröfu um. Fjárlög, sem grundvallarskjal um fjárútlát ríkissjóðs, verða að vera samþætt mannréttindum allra, þar á meðal fatlaðs fólks. Þær áætlanir sem fram koma í fjárlagafrumvarpinu verða að taka mið af því.

Þegar ríki hafa undirgengist skuldbindingar samningsins ber þeim m.a. skylda til að tryggja efnisatriði samningsins í virkum skrefum „e. progressive realisation“. Skrefin verða að tryggja fólki raunverulegar réttarbætur. Margt af því sem hér kemur fram á eftir kallar ekki á mikil fjárútlát ríkissjóðs en getur skipt sköpum fyrir líf margra.

Í samningnum felst viðurkenning á því að fatlað fólk hefur verið jaðarsett í gegnum árin, að allir séu jafnir fyrir lögum og er mismunur á grundvelli fötlunar því er brot á samningnum. Í málefnum fatlaðs fólks kallar þetta á sérstakar aðgerðir ríkisvaldsins sem er skuldbundið til þess að tryggja jafnræði og samfélagsþátttöku með aðgerðum, breytingum á lögum og framkvæmd sinni. Með ákveðinni einföldun má segja að með samningnum fylgi viðurkenning á því að samfélagið skuli aðlaga sig að margbreytileika fatlaðs fólks. Ríkjum ber að tryggja að allir aðilar veiti fötluðu fólki viðeigandi aðlögun. Jafnframt telst neitun á viðeigandi aðlögun vera brot á SRFF og Mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur er hér á landi. Brot á jafnræði fólks, það er með því að neita fólki um viðeigandi aðlögun telst þar með brot á lögfestum rétti hér á landi.

Hér á eftir koma ábendingar og tillögur um hvernig efnisleg innleiðing samningsins skuli tryggð í fjárlögum og öðrum lögum.

### Mannréttindasamþætting

#### Kynjuð fjárlagagerð – fötluð fjárlagagerð

Samkvæmt kafla 5.6 um kynjaða fjárlagagerð segir að fyrsta markmiðið snúi að því að bæta framboð og aðgengi að kyngreindum gögnum og að verkefnisstjórar hafi verið skipaðir í öllum ráðuneytum til þess að leiða verkefnið innan síns ráðuneytis. Annað markmið með kynjaðri fjárlagagerð er að stuðlað verði að jafnrétti í Íslenskum lögum með jafnréttismati á frumvörpum. Þriðja markmiðið er að stuðla að jafnrétti með beinum hætti. Ennfremur mun fræðsla, aðhald og stuðningur spila stórt hlutverk á komandi ári og þá sérstaklega við vinnu um jafnréttismat á frumvörpum.

Mikið fagnaðarefni er að kynjajafnrétti sé fylgt eftir með jafn ríkulegum hætti og þarna er gert. Að sama skapi er hér bent á að jafnrétti er víðtækara hugtak en það að það

nái einungis til kvenna og karla. Jafnréttishugtakið á samkvæmt eðli sínu við um alla. Mannréttindi fatlaðs fólks varða einnig öll svið mannlífsins. Framsetning á jafnréttishugtakinu í kaflanum gefur ekki fullnægjandi mynd af því. Jafnréttismat á frumvörpum til laga ásamt öðru því verklagi sem tilgreint er í kaflanum ætti að varða stærri hóp samfélagsins og þar með talið fatlað fólk. Verklagi sem lýst er varðandi sambættingu jafnréttis kynjanna í alla fjárlagagerð er auðvelt að yfirfæra yfir á fötlunarbreytuna. Þörfin á sértækum aðgerðum er síst minni þegar kemur að fötluðu fólki.

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að tekið verði upp sambærilegt verklag og nefnt er í kafla 5.6, til þess að tryggja sambættingu mannréttinda fatlaðs fólks í fjárlagagerðina.

### **Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnarsýsla innanríkismála**

Réttur til stjórnmalapáttöku er verndaður í 29. gr. SRFF. Svo virðist sem lög um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, séu ekki fyllilega í samræmi við samninginn. Í 4. mgr. 63. gr. laganna er t.d. kveðið á um að fatlaður einstaklingur eigi rétt á að fá aðstoðarmann „sakir sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf“. Í ljósi þessa er þörf á því að kosningalöggjöfin verði endurskoðuð til þess að tryggja samræmi við samninginn.

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að fjármagn verði lagt til þess að endurskoða kosningalöggjöfina með tilliti til SRFF.

## **1. Alþingi og eftirlitsstofnanir**

### **Aðgengi að húsnæði umboðsmanns Alþingis**

Aðgengi að réttlæti og stjórnarsýslu er nauðsynlegt til þess að einstaklingar geti sótt réttindi sín. Aðgangur að réttarvörsluferfinu [aðgengi að réttlæti] (e. access to justice) er viðurkenndur í 13. gr. SRFF. Eins og fram kemur í umfjöllun fjárlaga, er húsnæði umboðsmanns Alþingis óaðgengilegt hreyfihömluðu fólki. Fagnaðarefni er að lagt er til að 11 m.kr. verði varið til þess að gera húsnæði umboðsmanns Alþingis aðgengilegt. Í þessu samhengi má horfa til þess að ýmsar stofnanir ríkisvaldsins eru óaðgengilegar en ríkisvaldinu ber að tryggja öllum einstaklingum jafnræði til þess að geta notið þjónustu og borgaralegrar verndar allra ríkisstofnanna. Sérstök aðgengisgreining verður að fara fram á öllum stofnunum ríkisvaldsins. Tryggja verður fjármagn til þess.

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að sérstök greining á aðgengismálum fari fram á öllum stofnunum ríkisvaldsins. Í framhaldi af því skal metið hvort þörf sé á að grípa til sérstakra ráðstafana í ljósi fullgildingar SRFF.

## 2. Dómstólar

Aðgangur að réttarvörslukerfinu [aðgengi að réttlæti] (e. access to justice) er verndað í 13. gr. SRFF. Í kafla 2 um dómsmál er sérstaklega fjallað um mikilvægi þess að aðgengi að dómstólum sé greitt. Aðgengi að réttlæti getur meðal annars verið að tryggd verði að allt efni sé aðgengilegt og skýrt fyrir fatlað fólk, einnig þarf að tryggja að mat á trúverðugleika fatlaðs fólks innan dómskerfisins verði skoðað.

### Tillaga um breytingu:

Lagt er til að fjármagn verði tryggt í fjárlögum til að dómstólar meti hvort þörf sé á því að endurskoða framkvæmd og útgáfu efnis í ljósi fullgildingar SRFF.

## 3. Æðsta stjórnarsýsla

### Aðgengi að æðstu stjórnarsýslu

Aðgengi fatlaðs fólks að æðstu stjórnarsýslu er sjálfsgæður réttur. Þrátt fyrir það eru Bessastaðir og Stjórnarráðsbyggingin ekki fyllilega aðgengileg hreyfihömluðu fólki.

### Tillaga um breytingu:

Lagt er til að veitt verði fjármagn til að tryggja að Bessastaðir og Stjórnarráðsbyggingin verði fyllilega aðgengileg hreyfihömluðu fólki.

### Markmið um bætt vinnubrögð

Í texta frumvarpsins kemur fram að unnið skuli m.a. að:

1. því að treysta faglega umgjörð um störf ríkisráðs, ríkisstjórnar og ráðherra.
2. því að auka gegnsæi við undirbúning löggjafar, stefnumótun og áætlanagerð.
3. tryggja það að mat á áhrifum frumvarpa/laga verði fullnægjandi.
4. endurskoðun handbókar um vinnslu frumvarpa.

Í þessu samhengi er mikilvægi mannréttindasamþættingar ítrekað. Þessi vinna verður að miðast að mannréttindum, allra þegna. Áður hefur komið fram að fullgilding samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kallar á endurskoðun vinnubragða stjórnarsýslunnar. Markmið um bætt vinnubrögð æðstu stjórnarsýslu ættu þar með að kalla á að skoðað verði hvort samningurinn hafi raunveruleg áhrif á vinnubrögðin. Gagnsæi er t.d. ekki mikið þegar texti er óaðgengilegur fyrir fatlað fólk eða á óaðgengilegu formi. Lýðræðislegt aðhald á að koma frá öllum borgurum óháð fötlun. Texti fjárlagafrumvarpsins er almennt afar óaðgengilegur og sér í lagi fyrir fatlað fólk. Tryggja verður sérstaklega að málefnum fatlaðs fólks verði gert hærra undir höfði í allri vinnu æðstu stjórnvalda.

### Tillaga um breytingu:

Lagt er til að veitt verði fjármagn til að meta hvers konar breytingar á vinnubrögðum, útgáfu og framkvæmd hjá æðstu stjórnarsýslu ríkisins þurfi að fara í sbr. skuldbindingar samningsins.

## 4. Utanríkismál

### **Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks**

Í inngangi kemur fram að fullgilding SRFF kalli á að samningurinn skuli innleiddur með efnislegum hætti í íslenskan rétt. Í kafla frumvarpsins um utanríkismál segir að eitt af markmiðum ríkisins sé að „innleiða þjóðréttarlegar skuldbindingar og samræma íslenska löggjöf að þeim“. Hér er mikilvægi þess að tekið verði með föstum tókum á þessu máli af hendi ríkisvaldsins ítrekað. Dæmin sanna að efnisleg innleiðing samningsins hefur ekki verið með réttum hætti, sbr. breytingar á lögræðislögum sem teljast ekki fyllilega í samræmi við 12. gr. SRFF. Því verður að tryggja að efnisleg innleiðing samningsins verði með réttum hætti.

Horfa skal til þess sem gerst hefur hjá þeim ríkjum sem hafa verið aðilar að samningnum. Alþjóðastofnanir hafa skýrt efnisákvæði samningsins á síðustu árum. Nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur gefið út almenn álit um tilteknar greinar, fyrir nefndina hafa einnig farið einstaklingsmál sem hafa skýrt skyldur ríkjanna og hefur nefndin veitt tilmæli til einstakra ríkja í skýrslum sínum um framkvæmd samningsins. Dómar mannréttindadómstóls Evrópu og Evrópuþingdómstólsins hafa einnig skýrt skyldurnar á síðustu árum.

Greining á þessum dómum, einstaklingsmálum, skýrslum og álitum er nauðsynleg til þess að efnisleg innleiðing samningsins verði með réttum hætti. Slíka greiningu verður að gera sem fyrst á árinu 2017 og vinna tillögur að nauðsynlegum lagabreytingum strax í kjölfarið, því tveimur árum frá fullgildingu samningsins skal skýrsla íslenska ríkisins um framkvæmd samningsins liggja fyrir hjá nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að unnið verði að efnislegri innleiðingu samningsins með markvissum hætti. Tryggja þarf fjármagn til þess að ráða a.m.k. þrjá sérfræðinga til innanríkisráðuneytisins til að vinna að greiningu á dómum, álitum, skýrslum og framkvæmd annarra ríkja. Staða þeirra verði tímabundin til þriggja ára. Tryggja verður aðkomu heildarsamtaka fatlaðs fólks að verkefninu.

### **Valfrjáls bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks**

Þegar SRFF var fullgiltur samþykkti Alþingi að valfrjáls viðauki [valfrjáls bókun] (e. optional protocol) við SRFF skyldi fullgiltur fyrir árslok 2017. Ekki er að sjá á fjárlögum hvaða fjárútlát fylgja nauðsynlegri vinnu til fullgildingar viðaukans/bókunarinnar.

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að fjármagn til fullgildingar valfrjálsa viðaukans/bókunarinnar verði tryggt.

### **Aðrir mannréttindasamningar**

Í frumvarpinu segir orðrétt:

„Á alþjóðavettvangi er Ísland málsvari virðingar fyrir alþjóðalögum, mannréttinda, jafnréttis og sjálfbærrar þróunar. Skýr og réttlát alþjóðleg viðmið um þjóðarétt og mannréttindi, eru lykillinn að öryggi og hagsæld, ekki síst smærri ríkja.“

Trúverðugleiki íslenska ríkisins byggist meðal annars á því hvernig ríkinu hefur tekist að fullgilda alþjóðlega mannréttindasamninga. Samkvæmt heimasíðu Sameinuðu þjóðanna er Ísland ekki á meðal þeirra ríkja sem fullgilt hefur flesta mannréttindasamninga og bókanir. Íslenska ríkið hefur hvorki fullgilt endurskoðaðan Félagsmálasáttmála Evrópu né Marrakesh sáttmálann sem á að tryggja aðgengi fatlaðs fólks að útgefnu efni.

Trúverðugleiki íslenska ríkisins byggist einnig á því hve vel íslenska ríkinu gengur að framkvæma skyldur sínar samkvæmt alþjóðasamningum og verða við ábendingum alþjóðastofnana um úrbætur. Íslenska ríkinu hefur verið ítrekað bent á að engin mismununarlöggjöf er á landinu. Ísland sem málsvari virðingar fyrir alþjóðalögum, mannréttindum og jafnrétti verður að bregðast tafarlaust við þessum ábendingum með markvissum úrbótum.

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að sett verði nægilegt fjármagn til þess að tryggja að:

1. farið verði eftir tilmælum alþjóðastofnana um að mismununarlöggjöf skuli sett.
2. endurskoðaður Félagsmálasáttmáli Evrópu verði fullgiltur hér á landi.
3. Ísland fullgildi Marrakesh sáttmálann.
4. Ísland fullgildi bókun við samning Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.
5. Ísland fullgildi aðra samninga og bókanir.

### **Þróunarsamvinna**

Þrátt fyrir fullgildingu SRFF er ekki að sjá að tekið hafi verið tillit til 32. gr. SRFF sem segir að alþjóðlegt samstarf, einnig alþjóðlegar þróunaráætlanir, skuli ná til fatlaðs fólks.

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að nægilegt fjármagn verði veitt til Þróunarsamvinnustofnunar svo viðmið SRFF verði höfð að leiðarljósi í þeirri þróunarsamvinnu sem Ísland er aðili að.

## **5. Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks**

Tilsettum markmiðum og framtíðarsýn um málefni fatlaðs fólks má fagna sem m.a. felast í því að fötluðu fólki verði sköpuð skilyrði til sjálfstæðs lífs og réttindi í samræmi við SRFF. Eftir fullgildingu á SRFF jukust skyldur stjórnvalda til að tryggja réttindi, tækifæri og vernd fatlaðs fólks. Nú er tíminn til þess að taka skrefið til fulls og sýna í verki að ofangreind markmið og framtíðarsýn séu ekki bara viljayfirlýsing heldur raunverulegur vilji stjórnvalda.

Gert er ráð fyrir 209,8 m.kr. í framkvæmdaáætlun um málefni fatlaðs fólks sem lækkar um 1,3 m.kr. frá fyrra ári. Ef ofangreind markmið og framtíðarsýn eiga að

verða að veruleika verður að auka framlag til framkvæmdaáætlunarinnar svo um munar og til annarra verkefna sem löggjafinn hefur áætlað.

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að gerð verði raunhæf kostnaðaráætlun samfara framkvæmdaáætluninni þannig að verkefni hennar séu fjármögnuð með skynsamlegum hætti svo raunverulegar breytingar geti átt sér stað.

## **6. Heilbrigðismál**

Fyrir alþingiskosningar haustið 2016 voru heilbrigðismálin í brennidepli og áherslur allra flokka miðuðust við að heilbrigðiskerfið yrði styrkt til muna eftir langvarandi svelt. Aðeins var munur milli flokka hvaða leiðir ætti að fara og hversu langt. Sjaldan hefur verið jafnmikill samhljómur með ráðamönnum og almenningi, sem sést hvað skýrast á þeirri staðreynd að tæplega 90.000 manns hafa skrifað undir áskorun um að endurreisa heilbrigðiskerfið með kröfu um að 11% af vergri landsframleiðslu verði varið til heilbrigðismála.

Skjótar og miklar aðgerðir þarf til að styrkja stoðir heilbrigðiskerfisins, stytta biðtíma eftir heilbrigðisþjónustu, standa við áætlanir um uppbyggingu heilsugæslunnar sem fyrsta viðkomustað sjúklinga, koma til móts við þarfir langsveltra sjúkrahúsa og minnka greiðslubyrði sjúkratryggðra einstaklinga, svo eitthvað sé nefnt.

Við verðum að geta treyst þjóðkjörnum fulltrúum almennings til að standa við loforð sín fyrir kosningar.

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að 11% af vergri landsframleiðslu verði varið í félagslegt heilbrigðiskerfi.

Lagt er til að heilbrigðisþjónusta á Íslandi verði gerð gjaldfrjáls í áföngum.

### **Greiðslupátttaka í heilbrigðisþjónustu**

Miðað við forsendur frumvarpsins eru loforð um minni kostnað almennings í heilbrigðisþjónustu innantóm því lög sem taka gildi í febrúar um greiðslupátttöku í heilbrigðisþjónustu eru ófjármögnuð og byggja því eftir sem áður á tilfærslu á kostnaði milli sjúklingahópa.

Samkvæmt útreikningum Gunnars Alexanders Ólafssonar heilsuhagfræðings myndu boðaðar breytingar kosta á bilinu 1,3-1,8 milljarða króna.<sup>1</sup> Það er ekki ásættanlegt að sá kostnaður sé greiddur af einstaklingum.

Kostnaður ríkissjóðs við að gera þá heilbrigðisþjónustu, sem lög um greiðslupátttöku í heilbrigðisþjónustu fjalla um, gjaldfrjálsa var eingöngu um 6,5 milljarðar króna á árinu 2015.<sup>2</sup> Það telst ekki mikill kostnaður til að styrkja stoðir félagslegs heilbrigðiskerfis á

<sup>1</sup> <http://www.visir.is/daudafaeri-kludrad!/article/2016161219352>

<sup>2</sup> <http://www.obi.is/static/files/skiol/ppt-glaerur/glaerur-gunnar-alexanders-olafssonar-vegna-greidsluthatttoku-obi-april-2016.pptx>



Íslandi en samkvæmt nýrri Gallup könnun vilja 77,1% Íslendinga að sú heilbrigðisþjónusta sem fjallað er um í reglugerð sé gjaldfrjáls.<sup>3</sup>

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að sú heilbrigðisþjónusta sem lög um greiðsluþátttöku í heilbrigðisþjónustu fjallar um verði gjaldfrjáls.

### **Tannlækningar, sálfræðiþjónusta og lyf**

Hið opinbera niðurgreiðir ýmsan heilbrigðiskostnað sjúkratryggðra einstaklinga samkvæmt greiðsluþátttökukerfi lyfja annars vegar og nýju greiðsluþátttökukerfi í heilbrigðisþjónustu sem tekur gildi 1. febrúar 2017 hins vegar. Þó er margvíslegur nauðsynlegur heilbrigðiskostnaður sem einstaklingar þurfa að greiða að fullu sjálfir. Má þar nefna ýmis lyf, sálfræðiþjónustu og tannlækningar.

Af því leiðir að fólk neitar sér um þessa þjónustu og á það sérstaklega við um tekjulága einstaklinga. Bein afleiðing af því er alvarlegri sjúkdómar, aukið álag á heilbrigðiskerfið og aukin útgjöld ríkissjóðs.

„Fjórar af hverjum hundrað konum og tveir af hverjum hundrað körlum neituðu sér um þjónustu læknis eða sérfræðings árið 2015 vegna kostnaðar, eða samtals tæplega 8 þúsund manns. Kostnaður er meiri fyrirstaða fyrir tekjulægri hópana en þá tekjuhærri, en 6% fólks í tekjulægsta fimmtungnum fór ekki til læknis vegna kostnaðar á móti rúmlega 1% fólks í efsta tekjufimmtungi.“<sup>4</sup>

### **Tannlækningar**

Um 17% Íslendinga í lægsta tekjufimmtungnum fór ekki til tannlæknis árið 2015 vegna kostnaðar.<sup>5</sup>

Afleiðingar þess að fara ekki til tannlæknis geta verið að fólk missi tennur sem annars væri hægt að bjarga og einnig geta bakteríur í munni farið út í blóðið og valdið hjarta- og æðasjúkdómum. Reglulegar tannlæknavitjanir eru því fyrirbyggjandi gagnvart öðrum sjúkdómum.

Aldraðir og örorkulífeyrisþegar hafa verið hlunnfarnir um endurgreiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands vegna þess að viðmiðunargjaldskrá tannlækninga hefur ekki verið uppfærð frá árinu 2003. Það hefur valdið því að fólk hefur aðeins fengið ýmist 19%, 28% eða 43% endurgreitt af þeirri upphæð sem það hefur átt rétt á. Reglugerð sem tryggja átti þessar greiðslur tók gildi árið 2013, en henni hefur ekki verið framfylgt því hún var ófjármögnuð.<sup>6</sup>

Á sama tíma tók gildi samningur við tannlækna um tannlækna­kostnað barna upp að 18 ára aldri, sem einnig var ófjármagnaður en hefur síðan verið innleiddur í áföngum. Árangurinn hefur verið góður og hafa íslensk börn sjaldan eða aldrei haft betri

<sup>3</sup> <http://www.obi.is/is/utgafa/frettir/athyglisverdar-nidurstodur-i-gallupkonnun-um-aherslumal-obi>

<sup>4</sup> [https://www.hagstofa.is/media/50202/hag\\_161212.pdf](https://www.hagstofa.is/media/50202/hag_161212.pdf)

<sup>5</sup> [https://www.hagstofa.is/media/50202/hag\\_161212.pdf](https://www.hagstofa.is/media/50202/hag_161212.pdf)

<sup>6</sup> <http://www.althingi.is/skodaliid.php?lthing=145&lidur=lid20160822T152338>

tannheilsu.<sup>7</sup> Í frumvarpi til fjárlaga 2017 er gert ráð fyrir fjárheimild að upphæð 100 m.kr. vegna tveggja árganga barna. Ekkert spyrst enn til fjárheimilda til að tryggja endurgreiðslur til aldraðra og örorkulífeyrisþega.

### **Tillögur um breytingar:**

Lagt er til að sett verði í forgang að uppfæra viðmiðunargjaldskrá um endurgreiðslu tannlækninga. Reglugerð til að tryggja öldruðum og örorkulífeyrisþegum fullar endurgreiðslur verði að fullu fjármögnuð frá 1. janúar 2017. Einnig skulu endurgreiðslur uppreiknaðar afturvirkir og greiddar frá gildistöku reglugerðar nr. 451/2013.

Lagt er til að fjárlögin tryggi fjármagn til þess að fella tannlækningar undir greiðslupátttöku í heilbrigðisþjónustu. Í framhaldinu verði lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 breytt.

### **Sálfræðiþjónusta**

Sálfræðiþjónusta er sjúkratryggðum einstaklingum afar dýr í dag, enda ekki niðurgreidd af ríkissjóði. Afar margir neita sér því um sálfræðiþjónustu við t.d. kvíða, depurð, þunglyndi eða svefnleysi. Afleiðing þess getur verið alvarlegri heilsufarsvandi. Sálfræðimeðferð sem fyrsta íhlutun dregur úr innlögnum á sjúkrahús og getur dregið úr lyfjanotkun. Fleiri gætu haldið starfsgetu sinni og virkni. Bætt aðgengi sjúkratryggðra einstaklinga að sálfræðiþjónustu með niðurgreiðslu ríkissjóðs og aukinni sálfræðiþjónustu á stofnunum, eins og heilsugæslustöðvum og skólum, er þjóðhagslega hagkvæm og skilar sér ríflega aftur í ríkissjóð. Fyrir kosningar voru allir stjórnámálflokkar sammála um nauðsyn þess að bæta aðgengi að sálfræðiþjónustu og nú hafa ríflega 9000 manns skrifað undir áskorun til stjórnvalda þess efnis.<sup>8</sup>

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að fjárlögin tryggi fjármagn til þess að fella sálfræðiþjónustu undir greiðslupátttöku í heilbrigðisþjónustu. Í framhaldinu verði lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 breytt.

### **Lyf**

Á Íslandi er lagður 24% virðisaukaskattur á lyf, sem efra virðisaukaskattsprepið. Hér er vísað í umsögn um forsendur fjárlaga fjárlagafrumvarps 2017 (þskj. 2 - 2. mál), þar sem mikilvægi þess að fella niður virðisaukaskatt á lyfjum er rökstutt.

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að frá janúar 2017 verði virðisaukaskattur af lyfjum fyrir örorkulífeyrisþega, fatlað fólk og aldraða afnuminn.

<sup>7</sup> <https://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/batnandi-tannheilsa-barna>

<sup>8</sup> <http://www.adhd.is/is/um-adhd/frettir/undirskriftasofnun-salfraedithionusta-er-lika-heilbrigdisthionusta>

## Hjálpartæki

Skylt er að útvega fötluðu fólki þau hjálpartæki sem nauðsynleg eru og hentug til að auðvelda athafnir daglegs lífs. „Hjálpartæki er tæki sem ætlað er að draga úr fötlun, aðstoða [fatlað fólk] <sup>2)</sup> við að takast á við umhverfi sitt, auka eða viðhalda færni og sjálfsbjargargetu eða auðvelda umönnun“ skv. 2. mgr. 26. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008. Því þurfa hjálpartæki að vera við hæfi hvers einstaklings.

Á Íslandi er lagður 24% virðisaukaskattur á hjálpartæki. Sjúkratryggingar ýmist greiða að fullu eða taka þátt í kaupum á nauðsynlegum hjálpartækjum. Þrátt fyrir það getur kostnaður vegna hjálpartækja verið mikill. Mörg nauðsynleg hjálpartæki eru ekki niðurgreidd og hefur þeim fjölgað frá hruni, þegar hið opinbera lagði í mikinn niðurskurð í heilbrigðisþjónustu.

Í frumvarpinu kemur fram að kostnaður fyrir þennan lið hefur verið vanáætlaður síðustu ár og því er ljóst að þörf er fyrir viðbótarfjármagn í málaflokkinn. Erfitt er að sjá að sú hækkun sem lagt er til að bætist í liðinn svari þeirri þörf sem uppi er vegna lýðfræðilegra breytinga, vegna fjölgunar og öldrunar þjóðarinnar.

Í fjárlögum verður að vera tryggt fjármagn til að uppfylla lögbundna skyldu hins opinbera gagnvart þegnum sínum. Ekki er ásættanlegt að einstaklingar fái ekki nauðsynleg hjálpartæki vegna þess að fjármagn sé á þrotum.

## Viðgerðarþjónusta á hjálpartækjum

Komið hefur verið til móts við kröfur og ábendingar fatlaðs fólks með samningum við verkstæði á landsbyggðinni sem einstaklingar geta leitað til með hjálpartæki. Einnig þarf að tryggja neyðarþjónustu þegar þörf er á. Jafnframt verður fjármagn að fylgja til að hægt sé að standa við gerða samninga.

## Tillögur um breytingar:

Lagt er til að frá janúar 2017 verði virðisaukaskattur af hjálpartækjum fyrir fatlað fólk og aldraða afnuminn.

Lagt er til að hækkun á fjárheimild til málaflokksins miðist við lýðfræðilegar breytingar og tryggt verið að allt fatlað fólk fái þau hjálpartæki sem nauðsynleg eru og við hæfi.

Lagt er til að tryggt verði fjármagn til Sjúkratrygginga Íslands svo einstaklingar geti fengið viðgerðir á hjálpartækjum hvenær sem er sólarhringsins og um allt land.

## Heilbrigðisstofnanir

Miðað við forsendur frumvarpsins er útlit fyrir að skerða þurfi enn þjónustu á heilbrigðisstofnunum.<sup>9</sup> Stjórnendur Landspítalans hafa áætlað að 12 milljarða kr. vanti til að sinna nauðsynlegri þjónustu, en samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir 2 milljarða kr. hækkun til stofnunarinnar. Því er útlit fyrir að þjónusta á sjúkrahúsinu verði skert talsvert. Ástandið er nú þegar mjög alvarlegt og biðtími eftir

<sup>9</sup> <http://www.visir.is/landspitali-leitar-til-radherra-um-skerdingu-a-thionustu/article/2016161209488>

læknisþjónustu er alltof langur, sem sést hvað best á því að meðalbiðtími eftir algengustu aðgerðunum á LSH var 183 dagar árið 2015.<sup>10</sup>

Langir biðlistar á sjúkrastofnunum eru meðal annars valdir að örorku. Bíði fólk of lengi eftir aðgerðum eða læknisþjónustu eru auknar líkur á að aðgerðin þjóni ekki þeim tilgangi sem hún í upphafi hefði getað þjónað.

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að rekstrarframlög til heilbrigðisstofnana verði aukin í samræmi við þarfagreiningu stjórnenda þeirra.

## **7. Almennatryggingar**

### **Boðuð 7,5% hækkun sett í samhengi við aðrar hækkanir**

Boðuð 7,5% hækkun frá janúar 2017 mun ekki veita lífeyrisþegum nauðsynlega og langþráða kjarabót. Lágar prósentuhækkanir á lágur upphæðir, líkt og boðað er í frumvarpinu, gefa af sér lágur krónutöluhækkanir, sem er óásættanlegt. Fyrirhuguð hækkun upp á 7,5% myndi þýða hækkun um tæpar 16 þúsund krónur (fyrir skatt) fyrir örorkulífeyrisþega með óskertar greiðslur eða rúmar 11 þúsund krónur á mánuði eftir skatt. Óskertur lífeyrir færi úr 212.776 kr. á mánuði í 228.734 kr. á mánuði fyrir skatt. Rúmar 197 þús. kr. á mánuði eftir skatt duga engan veginn fyrir framfærslu í íslensku samfélagi. Samkvæmt 28. gr. SRFJ ber ríkinu að tryggja einstaklingum viðunandi lífskjör og sífellt batnandi lífsskilyrði.


ÖBÍ hefur lagt áherslu á hækkun óskerts lífeyris almennatrygginga í 390.000 kr. (fyrir skatt), sbr. ályktun aðalfundar í október sl. Áhersla á hækkun lífeyris almennatrygginga í lágmark 390 þús. kr. á mánuði fyrir skatt er ekki mikil í ljósi niðurstaðna Gallupkönnunar frá byrjun október 2016. Spurt var: *Telur þú að einstaklingstekjur upp á 296 þúsund krónur eftir skatt dugi til framfærslu í hverjum mánuði?* Af þeim sem tóku afstöðu voru 60% ósammála því að ofangreindar tekjur myndu nægja til framfærslu í hverjum mánuði. Niðurstöður Gallupkönnunarinnar eru að finna hérna í þessum tengli: <http://www.obi.is/is/utgafa/frettir/athyglisverdar-nidurstodur-i-gallupkonnun-um-aherslumal-obi>

Á árinu 2016 hækkaði óskertur lífeyrir almennatrygginga um 18.184 kr. á meðan þingfararkaup hækkaði um 389.164 kr., sjá mynd 1.

<sup>10</sup> <http://www.althingi.is/altext/145/s/1190.html> Sjá töflu 5.

## Mynd 1.

### Samanburður á hækkunum til þjóðkjörinna fulltrúa Alþingis og lífeyrisþega árið 2016



Athyglisvert er að hækkun þingfararkaupts á árinu 2016 er rúmlega 70% hærri upphæð en óskertur lífeyrir (228.734 kr.) almannatrygginga eftir fyrirhugaða hækkun.


Lífeyrir almannatrygginga hefur lítið hækkað síðustu ár, eða á bilinu 3% til 3,9% árin 2012-2015 en árið 2016 var 9,7% hækkun. Kaupmáttur heildartekna örorkulífeyrisþega hefur því verið neikvæður megnið af tímabilinu og er aðeins 1% hærri árið 2015 en árið 2009, eins og sjá má á mynd 2. Í fjárlagafrumvarpinu segir: „Vaxandi vinnuafleiftirspurn, miklar launahækkanir í kjarasamningum, hagstæð gengisþróun, minnkandi verðbólga og batnandi kaupmáttur einkenndu árið 2015.“<sup>11</sup> Ennfremur er fullyrt að ráðstafanir sem gerðar voru á undanförunum misserum hafi stutt við kaupmáttaraukningu almennings og skilað sér til heimilanna,<sup>12</sup> en batnandi kaupmáttur hefur því miður ekki náð til örorkulífeyrisþega, eins og sjá má á mynd 2.

<sup>11</sup> Þingskjal 1 – 1. mál, bls. 97.

<sup>12</sup> Þingskjal 1 - 1. mál, bls. 78.

Mynd 2.

## Þróun kaupmáttar heildartekna



Útreikningar Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, nóvember 2016.

Í frumvarpinu kemur fram að ef spáin, sem þar er lögð fram, gangi eftir er „ljóst að kaupmáttur bóta almannatrygginga mun hafa aukist talsvert á þessu tímabili.“<sup>13</sup> og er lítið til uppsafnaðra hækkana bóta á þriggja ára tímabili (fjárlög 2015-2017).

Þess ber að geta að á meðan kaupmáttur heildarlauna fullvinnandi jókst um 15% og kaupmáttur lágmarkslauna um 17% hækkaði hann einungis um 1% hjá örorkulífeyrisþegum á sama tímabili eða frá 2009 til 2015.<sup>14</sup>

### Tillaga um breytingu:

Lagt er til að lífeyrir almannatrygginga hækki um 32,2% þannig að óskertur lífeyrir almannatrygginga verði sama upphæð og lágmarkslaun á árinu 2017 eða 280.000 kr. á mánuði. Sérstök framfærsluuppbót hækki um 7,5%, en með því móti væri hægt að draga úr áhrifum krónu á móti krónu skerðingar. Heimilisuppbót hækki enn fremur um 7,5%.

	Hækkun skv. fjárlagafrumvarpi 2017	Tillaga að hækkun
Grunnlífeyrir	42.852	52.698
Aldurstengd örorkuuppbót	42.852	52.698
Tekjutrygging	137.226	168.756
Sérstök framfærsluuppbót	5.804	5.809
Samtals fyrir skatt	<b>228.734</b>	<b>280.000</b>

<sup>13</sup> Þingskjal 1, bls. 119.

<sup>14</sup> Tölur fyrir árið 2016 liggja ekki fyrir fyrr en á næsta ári og því voru ekki forsendur til að reikna út kaupmátt heildartekna örorkulífeyrisþega fyrir árið 2016.



## Víðtæk krafa og samstaða um afnám krónu á móti krónu skerðingar

ÖBÍ hefur um árábil barist fyrir afnámi sérstakrar framfærsluuppþótar, svokallaðri „krónu á móti krónu skerðingu“ á greiðslum til lífeyrisþega og ítrekað lagt til að sérstaka framfærsluuppþótin verði felld inn í bótaflokkinn tekjutrygging. Gagnrýni ÖBÍ og annarra sem hafa kynnt sér málið snýst m.a. um að fjöldi örorkulífeyrisþega sjái ekki ávinning af því að hafa greitt í lífeyrissjóð af tekjum sínum. Þeir hafi ennfremur ekki ávinning af sparnaði og/eða af atvinnuþátttöku, en hér er átt við þá sem hafa mjög takmarkaða starfsgetu. Afnám krónu á móti krónu skerðingar myndi draga verulega úr tekjuskerðingum, auka ráðstöfunartekjur og um leið einfalda kerfið og gera það skiljanlegra.

Síðustu ár hefur verið samstaða um að afnema sérstaka framfærsluuppþót vegna vandkvæða sem fylgja því að hafa krónu á móti krónu skerðingar í kerfinu. Almennatryggingakerfið á að vera nægilega öflugt og traust til að fólk þurfi ekki að reiða sig á félagslega aðstoð.

Þá hafa verið uppi tillögur um að fella sérstöku framfærsluuppþótina inn í sameinaðan bótaflokk (endurskoðunarnefndin) eða fella hana inn í tekjutrygginguna (tillögur ÖBÍ). Í aðdraganda kosninga nú í haust voru öll framboð sem eiga fulltrúa á Alþingi á 146. löggjafarþingi sammála um að afnema krónu á móti krónu skerðingar, en hlusta má á svör þeirra á eftirfarandi myndbandsupptöku: <https://www.youtube.com/watch?v=suDM0z-xPo>

Með lögum nr. 116/2016 var hins vegar farin sú leið að hækkunin til viðbótar við breytingu á upphæðum um næstu áramót næði einungis til örorkulífeyrisþega sem fá greidda heimilisuppþót<sup>15</sup> og sérstaka framfærsluuppþót.<sup>16</sup> Er um lítinn hóp að ræða, en samkvæmt tölum frá Tryggingastofnun fengu 1759 örorkulífeyrisþegar greiðslur úr báðum greiðsluflokkum. Aðrir örorkulífeyrisþegar fá einungis 7,5% hækkun og því mun lagabreytingin breikka bilið á milli greiðslna til örorkulífeyrisþega eftir því hvort þeir fá greidda heimilisuppþót eða ekki. Með því að setja hækkunina inn í sérstöku framfærsluuppþótina er vægi framfærsluuppþótarinnar aukið sem skerðist krónu á móti krónu við nær allar skattskyldar tekjur. Dæmi: Örorkulífeyrisþegi með 20.000 kr. frá lífeyrissjóði (fyrir skatt) fengi 260.000 kr. frá TR, framfærsluuppþótin myndi lækka greiðsluna frá TR um 20.000 kr. Viðkomandi hefur því engan ávinning af lífeyrissjóðsgreiðslunni.

### Tillaga um breytingu:

Lagt er til að sérstaka framfærsluuppþótin verði felld inn í tekjutrygginguna í tveimur áföngum. Fyrri áfanginn komi til framkvæmda í byrjun árs 2017 með því að lækka skerðingarhlutfall sérstakrar framfærsluuppþótar úr 100% í 70%. Seinni áfanginn komi til framkvæmda í byrjun árs 2018, en þá verði sérstaka framfærsluuppþótin felld inn í tekjutrygginguna.

<sup>15</sup> Greidd skv. 8. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007. Lífeyrisþegar sem búa einir eða ekki með öðrum 18 ára og eldri geta fengið greidda heimilisuppþót. Einungis um 30% örorkulífeyrisþega fá greidda heimilisuppþót.

<sup>16</sup> Greidd skv. 2.mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007.

## **Reglugerðarákvæði kemur í veg fyrir að öllum lífeyrisþegum sé tryggð lágmarksfjárhæð til framfærslu.**

Ítrekað hefur verið lýst yfir miklum áhyggjum af stöðu lífeyrisþega sem búa við skertar greiðslur almannatrygginga vegna fyrri búsetu erlendis og fá engar greiðslur erlendis frá. Þeir þurfa því að reiða sig á heildartekjur sem eru langt undir öllum tekjuviðmiðum, þar með talið framfærsluviðmiðum skv. lögum um félagslega aðstoð. Á árinu 2014 voru 12 örorkulífeyrisþegar með heildartekjur **undir 80.000 kr.** og 43 með heildartekjur undir **130.000 kr.**<sup>17</sup> Hér er því um fámennan hóp fólks að ræða sem býr við mjög kröpp kjör og eru þessir einstaklingar því upp á aðra komnir.

Lög nr. 99/2007, um félagslega aðstoð hafa meðal annars það hlutverk að tryggja að heildartekjur lífeyrisþega séu ekki undir ákveðnum skilgreindum framfærsluviðmiðum (óskertur lífeyrir). Sérstök framfærsluuppbót er greidd þegar tekjur eru undir framfærsluviðmiði til þess að heildartekjur nái framfærsluviðmiði. Framkvæmd ákvæðisins hefur þó verið með þeim hætti að sérstaka framfærsluuppbótin hefur verið skert á grundvelli fyrri búsetu erlendis með sama hætti og aðrir bótaflokkar, þvert gegn tilgangi þess. Búsetuskerðing sérstakrar framfærsluuppbótar byggir einungis á einu reglugerðarákvæði,<sup>18</sup> sem auðvelt er að afnema. Lausnin er tæknilega einföld og fylgja lítil fjárútlát því að tryggja að þessir fáu einstaklingar séu ekki með heildartekjur undir framfærsluviðmiðinu.

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að lögfesta reglu um að allir, sem eiga rétt á sérstakri framfærsluuppbót, fái hana greidda án tillits til fyrri búsetu erlendis. Tryggja þarf fjármagn til að mæta þessari breytingu, sem mun nýtast lífeyrisþegum með lægstu heildartekjurnar.

### **Viðmið fyrir uppbætur á lífeyri**

Í frumvarpi til fjárlaga er ekki ráðgert að hækka framlag fyrir frekari uppbætur skv. lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007. Tekjuviðmiðið var síðast hækkað í byrjun árs 2015. Sökum þess að tekjuviðmiðið var ekki hækkað í byrjun árs 2016 fer hópur lífeyrisþega með mikinn aukakostnað vegna sjúkdóma eða fötlunar á mis við uppbótina. Brýn nauðsyn er að setja viðbótarfjármagn í þennan lið til að mæta hækkun tekju- og eignaviðmiða, en skv. 6. gr. reglugerðar nr. 1052/2009 segir að uppbætur þessar skuli taka breytingum á sama hátt og bætur og tekjumörk samkvæmt lögum um almannatryggingar.

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að fjármagn fyrir frekari uppbætur (fjárlagaliður 08-203-151) verði hækkað til að mæta hækkun tekjuviðmiðs í 6. gr. reglugerðar nr. 1052/2009 í 3.360.000 kr. (280.000 kr. á mánuði). Þá þarf einnig að endurskoða fjárhæð eignaviðmiðs í reglugerðinni.

<sup>17</sup> Fjöldatölurnar má finna í svari félags- og húsnæðismálaráðherra við fyrirspurn:


<http://www.althingi.is/alttext/145/s/0444.html>

<sup>18</sup> 3. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 1052/2009.

## Desember- og orlofsuppbætur

Desemberuppbót til lífeyrisþega hefur hækkað mun minna en hjá launþegum og atvinnulausum og er upphæðin mun lægri eins og sjá má á mynd 3.

### Mynd 3.



Skýringar með mynd:

Desemberuppbót skv. kjarasamningum SRF við ríkisstofnanir.

Óskert desemberuppbót til atvinnuleitenda greiðist til þeirra sem eiga fullan bótarétt og hafa verið skráðir án atvinnu í ákveðið langan tíma.

Desemberuppbót fyrir lífeyrisþega sem ekki fá greidda heimilisuppbót.

Mikilvægt er að hafa í huga að einungis hluti lífeyrisþega fær desember- og orlofsuppbætur óskertar þar sem þær eru reiknaðar sem hlutfall af tekjutryggingu og heimilisuppbót, en einungis um 30% örorkulífeyrisþega fá greidda heimilisuppbót. Á mynd 2 er sýnt fram á desemberuppbót án heimilisuppbótar. Ef dæmi er tekið af desemberuppbót með heimilisuppbót þá er hún samt sem áður mun lægri en desemberuppbót hjá atvinnuleitanda. Lífeyrissjóðir greiða ekki orlofs- eða desemberuppbót. Hluti lífeyrisþega fær því enga eða mjög skerta desember- og orlofsuppbót.

### Tillögur um breytingar:

Lagt er til að desemberuppbót til lífeyrisþega verði hækkuð þannig að óskert desemberuppbót til lífeyrisþega (án heimilisuppbótar) verði að minnsta kosti ekki lægri en desemberuppbót til atvinnuleitenda.

Lagt er til að ákvæði um orlofsuppbót lífeyrisþega verði endurskoðað og hækkað í samræmi við upphæð orlofsuppbótar í samningi SA og ASÍ.

## Hugmyndir um innleiðingu starfsgetumats

Í fjárlagfrumvarpinu 2017 er vísað í stefnu stjórnvalda um innleiðingu starfsgetumats og nefndar aðgerðir sem eigi að hefjast árin 2017-2019. Vísað er í fyrirbyggjandi frumvarpsdrög, en líklega er hér átt við frumvarpsdrög sem voru til umsagnar á vef velferðarráðuneytisins í júlí 2016. ÖBÍ sendi inn umsögn um frumvarpsdrögin og má finna umsögnina á heimasíðu ÖBÍ.<sup>19</sup> Þegar frumvarp um breytingar á lögum um almannatryggingar var síðan lagt fyrir Alþingi í september sl.<sup>20</sup> var búið að fjarlægja kaflann um starfsgetumat.

Í umsögn ÖBÍ um frumvarpsdrögin var meðal annars bent á hvaða skilyrði þurfi að uppfylla áður en innleiðingarferli starfsgetumats getur hafist en þau helstu eru:

- Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks verði lögfestur (en hann hefur einungis verið fullgiltur hér á landi).
- Lög sem banna mismunun á vinnumarkaði verði sett. Lögin skulu tryggja viðeigandi aðlögun á vinnumarkaði og við atvinnuleit með skýrum hætti.
- Sett verði í lög að allt starfsgetumatsferlið og ákvarðanir um greiðslur á grundvelli þess lúti stjórnslulögum.
- Gerðar verði breytingar á almannatryggingum sem tryggja að allir lífeyrisþegar geti framfleytt sér og lifað mannsæmandi lífi þar sem tekið sé tillit til kostnaðar vegna húsnæðis, fæðis, klæðis og eðlilegrar þátttöku í samfélaginu.
- Krónu á móti krónu skerðing verði afnumin fyrir alla lífeyrisþega.
- Væxlverkun í samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða verði afnumin.

Hvergi var komið inn á ofangreind atriði í frumvarpsdrögunum.

Í frumvarpsdrögunum var útfærsla starfsgetumats enn of óljós til að raunhæft væri að taka upp nýtt kerfi og mörgum spurningum um veigamikla þætti var ósvarað. Gagnrýni ÖBÍ beindist meðal annars að því að staðið hafi til að innleiða starfsgetumat samhliða þróun þess og að hefja greiðslur samkvæmt starfsgetumati í byrjun árs 2017, en verkefnið hefði þurft mun meiri og vandaðri undirbúning áður en fólki með skerta starfsgetu er vísað í starfsgetumat. Þá var vakin athygli á því að þrepaskipting starfsgetumats var eitt umdeildasta málefni nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar. Með frumvarpsdrögunum voru skyldur og skilyrðingar lagðar á einstaklinga með skerta starfsgetu en engar lagðar á vinnuveitendur.

## Tillaga um breytingu:

Ef stefna stjórnvalda verður áfram að taka upp starfsgetumat í stað örorkumats, þá er lagt til að farin verði sú leið sem er útlistuð í skýrslu ÖBÍ *Virkt samfélag: Tillögur ÖBÍ að heildstæðu kerfi starfsgetumats og framfærslu á grundvelli þess*, sem hægt er að nálgast hér á þessum tengli: <http://www.obi.is/static/files/skjol/pdf-skyrslur/skyrsla-virkt-samfelag-2016.pdf>

<sup>19</sup> <http://www.obi.is/static/files/skjol/pdf-skjol/umsagnir/2016/ums-obi-frv-atl.pdf>

<sup>20</sup> Þskj. 1624 – 857 mál.

## 8. Sveitarfélög og byggðamál

### Sjálfstætt líf

Réttur til sjálfstæðs lífs fatlaðs fólks er tryggður með 19. gr. SRFF. Sjálfstætt líf er best tryggt með notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA). NPA hefur verið bylting fyrir þjónustunotendur. Þjónustuformið byggir á samstarfsverkefni á milli sveitarfélaga, ríkis og heildarsamtaka fatlaðs fólks, en ekki lagalegum rétti fólks. Afleiðing þess hefur verið sú að fötluðu fólki sem fengið hefur þjónustuna hefur verið tryggð samfélagsþátttaka en öðru fötluðu fólki hefur ekki verið tryggður sá réttur. Fólki innan hópsins er m.ö.o mismunað,<sup>21</sup> þeim sem ekki fá þjónustuna er haldið eins og föngum heima hjá sér og geta ekki lifað sjálfstæðu lífi.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum um málefni fatlaðs fólks skal velferðarráðuneytið leggja fram frumvarp þar sem lagt er til að þjónustuformið skuli lögfest. Reynsla af NPA er jákvæð og bætir lífsgæði fólks til muna. Allir aðilar eru sammála um mikilvægi þess að réttur til NPA skuli lögfestur. Frumvarp til lögfestingar NPA er til og því er ekki eftir neinu að bíða í málinu.

Það sem virðist hafa komið í veg fyrir lögfestinguna er að sátt hefur ekki myndast um fjármagn vegna kostnaðar við NPA. Samkvæmt útreikningum sveitarfélaganna virðist sem framlag ríkissjóðs upp á 300 milljónir í jöfnunarsjóð sveitarfélaga samsvari þeim kostnaði sem áætlað er að fjölga þurfi í samningunum.<sup>22</sup>

Félagsleg túlkun er jafnframt lykilatriði til þess að tryggja sjálfstætt líf. Þar verður ríkisvaldið einnig að tryggja nægilegt fjármagn. Sjá umfjöllun í kaflanum „Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig“.

### Tillögur um breytingar:

Lagt er til að Alþingi samþykki án tafar lagalegan rétt til NPA.

Lagt er til að bætt verði 300 milljónum í fjárlögum til þess að hægt sé að tryggja lagalegan rétt til NPA.

## 9. Menntun

Bundið er í lög að nemendur með sérþarfir skulu hafa jöfn tækifæri og jafnan rétt til náms og njóta til þess viðeigandi stuðnings. Jafnframt eru íslensk stjórnvöld skuldbundin til þess að veita og tryggja sömu þjónustu og réttindi skv. alþjóðasamningum, sbr. 24. gr. SRFF. Dæmi eru um að fötluð börn og börn með sérþarfir fái ekki viðeigandi stuðning í námi þrátt fyrir að hann sé lögbundinn. Framboð til náms fyrir fatlaða nemendur og nemendur með sérþarfir á efri skólastigum hefur verið takmarkað og þá hefur aðgengi þeirra að námi og sértækum úrræðum verið af skornum skammti.

<sup>21</sup> <http://www.ruv.is/frett/verdi-ad-logfesta-mpa-thjonustuna>

<sup>22</sup> Tölurnar byggjast á greiningu sveitarfélaganna: Sjá glæru 6-8

[https://www.velferdarraduneyti.is/media/mpa/Samstarfsverkefnid-um-NPA--ThGTh--nyr-veruleiki-i-velferdarthjonustu---4-loka\\_.pdf](https://www.velferdarraduneyti.is/media/mpa/Samstarfsverkefnid-um-NPA--ThGTh--nyr-veruleiki-i-velferdarthjonustu---4-loka_.pdf)

Nauðsynlegt er að auka menntunarmöguleika þessa hóps þannig að allir fái jöfn tækifæri til náms sem hæfir áhugasviði hvers og eins. Slíkt eykur meiri og fjölbreyttari atvinnumöguleika og samfélagslega þátttöku.

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að auknum fjármunum verði varið til menntunar fatlaðra barna og ungmenna ásamt börnum og ungmennum með sérþarfir til að þau fái sömu tækifæri til jafns við aðra.

### **Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig**

Í frumvarpi til fjárlaga er gert ráð fyrir auknu framlagi til stuðnings framhaldsfræðslu um 3 m.kr. til að efla samráð við hagsmunaaðila og vinnu vegna stefnumótunar sbr. markmiði nr. 1. Samkvæmt markmiði nr. 1 felur það í sér að lækka hlutfall fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar. Markmiðið er gott. Aftur á móti er það áhyggjuefni að ekki verði aukið frekar framlag til Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) sem starfar skv. lögum nr. 129/1990 og til Fjölmenntar sem þjónar fullorðnu fötluðu fólki á grundvelli samnings við mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Markmið þingskjals 1 til málefnasviðs kafla 22.20 um framhaldsfræðslu og menntun óflokkuð á skólastig eru bæði óljós og ógagnsæ. Óljóst er hvert hið aukna framlag til SHH nákvæmlega er og er ekki að sjá að framlagið eigi að fara í félagslegan túlkunarsjóð og rittúlkunar sem fellur undir SHH. Ítrekað hefur verið bent á nauðsyn þess að félagslegur túlkunarsjóður hljóti aukin fjárframlög en slíkt varðar grundvallarhagsmuni þeirra sem nota félagslegan túlkunarsjóð svo þeir geti lifað og starfað í samfélaginu til jafns við aðra. Í þessu samhengi má benda á mikilvægi 9. gr., 21. gr. og 24. gr. SRFF sem fjalla um aðgengi í víðu samhengi, réttinn til tjáningar og skoðanafrelsis og aðgengi að upplýsingum og réttinn til menntunar. Sama máli gegnir um aukin framlög og ógagnsæi varðandi Fjölmennt.

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að framlög verði aukin til málefnasviðanna sem að ofan greinir. Til þess að tryggja félagslega túlkun og rittúlkun þarf að auka framlag til SHH um 13 m.kr. til að tryggja fólki sjálfstætt líf.

## **10. Atvinnumál fatlaðs fólks og fólks með skerta starfsgetu**

Atvinnumál fatlaðs fólks er á ábyrgð Vinnumálastofnunar sbr. viljayfirlýsingu velferðarráðuneytisins og Vinnumálastofnunar annars vegar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar um framtíðarskipan atvinnumála fatlaðs fólks. Markmið fjárlagafrumvarps þessa um atvinnumál er m.a. að sem flestir geti tekið þátt á innlendum vinnumarkaði á öllum æviskeiðum, sjálfum sér og samfélaginu til hagsbóta, óháð búsetu. Þá er það enn fremur markmið að þátttakendum á vinnumarkaði verði ekki mismunað, hvorki beint né óbeint, svo sem m.a. á grundvelli fötlunar eða skertrar starfsgetu. Tryggja þarf að það fjármagn sem gert er ráð fyrir í frumvarpi til fjárlaga skili sér tímanlega til Vinnumálastofnunar og að tryggt verði að fjármagnið verði notað við þau verkefni sem þar greinir.



Þá er ítrekað að til þess að auka möguleika fatlaðs fólks á hinum almenna vinnumarkaði þarf að innleiða Evróputilskipun nr. 2000/78/EB um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi. Slíkt veitir ekki bara aukna vernd heldur eykur líkur á að fatlað fólk komist út á vinnumarkað og verði þar af leiðandi virkari þátttakendur í samfélaginu, sem er öllum til hagsbóta.

## 11. Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla

Samkvæmt frumvarpinu á að lækka skatthlutfallið í fyrsta þrepi um 0,18%. Fyrirhuguð skattalækkun þýðir að lífeyrisþegi með óskertan lífeyrir sér til framfærslu greiðir 412 kr. minni skatt á mánuði en á árinu 2016. Ef einnig er tekið inn í myndina hækkun persónuafsláttar um 2,2% yrði aukning ráðstöfunartekna vegna skattalækkunar og hækkun persónuafsláttar 1.542. kr. á mánuði. Á sama tíma er ætlunin að hækka krónutöluskatta og -gjöld um 4,7%. Þær hækkunir munu væntanlega éta upp þessa 1.542 kr. áætluðu aukningu ráðstöfunartekna á mánuði.

### Tillögur um breytingar:

Lagt er til að persónuafsláttur verði hækkaður verulega, til að lækka skattbyrði og þá sérstaklega til að ná til tekjulágra skattgreiðenda. Hækkun persónuafsláttar er einföld og skilvirk leið og flækir ekki skattkerfið. Í dag greiða skattgreiðendur tekjuskatt af tekjum yfir 139.833 kr. á mánuði.<sup>23</sup> Lagt er til að persónuafsláttur verði hækkaður í 74.260 kr. á mánuði frá 1. janúar 2017, þannig að fólk greiði ekki skatt af 200.000 kr. tekjum á mánuði. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að skattleysismörkin verði um 143.600 kr. Enn fremur er lagt til að hækka skattleysismörkin á kjörtímabilinu í 310.000 kr.

Lagt er til að uppbótargreiðslur á lífeyri<sup>24</sup> og uppbót til hreyfihamlaðra vegna reksturs bifreiða verði undanþegnar skatti enda er um greiðslur að ræða vegna útlagðs kostnaðar eða viðbótarkostnaðar vegna fötlunar eða skerðingar. Núverandi skatthlutfall er 37,13%.

## 12. Grunnskrár og upplýsingamál

Í SRFF er lögð sú skylda á að ríki safni saman upplýsingum, sbr. 31. gr. SRFF, til þess að tryggja að stjórnvöld eigi auðveldara með að taka réttar ákvarðanir. Þrátt fyrir fullgildingu SRFF er ekki að sjá að frumvarp til fjárlaga beri þess merki að ríkið ætli sér að uppfylla ofangreindar skyldur.

Einnig verður að hafa hér í huga að réttur til aðgengilegra upplýsinga er tryggður með 21. gr. SRFF. Þar er lykilatriði að efni sé á viðeigandi formi og skiljanlegt.

<sup>23</sup> Ef tekið er tillit til 4% iðgjalds í lífeyrissjóð er upphæðin 145.659 kr. á mánuði.

<sup>24</sup> Dæmi um uppbætur á lífeyri vegna útlagðs kostnaðar má nefna: Kaup á heyrnartækjum, lyfjum, rafmagnskostnaður vegna súrefnissíu og umönnun í heimahúsi.

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að fjármagn verði tryggt til greiningar á því hvaða úrbætur ríkið þurfi að grípa til í því skyni að uppfylla skuldbindingu sína, sbr. viðeigandi ákvæði SRFF um upplýsingamál. Þar þarf að líta til stofnana líkt og Hagstofu Íslands og Þjóðskrár svo einhverjar séu nefndar.

### **13. Nýsköpun, rannsóknir og markaðsmál**

Samkvæmt 27. gr. SRFF er lögð sú skylda á ríkisvaldið að vinna að fjölgun tækifæra fatlaðs fólks til að starfa sjálfstætt, stunda frumkvöðlastarfsemi, þróa samvinnufélög og stofna eigin fyrirtæki. Þrátt fyrir fullgildingu SRFF er ekki að sjá að tekið hafi verið tillit til hans þegar texti fjárlaganna var skrifaður.

Nýsköpunarmiðstöð ætti til að mynda að veita fötluðu fólki viðeigandi aðlögun og aðstoð við umsóknarferli til nýsköpunarverkefna og tengda vinnu.

### **Tillaga um breytingu:**

Lagt er til að fjármagn verði tryggt til að íslenska ríkið geti fullnægt skyldum sínum samkvæmt samningnum. Má þar líta sérstaklega til Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands og annarra aðila sem vinna að frumkvöðlastarfi fatlaðs fólks.

### **Að lokum**

Vonast er til að tekið verði tillit til tillagna ÖBÍ við gerð fjárlaga og eða fjáráukalaga. Þá eru þingmenn hvattir til að horfa á þau mál sem eru til umfjöllunar á Alþingi, er varða fjárlög sem og önnur lög, með fötlunarglæraugum. Vakin er athygli á því að samfélagið allt, gerð þess, hin ýmsu opinberu kerfi sem og einkageirinn eiga við um fatlað fólk en ekki einvörðungu velferðar- og félagskerfi. Því er mikilvægt að heildarsamtök fatlaðs fólks eigi aðkomu að nefndum og ráðum á vegum allra ráðuneyta, þannig verður að horfa til jafnréttis fatlaðs fólks við skipanir í slíkar nefndir ásamt kynjahlutföllum sem er almennt orðið að venju.

Að lokum vil ég hvetja þingmenn til að leita til ÖBÍ ef málefni þarfnast frekari útskýringa enda erum við ávallt reiðubúin til ráðgjafar og samstarfs um málefni er varða sköpun betra samfélags fyrir alla.

**Ekkert um okkur án okkar.**

Virðingarfyllst,



---

Ellen Calmon  
formaður ÖBÍ